Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi s. d., nr. 3.

Auglýsing um samning milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum, undirskrifuð af forsætisráðherra 31. janúar 1939, nr. 4.

Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Noregs um innflutning á söltuðu, íslenzku kindakjöti og um aðstöðu norskra síldveiða við Ísland, undirskrifuð af forsætisráðherra 10. marz 1939, nr. 5.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi.

1
16. jan.

Með bréfi, dags. 10. þ. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögur sýslunefndarinnar í Gullbringusýslu um stækkun verzlunarlóðarinnar í Sandgerði í Miðneshreppi ásamt uppdrætti.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 ákveðið, að téð verzlunarlóð, svo sem hún hefir áður verið ákveðin, skuli stækka um sextíu metra breiða spildu norðan af landi Býjaskershverfis, talið frá mörkum Sandgerðis, sem voru og mörk verzlunarlóðarinnar. Að vestan takmarkast viðbótarlóðin af sjónum, en að austan af beinni framlengingu á aðliggjandi austurmörkum verzlunarlóðarinnar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðar á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi.

2
22. febr.

Með bréfi, dags. 31. ágúst 1938, hafið þér herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Mýrasýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðar á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

10. dag marzmánaðar 1939. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

2 Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk
22. febr. svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Verzlunarlóðin er um 3,2 hektarar að stærð og tekur yfir svonefnda Niðureyju við Straumfjörð. Undanskilinn er þó suðausturhluti eyjarinnar (Höllubjörg). Er sá hluti afmarkaður frá verzlunarlóðinni með grjótgarði, þar sem eyjan er mjóst.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

3 # REGLUGERÐ

6. jan. **um próf fasteignasala.**

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1938 er sett eftirfarandi reglugerð um próf fasteignasala.

1. gr.

Til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu þarf umsækjandi, auk þess að fullnægja skilyrðum 2. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1938, að hafa lokið prófi samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Prófið er í tveim hlutum, bóklegum og verklegum.

3. gr.

Bóklegi hlutinn.

Prófa skal umsækjanda í þeim lögum og réttarreglum, er telja má að hafi þýðingu í starfi hans sem fasteignasala.

Skal umsækjandi hafa þekkingu í þessum greinum: Helztu reglur um takmörk eignarréttar, sameign, framsal réttinda yfir fasteignum, þinglýsingar, hefð, afnotaréttindi, byggingalöggjöf, ítök, afgjaldsskyldur og veð. Ennfremur skal prófa í aðalreglum um lögræði svo og um ógildingarástæður við samninga, um umboð, veðbréf, víxla, tékka, ábyrgð og tryggingu.

4. gr.

Verklegi hlutinn.

Sá, er ganga vill undir próf, skal senda prófnefnd tvær skýrslur, þar sem skýrt skal frá helztu atriðum, er álíta má að haft geti áhrif á verð ákveðinnar fasteignar og fylgi skýrslunum útreikningur á arði af eigninni, byggður á hinum tilgreindu atriðum. Skal önnur skýrslan snerta fasteign í kaupstað, en hin í sveit.

Með skýrslunum skulu fylgja tilheyrandi fylgiskjöl, þannig að prófnefnd sé fært að leggja mat á úrlausn verkefnisins. Ennfremur skal fylgja drengskaparyfirlýsing um það, að umsækjandi hafi einn og án nokkurrar hjálpar gengið frá verkefninu. Áður en dómur er lagður á verkefni er umsækjanda skylt að gefa prófnefnd allar þær skýringar og upplýsingar viðvíkjandi verkefninu, sem hún telur við þurfa.

Eftir að prófnefnd hefir athugað skýrslurnar, skal umsækjandi í sambandi við

munnlega prófið svara þeim spurningum varðandi skýrslur þessar, sem prófnefnd sér ástæðu til að leggja fyrir umsækjanda. 3 6. jan.

5. gr.

Einkunnir.

Við prófið skal gefa þessar einkunnir: 0, 2, 3, 4, 5 og 6. Gefa skal eina einkunn fyrir bóklega hlutann og eina einkunn fyrir hvora skýrslu við verklega hlutann. Skal ákveða einkunnir að loknu hinu munnlega prófi. Til þess að standast prófið þarf að minnsta kosti 11 stig og sé þó engin einkunn lægri en 2.

6. gr.

Prófnefnd.

Í prófnefnd skulu eiga sæti þrír menn, skipaðir af atvinnumálaráðherra, sem ákveður formann nefndarinnar.

7. gr.

Þeir, er óska að ganga undir próf, skulu senda prófnefnd skriflega umsókn og skal fylgja henni fæðingarvottorð umsækjanda og vottorð tveggja valinkunnra manna, um að umsækjandi sé áreiðanlegur og samvizkusamur.

Ennfremur skulu fylgja skýrslur þær, er um getur í 4. gr., ásamt fylgiskjölum og 50 krónur í prófgjald.

8. gr.

Að prófi loknu afhendir prófnefnd umsækjanda, ef hann stenzt prófið, prófskírteini, þar sem getið sé þeirra einkunna, er hann hefir hlotið við prófið.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

ARÐSKRÁ

4 7. jan.

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Árnesinga.

Ölfusá:

1.	Eyrarbakkahreppur	600	einingar
2.	Hraunshverfi	130	—
3.	Kaldaðarnes	185	—
4.	Arnarbæli (með Ósgerði)	185	—
5.	Auðsholt og hjáleiga	160	—
6.	Kirkjuferja	145	—
7.	Litla-Sandvík	348	—
8.	Kotferja	380	—
9.	Stóra-Sandvík I	87	—
10.	Stóra-Sandvík II	87	—
11.	Eyði-Sandvík	87	—
12.	Björk	3	—

13.	Geirakot	87	einingar
14.	Nabbi	87	—
15.	Stekkar	87	—
16.	Þórustaðir	150	—
17.	Árbær	250	—
18.	Selfoss I, II, III	930	—
19.	Hellir	930	—
20.	Laugardælur	300	—
21.	Laugarbakkar	65	—
22.	Tannastaðir	160	—
		5443	einingar
	Sog:		
23.	Alviðra	220	einingar
24.	Torfastaðir	30	—
25.	Norðurkot	15	—
26.	Miðengi	10	—
27.	Bildsfell og Tunga	175	—
28.	Ásgarður	150	—
29.	Syðri-Brú	15	—
30.	Öndverðarnes og Þrastaskógur	80	—
		695	einingar
	Hvítá:		
31.	Skrúðvangur	90	einingar
32.	Öndverðarnes	260	—
33.	Stóra-Ármót	215	—
34.	Snæfoksstaðir	50	—
35.	Vaðnes	10	—
36.	Langholt I—II	75	—
37.	Hallandi	25	—
38.	Stóru-Reykir	5	—
39.	Litlu-Reykir	2	—
40.	Arnarbæli I, II	270	—
41.	Kiðjaberg og Hestur	230	—
42.	Brúnastaðir	10	—
43.	Oddgeirshólar	150	—
44.	Höfði	8	—
45.	Austurkot	85	—
46.	Hjálmholt	10	—
47.	Árhraun	50	—
48.	Gíslastaðir	65	—
49.	Vatnsnes	10	—
50.	Hamrar	80	—
51.	Útverk og Miðbýli	70	—
52.	Fjall I og II	50	—
53.	Iða I og II	240	—
54.	Skálholt I og II	50	—
55.	Laugarás	85	—
56.	Auðsholt I—IV	120	—
57.	Höfði	20	—
58.	Hvítárholt	10	—
59.	Bræðratunguhverfi	25	—

60.	Grafarhverfi	3 einingar	4
61.	Bryðjuholt	2 —	7. jan.
62.	Borgarholt og Borgarholtskot	2 —	
63.	Laugar	3 —	
64.	Kópsvatn	18 —	
65.	Gróf	2 —	
66.	Bergsstaðir	3 —	
67.	Drumboddsstaðir	2 —	
68.	Einholt	2 —	
69.	Skipholt	2 —	
70.	Haukholt	2 —	
71.	Foss	2 —	
72.	Hlíð	2 —	
73.	Gýgjarhóll og Gýgjarhólskot	4 —	
74.	Brattholt	2 —	
75.	Tungufell og Jaðar	5 —	
76.	Hraunkot	5 —	
		2431 einingar	
	Brúará og Hagaós:		
77.	Hverakot	5 einingar	
78.	Kringla	20 —	
79.	Bjarnastaðir	5 —	
80.	Mosfell	8 —	
81.	Sel	15 —	
82.	Spóastaðir	15 —	
83.	Hagi	55 —	
84.	Reykjanes	5 —	
85.	Miklaholt	15 —	
86.	Syðri-Reykir	12 —	
87.	Böðmóðsstaðir	85 —	
88.	Efri-Reykir	7 —	
89.	Efsti-Dalur	5 —	
90.	Skálholt	15 —	
		267 einingar	
	Tungufljót:		
91.	Hrosshagi	1 einingar	
92.	Torfastaðir	1 —	
93.	Reykjavellir	1 —	
94.	Brautarhóll	1 —	
95.	Stóra-Fljót	1 —	
96.	Fell	1 —	
97.	Fellskot	1 —	
98.	Vatnsleysa I—II	4 —	
		13 einingar	
	Fullsæll:		
99.	Tjörn	8 einingar	
100.	Brekka	16 —	
		24 einingar	
	Andalækur:		
101.	Miðhús	3 einingar	
102.	Úthlíð	3 —	

4
7. jan.

103.	Hrauntún	3 einingar
104.	Stekkholt	5 —
105.	Austurhlíð og Stritla	3 —
		17 einingar
	Litla-Laxá:	
106.	Auðsholt I—IV	8 einingar
107.	Langholtshverfi	6 —
108.	Hrafnkelsstaðir	36 —
109.	Selin	20 —
110.	Grafarbakki	20 —
111.	Grafarhverfi	60 —
112.	Ás	12 —
113.	Reykjadalskot	25 —
114.	Reykjadalur	6 —
115.	Hruni	35 —
116.	Þverspyrna	12 —
117.	Berghylur	30 —
118.	Kluftir	8 —
119.	Flúðir	5 —
120.	Unnarholtshverfi	9 —
121.	Hörgsholt	4 —
122.	Kaldbakur	8 —
		304 einingar
	Stóra-Laxá:	
123.	Unnarholtshverfi	12 einingar
124.	Auðsholt I—IV	2 —
125.	Eiríksbakki	15 —
126.	Ósabakki	12 —
127.	Syðra-Langholt	24 —
128.	Birtingaholt	22 —
129.	Reykir	8 —
130.	Sandlækur og Sandlækjarkot	40 —
131.	Skarð	60 —
132.	Glóra og Háholt	60 —
133.	Hrepphólatorfa	290 —
134.	Hlíð	70 —
135.	Sólheimar	70 —
136.	Laxárdalur	60 —
137.	Hörgsholt	36 —
138.	Kaldbakur og Hrunakrókur	25 —
		806 einingar

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

5
10. jan.

A. Stjórn og rekstur.

1. gr.

Markmið Rafmagnsveitunnar.

Rafamagnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki, sem Reykjavíkurkaupstaður starfrækir, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafmagnsveitan er eign Reykjavíkurbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafmagnsveita Reykjavíkur.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafmagnsveita Reykjavíkur vinnur raforku úr Elliðaánum, svo og úr öðrum raforkuverum, sem síðar kunna að verða reist innan orkuveitusvæðis Rafmagnsveitunnar, kaupir raforku af Sogsvirkjuninni eða öðrum, og veitir orkunni um orkuveitukerfi Rafmagnsveitunnar.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður, og atvinnumálaráðherra samþykkir.

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn rafmagnsmála. Rafmagnsstjóri.

Yfirstjórn rafmagnsmála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin bæjarráði ásamt rafmagnsstjóra, sem bæjarstjórnin skipar að fengnum tillögum bæjarráðs, og skal hann vera rafmagnsverkfræðingur. Bæjarstjórnin setur honum erindisbréf. Rafmagnsstjóri er framkvæmdarstjóri Rafmagnsveitunnar.

4. gr.

Verksvið bæjarráðs.

Bæjarráð hefir á hendi stjórn Rafmagnsveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur, og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Það skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand Rafmagnsveitunnar og leggja ársreikning hennar með ársreikningum bæjarsjóðs fyrir bæjarstjórn til úrskurðar.

Bæjarráð semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Það gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrár fyrir Rafmagnsveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu, og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála bæjarins.

Bæjarráð skipar alla fasta starfsmenn Rafmagnsveitunnar, að fengnum tillögum rafmagnsstjóra, og setur þeim erindisbréf og ákveður, hvernig aðrir starfsmenn skuli ráðnir.

5 10. jan.

5. gr.

Verksvið rafmagnsstjóra.

Rafmagnsstjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi Rafmagnsveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefir umsjón með rafmagnslagningu í bænum, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem Rafmagnsveitan kaupir eða selur.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur Rafmagnsveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Rafmagnsstjóri varðveitir sjóð Rafmagnsveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarráð setur.

7. gr.

Löggilding rafmagnsvirkja.

Bæjarráð löggildir þá menn til lagninga á húsveitum, er fullnægja löggildingarskilyrðum, enda hafi þeir áður hlotið löggildingu Rafmagnseftirlits ríkisins til rafvirkjastarfa. Þessir menn nefnast löggiltir rafmagnsvirkjar og skal bæjarráð setja reglur um frágang og tilögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja, eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi Rafmagnsveitunnar.

Bæjarráð getur, þegar því þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafmagnsvirkja, svo og ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem Rafmagnsveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

B. Söluskilmálar.

8. gr.

Sala raforku.

Rafmagnsveita Reykjavíkur selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alstaðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá Rafmagnsvitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafmagnsstjóri láta í té orku með annari spennu.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætlað umsóknareyðublað, er fæst á skrifstofu Rafmagnsveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá Rafmagnsveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsóknir um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign Rafmagnsveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafmagnsveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafmagnsveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarks-notkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og Rafmagnsveitan þarf til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggilta rafmagnsvirkja, eða Rafmagnsveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við rafmagnslagnir og rafmagnstæki, hvort heldur er um að ræða nýjar rafmagnslagnir, breytingar eða viðgerð á rafmagnslögn og annast þeir fyrir hönd húseiganda eða notanda umsóknir og tilkynningar til Rafmagnsveitunnar um allar rafmagnslagnir, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um rafmagnslagnir í Reykjavík, en Rafmagnsveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á rafmagnslögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafmagnsvirkja, er sá um verkið.

Rafmagnsveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taukakerfi Rafmagnsveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá Rafmagnsveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni að Rafmagnsveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksárgjald, sem svari til þeirrar kvaðar, sem hvílir á Rafmagnsveitunni, vegna tengingarinnar.

Framsal til annara á raforku, sem keypt er af Rafmagnsveitunni, er óheimilt án leyfis Rafmagnsveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum Rafmagnsveitunnar um rafmagnslagnir.

5 Rafmagnsstjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og
10. jan. tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni og skulu starfsmenn Rafmagnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða rafmagnstæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annari notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafmagnsvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af Rafmagnsveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafmagnsvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafmagnsvirkja gera við gallana á sinn kostnað.

Rafmagnsstjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af Rafmagnsveitunni.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

14. gr.
Mælitæki.

1) Rafmagnsstjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforku notkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og hefir sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafmagnsveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun.

2) Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til Rafmagnsveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $+ \div 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal Rafmagnsveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar skal leita úrskurðar ragmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðilja. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $+ \div 5\%$, en Rafmagnsveitan annars.

Hafi kwst-mælir sýnt $+ \div 5\%$ skekkju eða meira, skal Rafmagnsveitan áætla leiðréttingu á reikningi fyrir rafmagnsnotkun miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komist, þó ekki fyrir

lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða. 10. jan.

3) Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en Rafmagnsveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefir Rafmagnsveitan rétt til að neita um hemil, og skal notandi þá skyldur til að breyta um taxta.

4) Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er Rafmagnsveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5) Ef svo reynist, að notkun hefir orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur Rafmagnsveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6) Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Rafmagnsveitan áætla þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda getur Rafmagnsveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er Rafmagnsveitunni heimilt að krefjast lágmagsgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Rafmagnsveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafist, getur Rafmagnsveitan sent gjaldanda tilkynningu, eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu Rafmagnsveitunnar innan viku. Nú dregst greiðsla lengur og er þá heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en 3 dögum eftir, að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafmagnsveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagnið og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda, til innheimtu með lögtaki:

10. jan.

a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan segir, hefir ekki greitt reikning frá Rafmagnsveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c. Þegar Gasstöð Reykjavíkur biður Rafmagnsveituna um að loka fyrir straumi vegna þess að notandi hefir ekki greitt gas, koks eða annað til Gasstöðvarinnar.
d. Þegar notandi hefir gerst brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir straumi af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Að skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd.
2. Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá.
3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem Rafmagnsveitan hefir veitt umboð til þess, hverju sinni.

Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Reksturstruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur Rafmagnsveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annara óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og Rafmagnsveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits á helgidögum, á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er Rafmagnsveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum bæjarráðs, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Rafmagnsveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku með föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna, vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutninga eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár Rafmagnsveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti í 1 ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafmagnsstjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafmagnsstjóra skriflega.

Rafmagnsveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefir samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á innheimtuskrifstofu Rafmagnsveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefir sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefir til uppsagnar samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár Rafmagnsveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsstjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarráðs.

C. Almenn ákvæði.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglugerðum, sem settar verða samkvæmt henni varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum Rafmagnsveitunnar, skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

23. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 98 5. nóv. 1920.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

5 10. jan.

6 13. jan.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930.

Samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919 og lög nr. 88 11. júní 1938, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfest eftirrituð

SAMÞYKKT
um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.

1. gr.

Við 79. gr. komi ný mgr. svo hljóðandi:
Ákvæði 77. og 78. greinar taka og til knattborðstofa, eftir því sem við á.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. janúar 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

7 16. jan.

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febrúar 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum, verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda síldarlýsi, þorskalýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Brot á ákvæðum þessum varðar sektum samkvæmt lögum.

Fyrri auglýsingar um þetta efni eru burtu fallnar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

8
16. jan.

um skýrslur yfir starfsmenn og heimilisfólk.

1. gr.

Allir atvinnurekendur, þar með taldir iðnaðarmenn, skulu skyldir til, þegar innheimtumenn lífeyrissjóðsgjalda æskja, að láta þeim í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því hvoru innheimtumennirnir óska eftir, um nöfn starfsmanna sinna, sem taka kaup hjá þeim, stöðu starfsmannanna, fæðingardag, fæðingarár, heimilisfang, launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun lífeyrissjóðsgjalda fyrir aðra.

2. gr.

Húsbændur, sem hafa hjú og annað þjónustufólk, skulu eftir sömu reglum og um ræðir í 1. gr. skyldir til að láta innheimtumönnum lífeyrissjóðsgjalda í té samskonar skýrslu og um ræðir í 1. gr. um hjú sín og annað þjónustufólk, sem tekur kaup hjá þeim.

Þá skulu foreldrar og fósturforeldrar skyldir til að láta innheimtumönnum lífeyrissjóðsgjald í té skýrslu, munnlega eða skriflega, eftir því hvoru innheimtumennirnir óska eftir, um nöfn, fæðingardag, fæðingarár og heimilisfang barna sinna og fósturbarna, sem eru 16 ára eða eldri og sem vinna hjá þeim, eru á vegum þeirra eða þau kosta til náms. Ef börnin eða fósturbörnin vinna hjá foreldrum eða fósturforeldrum sínum skulu skýrslur þessar auk þess tilgreina launakjör, upphæð kaups, hvernig það er greitt, gjalddaga og önnur atriði, sem nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um borgun lífeyrissjóðsgjalda fyrir aðra. Ef börnin eða fósturbörnin eru á vegum foreldra eða fósturforeldra sinna, skal tekið fram í skýrslunni, ef innheimtumenn mæla svo fyrir, hvern veg og vanda þau hafa af börnunum eða fósturbörnunum, eða ef þau kosta börnin eða fósturbörnin til náms, að hve miklu leyti það sé.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða 50—1000 kr. sektum, en það telst til brota á reglugerð þessari, ef vanrækt er að gefa skýrslur þær, sem um ræðir í reglugerð þessari, ef þær eru vísvitandi eða af vítaverðu gáleysi rangar eða þeim áfátt, en skýrslum er meðal annars áfátt, ef starfsmanni eða öðrum, sem á að vera í skýrslu, er sleppt úr henni.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál. Sektir skulu renna í lífeyrissjóð Íslands.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 74 31. desember 1931, um alþýðutryggingar, vegna framkvæmdar á fyrirmælum 86. gr. þeirra laga, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

9 19. jan. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Oddnýjar Jóhannesdóttur frá Ærlæk, útgefin á venjulegan hátt 19. janúar 1939 að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Oddnýjar Jóhannesdóttur frá Ærlæk.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf frá Kvenfélagi Öxfirðinga að upphæð kr. 500.00 — fimm hundruð krónur — er gefnar voru við andlát Oddnýjar Jóhannesdóttur frá Ærlæk. Veitir sjóðurinn viðtöku hverri þeirri minningargjöf um hana, er til kann að fallast.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita sjúklingum og vanheilum gamalmennum styrk svo sem bezt þykir henta á hverjum tíma.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Stofnfé má aldrei skerða. Vextir skulu leggjast allir við höfuðstól, unz sjóðurinn er orðinn kr. 2000.00, þá má verja allt að ¾ vaxtanna til sjúkrastyrks. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00 má, ef þurfa þykir, verja öllum vöxtum til styrktar sjúkum. Afgangur vaxta, sem til fellst í hvert sinn, leggst við höfuðstól.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Skinnastaðaprestur, formaður Kvenfélags Öxfirðinga og önnur kona, er Kvenfélag Öxfirðinga kýs árlega, á meðan það félag er starfandi. Leggist félagið niður, tilnefnir hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps tvær konur í stjórn sjóðsins í stað þeirra, sem að ofan greinir. Stjórnin velur sér sjálf formann.

5. gr.

Stjórnarnefnd sjóðsins ræður, hverjir verða aðnjótandi styrks á hverjum tíma. Þó má styrkur til hvers einstaklings aldrei vera lægri en kr. 75.00 í hvert sinn. Nú sér stjórnarnefnd enga ástæðu til að veita styrk eitthvert ár, skal þá sú upphæð geymast til næsta árs, eða leggjast við höfuðstól, þyki stjórninni það henta.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og gerir stjórn sjóðsins, þegar eftir hver árslok, reikning sjóðsins, er sendist sýslunefnd til athugunar og endurskoðunar, ásamt skýrslu um störf sjóðsins umliðið ár. Afrit af reikningi og ársskýrslu sjóðsins sé sent Kvenfélagi Öxfirðinga, á meðan það er starfandi.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konunglegrar staðfestingar.

Samkvæmt samþykkt á fundi Kvenfélags Öxfirðinga 19. júní 1937, höfum við undirritaðar samið framanskráða skipulagsskrá og undirritað hana eftir að hún hefir verið samþykkt á fundi í Kvenfélagi Öxfirðinga.

Sigurveig Björnsdóttir. **Kristín H. Friðriksdóttir.** **Margrét Pálsdóttir.**

GJALDSKRÁ

10
23. jan.

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

1. gr.

Verð á raforku um mæla skal vera eins og hér segir:

a. Til ljósa í íbúðarhúsum: 80 aurar fyrir hverja kílowattstund.
b. Til ljósa í verzlunarhúsum, sölubúðum, sláturhúsum, frystihúsum, fiskhúsum, vinnustofum, skólum, samkomuhúsum, benzíngeymum, hafnarbryggjum og hafnarhúsum: 170 aurar fyrir hverja kílowattstund.
c. Til véla: 60 aurar fyrir hverja kílowattstund.
d. Leiga fyrir kílowattmæla rafveitunnar skal vera kr. 2.00 fyrir hvern ársfjórðung.
e. Verð á raforku til götulýsinga og til hleðslu á rafgeymum, ákveður hreppsnefnd fyrir hvert ár í senn.

Hreppsnefnd hefir heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.

2. gr.

Gjöld fyrir raforku greiðist mánaðarlega um leið og lesið er af mælum. Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis hefir verið birt á heimili hans.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

3. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 25, frá 25. marz 1935, fyrir noktun raforku í Borgarneskauptúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jónasar Jónassonar", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 24. janúar 1939 af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig:

11
24. jan.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Jónas Jónasson, fyrrverandi lögregluþjón, Framnesvegi 19 í Reykjavík, sem andaðist 17. júlí 1938.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónasar Jónassonar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Blindravinafélagi Íslands, Reykjavík, af eftirlátnum eignum Jónasar sáluga Jónassonar, fyrrverandi lögregluþjóns, Framnesvegi 19,

11 Reykjavík, en með arfleiðsluskrá, dagsettri 18. janúar 1934, gerði Jónas þá ráðstöfun
24. jan. eigna sinna eftir sinn dag, að þær skyldu allar, þó með takmörkun þeirri, er getur í 13. gr., renna til Blindravinafélags Íslands, og skyldi það stofna af þeim sérstakan sjóð, er bæri nafn hans. — Er sjóðurinn stofnaður samkvæmt arfleiðsluskránni og skipulagsskrá þessi sniðin eftir fyrirmælum skrárinnar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins nemur samkvæmt mati, framkvæmdu í skiptarétti Reykjavíkur þann 29. júlí 1938, á öllum eignum dánarbús Jónasar sáluga, föstum og lausum, að frádregnum skuldum dánarbúsins og erfðafjárskatti, kr. 31246.67, og er það þegar afhent stjórn Blindravinafélags Íslands, sem síðar afhendir það sjóðsstjórninni, þegar hún er fullskipuð.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða, og skal sjóðurinn, eins og hann er á hverjum tíma, ávaxtaður á jafn tryggan hátt og um fé ómyndugra væri að ræða. Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir, skulu þær lagðar við höfuðstól hans.

5. gr.

Einn tíundi (1/10) hluti af vöxtum sjóðsins, eins og hann er á hverjum tíma, skal árlega lagður við höfuðstólinn, en níu tíundu (9/10) hlutum vaxtanna má verja í samræmi við tilgang Blindravinafélags Íslands, sem er að leitast við á sem flestan hátt að hjálpa og hlynna að blindum mönnum hér á landi, ungum og gömlum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins, alla umsjón hans og reikningshald annast þrír menn, formaður, gjaldkeri og ritari. Skulu tveir kosnir af stjórn Blindarvinafélags Íslands og einn tilnefndur af lögmanninum í Reykjavík.

Sjóðsstjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Sjóðsstjórnin skal kosin og tilnefnd í marzmánuði til þriggja ára í senn.

Samtímis og til sama tíma kýs stjórn Blindravinafélags Íslands tvo menn til að endurskoða árlega reikninga sjóðsins.

Kjörtímabil fyrstu stjórnar og endurskoðenda sjóðsins skal vera þar til í marz 1942. Fari einhver úr stjórn sjóðsins, áður en kjörtímabilinu lýkur, skal sá aðili, er hefir kosið eða tilnefnt hann, kjósa eða tilnefna annan í hans stað til loka kjörtímabilsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, aðalefni úr erindum til stjórnar sjóðsins og svörum hennar við þeim, svo og samþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Ennfremur ber sjóðsstjórninni að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins, og skulu þeir þar undirritaðir af sjóðsstjórn og endurskoðendum.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan með árituðum athugasemdum endurskoðenda, lagðir fram á fundi stjórnar Blindravinafélags Íslands til úrskurðar og samþykktar, og síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Heimilt er stjórn Blindravinafélags Íslands að breyta skipulagsskrá þessari að svo miklu leyti, sem breytingarnar samræmast ákvæðum framangreindrar arfleiðsluskrár.

10. gr. 11

Hætti Blindravinafélag Íslands störfum, skulu lögmaðurinn í Reykjavík, landlæknir og fræðslumálastjóri koma í stað stjórnar þess og taka við öllum þeim störfum, sem stjórn félagsins hefir með höndum samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Verður þá sú breyting á 6. gr., að öll sjóðsstjórnin verður kosin af fyrrnefndum aðiljum, en tilnefning lögmanns samkvæmt henni fellur niður. 24. jan.

11. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, sem gerðar kunna að verða á henni skv. ákvæðum 9. greinar.

12. gr.

Sjóðurinn skal þegar taka til starfa, er skipulagsskráin hefir verið staðfest.

13. gr.

Ákvæði um stundarsakir. Á meðan ráðskona Jónasar sáluga, Ingveldur Guðmundsdóttir, Framnesvegi 19, Reykjavík, lifir, skal hún, samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og sérstökum samningi milli hennar og stjórnar Blindravinafélags Íslands, dags. 26. nóv. 1938, hafa ókeypis afnotarétt af húseigninni nr. 19 við Framnesveg, sem er meðal eigna sjóðsins, ásamt meðfylgjandi búslóð og innanstokksmunum, en greiða skal hún skatta og skyldur af eigninni og halda henni forsvaranlega við. Auk þessa skulu nefndri Ingveldi, einnig samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar og samningsins frá 26. nóv. 1938, greiddar úr sjóðnum kr. 130.00 — krónur eitt hundrað og þrjátíu og 0/100 — á mánuði hverjum, meðan hún lifir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi, útgefin á venjulegan hátt at mandatum 30. janúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig: 12 30. jan.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hagasjóð í Hraunhreppi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hagasjóður. Heimili hans og starfssvið skal jafnan vera innan Hraunhrepps í Mýrasýslu.

2. gr.

Guðmundur Bjarnason klæðskeri, Aðalstræti 6, Reykjavík, er stofnandi sjóðsins. Árið 1932 var byrjunarstofnfé sjóðsins afhent hreppstjóranum í Hraunhreppi og síðan aukið mikið 1937 og enn meir 1938. Sjóðurinn er nú í ársbyrjun 1939 — að meðtöldum fyrirfram greiddum vöxtum (kr. 675.00) — kr. 30359.77 — þrjátíu þúsund þrjú hundruð fimmtíu og níu 77/100 krónur — í peningum og skuldabréfum og auk þess 10000 — tíu þúsund — krónur í hlutabréfum Útvegsbanka Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn skal starfræktur í þrem deildum. 1. deild skal starfrækt til minningar um föður stofnandans, Bjarna Jónsson, fyrrum bónda í Haga. Deild þessi skal efla og styðja skógrækt, sandgræðslu og fóðurbrigðir. 2. deild skal starfrækt til minningar um móður stofnandans, Bjarndísi Bjarnadóttur, fyrrum húsfreyju í Haga, er var

12 30. jan.

2. kona Bjarna Jónssonar í Haga. Hlutverk þessarar deildar er að styrkja fátækar mæður, börn og gamalmenni. 3. deild skal starfrækt til minningar um stjúpmóður stofnandans, Guðlaugu Sigurðardóttur, 3. konu Bjarna í Haga. Deild þessi skal efla og styðja kristilegt félags- eða safnaðarlíf og fræðslu barna og unglinga á kristilegum grundvelli.

4. gr.

Skipting sjóðsins á milli deilda skal vera þannig, að hálfar eignir og tekjur tilheyra 1. deild, ¼ hluti 2. deild og ¼ hluti 3. deild. Ef ársúthlutun einhverrar deildar eyðist ekki á því ári, sem úthlutun fer fram, verður það, sem sparast, séreign þeirrar deildar ásamt vöxtum framvegis. Reikningsfærslu skal haga samkvæmt því.

5. gr.

Sjóðinn skal framvegis ávaxta í verðbréfum, tryggðum með ríkisábyrgð og skuldabréfum, tryggðum með 1. veðrétti í fasteign. Fjárhæðir, sem hafa þarf handbærar, skulu geymdar og ávaxtaðar í Sparisjóði Mýrasýslu og Búnaðarbanka Íslands.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. Þó má, ef þörf krefur, umfram ársúthlutun af vöxtum sjóðsins, veita fé af séreign deildar, sbr. 4. gr. til framkvæmda markmiði hennar.

7. gr.

Vaxtatekjum sjóðsins skal verja til framkvæmda samkvæmt ákvæðum 3. greinar og markmiðum deildanna, hverrar fyrir sig. Heimilt er að byrja á því árið 1940. Þó má ekki verja til þess meira en ¾ hlutum vaxtanna árlega, unz þeir nema 4 þúsundum króna á ári. Úr því má verja ⅘ hlutum vaxtanna á sama hátt. Að öðru leyti leggjast vextir og allar aðrar tekjur við höfuðstólinn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri og allir hreppsnefndarmenn á hverjum tíma. Hún kýs formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum, hvorutveggja strax að afstöðnum hverjum almennum hreppsnefndarkosningum. Hún hefir á hendi allar nánari ákvarðanir um starfshætti og fjárframlög til fullnægingar hlutverkum sjóðsins og yfirumsjón allra framkvæmda, er þar af leiða. Allt innan þeirra takmarka, er sett eru með þessari skipulagsskrá.

9. gr.

Fjárframlög, samkvæmt 3. lið 3. greinar, eru því aðeins gild, að leitað sé eftir og fengið samþykki þjónandi prests í Hraunhreppi og prófastsins í Mýrasýslu. Þeir hafa einnig tillögurétt um þau málefni, er í þessu sambandi koma til greina. Rísi ágreiningur um fjárveitingu úr sjóðnum í þessu efni, milli sjóðsstjórnar annars vegar og prests og prófasts hins vegar, sker æðsta kirkjustjórn ríkisins úr þeim ágreiningi.

10. gr.

Sjóðsstjórnin heldur gerðabók. Inn í hana skal færa þessa skipulagsskrá, aðalreikninga sjóðsins árlega, fundargerðir og helztu atriði framkvæmda, sem njóta styrks frá sjóðnum.

11. gr.

Allar ákvarðanir viðvíkjandi sjóðnum, skulu gerðar á fundum sjóðsstjórnar. Ákvörðun er þó ekki gild, nema hún nái samþykki meiri hluta allra sjóðsstjórnarmanna.

12. gr.

Skiulagsskrá þessari má breyta, er tímar líða, ef allir sjóðsstjórnarmenn samþykkja breytinguna. Þó má aldrei breyta þeim aðalmarkmiðum sjóðsins, að auka

og bæta gróður jarðar og lífsskilyrði búpenings, að styrkja fátækt fólk og að við- 12
halda kristindómsfræðslu og kristilegu safnaðarlífi. 30. jan.

13. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 18. janúar 1939.

FISKVEIÐASAMÞYKKT 13
3. febr.

fyrir Vestmannaeyjar.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vetrarvertíð og eigi eru stærri en 60 smálestir.

2. gr.

Frá 1. degi janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu, seinna að degi til en kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 15. febrúar má eigi fara til fiskjar með línu, fyrr en kl. 3 f. h. og frá 15. febrúar til 1. apríl kl. 2 f. h.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum, nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 4. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara frá festum sínum á Botninum út á Vík, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara, fyrr en merki hefir verið gefið og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láti sæmilega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér á ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgst með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálfsögðu ekki fremur en öðrum að fara út fyrir hina ákveðnu línu.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana, fyrr en ljósmerki hefir verið gefið.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefir lagt. Bátur sem af sjó kemur, hefir forgangsrétt og fyrir vélbáti gengur róðrarbátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.

13 5. gr.

3. febr. Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega 9 bátaformenn, þó aldrei færri en að 8. hver formaður sé gæzlunefndarmaður, til þess að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, skulu gæzlumenn auðkenna báta sína með einu vinnuljósi á miðþilfari og er öllum öðrum bátum óheimilt að nota slíkt merki. Brot á ákvæðum þessarar greinar telst sem tímabrot.

II. KAFLI

6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar, eru skyldir til að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefir með því, að hlýtt sé ákvæðum 6. greinar. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa, og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

8. gr.

Aðkomubátar eru skyldir til að tilkynna merki sín, áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gætir þess, að merki aðkomubáta séu eigi hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá, og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

9. gr.

Enginn bátur má leggja þorskanet undir Sandi án útfara. Við hvert útfaraakkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg, má í hæsta lagi leggja 8 netum. Við akkeri, sem eigi vegur meira en 35 kg, má mest leggja 12 netum, og við akkeri, sem vegur 50 kg, má mest leggja 15 netum. Undir Sandi má eigi leggja lengri trossu en 15 neta. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær landi er, og skal hann vera minnst 30 faðmar á lengd.

10. gr.

Dufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flagg úr stinnu efni, svo að það standi jafnan út frá skafti duflsins.

Að næturþeli skulu menn skyldir til að hafa ljósker á duflum sínum, þannig að hafi menn tvær netatrossur í sjó, þá hafi þeir ljósker á annari, en hafi þeir þrjár, þá tvö ljósker.

Skulu ljóskerin vera eins örugg og kostur er á.

11. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmennirnir taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og alla málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru tekin upp fyrir, sé sýknaður með dómi, eða málssókn gegn honum falli niður, eða að hann hafi greitt sektir þær, er honum hafa verið gerðar, eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

12. gr. 13

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25—500 krónum. 3. febr.

Viðurlög við brotum á 2. gr. ferfaldast við hverja ítrekun brotsins upp í hámark sektar.

Sektarfé gangi til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 3. febrúar 1939, og eru þá jafnframt fallnar úr gildi eldri fiskveiðasamþykktir fyrir Vestmannaeyjar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING 14

3. febr.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 10. þessa mánaðar allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 10% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 24. nóvember 1938 um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bindindishöll Reykjavíkur, útgefin á 15
venjulegan hátt, ad mandatum 11. febrúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 11. febr.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bindindishöll Reykjavíkur.

Vér undirritaðir, stofnendur Húsfélags bindindismanna gerum kunnugt, að vér með þessari skipulagsskrá stofnum Bindindishöll Reykjavíkur, sem er sjálfseignar-

15 stofnun. Eignir stofnunarinnar eru lóðin nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík með
11. febr. tilheyrandi timburhúsi og útihúsum, innanstokksmunum, skrautgarði og girðingum, er þessu fylgir, og framlag félagsmanna. Á eigninni hvíla ekki aðrar skuldir en þær, sem stofnaðar eru við kaup eignarinnar.

Samkvæmt framanrituðu setjum vér Bindindishöll Reykjavíkur eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að vera samkomustaður og starfsmiðstöð fyrir bindindisstarfsemi, baráttuna gegn áfengisnautn í landinu, þó aðallega í Reykjavík.

2. gr.

Eigi má binda fé stofnunarinnar eða eignir hennar nokkrum veðböndum eða öðrum kvöðum, sem eru óviðkomandi eigninni eða tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Stofnendur eru 12 að tölu, en heimilt er þeim hvenær sem er að bæta mönnum við, allt að því að talan verði 24. Ef einhver þeirra flytur burt, deyr eða fær sig lausan úr félaginu með samþykki félaga sinna, er rétt og skylt að taka nýjan mann í félagið í hans stað, ef þess er kostur.

4. gr.

Félagarnir kjósa úr sínum hóp þriggja manna stjórn. Hún er kosin til þriggja ára og fer einn úr stjórninni á ári hverju. Stjórnin skiptir með sér störfum. Félagið setur reglur um starfsemi sína og félagsfundi.

5. gr.

Stjórnin skal árlega gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 mönnum, öðrum er dómsmálaráðuneytið tilnefnir, en hinum eftir tilnefningu borgarstjórans í Reykjavík. Aðalfundur húsfélagsins úrskurðar reikninginn. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

6. gr.

Peningar þeir, sem stofnunin kann að eiga eða eignast, skulu ávaxtaðir í Landsbanka Íslands.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur gefið Góðtemplararreglunni í Reykjavík kost á að taka stofnunina að sér og allan rekstur hennar, með þeim skilmálum, sem felast í þessari skipulagsskrá og þeim skuldbindingum, er hvíla á eigninni.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta að fengnu samþykki aðalfundar húsfélagsins og þarf ¾ greiddra atkvæða með breytingunni.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi Húsfélags bindindismanna þann 15. nóvember 1938.

Jón Gunnlaugsson, formaður. **Pétur Zóphóníasson,** ritari. **Flosi Sigurðsson,** gjaldkeri.

Pétur G. Guðmundsson. Gísli Þorbjarnarson. Páll Jónsson. Þorsteinn J. Sigurðsson. Hjörtur Hansson. Ágúst Ármann. Páll Þorleifsson. Bent Bjarnason. Guðmundur Gamalíelsson.

SAMÞYKKT

16
13. febr.

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum frá bryggjum Síldarverksmiðja Ríkisins, suður að svokölluðu anleggi og á móts við það og suður af því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Síldarstöð og lóðarréttindi: Friðriks Guðjónssonar, (Baldur) h/f Ásgeir Pétursson, Ólavs Hendriksen, H. Thorarensen, dánarbús Ragnars Ólafssonar.

Dráttarbrautin, O. Ragnars.

Vélsmiðja Siglufjarðar, Magdalena Olsen.

Síldarstöð og lóðarréttindi: Dánarbús Halldórs Jónassonar, Edvins Jacobsen, Ingvars Guðjónssonar, Jóns Hjaltalín, Friðleifs Jóhannssonar o. fl., með lifrarbræðslu, Alfons Jónssonar, O. Tynes og Indiönu Tynes, Ástu Maren og Guðbjargar Malmqvistd, Einars og Friðriks Einarssona, Antons Jónssonar & Co, Skafta Stefánssonar, h/f Njörður.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

17
22. febr.

um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, samkvæmt lögum nr. 24 1. febr. 1936.

1. gr.

Almennt eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (samkv. skilgreiningu í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum) og dreifingu þeirra annast héraðslæknar hver í sínu héraði með aðstoð heilbrigðisfulltrúa, þar sem þeir eru, en í umboði heilbrigðisnefnda eða lögreglustjóra (sbr. 7. gr. nefndra laga).

2. gr.

Héraðslæknir skal jafnan hafa óhindraðan aðgang til eftirlits og töku sýnishorna skv. fyrirmælum um eftirlitsmenn í 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936. Sömu réttindi hafa og fulltrúar hans við eftirlitsstarfsemina, enda hafi þeir umboð áritað af lögreglustjóra.

3. gr.

Héraðslæknir heldur eftirlitsbækur yfir alla tilkynningarskylda starfsemi (skv. 10. gr. almennra reglna um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum nr. 49 15. júlí 1936) í héraði sínu. Skal hann skoða eða láta skoða allt viðkomandi slíkri starfsemi eigi sjaldnar en einu sinni á ári, en oftar

17 eftir því sem ástæður eru til, og skrá í hvert sinn árangur skoðunarinnar í eftirlits-
22. febr. bók. Heilbrigðisnefnd skal jafnan hafa aðgang að þessum eftirlitsbókum og sömuleiðis lögreglustjóri og forstöðumaður eftirlitsins (sbr. 15. gr.).

4. gr.

Við skoðun á tilkynningarskyldri starfsemi (sbr. 3. gr.) skal leggja til grundvallar ákvæði í 11. og 12. gr. almennra reglna nr. 49 15. júlí 1936, nema í gildi séu sérstakar reglur eða ákvæði í heilbrigðissamþykktum, er geri strangari kröfur.

5. gr.

Tilkynningarskylda starfsemi, sem aðeins er rekin nokkurn hluta árs hvers (sláturhús, kjötbúðir o. s. frv.), má ekki hefja á hverju starfstímabili, fyrr en að undangenginni skoðun og að fengnu vottorði frá héraðslækni um, að fullnægt sé settum reglum um slíka starfsemi.

6. gr.

Finni héraðslæknir við skoðun á starfsemi, sem að ofan greinir, að ábótavant sé útbúnaði, umgengni eða öðru, skal hann þegar gera forráðamönnum starfseminnar aðvart og benda á, hvað gera þurfi til úrbóta. Nú er um svo miklar misfellur að ræða á útbúnaði eða starfrækslu að dómi héraðslæknis, að nauðsynlegar umbætur þoli enga bið, og skal hann þá hlutast til um, að starfseminni sé tafarlaust hætt, þar til úr hefir verið bætt.

7. gr.

Jafnframt því að skoða alla tilkynningarskylda starfsemi í héraði sínu, skal héraðslæknir eða fulltrúi hans — að svo miklu leyti sem unnt er við skoðun á staðnum — líta eftir, hvort matvæli þau og aðrar neyzluvörur, sem þar eru framleiddar eða með er farið á annan hátt, fullnægi gildandi kröfum. Auk þess skal hann í sama skyni og eftir því sem ástæður eru til, eða eftir því, sem sérstaklega kann að vera fyrir mælt, taka sýnishorn af framleiðslunni eða öðrum matvælum eða neyzluvörum, sem þar er farið með, eða af efnum, er snerta slíkar vörur á einn eða annan hátt, og senda til rannsóknar á þar til viðurkennda rannsóknarstofnun, allt eftir eðli rannsóknanna, enda hafi hann ekki tök á að framkvæma þær sjálfur.

8. gr.

Ennfremur skal héraðslæknir taka eða láta taka til rannsóknar sýnishorn af matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum (skv. skilgreiningu í 2. og 3. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936), eftir því sem ástæður þykja til, eða eftir því, sem sérstaklega kann að vera fyrir mælt, hvar sem slíkar vörur eru hafðar á boðstólum eða með þær farið á annan hátt, svo sem tiltekið er í 7. gr. nefndra laga, og yfirleitt hafa að eigin frumkvæði vakandi auga á, að hlýtt sé fyrirmælum almennra reglna nr. 49 15. júlí 1936 og öðrum, er sett hafa verið eða sett kunna að verða um sama efni.

9. gr.

Er héraðslæknir eða fulltrúi hans tekur sýnishorn til rannsóknar, skal hann þegar útfylla sérstök tölusett eyðublöð þar að lútandi, og skal þar meðal annars skráð tegund og auðkenni sýnishornsins, magn þess, hvar og hvenær það sé tekið, ennfremur nafn framleiðanda og framleiðslutíma, ef upplýsingar fást um það. Skal þessi skrásetning fara fram í viðurvist afgreiðslumanns eða annars umboðsmanns þess fyrirtækis, er um ræðir, og skal sá hinn sami staðfesta með undirskrift sinni, að sýnishornið hafi verið tekið í viðurvist hans og að rétt sé skráð. Heimilt skal honum að krefjast afrits af ofannefndu eyðublaði útfylltu.

Að jafnaði skal skipta sýnishorni í 2 jafna hluta og innsigla hvorn í sínu lagi í viðurvist afgreiðslumanns. Skal annar hlutinn sendur til rannsóknar, en hinn geymdur í skrifstofu héraðslæknis til samanburðar síðar, ef þurfa þætti. 17 22. febr.

Afhendandi má þó krefjast þess að fá sjálfur einn hluta, og er sýnishorninu þá skipt í 3 jafna hluta, og allir innsiglaðir, hver í sínu lagi. Heldur hann þá sjálfur einum þeirra eftir, en um hina fer eins og áður segir. Af vörutegundum, sem eru þess eðlis, að auðsýnt er, að niðurstöður rannsókna þeirra, er gera skal, muni breytast svo við geymslu sýnishorns, að samanburður við síðari rannsóknir sé tilgangslaus, nægir þó að taka eitt óskipt sýnishorn.

Sýnishornin eða hlutar þeirra skulu á tökustað aðeins auðkenndir með tegund og tölusetningu tilsvarandi eyðublaðs. Þann hlutann, sem þegar skal rannsaka, skal senda þannig til viðkomandi rannsóknarstofu. Þó skal héraðslæknir að auki gefa rannsóknarmanninum allar þær upplýsingar, er nauðsynlegar mega teljast til framkvæmda á umbeðnum rannsóknum.

Héraðslæknir heldur sérstakar bækur yfir allar þær rannsóknir, er hann lætur þannig framkvæma, og færir inn í þær niðurstöður rannsóknanna.

10. gr.

Leiði rannsókn sýnishorns í ljós, að varan uppfylli ekki þau skilyrði, er henni ber samkvæmt lögum eða gildandi reglum, getur héraðslæknir ef um smávægilegar misfellur er að ræða, látið nægja að gera framleiðanda eða þeim, er ábyrgur telst fyrir vörunni, aðvart og áminna um, að komið verði í veg fyrir endurtekningu. Við meiri háttar misfellur eða endurteknar, þótt smávægilegar séu, skal leggja málið fyrir heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóra til frekari aðgerða.

11. gr.

Héraðslæknir heldur sérstaka dagbók yfir allar umkvartanir, er honum eða skrifstofu hans berast (svo sem vegna meðferðar matvæla, húsnæðis eða vegna annars, er að heilbrigði lýtur), og sé jafnan bókfært, hverja úrlausn þær hafi fengið. Sýnishorn, er einstakir menn kunna að hafa tekið til rannsóknar, er héraðslækni ekki skylt að taka á móti, en skrá skal hann allar slíkar umkvartanir í dagbók þessa. Skal hann síðan, ef ástæður þykja til, sjálfur láta taka sýnishorn eða framkvæma rannsókn á viðkomandi vörutegund.

12. gr.

Þar sem heilbrigðisfulltrúi er, skal hann að jafnaði annast eftirlitsstarfsemi samkvæmt reglugerð þessari sem fulltrúi héraðslæknis og undir stjórn hans (sbr. lög nr. 64 10. nóv. 1905 um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög og heilbrigðissamþykktir settar samkvæmt þeim), en ætíð skal hann bera álit sitt og kærur undir héraðslækni til staðfestingar.

13. gr.

Ef sérstökum mönnum er falið heildareftirlit með einstökum greinum eftirlitsins (skv. 7. gr. laga nr. 24 1. ferbúar 1936), má leysa héraðslækni undan eftirlitsskyldu í þeim greinum að einhverju eða öllu leyti, en sama rétt skal hann þó hafa til eftirlits í þeim greinum sem öðrum samkvæmt reglugerð þessari.

14. gr.

Héraðslæknir semur skýrslu fyrir hvert almanaksár um alla eftirlitsstarfsemi, samkvæmt reglugerð þessari, og á sérstök eyðublöð, er landlæknir gefur út í samráði við forstöðumann eftirlitsins. Skýrslu þessa skal héraðslæknir senda landlækni ásamt ársskýrslum sínum, þ. e. fyrir lok marzmánaðar næsta ár á eftir.

17 22. febr.

15. gr.

Ráðherra ræður lækni, sérfróðan í heilbrigðisfræði, til þess að hafa yfirumsjón með framkvæmd eftirlitsins í heild, og skal sá forstöðumaður jafnan hafa aðgang að eftirlitsbókum héraðslækna og dagbókum þeirra rannsóknarstofnana, er rannsóknir framkvæma, samkvæmt reglugerð þessari. Skal hann leiðbeina héraðslæknum um allt, er lýtur að tilhögun við eftirlitsstarfið, bókfærslu og skýrslugerð og sjá um, að eftirlitið verði sem bezt samræmt um land allt. Hann skal og hafa sama rétt og héraðslæknir til að láta taka sýnishorn til rannsókna og til að framkvæma annað eftirlit, samkvæmt reglugerð þessari, hvar sem er á landinu.

16. gr.

Allur rannsóknarkostnaður, þar með talinn kostnaður við umbúðir og sendingu sýnishorna til rannsókna, greiðist úr ríkissjóði eftir sérstökum samningi, er ríkisstjórn gerir við hlutaðeigandi rannsóknarstofnanir, sbr. þó 11. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936.

Ef héraðslæknir þarf að gera sér sérstaka ferð utan kaupstaðar þess eða kauptúns, sem hann er búsettur í, eingöngu vegna eftirlitsins, greiðist ferðakostnaður úr ríkissjóði, samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, en annars skal hann hlutast til um, eftir því sem við verður komið, að haga eftirlitinu á þann hátt, að eigi leiði til slíks kostnaðar.

Rannsóknir þær, er héraðslæknir framkvæmir sjálfur, greiðast samkvæmt gjaldskrá héraðslækna eftir úrskurði ráðherra.

17. gr.

Ef í Reykjavík eða annarsstaðar þarf að ráða sérstakan mann eða menn til aðstoðar héraðslækni og heilbrigðisfulltrúa við töku sýnishorna samkvæmt reglugerð þessari, skal kostnaður, sem af því leiðir, greiðast úr ríkissjóði, enda heimili ráðherra þær ráðstafanir og staðfesti ráðningar og ráðningarkjör.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 1. ferúar 1936 og öðlast þegar gildi.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

18 9. jan.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Patreksfjarðarkauptún.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Patreksfjarðarhöfn takmarkast að vestan af línu, sem hugsast dregin frá Vatneyrarodda í hásuður. Tvær vörður skulu settar á Vatneyrarodda, og sýni þær stefnu þessa. Að sunnan takmarkast höfnin af línu, er hugsast dregin úr Þúfneyrarodda og myndar rétt horn við áður nefnda línu. Að norðan og austan takmarkast höfnin af strandlengjunni milli endapunkta áður greindra lína.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Patrekshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmála, en oddviti hreppsnefndarinnar hefir á hendi framkvæmd þeirra, ásamt tveim mönnum, sem hver nýkjörin hreppsnefnd kýs honum til aðstoðar, á fyrsta fundi sínum, til fjögra ára í senn. Er hreppsnefndaroddvitinn formaður hafnarnefndar og jafnframt hafnarstjóri. Fyrsta hafnarnefnd skal kjörin strax eftir staðfesting þessarar reglugerðar.

Hafnarnefnd hefir eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni, stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI
Hafnarsjóður.

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Hafnarsjóður. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til bygginga hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim, og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar.

Óheimilt er að nota fé hafnarsjóðs til annara fyrirtækja hreppsins, eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI
Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

4. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

5. gr.

Í hverju skipi — að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lægi hafnarinnar — skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og látið framkvæma þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpana. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því

18 9. jan.

tafarlaust. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis, eða bryggju, ef krafizt er.

7. gr.

Gufuskip eða önnur vélskip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjunum standi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

8. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur þar, sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eiganda, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

V. KAFLI

Hafnarmannvirki einstakra manna og félaga innan hafnarinnar.

9. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá sem fengið hefir leyfi til að gera slík mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hætta stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10 til 200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

10. gr.

Við bryggju eða uppfyllingu einstakra manna eða félaga innan hafnarinnar, hafa skip rétt til að leggjast að í sömu röð og þau koma inn og sækja um það. Þó skulu skip, sem sigla eftir fastri áætlun, hafa forgangsrétt næst eiganda.

11. gr.

Við hverja bryggju einstakra manna eða félaga, sem skipum er ætlað að leggjast að, skal vera umsjónarmaður, er hafnarnefnd tekur gildan.

12. gr.

Um lýsingu slíkra mannvirkja, þrifnað á þeim og ýms nauðsynleg áhöld, svo sem stiga, landgöngubrýr, björgunarhringi o. s. frv., fer eftir þeim fyrirmælum, er hafnarnefnd setur á hverjum tíma, og gilda jafnt fyrir allar bryggjur og uppfyllingar innan hafnarinnar.

VI. KAFLI

Um almenna reglu.

13. gr.

Hafnarnefnd sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boðum hennar og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

14. gr. 18 9. jan.

Öll skot við höfnina og á henni, eru stranglega bönnuð, og sérstaklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eða úr landi eigi sér ekki stað.

15. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavélum skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

VII. KAFLI
Hafnargjöld.

16. gr.

Öll skip, 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma í Patreksfjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til vísindarannsókna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs, en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettostærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

17. gr.

a. Fiskiskip, sem eru eign manna búsettra á Patreksfirði og eru skrásett þar, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 50 aura af smálest hverri, með gjalddaga 1. október.
b. Önnur íslenzk fiskiskip greiða 5 aura af smálest hverri, í hvert skipti sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 1 kr. af smálest samtals á ári.
c. Innlend strandferða- og millilandaskip, sem sigla eftir föstum auglýstum áætlunum, greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Patreksfjarðarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þótt þau komi oftar á því ári.
d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, og hafa samband við land, greiða 5 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Patreksfjarðarhöfn.

18. gr.

Vélbátar 5—12 smálestir, sem heima eiga á Patreksfirði eða gerðir eru þaðan út, greiða 5 kr. árlegt gjald með gjalddaga 1. október.

19. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það aukagjald, sem hér segir:

a. Ef þau eru skrásett frá Patreksfjarðarkauptúni, og eru að öllu leyti eign manna búsettra við höfnina eða hafnarsvæðið, greiði vélbátar með þilfari 2 kr., stærri skip 5 kr., með gjalddaga 1. október ár hvert.
b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

18 9. jan.

VIII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

20. gr.

Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

21. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipum unz gjöldin eru greidd. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari, skal greiða gjöldin áður en skipið fer burt úr höfninni.

22. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

IX. KAFLI
Ýms ákvæði.

23. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið, um skaðabætur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðnar af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal fram fara af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemi 10% af hinni ákveðnu skaðabótaupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

24. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

25. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10 til 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Patreksfjarðarkauptúns.

26. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjóð Thor Jensens-hjóna, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 2. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. Skipulagsskráin er þannig: 19 2. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóð Thor Jensens-hjóna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir sjóður Thor Jensens-hjóna.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1938 af skólanefnd Mosfellsskólahverfis í Kjósarsýslu, og er nafn hans bundið við gefendurna, hjónin frú Margréti Þorbjörgu Jensen og Thor Jensen óðalsbónda á Lágafelli, er gáfu kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — til barnaskóla Mosfellsskólahverfis.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er ofanskráð eitt þúsund krónur, sem ávaxta skal í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða verðbréfum. Skal $\frac{1}{10}$ vaxta hans ávallt leggjast við höfuðstólinn, svo og $\frac{1}{10}$ alls þess fjár, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja skólabörn héraðsins til vorferða um landið, er megi verða þeim til fróðleiksauka og skemmtunar. $\frac{9}{10}$ hlutum af vöxtum sjóðsins má verja árlega í því skyni, svo og $\frac{9}{10}$ hlutum þess fjár, er sjóðnum kann að áskotnast á annan hátt. Falli niður vorferð af einhverjum ástæðum, er heimilt að nota þá fjárupphæð að auki næsta ár á eftir, og ef afgangur verður af $\frac{9}{10}$ hlutunum, þá má nota hann á sama hátt.

Þegar sjóðseignin er orðin kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — má úr því einnig ráðstafa nokkrum hluta vaxta hans í öðrum tilgangi en að ofan greinir, enda komi það skólabörnum hreppsins sem heild eða einstaka barni, er skarar fram úr að námshæfileikum, ástundun og siðprýði, til góða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum skólanefndar Mosfellsskólahverfis í Kjósarsýslu.

6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á skólanefndarfundi, 3. des. 1938.

Skólanefnd Mosfellsskólahverfis.

Hálfdan Helgason. Ásta Jónsdóttir. Björn Birnis.

20

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld hins Almenna kirkjusjóðs árið 1938.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (sbr. Stj.tíð. 1938, B. bls. 140)		kr. 407938.56
2.	Innborgað á árinu		— 7315.32
3.	Vextir á árinu:		
	a. Af lánum	kr. 11005.00	
	b. — hlaupareikningi	— 3886.32	
	c. — innlánsskírteinum	— 2036.22	
	d. — veðdeildarbréfum	— 2142.00	
	e. — ríkisskuldabréfum	— 852.53	
	f. — kreppulánasjóðsbréfum	— 28.35	
		kr. 19950.42	
	g. Vangoldnir vextir	— 532.28	
			— 20482.70
4.	Endurgreitt af lánum		— 24280.42
5.	Arður af kaupum veðdeildarbréfa		— 670.00
6.	— — — 5½% ríkisskuldabréfa		— 2700.00
7.	Til jafnaðar við gjaldalið 2		— 12800.00
8.	— — — — 5		— 2930.00
9.	— — — — 6		— 87300.00
10.	— — — — 4		— 21630.13
			Kr. 588047.13

Gjöld:

1.	Tekið út af inneign		kr. 31722.70
2.	Lán veitt á árinu		— 12800.00
3.	Kostnaður við reikningshald		— 500.00
4.	Vaxtaafgangur		— 21630.13
5.	Keypt veðdeildarbréf (nafnv. 3600 kr.)		— 2930.00
6.	Keypt 5½% ríkisskuldabréf (nafnv. 90000 kr.)		— 87300.00
7.	Til jafnaðar við tekjulið 4		— 24280.42
8.	— — — — 3, g		— 532.28
9.	Eign í árslok 1938:		
	a. Í lánum kirkna	kr. 191156.85	
	b. – hlaupareikningi	— 75132.84	
	c. – veðdeildarbréfum	— 49500.00	
	d. – 5½% ríkisskuldabréfum	— 90000.00	
	e. – kreppulánasjóðsbréfum	— 530.00	
	f. Hjá gjaldkera	— 31.91	
			— 406351.60
			Kr. 588047.13

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík { 31. desember 1938. / 5. janúar 1939.

Jón Helgason.

SKÝRSLA

21

um eign kirkna í hinum Almenna kirkjusjóði Íslands árið 1938.

Kirkjur:	Eign í árslok 1937. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1938. Kr. au.
N.-Múlaprófastsdæmi.					
1. Skeggjastaðakirkja ..	3259.74	»	»	130.39	3390.13
2. Hofteigskirkja	3084.22	»	»	123.36	3207.58
3. Kirkjubæjarkirkja ...	8599.07	»	458.16	325.63	8466.54
4. Hjaltastaðakirkja	2040.33	»	»	81.60	2121.93
5. Eiðakirkja	833.13	»	»	33.32	866.45
6. Áskirkja í Fellum ...	5993.21	»	»	239.72	6232.93
7. Valþjófsstaðarkirkja .	2452.62	»	»	98.10	2550.72
8. Hofskirkja í V.f.	2089.37	»	»	83.57	2172.94
S.-Múlaprófastsdæmi.					
9. Vallaneskirkja	6.43	»	»	0.25	6.68
10. Þingmúlakirkja	1788.22	»	»	71.53	1859.75
11. Klippstaðarkirkja	265.26	500.00	»	10.61	775.87
12. Vestdalseyrarkirkja .	27.94	»	»	1.11	29.05
13. Mjóafjarðarkirkja ...	2.45	»	»	»	2.45
14. Neskirkja í Norðf. ..	8.42	»	»	0.33	8.75
15. Stöðvarkirkja	14.47	»	»	0.58	15.05
16. Eydalakirkja	9049.48	»	»	361.97	9411.45
17. Hofskirkja í Álftaf. .	469.70	8.00	»	18.78	496.48
A.-Skaftafellsprófastsdæmi.					
18. Stafafellskirkja	2340.60	»	»	93.62	2434.22
19. Einholtskirkja	1.24	»	»	»	1.24
20. Kálfafellsstaðark.	58.64	»	»	2.34	60.98
21. Hofskirkja í Öræfum	7302.91	130.00	»	296.01	7728.92
V.-Skaftafellsprófastsdæmi.					
22. Prestsbakkakirkja ...	4989.06	»	»	199.56	5188.62
23. Reyniskirkja	516.16	»	»	20.64	536.80
24. Grafarkirkja	2513.53	»	356.89	94.46	2251.10
25. Kálfafellskirkja	1090.42	250.00	»	50.95	1391.37
26. Skeiðflatarkirkja	559.42	»	»	22.37	581.79
27. Langholtskirkja	5897.83	»	»	235.74	6133.57
Flyt	65253.87	888.00	815.05	2596.54	67923.36

Kirkjur:	Eign í árslok 1937. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1938. Kr. au.
Flutt	65253.87	888.00	815.05	2596.54	67923.36
Rangárvallaprófastsdæmi:					
28. Stórólfshvolskirkja ..	74.99	»	4.00	3.00	73.99
29. Oddakirkja	57.06	»	»	2.28	59.34
30. Kálfholtskirkja	86.29	»	»	3.45	89.74
31. Krosskirkja	1875.98	»	»	75.04	1951.02
32. Ásólfsskálakirkja	17.99	»	»	0.72	18.71
33. Eyvindarhólakirkja ..	4221.25	120.00	»	171.65	4512.90
34. Breiðabólstaðark.	24.02	»	»	0.96	24.98
35. Skarðskirkja	51.33	»	»	2.05	53.38
36. Landakirkja í Vestm.	15.99	»	»	0.64	16.63
Árnessprófastsdæmi:					
37. Mosfellskirkja í Grn. .	1330.92	»	»	53.23	1384.15
38. Þingvallakirkja	892.13	»	»	35.68	927.81
39. Strandarkirkja	153458.02	5054.32	1191.30	6090.66	163411.70
40. Gaulverjarbæjark.	151.11	»	»	6.04	157.15
41. Haukadalskirkja	129.76	»	»	5.19	134.95
42. Hraungerðiskirkja ...	1084.63	»	1074.52	13.25	23.36
43. Stokkseyrarkirkja ...	2572.68	»	»	102.90	2675.58
44. Ólafsvallakirkja	244.35	»	»	9.77	254.12
45. Miðdalskirkja	7.78	»	»	0.31	8.09
46. Eyrarbakkakirkja ...	95.39	»	»	3.81	99,20
47. Kotstrandarkirkja ...	35.70	»	»	1.42	37.12
Kjalarnessprófastsdæmi:					
48. Grindavíkurkirkja ...	393.61	450.00	»	24.74	868.35
49. Brautarholtskirkja ..	200.72	»	»	8.03	208.75
50. Reynivallakirkja	2450.65	»	»	98.02	2548.67
51. Lágafellskirkja	24.17	»	»	0.97	25.14
52. Njarðvíkurkirkja	46.74	»	»	1.83	48.57
53. Útskálakirkja	7.00	»	»	0.28	7.28
Borgarfj.prófastsdæmi:					
54. Saurbæjarkirkja	1717.94	»	»	68.71	1786.65
55. Hallgrímskirkja	21148.55	30.00	»	845.92	22024.47
56. Reykholtskirkja	3273.91	»	»	130.95	3404.86
57. Lundarkirkja	9.75	»	»	0.39	10.14
58. Bæjarkirkja	302.29	»	»	12.09	314.38
Mýraprófastsdæmi:					
59. Stafholtskirkja	10443.25	200.00	800.00	413.36	10256.61
60. Síðumúlakirkja	57.40	»	»	2.29	59.69
Flyt	271757.22	6742.32	3884.87	10786.17	285400.84

Kirkjur:	Eign í árslok 1937. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1938. Kr. au.
Flutt	271757.22	6742.32	3884.87	10786.17	285400.84
61. Hvammskirkja í Nd. .	2485.99	»	146.40	95.54	2435.13
62. Borgarkirkja	2091.18	»	»	83.64	2174.82
Snæfellsnessprófastsdæmi:					
63. Breiðabólstaðark.	1608.63	»	»	64.34	1672.97
64. Miklaholtskirkja	4.97	»	4.97	»	»
65. Narfeyrarkirkja	673.22	»	»	26.92	700.14
66. Ytra-Rauðamelsk. ...	1124.06	»	»	44.96	1169.02
67. Kolbeinsstaðakirkja .	4.84	»	»	»	4.84
Dalaprófastsdæmi:					
68. Stóra-Vatnshornsk. ..	19.40	»	»	0.77	20.17
69. Snóksdalskirkja	3745.90	»	»	139.83	3885.73
70. Hvammskirkja	28.05	»	»	1.12	29.17
Barðastrandarpróf.dæmi:					
71. Selárdalskirkja	59.69	»	»	2.38	62.07
72. Sauðlauksdalskirkja .	3610.00	»	»	144.40	3754.40
73. Staðark. á R.nesi ...	200.00	42.00	»	8.69	250.69
74. Flateyjarkirkja	29.25	»	»	1.17	30.42
75. Gufudalskirkja	601.10	55.00	»	24.78	680.88
76. Brjámslækjark.	15.44	»	»	0.61	16.05
V.-Ísafjarðarprófastsdæmi:					
77. Holtskirkja	618.81	»	»	24.75	643.56
78. Mýrakirkja	1597.96	»	602.00	51.87	1047.83
79. Sæbólskirkja	2.35	»	»	»	2.35
80. Staðark. í Súg.f.	86.50	»	»	3.46	89.96
81. Hraunskirkja	1866.25	»	»	74.65	1940.90
82. Núpskirkja	6005.57	»	6213.85	208.28	»
Strandaprófastsdæmi:					
83. Staðark. í Stgrf.	4243.85	»	»	169.75	4413.60
84. Prestsbakkak.	2123.27	»	»	84.93	2208.20
85. Staðark. í Hrf.	1441.79	»	»	57.67	1499.46
86. Árnesskirkja	4732.04	»	»	189.28	4921.32
87. Óspakseyrark.	3177.06	»	»	127.08	3304.14
Húnavatnsprófastsdæmi:					
88. Staðarbakkakirkja ...	58.00	»	»	2.32	60.32
89. Melstaðarkirkja	4382.61	»	»	175.30	4557.91
Flyt	318395.00	6839.32	10852.09	12594.66	326976.89

Kirkjur:	Eign í árslok 1937. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1938. Kr. au.
Flutt	318395.00	6839.32	10852.09	12594.66	326976.89
90. Hofskirkja á Skstr. .	1383.29	»	»	55.33	1438.62
91. Bergstaðakirkja	3.50	»	»	»	3.50
92. Höskuldsstaðak. ...	1955.34	»	»	78.21	2033.55
93. Efranúpskirkja	23.40	»	»	0.93	24.33
94. Spákonufellskirkja .	1.65	»	»	»	1.65
95. Blönduósskirkja	201.20	»	»	8.04	209.24
96. Tjarnarkirkja á Vn.	31.36	»	»	1.28	32.64
97. Auðkúlukirkja	1017.56	100.00	»	40.70	1158.26
Skagafjarðarprófastsdæmi:					
98. Sauðárkrókskirkja .	2819.75	»	»	112.79	2932.54
99. Rípurkirkja	9.95	»	»	0.39	10,34
100. Glaumbæjarkirkja ..	12.89	»	»	0.51	13.40
101. Mælifellskirkja	14.19	»	»	0.56	14.75
102. Barðskirkja	3613.22	126.00	»	147.46	3886.68
103. Fellskirkja í Slh. ..	353.44	»	366.38	12.94	»
104. Hólakirkja	83.51	»	»	3.34	86.85
105. Goðdalakirkja	963.55	»	»	38.55	1002.10
106. Miklabæjarkirkja ..	1498.16	»	»	59.92	1558.08
107. Flugumýrarkirkja ..	23.85	»	»	0.95	24.80
108. Ketukirkja	912.63	»	»	36.50	949.13
109. Viðvíkurkirkja	1202.12	»	366.25	40.16	876.03
110. Hvammskirkja í L. ..	471.44	»	»	18.85	490.29
111. Knappsstaðakirkja ..	309.10	100.00	»	14.69	423.79
Eyjafjarðarprófastsdæmi:					
112. Grímseyjarkirkja ...	27.05	»	»	1.08	28.13
113. Glæsibæjarkirkja ..	178.40	»	»	7.13	185.53
114. Kaupangskirkja	8.59	»	»	0.34	8.93
115. Saurbæjarkirkja	6221.63	»	»	248.86	6470.49
116. Munkaþverárkirkja .	12301.17	»	»	492.04	12793.21
117. Lögmannshlíðark. ..	152.54	»	»	6.10	158.64
118. Akureyrarkirkja	19569.04	»	20134.40	565.36	»
119. Bægisárkirkja	150.78	»	»	6.02	156.80
120. Vallakirkja	39.43	»	»	1.57	41.00
121. Tjarnarkirkja	3.50	»	»	»	3.50
122. Stærra-Árskógsk. ...	0.63	»	»	»	0.63
S.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
123. Laufáskirkja	818.44	»	»	32.75	851.19
124. Hálskirkja	938.91	»	»	37.55	976.46
Flyt	375710.21	7165.32	31719.12	14665.56	365821.97

21

Kirkjur:	Eign í árslok 1937. Kr. au.	Lagt inn. Kr. au.	Tekið út. Kr. au.	Vextir á árinu. Kr. au.	Eign í árslok 1938. Kr. au.
Flutt	375710.21	7165.32	31719.12	14665.56	365821.97
125. Þóroddsstaðakirkja .	241.76	»	»	9.67	251.43
126. Skútustaðakirkja ...	62.86	»	»	2.51	65.37
127. Brettingsstaðak.	218.98	150.00	»	8.76	377.74
128. Illugastaðakirkja ...	13.22	»	»	0.53	13.75
129. Grenjaðarstaðark. ..	4245.58	»	»	169.82	4415.40
130. Grenivíkurkirkja ...	1654.11	»	»	66.16	1720.27
131. Draflastaðakirkja ..	3.58	»	3.58	»	»
132. Þönglabakkakirkja .	2695.09	»	»	107.80	2802.89
133. Neskirkja í Aðaldal .	188.55	»	»	7.54	196.09
N.-Þingeyjarprófastsdæmi:					
134. Skinnastaðakirkja ..	3077.38	»	»	123.09	3200.47
135. Presthólakirkja	91.19	»	»	3.64	94.83
136. Ásmundarstaðak. ...	1.19	»	»	»	1.19
137. Svalbarðskirkja	5417.97	»	»	216.71	5634.68
138. Víðirhólskirkja	1.38	»	»	»	1.38
139. Sauðaneskirkja	120.21	»	»	4.80	125.01
Samtals	393743.26	7315.32	31722.70	15386.59	384722.47

ATHS.

Sé vaxtaafgangsupphæðinni kr. 21630.13 bætt við ofangreinda upphæð kr. 384722.47, verður eign sjóðsins í árslok, eins og segir í aðalreikningnum, kr. 406351.60.

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík { 31. desember 1938. / 5. janúar 1939.

Jón Helgason.

22

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun			kr. 80755.68
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1923.75		
b. — veðskuldarbréfi	— 120.00		
c. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 1849.79		
d. — sparisjóðsinnstæðu	— 18.94		
		—	4052.20
3. Gjafir til sjóðsins		—	182.00
4. Arður af bréfakaupum		—	1060.00
5. Til jafnaðar við gjaldlið 2		—	3200.00
6. Til jafnaðar við gjaldlið 3		—	1940.00
		Kr.	91189.88

Gjöld:

1. Styrkur veittur á árinu		kr.	1600.00
2. Keypt veðdeildarbréf (nafnverð 4000 kr.)		—	3200.00
3. Keypt 5½% ríkisskuldabréf (nafnverð 2000 kr.)		—	1940.00
4. Keyptir bréfavextir		—	43.89
5. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 43800.00		
b. Eign í söfnunarsjóði	— 36923.75		
c. — í sparisjóði	— 1682.24		
d. Ríkisskuldabréf	— 2000.00		
		—	84405.99
		Kr.	91189.88

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.

Jón Helgason.

23

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Kollektusjóðs Jóns Eiríkssonar árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 25100.00		
b. Í sparisjóði	— 3003.42		
c. Hjá reikningshaldara	— 24.19		
		kr.	28127.61
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1216.50		
b. — innstæðu í sparisjóði	— 145.41		
c. — keyptum ríkisskuldabréfum	— 29.41		
		—	1391.32
	Flyt	kr.	29518.93

	Flutt	kr.	29518.93
3. Arður af bréfaskiptum		—	300.00
4. Arður af bréfakaupum		—	90.00
5. Til jafnaðar við gjaldlið 2		—	2910.00
		Kr.	32818.93

Gjöld:

1. Styrkur veittur (séra Þorvarður Þormar)		kr.	400.00
2. Keypt 5½% ríkisskuldabréf (nafnv. 3000)		—	2110.00
3. Eign í árslok 1938:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 25000.00		
b. Í 5½% ríkisskuldabréfum	— 3000.00		
c. Í sparisjóði Landsbankans	— 1507.93		
d. Hjá gjaldkera	— 1.00		
		—	29508.93
		Kr.	32818.93

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.

Jón Helgason.

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Guttormslegats árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 5900.00		
b. Í söfnunarsjóði	— 11208.64		
c. Í sparisjóði	— 558.93		
d. Hjá gjaldkera	— 118.83		
		kr.	17808.90
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 285.50		
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	— 582.81		
c. — sparisjóðsinnstæðu	— 30.68		
		—	898.99
		Kr.	18707.89

Gjöld:

Eign í árslok 1938:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 5900.00		
b. Í söfnunarsjóði	— 11791.45		
c. Í sparisjóði Landsbankans	— 993.94		
d. Hjá reikningshaldara	— 22.50		
		kr.	18707.89
		Kr.	18707.89

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.

Jón Helgason.

25

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Vallholtslegats árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í árslok:				
a. Veðdeildarbréf	kr.	2300.00		
b. Í söfnunarsjóði	—	4231.93		
c. Í sparisjóði	—	1041.05		
d. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00	kr.	14645.98
2. Vextir á árinu:				
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	114.25		
b. — söfnunarsjóðsinnstæðu	—	220.01		
c. — sparisjóðsinnstæðu	—	41.02		
d. — ríkisskuldabréfi	—	9.47		
e. Eftirgjald Ytra-Vallholts	—	275.00	—	659.75
3. Arður af bréfakaupum			—	30.00
4. Til jafnaðar við gjaldlið			—	970.00
			Kr.	16305.73

Gjöld:

1. Úthlutað ekkjum			kr.	275.00
2. Keypt 5½% ríkisskuldabréf (nafnverð 1000)			—	970.00
3. Eign í árslok:				
a. Veðdeildarbréf	kr.	2200.00		
b. Í söfnunarsjóði	—	4451.94		
c. Í sparisjóði	—	308.79		
d. Ríkisskuldabréf	—	1000.00		
e. Eignin Ytra-Vallholt	—	7100.00	—	15060.78
			Kr.	16305.73

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.

Jón Helgason.

26

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffslegats árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:				
a. Veðdeildarbréf	kr.	4000.00		
b. Í sparisjóði	—	980.75	kr.	4980.75
2. Vextir á árinu:				
a. Af veðdeildarbréfum	kr.	205.00		
b. — innstæðu í sparisjóði	—	38.70		
c. — ríkisskuldabréfi	—	9.47	—	253.17
			Flyt kr.	5233.92

	Flutt	kr.	5233.92 **26**
3. Arður af bréfakaupum		—	30.00
4. Til jafnaðar við gjaldlið 1		—	970.00
		Kr.	6233.92

Gjöld:

1. Keypt 5½% ríkisskuldabréf (nafnverð 1000)		kr.	970.00
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 4000.00		
b. Í sparisjóði	— 263.92		
c. 5½% ríkisskuldabréf	— 1000.00		
		—	5263.92
		Kr.	6233.92

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 27

yfir tekjur og gjöld Árgjaldasjóðs árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 1800.00		
b. — innstæðu í sparisjóði	— 706.26	kr.	2506.26
2. Vextir á árinu:			
a. Af veðdeildarbréfum	kr. 85.00		
b. — innstæðu í sparisjóði	— 28.83	—	113.83
		Kr.	2620.09

Gjöld:

1. Úthlutað á synódus		kr.	90.00
2. Eign í árslok:			
a. Veðdeildarbréf	kr. 1800.00		
b. Í sparisjóði	— 730.09	—	2530.09
		Kr.	2620.09

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.

Jón Helgason.

REIKNINGUR 28

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Flekkudalshjóna árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:			
Í söfnunarsjóði	kr. 31423.77		
2. Vextir af innstæðunni	— 1633.99	kr.	33057.76
		Kr.	33057.76

28

Gjöld:

Eign í árslok:
Innstæða í söfnunarsjóði ..... kr. 33057.76
Kr. 33057.76

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.
Jón Helgason.

29

REIKNINGUR
yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Sigríðar Melsteð árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:
   a. Veðdeildarbréf ..... kr. 2000.00
   b. Í sparisjóði ..... — 1044.26 kr. 3044.26
2. Vextir á árinu:
   a. Af veðdeildarbréfum ..... kr. 100.00
   b. — innstæðu í sparisjóði ..... — 38.20
   c. — ríkisskuldabréfi ..... — 9.47 — 147.67
3. Arður af bréfakaupum ..... — 30.00
4. Til jafnaðar við gjaldlið 1 ..... — 970.00
Kr. 4191.93

Gjöld:

1. Keypt 5½% ríkisskuldabréf (nafnverð 1000 kr.) ..... kr. 970.00
2. Eign í árslok:
   a. Veðdeildarbréf ..... kr. 2000.00
   b. Ríkisskuldabréf ..... — 1000.00
   c. Í sparisjóði ..... — 221.93 — 3221.93
Kr. 4191.93

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.
Jón Helgason.

30

REIKNINGUR
yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs Thóru Melsteð árið 1938.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun:
   Í söfnunarsjóði ..... kr. 1133.04
2. Vextir af því ..... — 58.91 kr. 1191.95
Kr. 1191.95

Gjöld:

Eign í árslok:
Í söfnunarsjóði ..... kr. 1191.95
Kr. 1191.95

Biskupinn yfir Íslandi, Reykjavík 31. des. 1938.
Jón Helgason.

REIKNINGUR 31

hafnsögusjóðs Reykjavíkur árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf	kr.	24700.00	
b. Útistandandi vextir	—	225.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	2398.57	kr. 27323.57
2. Tekjur á árinu:			
a. Hafnsögusjóðsgjald	kr.	213.00	
b. Vextir	—	1506.09	— 1719.09
			Kr. 29042.66

Gjöld:

1. Eftirlaun:			
a. Halldóru Jónsdóttur	kr.	200.00	
b. Péturs Þórðarsonar	—	600.00	kr. 800.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr.	27300.00	
b. Útistandandi vextir	—	450.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	492.66	— 28242.66
			Kr. 29042.66

Hafnarstjórinn í Reykjavík, 5. janúar 1939.

Þór. Kristjánsson.

SNORRASJÓÐUR 1930 32

Ársreikningur 1938.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkvæmt birtum reikningi	kr.	137876.86
Aukning á árinu samkvæmt neðangreindum reikningi	—	1961.08
	Kr.	139837.94
Eignum sjóðsins er varið þannig:		
Jarðræktarbréf	kr.	137800.00
Innstæða í Búnaðarbanka Íslands	—	2037.94
	Kr.	139837.94

Tekjur:

Vextir af jarðræktarbréfum	kr.	7480.00
Vextir af sparisjóðsinnstæðu	—	81.08
	Kr.	7561.08

32 Gjöld:

Styrkur til náms í Noregi:

Ungfrú Hólmfríður Jónsdóttir, stúdent, frá Hofteigi í Hörgárdal, til náms í sögu og tungumálum í háskólanum í Osló, framhaldsst.	kr.	600.00
Sigurður Egill Ingimundarson, stúdent, úr Reykjavík, til náms í efnafræði í verkfræðingaháskólanum í Þrándheimi, framhaldsst.	—	800.00
Gunnar H. Ólafsson, stúdent, frá Ísafirði, til náms í byggingarlist í háskólanum í Þrándheimi, framhaldsstyrkur	—	800.00
Baldur Bjarnason, stúdent, úr Reykjavík, til sögu- og landafræðináms í háskólanum í Osló, framhaldsstyrkur	—	500.00
Bjarni Fanndal, búfræðingur, frá Stokkahlöðum í Eyjafirði, til búnaðarnáms í Statens Smaabrukslærerskole, framhaldsstyrkur	—	450.00
Jóhann Jónasson, stúdent, frá Öxney, til landbúnaðarnáms í Noregi, framhaldsstyrkur	—	600.00
Edwald B. Malmquist, frá Stuðlum í Reyðarfirði, til landbúnaðarnáms í Noregi, framhaldsstyrkur	—	450.00
Ungfrú Júlíana Guðjónsdóttir, frá Hólmavík, til vefnaðarnáms í Noregi	—	300.00
Ungfrú Svanborg Sæmundsdóttir, frá Aratungu í Steingrímsfirði, til vefnaðarnáms í Noregi	—	300.00
Rögnvaldur Þorláksson, stúdent, til náms í byggingarfræði í háskólanum í Þrándheimi	—	800.00
	Kr.	5600.00
Lagt við höfuðstól	—	1961.08
	Kr.	7561.08

Reykjavík, 6. jan. 1939.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Hilmar Stefánsson. **Þ. Sveinsson.**

33 STYRKTARSJÓÐUR TIL SVÍÞJÓÐARFERÐA

Ársreikningur 1938.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr.	6147.88
Aukning á árinu, samkvæmt neðangreindum reikningi	—	63.58
	Kr.	6211.46

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr.	243.58

Gjöld:

Styrkur til Áskels Löve, til náms í erfðafræði við háskólann í Lundi	kr.	180.00
Lagt við höfuðstól	—	63.58
	Kr.	243.58

Forsætisráðherrann, 21. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

KANADASJÓÐUR 34

til styrktar íslenzkum námsmönnum.

Ársreikningur 1938.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári	kr.	119127.66
Aukning á árinu, samkvæmt neðangreindum reikningi	—	2584.53
	Kr.	121712.19

Eignum sjóðsins er varið þannig:

1. Bankavaxtabréf	kr.	30800.00
2. Jarðræktarbréf	—	7600.00
3. Veðskuldabréf	—	57000.00
4. Kreppulánasjóðsbréf	—	8000.00
5. Innstæða í ávísanasparisjóðsbók við Landsbankann, nr. 2213	—	18312.19
	Kr.	121712.19

Tekjur:

1. Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	1540.00
2. — — jarðræktarbréfum	—	418.00
3. — — veðskuldabréfum	—	3520.50
4. — — kreppulánasjóðsbréfum	—	649.00
5. — — bankainnstæðu	—	442.53
	Kr.	6570.03

Gjöld:

1. Námsstyrkur til Guðmundar Jakobs Sigurðssonar frá Veðramóti í Skagafirði til þess að stunda nám við háskóla í Kanada	kr.	3662.00
2. Ofhafnir vaxtamiðar	—	76.50
3. Greiddir áfallnir en óhafnir vextir af keyptum veðskuldabréfum	—	247.00
	Kr.	3985.50
Lagt við höfuðstól	—	2584.53
	Kr.	6570.03

Forsætisráðherrann, 21. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

REIKNINGUR 35

Minnisvarðasjóðs Hannesar Hafstein fyrir árið 1938.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr.	380.45

Tekjur:

Vextir 1938 af bankainnstæðu	kr.	15.20
Eign í árslok 1938	kr.	395.65

Forsætisráðherrann, 21. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

36

REIKNINGUR

árið 1938 fyrir berklavarnasjóðs Ólafs Halldórssonar, konferensráðs, stofnaður samkvæmt erfðaskrá árið 1931.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi:		
1. Innstæða í sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands	kr.	1297.79
2. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	—	200.00
3. Aukning á árinu, samkvæmt neðangreindum reikningi	—	59.87
	Kr.	1557.66

Tekjur:

Vextir af sparisjóðsinnstæðu	kr.	51.87
Arður af hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands	—	8.00
	Kr.	59.87

Höfuðstóll í árslok 1938:

1. Bankainnstæða	kr.	1357.66
2. Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands	—	200.00
	Kr.	1557.66

Forsætisráðherrann, 21. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

37

REIKNINGUR

árið 1938 fyrir markaðs- og verðjöfnunarsjóð, stofnaður samkvæmt lögum nr. 75 29. des. 1934.

Tekjur:

1. Eign samkvæmt birtum reikningi	kr.	3665.19
2. Vextir af bankainnstæðum á árinu 1938	—	146.82
	Kr.	3812.01

Gjöld:

Eign í árslok 1938	kr.	3812.01

F. h. stjórnar markaðs- og verðjöfnunarsjóðs.

Reykjavík, 21. febrúar 1939.

Stefán Þorvarðsson.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 1. febrúar 1939, nr. 6.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 4. marz 1939, nr. 7.

Samningur milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um póstbögglaviðskipti, undirskrifaður af atvinnu- og samgöngumálaráðherra 4. marz 1939, nr. 8.

Reglugerð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 12. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 122 27. des. 1935, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands, til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 4. apríl 1939, nr. 9.

Lög um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af konungi 4. apríl 1939, nr. 10.

Auglýsing um breyting um stundarsakir á allrahæstum úrskurði 29. desember 1934, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra 18. apríl 1939, nr. 11.

Konungsbréf um frestun á fundum Alþingis, undirskrifað af konungi 22. apríl 1939, nr. 12.

Lög um breyting á lögum um verðlag á vörum nr. 70 31. desember 1937, undirskrifuð af konungi 29. apríl 1939, nr. 13.

Lög um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, undirskrifuð af konungi 15. maí 1939, nr. 14.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 3 9. janúar 1935, um verkamannabústaði, undirskrifuð af konungi 27. maí 1939, nr. 15.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Dalasýslu, um flutning þingstaðar. 38 2. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 17. f. m., og eftir beiðni hreppsnefndarinnar í Laxárdalshreppi í Dalasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Laxárdalshreppps verði fluttur frá Búðardal í ungmennafélagshúsið Sólvangur, er stendur í landi jarðarinnar Fjós, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um flutning þingstaðar. 39 12. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 18. nóvember s.l., og samþykkt sýslufundar Árnessýslu, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að þingstaður Gnúpverjahrepps verði fluttur frá Stóra-Núpi í samkomuhús

15. dag júnímánaðar 1939. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

39 12. maí og skólahús sveitarinnar að Ásum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið, til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

40 6. júní **Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi.**

Með bréfi dags. 19. maí þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Ísafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Hjarðardal ytri í Mosvallahreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Að utan: Lína 80 m frá sjó og upp fyrir Gunnarsbúð.
2. Að ofan: Lína 380 m frá útlínu ofan til við Gunnarsbúð inn í Hjarðardalsá, þaðan ræður áin 240 m inn eftir.
3. Að innan: Lína 90 m frá innri takmörkum línunnar að ofan beint í sjó.
4. Að neðan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

41 4/8 1938 **REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 92 frá 1936, um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu o. fl.

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr á öðrum tíma en þeim, er grenjaleitatími nefnist, og fær þá skotmaður greitt úr sýslusjóði 2 krónur fyrir hvert dýr, sem hann sannar fyrir sýslunefnd að hann hafi skotið á tímabilinu frá 1. nóv. til 15. apríl og 10 kr. fyrir hvert dýr, er hann hefir skotið á öðrum tímum árs utan grenjaleitatíma.

Grenjaleitatíminn telst frá því 3 vikur eru af sumri til loka 10. viku.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 11. ágúst 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. ágúst 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

42
7. marz

fyrir Hofsóskauptún.

1. gr.

Höfnin takmarkast að vestan af línu dreginni í hásuður 500 metra vestan við Naustaklett og að norðan og sunnan af tveim línum hornrétt á þá línu að norðan um Naustaklett og að sunnan úr innra Grafaróshorni.

2. gr.

Hreppsnefnd Hofshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirstjórn atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmálefna og eftirlit með höfninni og sér um viðhald og umbætur á hvorutveggja, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndarinnar.

Hafnarnefnd er skipuð þrem mönnum, og eru þeir kosnir af hreppsnefnd Hofshrepps til þriggja ára í senn, og gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

Einn nefndarmanna skal einnig eiga sæti í hreppsnefnd Hofshrepps, og tveir nefndarmanna skulu ávallt vera búsettir í kauptúninu eða nágrenni.

3. gr.

Hafnarnefnd skal ráða hafnarvörð, er hefir þau störf undir umsjón hafnarnefndar, sem talin eru í þessari reglugerð, og annað, sem hafnarnefnd kann að fela honum vegna hafnarinnar. Skal hafnarnefnd gefa hafnarverði erindisbréf, er greinir sem skýrast störf hans og skyldur.

Hafnarvörður skal í forföllum sínum setja annan mann í sinn stað, sem hafnarnefnd samþykkir, og skal sá maður hafa sama vald og hafnarvörður.

4. gr.

Hafnarvörður sér um, að gætt sé almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boðum hans og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það til hafnarnefndar, en skipun starfsmannsins ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

5. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar eða bryggjum, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða önnur störf, sem þar fara fram.

6. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru stranglega bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað. Þó getur hafnarnefnd veitt undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á, og í einstökum tilfellum, svo sem til að skjóta hvali eða seli.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld nema í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði,

42 sem unnið er að fermingu eða affermingu þeirra. Álíti hafnarvörður, að hætta geti
7. marz stafað af fermingu og affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar í hvert sinn.

8. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarvarðar, og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi hafnarvarðar og landeiganda. Við höfnina má ekki gera nein hafnarmannvirki né breyta eða auka við þau hafnarmannvirki er nú eru, og ekki heldur fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar, og gildir leyfið aðeins til eins árs sé það látið ónotað.

Bannað er að kasta fiskúrgangi eða öðrum óþrifnaði í sjóinn frá skipum eða bátum, er liggja við hafnarbryggjur eða á höfninni.

9. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki eða afferma, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu í hvert sinn skyld að hlýða boði hafnarvarðar um það, hvar þau skuli leggjast.

Ekki má leggja bátum eða skipum svo nærri bryggjum, að eigi sé að dómi hafnarvarðar nægilega gott pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá, né heldur að leggja netum eða duflum svo nærri bryggjum eða á höfninni, að aðgangur verði skipum ógreiður eða tálmi ferð uppskipunarbáta milli skipa og bryggju. Skip mega aldrei leggja út frá sér strengi eða önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

10. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður báts eða skips að hlýða skipun hafnarvarðar eða flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

11. gr.

Eigi má festa skip við uppfyllingu eða bryggju nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni og uppfyllingunni. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast þess, að úr því sé bætt tafarlaust.

12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, getur hafnarnefnd látið færa skipið burt á kostnað eigandans, og er heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðarins.

13. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, sem sigla eftir fyrirfram auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, svo og afgreiðslubátar slíkra skipa, hafa rétt til að leggjast að bryggju, þó önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja, meðan hin eru afgreidd. Samskonar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjum, álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Ef ágreiningur rís, ræður hafnarvörður, í hvaða röð skip komast að bryggju.

14. gr. 42

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða uppfyllingu, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert á þeirra kostnað. 7. marz

15. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða uppfyllingu og eigi annarstaðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess. Sé því ekki sinnt, getur hafnarvörður látið flytja vöruna burtu og tekið gjald fyrir flutning og geymslu.

Hafnarnefnd ber ekki ábyrgð á skemmdum eða tapi á vörum, sem liggja í greinaleysi á bryggju eða bryggjulóð.

16. gr.

Gjaldskrá.

1. Lestargjöld: Öll aðkomuskip og aðkomubátar, sem mæld eru til lestatals, skulu greiða í lestargjald 5 aura af hverri nettó smálest í hvert sinn, er þau leggjast á Hofsóshöfn eða við bryggju, þó með þeim undantekningum, sem síðar segir. Gjaldið skal reikna af heilum tonnum, en minna en hálfu skal sleppt. Lægsta gjald fyrir skip skal þó vera 1 króna.
2. Bryggjugjöld: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiði í bryggjugjald 5 aura af netto smálest fyrir allt að sólarhring, þó ekki minna en kr. 2.00 fyrir skip og báta, sem mæld eru til lestatals, og ekki minna en kr. 1.00 fyrir smærri báta.
3. Vélbátar heimilisfastir í Hofsós, og aðrir bátar minni en 8 smálestir, sem leggja upp afla sinn þar, greiða árlega ¼% af verðmæti þeirra sjávarafurða, sem þeir afla og selja til útlanda eða umboðssala.
4. Stærri bátar, síldveiðaskip og togarar greiði 1% af heildarafla. Heimilt er hafnarnefnd að lækka gjald þetta með sérstökum samningi.
5. Vörugjald skal greiða af öllum vörum, sem fluttar eru af eða á skipsfjöl sem hér segir:
   a. Af timbri 4 aura teningsfetið.
   b. — öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir máli, 10 aura teningsfetið.
   c. — tómum uppsettum tunnum 5 aura stykkið.
   d. — saltfiski í pökkum 10 aura hver 100 kg.
   e. — hestum og nautgripum 1 króna stykkið.
   f. — sauðfé og geitum 20 aura stykkið.
   g. — kindarskrokkum 3 aura stykkið.
   h. — síldartunnum 10 aura stykkið.
   i. — kjöttunnum og lýsi 20 aura.
   j. — öllum öðrum út- og innfluttum vörum 2 krónur fyrir smálest.

   Þó skal lægsta gjald af að- og brottfluttum vörum, þegar um smærri sendingar er að ræða, aldrei vera minna en 12 aurar. Aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

   Fyrir vörur eða muni, sem hafnarvörður verður að taka til geymslu í húsum hafnarinnar, greiðast 5 aurar fyrir stykkið yfir sólarhringinn, eða eftir samningi, ef um lengri tíma er að ræða.
6. Ljósagjald: Öll skip, sem koma til hafnarinnar á tímabilinu frá 14. ágúst til 15. maí og lestagjöld greiða, skulu greiða kr. 2.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnarinnar, þó aldrei yfir 10 kr. á ári.

   Smærri skip og bátar undir 8 smálestum greiði hálft gjald.

42 7. marz

7. Vatnsgjald: Þeir, sem ekki hafa gerst sérstaka samninga um kaup á vatni frá vatnsleiðslu hafnarinnar, skulu greiða kr. 2.00 fyrir smálest, þó aldrei minna en kr. 5.00.

Herskip, varðskip og skemmtiskip eru undanþegin öllum gjöldum til hafnarinnar.

Póstflutningur, efni og tæki til hafnarinnar eru undanþegin gjöldum, þó hefir þetta ekki áhrif á lestagjald skipsins eða bryggjugjald.

Um einstaka liði þessarar gjaldskrár getur hafnarnefnd samið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, en til þess þarf samþykki hreppsnefndar.

17. gr.

Móttakandi greiði vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Hafnarnefnd á heimting á að fá afrit af farmskrám skipa. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir. Vörugjald af vörum, er koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem flytur vöruna, er komið á höfnina. Vörugjald af vörum, sem flytja á úr höfninni, fellur í gjalddaga um leið og varan er skráð á farmskrá skipsins. Getur hafnarnefnd krafizt tryggingar fyrir greiðslu á vörugjaldinu áður en varan er flutt á skipsfjöl. Ákveðin ársgjöld til hafnar eða bryggju greiðast fyrir 1. október ár hvert.

Hafnarnefnd hefir haldsrétt á vörum og afla, þar til gjöldin eru að fullu greidd.

18. gr.

Hafnarvörður sér um innheimtu allra hafnargjalda og annara tekna hafnarinnar, og skulu gjöldin greidd á skrifstofu hans.

19. gr.

Formaður báts og skipstjóri skips bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda af skipi sínu.

20. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, mannvirki, geymsluhús og tæki, sem leigt er einstökum mönnum eða félögum um lengri tíma, skal greiða gjald sem ákveðið er með samningi.

21. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð.

22. gr.

Öll gjöld til hafnarsjóðs hafa lögtaksrétt, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á skipum og bátum fyrir gjöldunum. Skipstjóri eða formaður, sem fer úr höfn án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, hefir gerzt sekur um brot á reglugerð þessari.

23. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur eða önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu skaða þann, sem af skemmdunum hlýzt. Formaður hafnarnefndar er réttur sóknaraðili skaðabótamála.

24. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskyld skip.

25. gr. 42

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum 20 til 1000 krónum, nema þyngri refs- 7. marz
ing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

26. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Með þessari reglugerð er felld úr gildi reglugerð fyrir notkun bryggju í Hofsós frá 21. des. 1931.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós, til að öðlast gildi 1. apríl 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 43

um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum. 7. marz

Samkvæmt lögum nr. 70 frá 1937 hafa verið sett eftirfarandi ákvæði um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

1. gr.

Verðlagsnefnd hefir eftirlit með því, að ákvörðunum um hámarksverð eða hámarksálagningu sé fylgt. Ennfremur er ráðherra heimilt að fela lögreglustjórum eða tollgæzlumönnum eftirlitið eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

2. gr.

Skal eftirlitsmönnum heimilt að krefjast hverra þeirra upplýsinga, er þeir telja nauðsynlegar við framkvæmd eftirlits samkvæmt 1. gr. Þar á meðal skal þeim heimill aðgangur að vörubirgðum, bókum og skjölum varðandi verzlunina, enda séu eftirlitsmennirnir bundnir þagnarskyldu samkvæmt 7. gr. framangreindra laga.

3. gr.

Við eftirlit sitt skulu eftirlitsmenn færa athugasemdir sínar í sérstakar gerðabækur, og skal þeim heimilt að krefjast þess, að verzlunareigendur eða fulltrúar þeirra kvitti fyrir að bókun um innkaupsverð og útsöluverð sé rétt.

4. gr.

Allir þeir, sem selja vörur beint til neytenda og verðlagsákvæði hafa verið sett um, skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, merkja vörurnar með útsöluverði eða auglýsa útsöluverðið á svo áberandi hátt á sölustaðnum, að auðvelt sé fyrir viðskiptamennina að lesa það.

Á þetta undantekningarlaust við um þær vörur, sem settar eru til sýnis í búðargluggum, sýningarkössum eða á annan hátt.

Verðið má setja á vöruna sjálfa á viðfestan miða, eða á umbúðir vörunnar.

43 5. gr.
7. marz Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

44 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Eiríkssonar
7. marz kennara", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 7. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Eiríkssonar kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafs Eiríkssonar kennara" og er stofnaður af Austur-Eyfellingum (þ. e. íbúum Austur-Eyjafjallahrepps í Rangárvallasýslu) vorið 1938, til minningar um langt og farsælt kennarastarf hans þar í hreppnum.

2. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 300.00. — Geta honum, auk tilfallandi vaxta, hlotnazt tekjur af gjöfum og áheitum, er menn kynnu að vilja láta hann njóta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, samkvæmt ósk þess, sem hann er stofnaður til minningar um (en hann lætur nú af barnakennslu í hreppnum, eftir að hafa haft hana á hendi samfleytt síðan um aldamót), að með tímanum og samkvæmt 4. gr. megi verja af fé hans nokkurri upphæð til þess að kaupa og fullkomna kennsluáhöld við skóla hreppsins, eftir því sem fyrir hendi er og rétt og gagnlegt þykir.

4. gr.

Fé sjóðsins skal geymast og ávaxtast á tryggilegan hátt, í banka eða sparisjóði, og skulu fyrstu 10 árin allir vextir leggjast við stofnféð. Síðan má um 15 ára bil veita úr sjóðnum eða safna saman til þess hálfum vöxtunum, árlega eða með millibili, en hálfir vextirnir leggjast áfram við stofn. Eftir alls 25 ár má verja til útgreiðslu þrem fjórðu hlutum vaxtanna, allt í þeim tilgangi, sem 3. gr. ræðir um; einn fjórði hluti vaxta leggst þá æfinlega við sjóðinn, unz stjórn sjóðsins með samþykki sýslunefndar Rangárvallasýslu telur hann orðinn nóg vaxinn, og má þá nota alla vextina. — Ef ekki er veitt úr sjóðnum einhver ár, fleiri eða færri, eða ef ekki þykir þess þörf, leggjast vextir ávallt við höfuðstól.

5. gr. 44

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd, er annast úthlutun úr sjóðnum 7. marz
o. s. frv. samkv. framangreindu, en í henni skulu vera oddviti Austur-Eyjafjalla-
hrepps á hverjum tíma, formaður skólanefndar hreppsins og viðkomandi sóknar-
prestur.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins gera reikning hans árlega og senda sýslunefnd til endurskoðunar og samþykktar.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á þessari skipulagsskrá.

SAMÞYKKT 45

17. marz

um breyting á samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu frá 7. júní 1934.

Síðasti málsliður 14. gr. samþykktarinnar orðist þannig:
Að þeim tíma liðnum skal arðskráin haldast óbreytt, ef breytingar fást ekki samþykktar með ⅔ greiddra atkvæða allra félagsmanna.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

ARÐSKRÁ 46

17. marz

Fiskræktar- og veiðifélags Laxár í Borgarfjarðarsýslu.

Nöfn jarða, sem tilkall eiga til arðs:	Arður, hundraðshlutar:
Eyri	3,6 %
Hlíðarfótur	3,9 —
Hóll	2,5 —
Tunga	7,0 —
Steinsholt	1,9 —
Melkot	6,5 —
Leirá	9,0 —
Vogatunga	5,7 —
Beitistaðir	1,4 —
Lækur	3,0 —
Skipanes	6,0 —
Arkarlækur	2,0 —
Kjalardalur	6,0 —
Litli-Lambhagi	3,5 —

46 17. marz

Nöfn jarða, sem tilkall eiga til arðs:	Arður, hundraðshlutar:
Lambhagi	4,5 %
Stóri-Lambhagi	12,0 —
Vestra-Miðfell	9,0 —
Hurðarbak	2,5 —
Svarfhóll	7,5 —
Klaksjóður félagsins	2,5 —
Samtals	100,0 %

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Svarfdælahéraðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 18. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

47 18. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkraskýlissjóð Svarfdælahéraðs.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkraskýlissjóður Svarfdælahéraðs.

Tilgangur hans er að afla fjár til sjúkraskýlisbyggingar í Svarfdælahéraði.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af samskotum, er hófust 1913, og af vöxtum af því fé, er safnast hefir, en það var mestmegnis úr Svarfaðardalshreppi. Innstæða sjóðsins var í árslok 1937 kr. 6009.06, auk minningarsjóðs um Arndísi Sigvaldadóttur húsfreyju á Ytra-Kláfaskinni, er stofnaður var við jarðarför hennar 1918 af minningargjöfum um hana til styrktar sjúkraskýlisbyggingunni, en sá sjóður var í árslok 1937 kr. 268.39, og telst líka til sjúkraskýlissjóðsins. Allt fé beggja sjóðanna, til samans kr. 6277.45, var þá í Sparisjóði Svarfdæla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Héraðslæknir Svarfdælahéraðs, sem er formaður hennar, hreppstjóri Svarfaðardalshrepps og hreppsnefndaroddviti Svarfaðardalshrepps. Ef sami maður hefir fleiri en eitt af þessum störfum á hendi, svo að stjórnin verði þess vegna ekki fullskipuð, kýs hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps þriðja mann í stjórnina, og skal hann kosinn til jafnlangs tíma og hreppsnefnd sú, er kýs hann, nema þær ástæður, er gerðu kosningu hans nauðsynlega, breytist fyrr, því að þá víkur hann þegar úr stjórninni.

Enn skal varamaður kosinn til eins árs í senn á hreppsskilaþingi Svarfaðardalshrepps, til að taka sæti í stjórninni, ef autt verður um stundarsakir vegna andláts, brottflutnings eða annara forfalla.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi reikningshald sjóðsins og gerir ársreikning hans í lok hvers almanaksárs. Skulu reikningarnir jafnan fylgja sveitarreikningum Svarfaðardalshrepps til endurskoðunar og samþykktar, og sé nettóeignar sjóðsins jafnan getið í aðalfundargerð sýslunefndar.

Stjórnin hefir á hendi framkvæmdir allar fyrir sjóðinn, og æðsta vald um málefni hans innan þeirra takmarka, sem skipulagsskrá hans setur. Verði ágreiningur um hvort einhver ráðstöfun sé í samræmi við skipulagsskrána, sker heilbrigðismálaráðuneytið úr, að fengnu áliti landlæknis.

5. gr.

Fé sjóðsins skal — meðan það er ekki notað til byggingar sjúkraskýlis eða lánað til kaupa á læknisbústaðnum — ávaxtað í Landsbanka Íslands eða í Sparisjóði Svarfdæla; í sparisjóðnum þó því aðeins, að hann greiði ekki lægri vexti en hæstu innlánsvexti í Landsbankanum, og að stjórn sparisjóðsins telji fé hans jafnöruggt í sparisjóðnum og í Landsbankanum. Það fé sjóðsins, sem í Landsbankanum kann að vera, skal — eftir því sem við verður komið — lagt þar inn gegn 6 mánaða innlánsskírteinum, er framlengjast um jafnlangan tíma á hverjum gjalddaga, meðan þeim er ekki sagt upp, og öðru fé sjóðsins skal einnig ráðstafað svo, að það sé jafnan handbært ½ ári eftir uppsögn, nema skemur sé. Þó má lána til læknisbústaðarkaupa með lengri uppsagnarfresti, eða semja um árlegar afborganir, ef öll stjórn sjóðsins verður ásátt um það, en vextir af slíku láni skulu vera sem af innlánsskírteinum Landsbankans.

Allir vextir af sjóðnum, gjafir til hans, áheit og aðrar tekjur, sem verða kunna, leggjast við höfuðstól hans, unz bygging sjúkraskýlis er hafin og fé sjóðsins varið til hennar samkvæmt fyrirmælum 6. greinar.

6. gr.

Nú hefir verið lofað styrk til sjúkraskýlisbyggingar frá ríkinu gegn ákveðnu framlagi annarsstaðar frá; er þá stjórn sjóðsins heimilt og skylt að leggja fram fé úr sjóðnum, eftir því sem þarf og hann hrekkur til upp í hin tilskyldu framlög, þó svo, að höfuðstóll sjóðsins tæmist ekki til fulls, og því að eins:

1. að þau framlög verði svo mikil til samans, að nægi — ásamt ríkisstyrknum — til þess að reisa sjúkraskýlið og búa það nauðsynlegum húsmunum og áhöldum, og
2. að trygging sé fyrir því, að Svarfaðardalshreppur einn, eða í félagi við fleiri eða færri aðila, svo sem Eyjafjarðarsýslu, aðra hreppa héraðsins, sjúkrasamlög í héraðinu, eða annan þess háttar félagsskap — taki að sér rekstur þess.

7. gr.

Vöxtum af þeim afgangi sjóðsins, sem eftir verður, er sjúkraskýlið er komið upp, svo og þeim öðrum tekjum, er honum kunna að hlotnast, skal verja til aukningar höfuðstólnum, unz hann er orðinn a. m. k. 1000 kr., en úr því skal vöxtunum varið sumpart til aukningar höfuðstólsins, en sumpart annaðhvort til viðhalds sjúkraskýlinu eða til styrktar sjúklingum, er þar liggja, eða til hvorstveggja.

Skal um þetta ákveðið í nýrri skipulagsskrá, er stjórn sjóðsins skal þá semja og leita konungsstaðfestingar á, en þessi skipulagsskrá fellur þá úr gildi, með því að þeim tilgangi, sem sjóðnum er með henni settur, er þá náð.

Dalvík, 7. apríl 1938.

Í skipulagsskrárnefnd sjóðsins:

Sigurjón Jónsson. Björn Jónsson. Gísli Jónsson.
Þorsteinn Jónsson. Þór. Kr. Eldjárn.

48 24. marz **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og konu hans Guðlaugar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum 24. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og konu hans Guðlaugar Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með dánargjöf hjónanna Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og Guðlaugar Jónsdóttur á Bræðraborgarstíg 26 í Reykjavík og ber hann nafn þeirra og heitir: Minningarsjóður Guðjóns Björnssonar verzlunarmanns og konu hans Guðlaugar Jónsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn skal standa undir stjórn og umráðum stjórnar Landsspítalasjóðs Íslands. Nú leggst niður starf það, sem stjórn Landsspítalasjóðs Íslands hefir með höndum, og leysist stjórn hans þess vegna upp, og skulu þá stjórn og umráð þessa sjóðs hverfa til stjórnar Minningargjafasjóðs Landsspítala Íslands.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og sjá um að þær séu ávaxtaðar sem tryggilegast. Að svo miklu leyti sem eignir sjóðsins ekki eru í fasteignum, skulu þær ávaxtaðar í Söfnunarsjóði Íslands eða í veðdeildarbréfum Landsbankans, ríkisskuldabréfum, viðtökuskírteinum eða öðrum álíka tryggum og arðbærum verðbréfum.

4. gr.

Við höfuðstól sjóðsins, sem aldrei má skerða, skal jafnan leggja 1/10 — einn tíunda — hluta af árlegum arði af eignum sjóðsins. Hinum 9/10 — níu tíundu — hlutum ársarðsins skal varið til hjálpar efnalitlum sjúklingum, sem sjúkravist eiga á Landsspítala Íslands, til greiðslu sjúkrakostnaðar. Ættingjar gefendanna og fátækt verzlunarfólk í Reykjavík skal hafa forgangsrétt til styrks þessa. Komi það fyrir eitthvert ár, að ekki sé þörf á að úthluta öllu því fé, sem handbært er til úthlutunar, leggst afgangur þess við höfuðstól um næstu áramót.

5. gr.

Stjórn sjóðsins annast allar styrkveitingar úr honum. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal rita á eyðublöð, er sjóðstjórnin gefur úr, og skal henni fylgja dvalarvottorð sjúklingsins á spítalanum, frá yfirlækni þeirrar deildar, sem umsækjandi liggur á.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar hans skulu birtir árlega í Lögbirtingablaði.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 11. marz 1939.

F. h. Landsspítalasjóðs Íslands.

Ingibjörg H. Bjarnason, formaður sjóðstjórnar.

AUGLÝSING

49
25. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Mýrasýslu nr. 60 2. júní 1921.

1. gr.

Við 47. gr. bætist:
Gjald fyrir óskilafjárauglýsingu greiðist úr sýslusjóði.

2. gr.

Úr fyrstu málsgrein 48. gr. falli niður orðið: „auglýsingakostnaður".

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefir samið og samþykkt samkv. 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

50
25. marz

um breyting á fjallskilareglugerð fyrir Borgarfjarðarsýslu nr. 74 9. ágúst 1920.

Upphaf 42. greinar orðist svo:
Af andvirði óskilafjár greiðist sölulaun og fundarlaun. Að öðru leyti greiðist eiganda fjárverðið, ef hann innan næstkomandi septemberloka sannar eignarrétt sinn. Auglýsingakostnaður greiðist úr sýslusjóði.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 31. maí 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

51
27. marz

fyrir Fiskræktarfélagið Úlfljótur.

1. gr.

Nafn félagsins er Fiskræktarfélagið Úlfljótur. Heimili og varnarþing félagsins er Rafmagnsstöðin við Ljósafoss.

2. gr.

Félagssvæðið er fiskihverfi Úlfljótsvatns í Sogi, fyrir löndum jarðanna Úlfljótsvatns, Villingavatns (ítaks), Kaldárhöfða og Efri-Brúar. Eru eigendur þessara

51 jarða, ásamt eigendum að Kaldárhöfða-veiðirétti, allir þátttakendur í fiskræktar-
27. marz félaginu Úlfljóti. Leiguliðar á fyrrnefndum jörðum mega gerast félagar í stað landeiganda, ef leiguliði óskar þess og landeigandi samþykkir, en til þess þarf samþykki lögmæts félagsfundar.

3. gr.

Verkefni félagsins er að auka silungsmagn í Úlfljótsvatni. Einnig að athuga, hvort fært muni kostnaðar vegna að gera Sogsfossana laxgenga og hvort aðrir annmarkar yrði því samfara.

Félagið hefir í hyggju að koma upp klakhúsi og starfrækja það, og ef svo ber undir að selja utanfélagsmönnum seiði úr klakinu. Velur félagsstjórnin klakhúsinu stað í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við byggingu og rekstur klakhússins svo og arði, sem ekki er lagður í sjóði, skal jafna niður á eigendur þeirra jarða, sem í félaginu eru eða leiguliða, sem koma í þeirra stað, í eftirtöldum hlutföllum:

Úlfljótsvatn	40 %
Villingavatn	10 —
Kaldárhöfða-veiðiréttur	25 —
Kaldárhöfði	12½ %
Efri-Brú	12½ —

Telst þetta gjaldskrá félagsins.

Félagsstjórn er heimilt að taka lán til þess að greiða allt að 50% af stofnkostnaði við klakhúsið eða viðbót við það síðar; er ekki hægt að skylda neinn félagsmann til þess að ganga í ábyrgð fyrir slíku láni, heldur verður það að vera komið undir samþykki hlutaðeigandi félagsmanns.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig: formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi með hlutkesti eftir tvö ár, hið þriðja ár sá síðasti og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið þrjá ár í stjórn.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjá með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður mann til þess að gæta klaksins og til þess að veiða klaksilung og semur um þóknun og aðra skilmála viðvíkjandi því.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Stjórnin er ólaunuð.

Á félagsfundum ræður afl atkvæða úrslitum, nema um breytingar á samþyktum félagsins. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

6. gr.

Aðalfund heldur félagið í maímánuði ár hvert.

Aðalfundur er lögmætur:

a. Ef hann er boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnisins getið í fundarboðinu.
b. Að meiri hluti félagsstjórnarinnar sé á fundinum ef formaður er fjarverandi.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða

reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kýs stjórn og einn endurskoðanda félagsreikninganna. 51 27. marz

Til þess að breyta samþykktum félagsins þarf samþykki allra félagsmanna og til félagsslita ⅔ hluta atkvæðisbærra félagsmanna.

7. gr.

Hver félagsmaður ræður veiði fyrir landi jarðar sinnar og hefir sjálfur arð ar henni eins og verið hefir til þessa, samkvæmt gildandi landslögum.

8. gr.

Stjórn félagsins boðar aukafundi, þegar henni þykir ástæða til eða helmingur félagsmanna óskar þess og skal fundarefni tilgreint í fundarboði.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Kostnaði umfram tekjur skal jafnað niður á félagsmenn í því hlutfalli, sem sagt er í 3. gr.

Eigi má úthluta arði samkv. 3. gr. fyrr en eftir aðalfund. Aðalfundur getur samþykkt að halda eftir allt að 30% af tekjuafgangi, er færist í varasjóð félagsins.

11. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum frá 50—100 kr., sem renni í félagssjóð.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

52 27. marz

um breyting á samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda nr. 20 22. febrúar 1934.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist Mælifell í Skagafirði, Eyvindarstaðaheiði og Auðkúluheiði.

2. gr.

2. töluliður 7. gr. falli niður.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

53
27. marz

AUGLÝSING
um breyting á gjaldskrá fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda nr. 14 5. marz 1930.

1. Enni 90 einingar fyrir 140 einingar.
2. Blönduós, 200 einingar fyrir 85 einingar.
3. Hnjúkur, 180 einingar fyrir 140 einingar.

Við arðskrána bætist: Mælifelli 30 einingar, Eyvindarstaðaheiði 40 einingar og Auðkúluheiði 40 einingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

54
3. apríl

AUGLÝSING
um erlend vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið að menn með tékkoslovakisk vegabréf þurfi eftir 15. apríl 1939 að fá staðfestingaráritun (vísum) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

55
11. apríl

REGLUGERÐ
um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 2%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs, bryggjum og álíka mannvirkjum 1%.
3. Af byggingarlóðum byggðum og óbyggðum 1,5%.
4. Af íbúðarhúsum 0,75%.
5. Af túnum, matjurtagörðum, fiskreitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum 0,5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því sem umfram er skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 krónum greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða um önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiðir ábúandi eða leigjandinn skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari skal í fyrsta sinn vera 15. apríl 1939, en síðan skjal gjalddagi vera 2. janúar ár hvert, í fyrsta skipti 2. janúar 1940. Skattinn ber að greiða hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur tveim mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum, samkvæmt 30. gr. laga nr. 106 23. júní 1936.

7. gr.

Undanþegnir fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, aðrar en lóðir og lönd, sem seldar eru á leigu. Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana: skólahús, barnahæli, sjúkrahús, svo og aðrar eignir, sem undanþegnar eru samkv. 4. gr. laga nr. 69 1937.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. — Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til að öðlast gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. apríl 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

56
15. apríl

REGLUGERÐ
um þóknun til skoðunarmanna skipa og báta o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um þóknun fyrir skipa- og bátaskoðanir, framkvæmdar af hinum lögskipuðu skipaskoðunarmönnum.

1. gr.

Fyrir skoðun á skipi eða bát, ber útgerðarmanni að greiða skipaskoðunarmönnum gjald svo sem hér fer á eftir:

A. Fyrir skip sem ganga með vélaafli:

Minni en 12 rúmlestir								kr.	15.00
12—30	—	kr. 1.00	af	rúmlest	minnsta	gjald		—	20.00
30—50	—	— 0.90	—	—	—	—		—	30.00
50—100	—	— 0.85	—	—	—	—		—	45.00
100—200	—	— 0.80	—	—	—	—		—	85.00
200—500	—	— 0.70	—	—	—	—		—	160.00
500—1000	—	— 0.60	—	—	—	—		—	350.00
1000—2000	—	— 0.45	—	—	—	—		—	600.00
2000—4000	—	— 0.25	—	—	—	—		—	900.00
4000 og þar yfir		— 0.20	—	—	—	—		—	1000.00

B. Seglskip:

Minni en 50 rúmlestir								kr.	15.00
50—200	—	kr. 0.30	af	rúmlest	minnsta	gjald		—	15.00
200—700	—	— 0.20	—	—	—	—		—	60.00
700	—	— 0.15	—	—	—	—		—	140.00

C. Opnir bátar með vél:
Fyrir hvern bát kr. 8.00.

D. Opnir bátar:
Fyrir hvern bát kr. 4.00.

Fyrir skoðun á skrúföxli, þegar hún er ekki framkvæmd um leið og venjuleg aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél undir				50	hestöfl			kr.	10.00
— — —	frá			50—100	hestöfl			—	15.00
— — — —				100—200	—			—	20.00
— — — —				200—500	—			—	30.00
— — — —				500—1000	—			—	40.00
— — — —				1000	—	og þar yfir		—	60.00

Fyrir skoðun á eimkatli, þegar hún er ekki framkvæmd um leið og aðal- eða aukaskoðun fer fram, skal greiða:

Skip með vél undir				100	hestöfl			kr.	25.00
— — —	frá			100—200	hestöfl			—	30.00
— — — —				200—400	—			—	40.00
— — — —				400—800	—			—	50.00
— — — —				800—1200	—			—	60.00
— — — —				1200	—	og þar yfir		—	75.00

Nú er skoðunarmaður kvaddur til að skoða skip, en ekki er hægt að byrja á skoðuninni af ástæðum, sem eru skoðunarmanninum óviðkomandi, og greiði þá útgerðarmaður hálft skoðunargjald, ásamt ferðakostnaði, sé um hann að ræða. Þó greiði útgerðarmaður ekki ferðakostnað hafi skipaskoðunarmaður framkvæmt skoðun á öðrum skipum í sömu ferð. 56 15. apríl

Þurfi skoðunarmaður að fara fleiri en tvær ferðir til að skoða sama skip skal útgerðarmaður greiða honum kr. 5.00 fyrir hverja ferð fram yfir tvær, og ferðakostnað, sé um hann að ræða.

Fyrir flokkuð skip er gjaldið helmingi minna en tekið er fram í A og B, haldi skipið flokki er skoðun fer fram.

Fyrir fyrstu aðalskoðun á flokkuðu skipi, hvort heldur það er nýsmíðað eða gamalt, er gjaldið það sama og fyrir venjulega aðalskoðun á óflokkuðu skipi.

Fyrir nýsmíðað skip, og skip sem fengið hafa aðalviðgerð, er gjaldið 50% meira en um getur í A, B og C.

Sé skipið aðeins skoðað að nokkru leyti, greiðist gjaldið að tiltölu, og ákveður lögreglustjóri eða skipaskoðunarstjóri þá gjaldið eftir ástæðum.

Skoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgoldinn og ennfremur 6 krónur á dag í fæðispeninga, sé skoðunin gerð 8 kílómetra frá heimili þeirra. Ríkissjóður greiðir þennan kostnað.

Fyrir yfirskoðun skal greiða eftir reikningi, sem lögreglustjóri samþykkir.

Láti yfirvöldin gera sérstaka skoðun, sbr. 158. gr. tilskipunar nr. 43, 20. nóv. 1922, greiðir útgerðarstjóri kostnaðinn, ef skipaskoðunarmennirnir úrskurða, að skipið þurfi nauðsynlegra umbóta við, áður en það leggur úr höfn.

Að öðrum kosti greiðir ríkissjóður skoðunarkostnaðinn.

2. gr.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja greiðir útgerðarmaður skipsins skoðunarmönnum þessi gjöld:

Stærð skipsins:

Minni en 300	rúmlestir	.....	kr. 100.00
300—1000	—	.....	— 150.00
1000—2000	—	.....	— 220.00
2000—3000	—	.....	— 290.00
3000—4000	—	.....	— 360.00
4000	—	og þar yfir	— 440.00

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis greiðist 50 króna gjald. Sama gjald greiðist fyrir hleðslumerkjaskírteini sem gefið er út eftir hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi, eða viðurkenndu flokkunarfélagi, og skal gjald þetta renna í ríkissjóð.

Fyrir framlengingu gildistíma hleðslumerkjaskírteinis, eða fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er eða ónýtt, greiðist ekkert gjald.

Fyrir skoðun á skipi vegna framlengingar eða endurnýjunar á hleðslumerkjaskírteininu, greiðist skoðunarmanni kr. 30.00.

3. gr.

Fyrir endurskoðun á smíðauppdráttum skipa, samkvæmt 3. gr. reglna um smíði tréskipa frá 22. september 1936, skal greiða:

Fyrir smíðauppdrætti	af	skipum	undir	10 rúml.	.....	10 krónur
—	—	—	—	10—70 —	.....	30 —
—	—	—	—	70—200 —	.....	75 —

56 15. apríl

Fyrir eftirlit með smíði tréskipa, samkvæmt 4. gr. sömu reglugerðar, ber skipseiganda eða smíðameistara að greiða eftirlitsmanni:

Skip með þilfari undir 10 rúml.	.....	100	krónur
— — — 10—30 —	.....	150	—
— — — 30—70 —	.....	200	—
— — — 70—200 —	.....	250	—

Ferðakostnaður vegna smíðaeftirlitsins greiðist af ferðakostnaðarfé skipaskoðunarinnar.

4. gr.

Með þessari reglugerð er reglugerð frá 7. janúar 1930 um þóknun til skoðunarmanna skipa og báta o. fl. numin úr gildi.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

57 15. apríl

BYGGINGASAMÞYKKT

fyrir Húsavíkurkauptún.

I. KAFLI

Verksvið samþykktar og stjórn byggingamála.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Húsavíkurkauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþykktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafizt breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþykktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skipti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingamála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingaleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, enda sé það gert áður en mánuður er liðinn frá því, er byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingaleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingaleyfi og hefir umsjón þess, að byggingasamþykktinni sé fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr. 57

1. Í bygginganefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sé formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti. 15. apríl
2. Nefndin velur sér ritara og heldur sérstaka gerðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gerðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Enn fremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll bréf og bréfabók.
6. Bygginganefndarfundur er lögmætur, ef minnst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingafulltrúa og setja honum erindisbréf með ráði bygginganefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sé starfinu vaxinn. Í erindisbréfinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingamálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingaleyfi, skulu hafa lögtaksrétt og renna í sveitarsjóð, en byggingafulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingafulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingamála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingafulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingaleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingafulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir bygginganefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingafulltrúa að sækja fundi bygginganefndar, þótt eigi sé hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrétt á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurétt.
10. Bygginganefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Bygginganefnd leitar aðstoðar sérfræðinga í þeim málum, er hana varðar, en brestur sérþekkingu á.

5. gr.

Skipulag bygginga og annara mannvirkja í þorpinu fer fram eftir skipulagsuppdrætti, staðfestum 13. des. 1935.

II. KAFLI
Ákvæði um húsagerð.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minnsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur bygginganefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

57 15. apríl

Lóðagirðingar.

7. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að komið sé upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbyggð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem lög þessi ná til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er bygginganefnd samþykkir, innan þriggja ára frá þeim degi, er samþykkt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sé eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Bygginganefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sé með öðru sniði en fyrr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem byggð eru frá grundvelli, en súlum og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis bygginganefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemmra vera frá stétt eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur bygginganefnd leyft, með sérstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þétt og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis bygginganefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná allt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstétt er mjó, getur bygginganefnd leyft eitt þrep, allt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Bygginganefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi bygginganefndar, og mega 57
þau ekki ná lengra út í götu en fyrr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, 15. apríl
að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja framan við hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstétt en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstéttinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstétt, nema með leyfi bygginganefndar.

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin í skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstétt eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Séu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður bygginganefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef bygginganefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Bygginganefnd getur veitt leyti til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sé eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sé á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem byggð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við láréttan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyrr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

Bygginganefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem bezt þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

57 15. apríl

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meira en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbyggð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbyggð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sé fullnægt.

   Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er byggt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem byggð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur bygginganefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi láréttri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur bygginganefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbyggða lóðin skuli vera minni en fyrr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verzlunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbyggða lóð nema með leyfi bygginganefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Séu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyrr segir, nema þeir að öðru leyti séu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minnsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbyggð lóð.

17. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa sé jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja

lóðaskipting kann að hafa í för með sér. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum. 57 15. apríl

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef bygginganefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða ef skólpinu er veitt í lagarhelda þró.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef bygginganefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þétt og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambyggðum húsaröðum skulu öll hús byggð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Bygginganefnd getur bannað, að hús séu sambyggð með lágum millibyggingum.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg, og ekki grynnra en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun bygginganefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 meter af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sé grynnra á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur bygginganefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sé.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávallt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minnst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minnst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sé að þykkt 1—2

57 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þurr.
15. apríl Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem bygginganefnd samþykkir.

Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambyggð hús, þannig að byggt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að yzta lagi á þaki (bárujárn. hellum o. þ. h., sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður bygginganefnd þykkt þeirra í hvert skipti. Á þeim mega hvorki vera gluggar né önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metrar séu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður byggt upp að um langan tíma að dómi bygginganefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesa skuldbinding um, að hvorugur eigandi geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði á þann hátt er bygginganefnd tekur gilt.
11. Í sambyggðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fast upp að yztu húð þaksins (bárujárn, hellum, o. þ. h.), en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þéttara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, og má samanlögð þykkt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metrar.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10×10 sentimetrar ($4'' \times 4''$), þegar hafið er allt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hér er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

   Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera allt að 1,25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en allt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki séu þynnri en 2½ sentimetrar (1″) og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem bygginganefnd tekur gilt. Sé súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið. 57 15. apríl
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trébitar, trégólf og milligólf.

24. gr.

1. Trébitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sé að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

   Þar sem milligólf er, skulu trébitar ekki grennri vera en 0,16 metrar (6″) á hæð og 0,13 metrar (5″) á breidd, þegar bitahafið er allt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið fer fram úr 3,15 metrum.

   Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hér er ákveðið.

   Nota má bita með öðrum gildleik en hér er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir séu skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður bygginganefnd í hvert sinn.
2. Séu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minnsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3,2 sentimetra(1¼″).

   Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

   Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra (¾″), er fest sé annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda séu þeir þá að dómi bygginganefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykkt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara né veldur óheilnæmi eða fúa, og sé það þurrt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sé gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki bygginganefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur bygginganefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfellt, skal gólfið vera tvöfallt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem bygginganefnd tekur gilt.
4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

57 Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum
15. apríl liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi bygginganefndar eru aðallega notuð til verzlunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri séu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sé gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sé greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef bygginganefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sérstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Bygginganefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

   Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

   Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sérstöku stigahúsi.

   Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr tré eða þiljur á veggjum, nema með sérstöku leyfi bygginganefndar.
2. Allir tréstigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metrar, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3, c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metrar og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metrar; þó getur bygginganefnd leyft, að í minni húsum sé aðalstigi 0,75 metrar á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þéttum spölum, að ekki sé hætta á, að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykkt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

   Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 metrar í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

   Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur bygginganefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.
7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skrif í þeim sé 0,60—0,65 metrar. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárétt milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sé breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórra vera en 0,21 metrar nema með sérstöku leyfi bygginganefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0,17 metrar.
8. Ef sérstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur bygginganefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af.

9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá bygginganefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað. 57 15. apríl

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. Að allir veggir, loft og gólf séu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.
   Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr tré.
b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, séu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr tré.
c. Að stigagöng og göng að þeim séu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðir og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema bygginganefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi engin háski eða hindrun af.

Bygginganefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sé að minnsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0,50 × 0,50 metrar; bæði glugginn og karmurinn sé úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykkt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sé í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstétt eða götu. Sé holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema bygginganefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur bygginganefnd krafizt þess, að settar séu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykkt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trébitum.

57 15. apríl

2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sérstakar ástæður komi til greina og leyfi bygginganefndar sé fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykhafsins skulu að minnsta kosti vera 0,12 metrar á þykkt og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metrar á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minnsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

   Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metrar, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan né klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Bygginganefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðréttri línu, skal hann þá hvíla á múr eða tréskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sé ekki nær skorðunni en 0,23 metrar. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minnsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður bygginganefnd í hvert sinn hæðina, en sé þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtzt inn í reykháfinn. Reykháfur sé þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hér er talið.
8. Innanhúss má sérstæður reykháfur standa óstuddur á allt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minnst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að bygginganefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem bygginganefnd ákveður. Ef bygginganefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafizt þess, að reykháfurinn sé svo gerður, að unnt sé að hækka hann síðar.

   Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun bygginganefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur bygginganefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir séu þéttir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavélar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metrar sé á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavélum mega ekki koma nær tré en svo, að 0,21 metrar sé á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trévegg en 0,21 metrar, skal setja minnst 0,12 metra þykk-

an vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir tréveggginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sé skemmra en 0,21 metrar frá eldstæði að timbri. 57 15. apríl

5. Eldavélar má setja á trégólf, ef að minnsta kosti 0,11 metrar eru frá gólfi upp að botni á eldavél og á milli séu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafn þykkt, eða að gólfið sé þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fylltur múr eða steypu. Sé rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minnst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavélar standa á trégólfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minnsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavélina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir séu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa tréloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir séu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr tré, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji öruggt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær tré en 0,21 metrar. Ef hún liggur gegnum trévegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær tré en 0,21 metra.

Ef hné er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minnst 2,50 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sérstakar ástæður koma til greina, allt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

   Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minnsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minnst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minnst vera 1/12 af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sé hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minnsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu og eru ekki minni en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sé eigi minni en nemi ½ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sé trégólf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sé að minnsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurrka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þétt steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi minni en 0,80 × 0,70 metri.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa séu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1 : 4 : 7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1 : 4 : 8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyrr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sér upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús séu byggð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sé sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi allt að helmingi veggþykktar. Ekki skulu steinar þéttari en svo, að auðvelt sé að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyrr segir.

   Öll steypuefni séu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemmd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sé ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykkt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1 : 4 : 7, skal vera sem hér segir: 57 15. apríl

a. Þykkt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metrar á þykkt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metrar og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metrar á þykkt. Ef gólf eru út timbri, skulu veggþykktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metrar.

Ef húsið er portbyggt, skal portið hafa sömu þykkt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metrum. Sé portið hærra, skal það gert með veggþykkt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sé milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafizt þess, að burðarveggir séu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verzlunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafizt, að styrkleiki allra burðarveggja sé ákveðinn af sérfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru glugga- eða dyraop, skulu hafa sömu þykkt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hér með talið risið) með sömu þykkt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr tré), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metrar.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykkt útveggja en hér segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé önnur en fyrr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyrr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyrr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir séu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metrar.

3. a. Burðarveggir innanhúss séu á þykkt í efstu hæð 0,16 metrar, og þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metrar.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafizt, að veggþykktin sé aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir né stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sé hafið stutt, má þykktin þó vera allt að 0,08 metrar.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metrar, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykkt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að tréstiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

57 15. apríl

d. Ekki má skerða þykkt veggja, sem um getur í a-, b- og d-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur") undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Bygginganefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, né á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sé járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem bygginganefnd er kunnugt um að sé nauðsynlegur.

4. Bygginganefnd getur fyrirskipað meiri veggþykkt en fyrr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykkt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er bygginganefnd telur þurfa. Bygginganefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þéttari en hér hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sérfróðs manns og bygginganefnd telur vegginn fullnægjandi.
5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hér er sagt um steypuveggi. Bygginganefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sé fullnægt.
6. Útveggi úr steini eða steypu skal slétta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef bygginganefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem bygginganefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Bygginganefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sérfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur bygginganefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi bygginganefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykkt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur bygginganefnd aukið þykkt veggjanna frá því, sem fyrr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemmt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er allt að 3,00 metrum og herbergisdýpt allt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10 × 10 sentimetrar (4 × 4″), á neðri hæð 10 × 13 sentimetrar (4 × 5″) og hornstafir 13 × 13 sentimetrar (5 × 5″). Sé hæðin meiri, eða allt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt allt að 5,50 metrum, skal þykkt stafanna út og inn aukin að minnsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður bygginganefnd gildleika stafanna.

Bygginganefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleika á stöfum en fyrr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur. 57 15. apríl

Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minnsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema bygginganefnd leyfi sérstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt") og í hverjum vegg eigi minna en tvær spyrnur („skáskífur"). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrétta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Bygginganefnd getur þó leyft að aurstokkur sé ekki gildari en 13 × 13 sentimetrar (5 × 5″), þó að stafir í veggnum séu gildari.

Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar"), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella tré á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1″) þykkum, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er bygginganefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sérstæð og að dómi bygginganefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾″), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10 × 10 sentimetra (4 × 4″) á neðri hæð, og 8 × 10 sentimetra (3 × 4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef bygginanefnd álítur að styrkleikinn sé nógur. Bygginganefnd getur krafizt gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 1,3 sentimetra (½″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sé hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafn vænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema bygginganefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).

e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").

f. Í timburveggjum sé samanlögð breidd glugga og dyropa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema bygginganefnd veiti sérstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

57 15. apríl

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metrar, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metrar. Bygginganefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambyggð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metrar, þó má vegghæð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr tré, skulu þau vera í sérstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

Bygginganefnd er heimilt að leyfa að byggja torfbæi utan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur afmarkar.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlýta þeim skilyrðum, er bygginganefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sérstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan. Einnig má steypa glugga- og dyrakarma í vegginn, séu járn- eða trélistar í nót á karminum, þannig að tryggt sé að ekki komist vatn eða trekkur með.

Viðhald húsa.

43. gr.

Bygginganefnd getur krafizt þess, að húsum sé haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaaðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaaðferð eða byggingaefni, sem ekki er tilgreint í samþykkt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingaleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem bygginganefnd álítur nauðsynlegar.

Bygginganefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingaefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykkt þessari. 57 15. apríl

Hús, þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sérstök eldshætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau séu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur bygginganefnd leyft, að þau séu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minnsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trésmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minnst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metrar frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafneldtraustu.

Flatarmál byggðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur byggðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingafulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI

Byggingaleyfi. Framkvæmd verksins. Eftirlit.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykkt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til bygginganefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar (sbr. 3. gr.) til að framkvæma verkið.

   Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sé send til byggingarnefndar.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyrr en hann hefir fengið tilkynningu frá bygginganefnd að leyfið sé veitt.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sé samkvæmt byggingasamþykkt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.

57 15. apríl

b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minnsta kosti 1 : 100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykkt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

c. Áður en leyft er að byggja hús í sambyggðri húsaröð, getur bygginganefnd krafizt, að gerður sé lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambyggðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju eða verða að vera það sökum áreynslu eða annarra orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef bygginganefnd óskar, og eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í té, ef þess er krafizt.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna hvernig ætlast er til, að séð verði fyrir afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sé átt við.
4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingasamþykkt og eins og uppdrættir sýna.
5. Eftir að byggingafulltrúinn hefir kynnt sér umsóknina, leggur hann málið fyrir bygginganefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingafulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar bygginganefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingaleyfið.

Bygginganefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfs mánaðar frá fyrsta fundi bygginganefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sé synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþykktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingaleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sé í höndum manns, sem bygginganefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþykktum uppdráttum nema fengið sé leyfi bygginganefndar til þess.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingafulltrúa, svo og einstökum mönnum úr bygginganefnd, sé jafan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingafulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingaleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingaleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingaleyfi, sem fer í bág við samþykkt þessa. 57

15. apríl

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingaleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþykktina, þá getur byggjandi krafizt sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþykktina, hafi sést ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sé, að hann hafi farið eftir beztu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykkt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyrr en fengið er vottorð byggingafulltrúa að húsið fullnægi byggingasamþykktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingaspjöld („skilti") og annað það, er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sé ekki til óprýði. Byggingafulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingnefndar, séu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar héraðslæknis. Sé hann á sama máli og nefndin, getur hún krafizt þess, að eigandinn lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unnt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber herppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og bægt er.

IV. KAFLI
Sektarákvæði og breyting á samþykkt.

52. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 10—50 krónum, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþykktarinnar eða reglur þær, sem byggingnefnd setur samkvæmt samþykktinni. Ella sé það rifið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi byggingnefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi byggingnefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

57 15. apríl Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19 20. október 1905, sbr. lög nr. 55 27. júní 1921, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. apríl 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

58 17. apríl

AUGLÝSING

um lækkun aðflutningsgjalds af nokkrum vörum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 81 11. júní 1938 er ákveðið að greiða skuli frá því í dag aðflutningsgjöld af eftirtöldum vörum, eins og hér segir:

Nr.	Vara	Tolleining	Vörutollur Aurar	Verðtollur %
1.	Makkaroni	1 kg.	3,36	15,12
2.	Tómatpuré	—	3,36	15,12
3.	Trefjabaðmull (Fiberbomuld)	—	3,36	15,12
4.	Quebrachoextrakt	—	3,36	4,48
5.	Perur nýjar	—	3,36	16,8
6.	Vínber ný	—	3,36	16,8

Þessi aðflutningsgjaldalækkun nær þó að eins til þeirra pera (nr. 5) og vínberja (nr. 6), sem koma hingað til lands á tímabilinu 1. febrúar til 31. júlí ár hvert.

Þetta er birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 17. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

59 27. apríl

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 61 23. júní 1933, um raforkuvirki.

1. gr.

146. gr., stafliður b, töluliður 1, orðist þannig:

1. að leyfa, að sá eða þeir, er ekki uppfylla skilyrði til löggildingar sem rafvirkjar við lágspennuvirki, megi annast rafvirkjun við lágspennuvirki við tiltekna orkuveitu, sem fyrir hendi er, þegar þessi reglugerð gengur í gildi, og við nýja orkuveitu, ef hún er eigi stærri en 20 kw. og tekur eigi yfir nema 10 húsveitur eða færri, eða við ákveðna tegund raforkuvirkja utan kaupstaða svo sem við rakstraumsraforkuvirki undir vissu marki að afli. Leyfið getur rafmagnseftirlitið takmarkað þannig, að það veiti að eins rétt til að annast viðhald, viðgerðir og minniháttar breytingar á raflögn en eigi rétt til nývirkjunar.

59
27. apríl

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi nú þegar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

60
28. apríl

REGLUGERÐ
um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sérstakan tímareikning.

Fyrir tímabilið frá 30. apríl til 1. október 1939 skal hafa sérstakan tímareikning, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svonefndum íslenzkum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að sunnudagurinn 30. apríl byrjar 29. apríl kl. 23 (11 að kvöldi), eftir íslenzkum meðaltíma og laugardagurinn 30. september endar einni klukkustund eftir miðnætti samkvæmt tímareikningi þeim, sem ákveðinn er með þessari reglugerð.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

61
29. apríl

REGLUGERÐ
um fasteignaskatt á Ísafirði.

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar, að undanskildum fasteignum þeim, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937.

2. gr.

Fasteignaskatturinn skal vera:

Af húsum, bryggjum, olíu- og benzingeymum:

a. 0,5% — fimmtíu aurar af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs skal greiða af hverju húsi því eða húshluta, sem notað er til íbúðar og þannig er hagnýtt, að ekki komi yfir tíu þúsund krónur af fasteignamatsverði hússins á fyrstu fjölskyldu, og fimm þúsund krónur á hverja hinna, þeirra er í húsinu búa. Ennfremur skal sama gjald greiðast af þeim húsum eða húshlutum, sem notuð eru í þágu iðnaðar, landbúnaðar, sjávarútvegs og verzlunar þessara atvinnugreina með þær vörur, sem eru þeirra eigin framleiðsla að meira

61 29. apríl

eða minna leyti. Skulu og heyra undir þennan flokk ekki aðeins hús eða húshlutar, sem fiskframleiðendur nota til fiskverkunar, heldur og salthús, þó þeir selji salt. Þá skulu einnig heyra undir þennan flokk hús og húshlutar, sem leigð eru fyrir skrifstofur ríkis og bæjar, fyrir samkomur eða sem gistihús. Loks heyra bryggjur undir þennan gjaldflokk.

b. 0,75% — sjötíu og fimm aurar af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs skal greiða af hverju því húsi eða húshluta, sem hagnýtt er þannig, að ekki komi meira en fimmtán þúsund krónur fasteignamatsverðs á fyrstu fjölskyldu og eigi meira en tíu þúsund krónur á hverja hinna, sem í húsinu búa.

c. 1% — ein króna af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs skal greiða af þeim húsum eða húshlutum, sem notuð eru til íbúðar og ekki heyra undir gjaldflokkana a. og b. Ennfremur skulu heyra undir þennan flokk öll þau hús eða húshlutar, sem notuð eru til verzlunar og eigi heyra undir flokk a. Einnig hús eða húshlutar, sem notuð eru til bankastarfsemi, eða til veitinga, svo og billiardstofur og olíu- og benzingeymar.

3. gr.

Af öllum byggingalóðum, byggðum og óbyggðum, skal gjalda 1,2% — ein króna og tuttugu aurar af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs. Af uppfyllingum, sem ekki eru ætlaðar fyrir byggingalóðir, reitum, túnum og öðru landi, sem ætlað er til atvinnureksturs, skal greiða 0,3% — þrjátíu aura af hverjum hundrað krónum fasteignamatsverðs.

4. gr.

Sé hús notað á meir en einn hátt, skal bæjarráð Ísafjarðar meta það, hve mikill hluti af fasteignamatsverði hússins komi á hverja grein notkunarinnar.

5. gr.

Sem fjölskylda telst, samkvæmt reglugerð þessari, í minnsta lagi þrír einstaklingar, en fjölskylda, sem er yfir tíu manns, telst tvær fjölskyldur.

6. gr.

Gjöld þessi skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt. Gjöld af húsum samkvæmt reglugerð þessari ákveðast samkvæmt síðasta manntali.

7. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir falla á skattinn eftir tvo mánuði frá gjalddaga og eru þeir hinir sömu og á útsvörum. Skatturinn fyrir árið 1939 fellur þó ekki í gjalddaga fyrr en 1. maí þ. á. Um innheimturétt og greiðsluskyldur fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 69 frá 31. desember 1937. Skattinn má taka lögtaki.

Ákvæði til bráðabirgða:

Bæjarstjórn Ísafjarðar heimilast að ákveða gjalddaga skatts af leigulóðum fyrir árið 1939, þegar sundurgreint fasteignamat lóðanna liggur fyrir.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. apríl 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

62
3. maí

fyrir framræslu- og áveitufélag Ölfusinga.

1. gr.

Félagið heitir Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga. Heimili þess og varnarþing er Ölfushreppur í Árnessýslu.

2. gr.

Félagssvæðið nær yfir eftirtaldar jarðir í Ölfushreppi:

Vindheimar, Hraun, Hraunhóll, Lágar, Hraunshjáleiga, Ytri-Grímslækur, Efri-Grímslækur, Hjalli, Lækur, Bjarnastaðir, Þorgrímsstaðir, Hjalla-Krókur, Gerðakot, Bakki I, Bakki II, Riftún, Þóroddsstaðir I, Þóroddsstaðir II, Ytri-Þurá, Eystri-Þurá I, Eystri-Þurá II, Núpar I, Núpar II, Vötn, Kröggólfsstaðir, Þúfa, Litli-Saurbær, Stóri-Saurbær, Reykir, Reykjahjáleiga, Sogn, Gljúfurholt, Kotströnd, Bakkárholtspartur, Bakkárholt I, Bakkárholt II, Ingólfshvoll, Strýta, Grænhóll, Egilsstaðir, Arnarbæli, Krókur, Stöðlar, Nýibær, Ósgerði, Auðsholtshjáleiga og Auðsholt.

3. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að annast framkvæmd og starfrækslu á framræslu og áveitu á engjalöndum þeirra jarða, sem taldar eru í 2. gr., og koma í veg fyrir landsspjöll af völdum Varmár og Gljúfurholtsár (Sandár).
2. Að útvega nauðsynlegt fé, sem styrk og lán, til að koma nauðsynlegum mannvirkjum í þessu sambandi í framkvæmd.

4. gr.

Félaginu stjórnar þriggja manna nefnd, kosin af aðalfundi til þriggja ára, svo og varamenn þeirra, og einnig tvo endurskoðendur. Gengur einn maður úr stjórn félagsins á hverju ári. Tvö fyrstu árin eftir hlutkesti, og síðar í röð eftir starfsaldri ár hvert. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa. Stjórnin kýs sér formann og gjaldkera og má sami maður eigi gegna þeim störfum báðum. Formaður boðar til allra funda og stýrir þeim. Hann sér um bókun allra fundargerða. Gjaldkeri sér um alla reikninga félagsins. Hann annast allar innheimtur og greiðslur eftir ávísun formanns. Stjórnarnefnd annast alla framkvæmd fyrirtækisins og starfrækslu þess milli aðalfunda. Hún sér um, að framkvæmt sé hið árlega viðhald á mannvirkjum þeim, er félagið lætur gera. Heimilt er stjórn félagsins að ráða eftirlitsmann með starfrækslu áveitunnar og viðhaldi hennar.

Í nóvembermánuði ár hvert jafnar stjórnarnefnd niður öllum kostnaði samkvæmt ákvæðum 7. gr. Greiðslur fyrir störf sín fær stjórnarnefnd samkvæmt reikningi, sem samþykktur skal af aðalfundi.

5. gr.

Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara, með skriflegu fundarboði, sem gengur milli félagsmanna. Aðalfund heldur félagið fyrir febrúarlok ár hvert. Aðalfundur er því aðeins lögmætur, að mættir séu á fundinum félagsmenn, er fara með ⅘ af atkvæðum allra lögbundinna félagsmanna, og sé þá talið eitt atkvæði fyrir hvert lögbýli samkvæmt 2. gr.

Nú mæta ekki svo margir félagsmenn að fundur geti talist lögmætur, skal þá stjórn félagsins innan hálfs mánaðar boða til nýs aðalfundar, með skriflegu fundarboði, og er þá fundur lögmætur án tillits til þess hve margir félagsmenn mæta. Á aðalfundi leggur stjórnin fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar er kosin

62 stjórn og tveir endurskoðendur, og rædd þau mál, er félagið varða. Aukafund má
3. maí halda þegar félagsstjórnin eða meira en helmingur félagsmanna álítur þess þörf og hafa sent skriflega beiðni um það til félagsstjórnar.

6. gr.

Á kostnað áveitufélagsins skal gera alla aðalframræslu og áveituskurði, svo og nauðsynlegar stíflur í þá, ennfremur skal gera á kostnað félagsins þau mannvirki sem nauðsynleg eru til farvegsbreytinga á Varmá og Sandá til að fyrirbyggja landsspjöll á engjalöndum af völdum ánna. Framkvæmdum og fyrirkomulagi mannvirkja skal haga samkvæmt áætlunum og uppdráttum jarðræktarráðunauts Búnaðarfélags Íslands dags. 3. febr. 1937 og þeim viðaukum eða breytingum, sem af Búnaðarfélagi Íslands síðar kunna að verða gerðar.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við framkvæmdir þær, sem í 4. og 6. gr. er getið, svo sem afborgunum og vaxtagreiðslum af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði, kostnaði við eftirlit og stjórn, skiptir stjórnin í nóvembermán. ár hvert á allar jarðir, sem framræslan og áveitan nær til, eftir flatarmálsstærð þess lands, sem hags nýtur af verkinu, en hæfilegt tillit skal þó taka til þess, ef einhver af jörðunum hefir sérstöðu gagnvart afnotum verksins, og fer um það eftir hagnaðarmati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

8. gr.

Stjórn félagsins hefir heimild til að taka lán handa félaginu til framkvæmda þeirra, er það hefir með höndum, og til tryggingar lánsfénu eða ábyrgð þeirri, sem þurfa kann vegna lánsins, veita veðrétt í býlum þeim, sem talin eru í 2. gr.

Undanþegnar þessu ákvæði eru þó þær jarðir, sem greiða að fullu kostnað sinn jafnhliða því sem verkið er framkvæmt, eða setja aðra tryggingu, er félagsstjórn metur gilda. Stjórnin sér um greiðslur þeirra lána, er félagið tekur. Niðurjöfnuð gjöld hafa lögtaksrétt.

9. gr.

Rísi ágreiningur í félagsmálum milli einstakra félaga eða milli félagsstjórnar og einstaks eða einstakra félaga, skal úr honum skorið með gerðardómi. Gerðardómur skal skipaður þrem mönnum, skulu sakaraðilar tilnefna hvor sinn mann, en oddamaður skal skipaður af Búnaðarfélagi Íslands.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál, og geta þau varðað sektum frá 50—500 krónum, ef ekki liggur þyngri hegning við að lögum.

Sektir renna í félagssjóð.

11. gr.

Lögum þessum má breyta á lögmætum fundi (aðalfundi), ef ⅘ allra félagsmanna samþykkja breytinguna, enda komi staðfesting stjórnarráðs til.

12. gr.

Félagsskap þessum má því aðeins slíta, að eigi verði náð þeim tilgangi, sem félagið hefir sett sér, eða þeir örðugleikar reynist á, að ókleift þyki að halda félagsskapnum áfram, enda sé það samþykkt á lögmætum aðalfundi og ⅘ greiddra atkvæða séu með því, og samþykki stjórnarráðs fáist um félagsslit.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

63
5. maí

um breyting á reglugerð nr. 32 27. apríl 1938, um stuðning til bænda, er tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar.

1. gr.

Við 5. gr.

Á eftir orðunum: „Vinna utan heimilis“ komi: hlunnindum.

2. gr.

Við 6. gr.

a. Í stað orðanna: „Þeir, sem misst hafa“ o. s. frv. komi: Þeir sem misst hafa samkv. þessu af heildartekjum sínum:

10—15%	fái	1.5%	í vaxtatillag
15—20%	—	2 %	- —
20—25%	—	2.5%	- —
25—30%	—	3 %	- —
30—35%	—	3.5%	- —
yfir 35%	—	4 %	- —

b. Í stað orðanna: „Þeir leiguliðar, er misst hafa“ komi: Þeir leiguliðar, er misst hafa:

10—15%	fái	30%	jarðarafgjalds
15—20%	—	40%	—
20—25%	—	50%	—
25—30%	—	60%	—
30—35%	—	70%	—
yfir 35%	—	80%	—

c. Við síðustu málsgrein bætist: nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

3. gr.

Við 10. gr. 2. málsgr.

Á eftir orðinu: „jarðræktarlaganna“ komi: Þó sé styrkur þessi eigi lægri en 10 kr. og eigi hærri en 250 kr. til hvers einstaks bónda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

64
5. maí

REGLUGERÐ
um fasteignaskatt í Neskaupstað.

1. gr.

Fasteignaskatt til bæjarsjóðs Neskaupstaðar skal greiða af öllum húseignum, lóðum og öðrum mannvirkjum í Neskaupstað, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

a. Af húsum, sem notuð eru til verzlunar að einhverju eða öllu leyti, vöruhúsum, verksmiðjum og byggingum, sem notaðar eru til atvinnurekstrar, öðrum en þeim, sem um getur í d.-lið, svo og hafskipabryggjum, geymslubyrgjum, olíu- og benzíngeymum, skal greiða 1%.
b. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum 0,5%.
c. Af öðrum byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, skal greiða 2%. Af sérstaklega útmældum túnum og görðum greiðist ekkert gjald.
d. Af bryggjum, þerrireitum, húsum og lóðum, sem eingöngu eru notuð til útgerðar eða landbúnaðar skal greiða 0,2%.

3. gr.

Fasteignaskatt samkv. 2. gr. skal reikna eftir fasteignamati og annast skrifstofa bæjarins innheimtu hans. Leigjandi greiðir skatt af leigulóðum.

4. gr.

Skatt þann, sem um getur í 2. gr., skal reikna af heilum hundruðum króna af virðingarverði fasteignar, en því, sem umfram er skal sleppa, og nái virðing ekki 100.00 krónum greiðist enginn skattur.

5. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. desember 1937, sbr. lög nr. 46 11. júní 1938.

6. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

7. gr.

Af fasteignaskatti, sem ekki er greiddur að fullu 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og af útsvörum.
Skatt þenna ásamt dráttarvöxtum má taka lögtaki.

8. gr.

Skatturinn er fyrst lagður á árið 1939 og er gjalddagi hans 1. maí ár hvert.

9. gr.

Gjalddagi fasteignaskattsins er 1. maí ár hvert. Þó skal gjalddagi skattsins fyrir árið 1939 vera 1. júní

10. gr. 64
5. maí

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 1937, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING 65
9. maí

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. des. 1937, sett eftirfarandi verðlagsákvæði:

Álagning á eftirtaldar vörur má eigi vera hærri en hér segir:

Byggingavörur:

Miðstöðvarofnar og miðstöðvarkatlar	30 %
Baðvatnsgeymar	30 —
Eldavélar	30 —
Þvottapottar	35 —
Vatnsleiðslurör	30 —
Fittings	50 —
Baðker og vaskar (steyptir)	35 —
Baðker, vaskar og salerni (fajance)	40 —
Skolprör (úr potti)	33 —
Vatnskranar	45 —
Þakplötur og þakhellur	30 —
Gólfflísar	30 —
Veggflísar	35 —
Einangrunarplötur (kork)	30 —
Saumur:	
1. Í heildsölu	15 —
2. Í smásölu í heilum pökkum eða kössum:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	30 —
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	40 —
Linoleum og gúmmí á ganga og striga:	
a. Í heilum rúllum	23 —
b. Bútað	35 —
Húsastrigi (í heilum rl.)	30 —
Þakpappi	30 —
Filtpappi	30 —
Loftpappi	30 —
Veggjapappi	30 —
Maskínupappír	30 —
Veggfóður	60 —

65 9. maí

Málning og málningarvörur:

Olíurifin málning	40 %
Ryðvarnarmálning	40 —
Löguð olíumálning	40 —
Lökk lituð og litlaus	40 —
Distemper	40 —
Fernisolía	40 —
Terpintína	40 —
Þurkefni	40 —
Kítti	40 —
Krít	30 —
Tjara og blacfernis	35 —
Lím (perlulím)	35 —
Málningarpenslar	40 —

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 króna sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

66 11. maí

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. des. 1937, sett eftirfarandi verðlagsákvæði:

Álagning á eftirtaldar vörur má eigi vera hærri en hér segir:

Búsáhöld.

Leir- og postulínsvörur:

Diskar, bollapör, kaffistell, testell, matarstell, kaffikönnur, tekönnur, rjómakönnur, sykurkör, mjólkurkönnur, skálar, steikarföt, kartöfluföt, sósukönnur, desertdiskar, niðursuðuglös og vatnsglös (úr gleri).

1. Í heildsölu	27%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	47%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	64%

Emailleruð mataráhöld og búsáhöld:

Pottar, katlar, skaftpottar, þvottaföt, kaffkönnur, tepottar, matarskálar, diskar, ausur, fiskspaðar, mál, mjólkurfötur, skolpfötur, náttpottar og fægiskúffur.

1. Í heildsölu	18%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	45%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%

66
11. maí

Alumín- og emailleruð suðuáhöld fyrir rafmagnseldavélar:

1. Í heildsölu 15%
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 30%
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum 40%

Önnur alumín-, bús- og mataráhöld:

1. Í heildsölu 20%
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 40%
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum 55%

Borðbúnaður o. fl.:

Borðhnífar, gafflar, matskeiðar, teskeiðar, búrhnífar og brauðhnífar.

1. Í heildsölu 18%
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 40%
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum 55%

Ýms eldhúsáhöld og búsáhöld:

Svo sem: Kaffikvarnir, pönnur (járn), vöfflujárn, kolaausur, þvottabalar og fötur, kökuform, bollabakkar (úr öðru en silfri eða pletti), eldhúsvogir og gormvogir.

1. Í heildsölu 18%
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 40%
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum 55%

Þvottavindur og kjötkvarnir:

1. Í heildsölu 15%
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 30%
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum 40%

Handverkfæri

allskonar, til heimilisnotkunar og iðnaðar, svo sem: Sagir og sagarblöð, hamrar, axir, þjalir, skrúflyklar, naglbítar, hjólsveifar, hófjárn, sporjárn, rörtengur, heflar og hefiltennur, glerskerar, vasahnífar, skæri o. s. frv.

1. Í heildsölu 18%
2. Í smásölu:
   a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum 40%
   b. Þegar keypt er beint frá útlöndum 55%

66 11. maí

Ýmsar járnvörur:

Hurðarhandföng, lamir, skrár, hengilásar og smekklásar:

1. Í heildsölu	18%
2. Í smásölu:	
a. Þegar keypt er af innlendum heildsölubirgðum	40%
b. Þegar keypt er beint frá útlöndum	55%

Brot gegn þessum verðlagsákvæðum varða allt að 10000 króna sektum, auk þess sem ólöglegur hagnaður er upptækur.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

67 12. maí

ERINDISBRÉF

fyrir skólanefndir.

Samkvæmt lögum nr. 94 1936, um fræðslu barna og lögum nr. 35 1930, um fræðslumálastjórn og ennfremur lögum nr. 82 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, eru sett eftirfarandi ákvæði um starfssvið skólanefnda.

I. Um fræðslumálastjórn og kennara.

1. gr.

Skólanefnd hefir á hendi stjórn fræðslumálanna í sínu skólahverfi undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar.

2. gr.

Losni kennarastaða í skólahverfinu eða þörf sé á viðbótarkennara, skal skólanefnd þegar tilkynna það fræðslumálastjóra, og sér hann þá um, að staðan verði auglýst í útvarpi og Lögbirtingablaðinu. Þurfi að útvega kennara með minna en eins mánaðar fyrirvara, getur fræðslumálastjóri útvegað hann í samráði við skólanefnd án þess að staðan sé auglýst.

3. gr.

Hafi kennarastaða verið auglýst, skal skólanefnd, eins fljótt og auðið er, að loknum umsóknarfresti, halda fund og senda síðan fræðslumálastjóra allar umsóknirnar ásamt tillögum sínum um val kennara. Skólanefnd skal láta sér annt um að mæla með góðum og vel hæfum mönnum.

Skólanefnd skal, þegar fjöldi umsókna leyfir, mæla með eigi færri en þremur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu, sem auglýst hefir verið, og telur hún þá þann umsækjandann fyrstan, er hún mælir fastast með og síðan aðra í þeirri röð, er hún telur að þeir komi til greina. Nú hafa þrjár eða fleiri kennarastöður verið auglýstar, og er skólanefnd þá eigi skylt að mæla með fleirum en tveimur umsækjendum fyrir hverja kennarastöðu. Afl atkvæða ræður innan skólanefndar um það, í hvaða röð mælt er með umsækjendum, þannig að séu skólanefndarmenn ekki sammála um það, í hvaða röð þeir mæla með umsækjendum, þá verður t. d. sá umsækjandi í 2. sæti, sem fékk næstflest atkvæði í 1. sæti. Séu jöfn atkvæði, ræður atkvæði formanns.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, og námsstjóra — sé hann starfandi — ef um skólastjóra er að ræða. Verði ágreiningur innan skólanefndar eða milli skólanefndar og skólastjóra eða námsstjóra, getur hver aðili um sig gert tillögur til fræðslumálastjórnarinnar, og skal fylgja tillögunum rökstudd greinargerð. 67 12. maí

Þeir einir, sem lokið hafa kennaraprófi, geta orðið skipaðir kennarar við barnaskóla.

Stundakennara ræður skólastjóri með samþykki skólanefndar.

Annað starfsfólk skólans ræður skólanefnd í samráði við skólastjóra, nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð skólans.

Nú þarf færri kennara vor og haust við smábarnafræðslu, en fastir kennarar eru við skóla og ákveður þá skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra, hverjir skulu hafa það starf á hendi. Verði ágreiningur milli skólanefndar og skólastjóra, sker fræðslumálastjórnin úr.

II. Um skólasókn.

4. gr.

Ef ástæða þykir til, skal skólanefnd, áður kennslutíminn hefst, auglýsa fyrir hvaða tíma beiðnir um undanþágu frá skólaskyldu skuli sendar. Undanþágu veitir hún, að fenginni umsögn skólastjóra, og þó því aðeins að trygging þyki fengin fyrir því, að barnið fái lögmælta fræðslu þrátt fyrir undanþáguna.

Skólanefnd skal sjá um, að öll börn á skólaskyldualdri, sem ekki hafa fengið undanþágu frá skólagöngu, sæki skóla héraðsins. Vanræki foreldrar eða þeir, sem hafa börn til framfærslu, að senda þau í skóla hinn lögskipaða tíma, án þess að undanþága hafi verið veitt, skal skólanefnd, að undangenginni áminningu, kæra framferanda til sekta fyrir lögreglustjóra.

Skólanefnd varnar þeim börnum skólavistar, sem að dómi skólastjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni. Skal skólanefnd þá í samráði við skólastjóra og barnaverndarnefnd (í kaupstöðum) gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að barninu verði séð fyrir hentugri fræðslu utan skólans.

5. gr.

Það er skylda skólanefndar að líta eftir því, að börn á námsaldri njóti fullnægjandi fræðslu þar til skólaskylda hefst. Komist hún að raun um, að kennsla sé ófullnægjandi, svo að líkur séu til, að börn nái ekki fyrirskipuðu fræðslumarki, ber henni að vanda um við foreldra eða aðstandendur barnsins, en reynist það árangurslaust, skal hún koma slíkum börnum fyrir þar sem þau fá nauðsynlega tilsögn.

Skólanefnd skal og fylgjast með starfi skólans. Komist hún að raun um, að barn sé svo vankunnandi, að líkur séu til, að það nái ekki lögskipaðri kunnáttu fullra 14 ára, ber henni að gera ráðstafanir til þess, að lögð verði meiri rækt við það en áður.

Hafi námshæft barn ekki náð hinu fyrirskipaða fræðslumarki við 14 ára aldur, ber skólanefnd að sjá því fyrir áframhaldandi tilsögn í íslenzku og reikningi og í þeim öðrum námsgreinum, sem því er ábótavant í.

III. Um einkaskóla.

6. gr.

Skólanefnd skal ganga eftir því, með auglýsingum eða á annan hátt, að þeir einstaklingar, sem hafa smábarnaskóla eða auglýsa eftir kennslu á skólaskyldum börnum, sendi skólanefnd fullnægjandi skýrslu um húsakynni, hollustuhætti

67 skólans og þeirra, sem þar eiga að starfa. Hafi kennari ekki kennararéttindi,
12. maí skal skólanefnd senda kennslubeiðnina til fræðslumálastjóra ásamt umsögn sinni og skólastjóra. Aðrar beiðnir afgreiðir skólanefnd í samráði við skólastjóra. Börn þessi eru prófskyld í barnaskóla skólahverfisins.

Þá skal skólanefnd og heimta skýrslu um börn, er ganga í þá einkaskóla, er löggiltir hafa verið samkvæmt 19. gr. fræðslulaganna.

IV. Um próf.

7. gr.

Skólanefnd skipar prófdómara. Skal hún í samráði við skólastjóra ákveða, hvenær árspróf og fullnaðarpróf skuli fara fram. Próf má þó aldrei byrja fyrir 1. apríl, nema með leyfi fræðslumálastjóra.

V. Um húsnæði til skólahalds.

8. gr.

Skólanefnd hefir umsjón og eftirlit með skólum héraðsins, sér um skólahús eða felur öðrum að gera það fyrir sína hönd.

Í samráði við skólastjóra hefir skólanefnd full umráð yfir skólahúsum. Skólastjóra er heimilt að nota húsnæði skólans utan kennslustunda fyrir holla starfsemi meðal skólabarna.

Hafi félag lagt fram fé eða vinnu til byggingar skólans gegn afnotum af húsinu, skal í samráði við skólastjóra gera samning um það. Sama gildir og ef um aðra starfsemi er að ræða, barnafræðslunni óviðkomandi.

9. gr.

Það er skylda skólanefndar að sjá um, að skólahús eða annað húsnæði til skólahalds sé svo gott og hentugt sem kostur er á, og að það fullnægi þeim reglum um hollustuhætti, sem yfirstjórn heilbrigðismálanna setur.

Þurfi skólanefnd að gera bindandi leigusamning um húsnæði til skólahalds til lengri tíma en tveggja ára í senn, skal leitað álits fræðslumálastjóra um það.

VI. Um námsbækur og kennslutæki.

10. gr.

Í tæka tíð, áður skólaárið hefst — eða kennslutíminn að haustinu — skal skólanefnd eða skólastjóri (kennari) fyrir hennar hönd senda ríkisútgáfu námsbóka skrá yfir þær námsbækur, sem talið er að þurfi á því skólaári til útbýtingar meðal prófskyldra barna í skólahverfinu. Ríkisútgáfan sendir eyðublöð til útfyllingar í þessu efni og fleiru, sem máli skiptir í þessu sambandi (sbr. lög um ríkisútgáfu námsbóka).

Ef þörf krefur, er skólanefnd skylt að annast um útvegun á þeim bókum öðrum, ritföngum, kennsluáhöldum og öðru, sem þarf til þess, að kennslan geti komið að tilætluðum notum.

VII. Um kostnað við skólahald.

11. gr.

Áætlun um kostnað við skólahaldið ár hvert skal skólanefnd semja og senda bæjarstjórn (í Reykjavík: Fræðsluráði), eða hreppsnefnd í tæka tíð.

Utan kaupstaða skal einn skólanefndarmanna vera féhirðir skólans. Hann tekur á móti því fé, sem veitt er til skólahaldsins og annast allar greiðslur fyrir skólann. Í lok hvers reikningsárs semur hann reikning yfir tekjur og gjöld skól-

ans og leggur hann fyrir skólanefnd. Síðan skal senda skólareikninginn til hreppsnefndar til endurskoðunar og samþykktar. 67 12. maí

Sé ekki starfandi fræðsluráð í fræðsluhéruðum utan kaupstaða, er skólanefnd heimilt að fela oddvita hreppsins að annast greiðslur vegna skólamálanna í skólahverfinu eftir ávísun skólanefndar eða skólanefndarformanns í umboði nefndarinnar.

Verði ágreiningur milli skólanefndar og hreppsnefndar eða fræðsluráðs og bæjarstjórnar um fjárframlög til skólahalds, skal hann lagður undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

Reikningsár skólanna er almanaksárið.

VIII. Um skýrslur o. fl.

12. gr.

Skólanefnd semur eða felur skólastjóra að semja allar þær skýrslur, sem fræðslumálastjórnin heimtar. Skýrslur um próf, kennslu og skólahald, ennfremur reikningar um skólahald héraðsins, skulu sendar til fræðslumálastjóra eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Rita skal í gerðabók allar ályktanir skólanefndar um kennslu- og skólamál skólahverfisins og skal gerðabókin, samrit af skýrslum o. fl., vera í vörzlum formanns skólanefndar.

14. gr.

Formaður skólanefndar, sem jafnframt er trúnaðarmaður fræðslumálastjórnarinnar, sér um að framkvæmdar verði allar settar reglur og ályktanir skólanefndar um kennslu- og skólamál skólahverfisins, enda ber honum að sjá um, að störf nefndarinnar séu vel af hendi leyst.

Formaður kveður nefndina til funda svo oft sem þörf krefur. Skylt er honum að kveðja nefndina til fundar, þegar þess er krafizt af einum nefndarmanna eða skólastjóra.

Skólastjóri skal ávallt boðaður á fundi skólanefndar og hefir hann þar málfrelsi og tillögurétt.

15. gr.

Verði ágreiningur út af ákvæðum erindisbréfs þessa, má skjóta honum undir úrskurð fræðslumálastjórnarinnar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

68
12. maí

ERINDISBRÉF
fyrir skólastjóra.

1. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð fræðslumálastjórnar og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og foreldrum eða aðstandendum þeirra. Hann stjórnar allri starfsemi skólans eftir þeim lögum og reglum, er þar um gilda á hverjum tíma, og ber ábyrgð á henni gagnvart skólanefnd og fræðslumálastjórn.

2. gr.

Skólastjóri skal hafa ákveðinn viðtalstíma fyrir almenning og haga þeim tíma þannig, að sem minnst truflun verði á skólastarfinu.

3. gr.

Skólastjóri skiptir störfum með kennurum við kennslu og eftirlit og umsjón í skóla og á leiksviði. Hann semur stundatöflur og skipar börnunum í deildir. Gæta skal hann þess, að þessum atriðum verði þannig hagað, að árangur af skólastarfinu megi verða sem beztur.

Skólastjóri sér um undirbúning og framkvæmd árlegra prófa. Ennfremur lítur hann eftir því, að kennarar færi skipulega dagbækur og nemendaskrár deildanna og annast að öðru leyti um bókhald skólans, skýrslugerðir og því um líkt, eftir því sem fyrir er mælt af fræðslumálastjórn og skólanefnd.

4. gr.

Skólastjóra ber að gera skólanefnd aðvart þegar endurbóta eða aðgerða er þörf á skólahúsi, húsbúnaði eða kennslutækjum. Ef um nýbyggingu er að ræða, skal hann vera með í ráðum um alla tilhögun. Skólastjóri hefir umráðarétt yfir öllum innastokksmunum skólans, áhöldum og söfnum og getur þó ekki ráðstafað þeim á sitt eindæmi nema í þágu skólastarfsins. Hann hefir og fullan umráðarétt yfir skólahúsi til afnota fyrir skólabörn. Hann hefir eftirlit og umsjón með að hitun, lýsing og ræsting sé í lagi.

5. gr.

Skólastjóra er skylt að kynna sér daglegt starf kennara og árangur þess á þann hátt, sem hann telur bezt henta. Þá skal hann og gera sér far um að veita kennurum allt það lið, sem hann má, með ráðum og leiðbeiningum, og þá einkum ungum og óreyndum kennurum. Ef skólastjóri telur að einhver kennari sé ekki starfi sínu vaxinn sakir elli eða vanheilsu eða af öðrum ástæðum, ber honum að tilkynna það skólanefnd og fræðslumálastjórn og rökstyðja mál sitt. Jafnframt skal hann gera hlutaðeigandi kennara grein fyrir tilkynningu þessari og tilefni hennar.

6 gr.

Skólastjórar eru skyldir að kenna í skóla sínum þann tíma er skóli starfar, sem hér segir:

Í skóla	með			1	kennara	30	std.	á	viku
–	—	—		2	—	27	—	–	—
–	—	—		3	—	24	—	–	—
–	—	—	4—	5	—	21	—	–	—

Í skóla með	6— 8	kennara	18	std. á viku	68
— — —	6— 8	—	18	— — —	12. maí
— — —	9—11	—	15	— — —	
— — —	12—15	—	12	— — —	
— — —	16—19	—	9	— — —	
— — —	20 o. fl.	—	6	— — —	

Skólastjóri er ekki talinn með í þessari kennaratölu.

Heimilt er skólanefnd í samráði við fræðslumálastjóra að leysa skólastjóra frá þessari kennsluskyldu að einhverju leyti, þegar þess er talin þörf vegna annara starfa hans við skólann.

7. gr.

Ef kennari vanrækir starf sitt, eða gerir sig sekan um vítavert athæfi, er skólastjóra skylt að tilkynna það skólanefnd og fræðslumálastjórn. Sé ekki um mjög alvarlegt brot að ræða, skal hann fyrst ræða málið við hlutaðeigandi kennara, og leitast þannig við að bæta úr misfellum. Beri það ekki árangur, skal skólastjóri leggja málið fyrir skólanefnd og fræðslumálastjórn. Ef skólastjóri kærir misfellur á starfsemi eða framferði kennara, skal hann ávallt tilkynna það hlutaðeigandi kennara jafnframt, og gera grein fyrir ástæðum.

8. gr.

Skólastjóra er skylt, þegar fræðslumálastjórn eða skólanefnd óskar þess, að gera grein fyrir því, hvernig hver einstakur kennari innir starf sitt af hendi.

9. gr.

Skólastjóra er heimilt að veita kennurum leyfi frá störfum allt að þrem dögum samtals á skólaári. Sé um lengri leyfi að ræða, þarf samþykki skólanefndar.

Til skólastjóra skal sækja um undanþágu fyrir börn frá skólavist um stundarsakir af öðrum ástæðum en veikindum.

Heimilt er skólastjóra, í samráði við skólanefnd, að veita börnum undanþágu frá skólavist eftir 1. maí vegna sumardvalar eða sumarstarfs, enda sé kunnátta barnsins og aðrar ástæður því ekki til fyrirstöðu.

10. gr.

Skólastjóri hefir rétt til að víkja barni úr skóla um stundarsakir, ef það gerist brotlegt, en skólanefnd ákveður um brottvísun þeirra barna að fullu og öllu, sem að dómi skólastjóra og kennara eru óhafandi með öðrum börnum sakir siðleysis eða einstakrar óhlýðni.

11. gr.

Skólastjóri skýtur þeim málum skólans til barnaverndarnefndar, sem undir nefndina heyra, og gerir tillögur um ráðstafanir á vandræðabörnum eða hjálparþurfa.

12. gr.

Skólastjóri á sæti á skólanefndarfundum og hefir þar málfrelsi og tillögurétt.

13. gr.

Skólanefnd er skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur um kennarastöður. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, er skólastjóra heimilt að gera tillögur um kennaraval til fræðslumálastjórnarinnar, enda fylgi þeim rökstudd greinargerð.

Stundakennara og forfallakennara ræður skólastjóri í samráði við skólanefnd.

68 12. maí

14. gr.

Dyraverði og starfsfólk allt við skóla, annað en kennaralið, ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra. Skal skólastjóri líta eftir, að starfsfólk leysi störf sín vel og samvizkusamlega af hendi.

15. gr.

Skólastjóri gerir, þegar þörf krefur, í samráði við skólalækni og barnaverndarnefnd, tillögur til skólanefndar um almennar hreinlætis- og heilbrigðisráðstafanir í skólum (t. d. matar-, lýsis eða mjólkurgjafir).

16. gr.

Nú verður ágreiningur milli skólastjóra og annara aðilja um ákvæði þessa erindisbréfs, og skal þá leita úrskurðar fræðslumálastjórnarinnar.

Erindisbréf þetta er sett samkvæmt lögum nr. 94 23. júní 1936.

Í kennslumálaráðuneytinu, 12. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

69 15. maí

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 73 31. des. 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

1. gr.

Í stað orðanna: „eða greiðslum erlendis í þarfir bankanna“ í lok 1. mgr. 5. gr. komi: greiðslum erlendis í þarfir bankanna eða greiðslum erlendis fyrir vörum, sem heimilt er að flytja til landsins án leyfis gjaldeyris- og innflutningsnefndar, samkvæmt 8. lið 12. gr., enda séu bönkunum afhent innflutningsvottorð um vörur þessar staðfest af tollstjóra, nema um sé að ræða greiðslur gegn farmskírteinum.

2. gr.

Eftir 7. lið í 12. gr. komi nýr liður, 8. liður, svo hljóðandi: Rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, hrísgrjón, bankabygg, kol, salt, brennsluolíur, smurningsolíur, benzín, hessian, tóma strigapoka, prentaðar bækur, blöð, tímarit.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 15. maí 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

70
16. maí

um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Í Seyðisfjarðarkaupstað skal árlega leggja á fasteignaskatt til bæjarsjóðs. Skal hann lagður á eftir gildandi fasteignamati á hverjum tíma og vera sem hér segir:

1. Af byggingalóðum, byggðum og óbyggðum, greiðist 2%.
2. Af húseignum og öðrum mannvirkjum greiðist 0,4%.

2. gr.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða, þá greiðist skatturinn af notanda.

3. gr.

Skatturinn greiðist af heilum hundruðum króna af fasteignamatsverði, en því sem umfram er skal sleppa. Nái matsverð ekki 100 krónum, þá greiðist enginn skattur

4. gr.

Gjalddagar skattsins eru 1. apríl og 1. september ár hvert, og greiðist helmingur á hvorum gjalddaga. Þó skal fyrri gjalddagi skattsins fyrir árið 1939 vera 1. júní. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu tveimur mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum. Skatturinn hvílir sem lögveð á fasteignum þeim, sem hann er lagður á, og skal ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla í tvö ár frá gjalddaga. Ef hús brennur, eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð hússins.

Skattinn má taka lögtaki.

5. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. eru allar fasteignir bæjarsjóðs nema leigulóðir, ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, elliheimili, barnahæli og sjúkrahús. Sama er um lóðir, er fylgja slíkum húsum og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal skatturinn lagður á í fyrsta sinn fyrir árið 1939.

7. gr.

Að öðru leyti fer um skattaálagningu þessa samkvæmt lögum nr. 69 frá 1937.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 1937 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

71
19. maí

SAMÞYKKT
um lokun sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Seyðisfjarðarkaupstað skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr

Alla virka daga árs skulu sölubúðir eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 7 síðdegis. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum búðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. júní til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, frídag verzlunarmanna og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar, enda sé frídagur verzlunarmanna auglýstur með minnst viku fyrirvara.

Ákvæði þetta nær ekki til lyfjabúða.

Ennfremur eru undanskildar ákvæði þessu þær búðir, sem aðallega verzla með brauð og mjólk, að því er þessar vörur snertir. Þær mega hafa opið frá kl. 9 árdegis til kl. 1 e. h. áðurtalda daga.

4. gr.

Eftir lokunartíma er óheimilt að selja í lyfjabúðum, á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum.

5. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal rekið sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi fallin samþykkt nr. 70 frá 25. júlí 1930, um lokun sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

72
19. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2 kr., 5 kr., og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest, er vinnur.
b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins, og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðarreglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur, að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðarreglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

73
19. maí

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík nr. 121 27. nóvember 1934, sbr. breytingar á þessari samþykkt frá 19. júlí 1935 og 21. maí 1937.

2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Alla almenna virka daga, þar á meðal föstudaga, sem engin undantekningarákvæði eru um í samþykkt þessari, svo og laugardaginn fyrir hvítasunnu til kl. 7 síðdegis. Laugardaga, aðra en laugardaginn fyrir hvítasunnu, á tímabilinu frá 15. maí til 14. september til kl. 4 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

74
20. maí

AUGLÝSING

um kosningu alþingismanns fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Með því að sæti alþingismanns fyrir Austur-Skaftafellssýslu er autt orðið, þar sem alþingismaður Þorbergur Þorleifsson er látinn, þá er hér með, samkvæmt 135. grein laga nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis, fyrirskipað, að kosning alþingismanns fyrir Austur-Skaftafellssýslu fyrir þann tíma, er hinn látni þingmaður átti eftir, skuli fara fram og ákveðst 25. júní næstkomandi.

Frestir þeir, er um ræðir í 19. grein kosningalaganna styttast þannig, að kjörskrár skulu lagðar fram 4 vikum fyrir kjördag, auglýsingarfresturinn skal felldur alveg niður, og tími sá, sem kjörskrá á að liggja frammi, verður 2 vikur, kærufrestur samkvæmt 20. grein styttist í 2 vikur, og úrskurður samkvæmt 21. grein skal ganga viku fyrir kjördag.

Loks styttist hinn lögmælti framboðsfrestur þannig, að framboðsfresturinn er til 4. júní n. k. að þeim degi meðtöldum.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

75
22. maí

fyrir bændaskólana að Hólum og Hvanneyri.

I. KAFLI
Tilgangur skólanna og námstími.

1. gr.

Tilgangur skólanna er að veita bændaefnum hagnýta þekkingu í búnaði.

2. gr.

Skólarnir starfa í tveim deildum, yngri og eldri deild, þá skal setja 15. október ár hvert. Námstíminn er þrjú misseri, tveir vetur og eitt sumar. Eigi skal segja skólanum upp fyrr en 15. apríl. Jólaleyfi skal vera frá 22. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum. Kennsla fer ekki fram 1. desember. Auk þess getur skólastjóri fellt niður kennslu, allt að einum degi í senn, þegar sérstaklega stendur á.

Heimilt er að taka nemendur í skólana til ársdvalar, ef þeir hafa aflað sér bóklegrar þekkingar annars staðar er samsvari a. m. k. námi yngri deildar. Ef betur þykir henta, skulu þessir nemendur koma að skólanum að vorinu til.

II. KAFLI
Inntaka og inntökuskilyrði.

3. gr.

Skrifleg beiðni um inntöku í skólana skal send skólastjórunum fyrir lok ágústmánaðar ár hvert. Skólastjórar veita inntöku í skólana og svara umsækjendum.

4. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana eru þessi:

1. að umsækjandi sé fullra 18 ára. — Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með;
2. að hann hafi unnið minnst eitt ár við landbúnað eftir fermingu;
3. að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi;
4. að hann hafi ábyrgð fullveðja manns fyrir allri greiðslu á þeim kostnaði, er stafar af dvöl hans í skólanum. — Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu skilyrði.

III. KAFLI
Stjórn og fyrirkomulag.

5. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirumsjón skólanna. Það skipar skólastjóra og einnig kennara skólanna í samráði við skólastjóra.

6. gr.

Skólastjórar hafa á hendi umsjón og stjórn hvors skólans um sig. Þeir skulu og annast reikningshald skólanna og aðra bókfærslu. Reikningsár skólanna er al-

75 manaksárið. Skulu reikningar sendir fjármálaráðuneytinu fyrir lok febrúarmán-
22. maí aðar ár hvert. Skólastjórar skulu annað hvert ár láta prenta skólaskýrslur.

7. gr.

Nemendur fá ókeypis í skólunum: kennslu, húsnæði, rúmstæði með dýnum, ljós og hita.

IV. KAFLI
Kennsla.

A. Bókleg kennsla.

8. gr.

Kennsla fari fram í fyrirlestrum og yfirheyrslum eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Einnig skulu þeir ákveða um skrifleg úrlausnarefni, sem lögð eru fyrir nemendur.

9. gr.

Kennslu í hinum einstöku námsgreinum skal hagað sem hér segir:

1. *Íslenzka:* Aðalmarkmið kennslunnar er, að nemendur læri að lesa íslenzkt mál áheyrilega og rita það rétt. Einnig skal vekja áhuga þeirra á því bezta í bókmenntum þjóðarinnar.
2. *Stærðfræði:*
   a. *Reikningur:* Kenna skal almennan reikning, prósentureikning og jöfnur.
   b. *Flatar- og rúmmálsfræði:* Skýra skal algengustu flatar- og rúmmálsmyndir og kenna að reikna út flatarmál þeirra og rúmmál.
3. *Reikningshald:* Kenna skal notkun búreikningaforma og skýra helztu tekju- og gjaldaliði landbúnaðarins.
4. *Þjóðfélagsfræði:* Skýra skal helztu grundvallaratriði í fyrirkomulagi og stjórn þjóðfélagsins.
5. *Búnaðarhagfræði:* Skýra skal frá, hvaða grundvallarskilyrði þurfa að vera fyrir hendi, til að hægt sé að reka búskap, og á hvern hátt unnt er að láta hinar einstöku búgreinar gefa arð við misjöfn skilyrði.
6. *Búnaðarsaga:* Kenna skal ágrip af búnaðar- og verzlunarsögu þjóðarinnar.
7. *Landbúnaðarlöggjöf:* Skýringar á helztu lögum og reglugerðum, sem varða landbúnað okkar.
8. *Búnaðarlandafræði:* Áherzla skal lögð á lýsingu Íslands, landbúnað og hagi þeirra þjóða, er hafa þýðingu fyrir viðskipti Íslendinga.
9. *Grasafræði:* Í henni skal kennt hið helzta um byggingu, eðli og þroskaskilyrði jurta. Nemendur skulu læra að þekkja helztu jurtir, er skipta máli fyrir íslenzkan landbúnað.
10. *Eðlisfræði:* Mest áherzla sé lögð á afl- og raffræði.
11. *Efnafræði:* Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzlu skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir jurtir og dýr.
12. *Steina- og jarðfræði:* Kenna skal ágrip af almennri jarðfræði, leggja þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir Íslands.
13. *Líffærafræði:* Aðallega skal skýra fyrir nemendum byggingu og störf líffæra búfjárins.
14. *Búfjárfræði:* Kenna skal rækilega um allar búfjártegundir okkar, kynbætur þeirra, uppeldi, meðferð og fóðrun; einnig algengustu búfjársjúkdóma og meðferð þeirra.

15. *Mjólkurfræði:* Skýra skal fyrir nemendum eðli mjólkur, efnasamsetningu, meðferð, mjaltir og fitumælingar. 75 22. maí
16. *Arfgengisfræði:* Skýra skal helztu lögmál arfgengis og kynbóta, jurta og dýra.
17. *Jarðræktarfræði:* Kenna skal almenna jarðyrkjufræði, um áburð, framræzlu vatnsveitingar, grasrækt og ræktunartilraunir; ennfremur garðyrkjufræði, verkfærafræði og undirstöðuatriði í skógrækt.
18. *Leikfimi:* Nemendur skulu iðka líkamsæfingar, er miða að því að gera líkama þeirra hraustan og liðugan.
19. *Búsmíðar:* Nemendum skal kenna búsmíði, svo sem skeifna- og aktygjasmíði. Einnig skulu þeir læra að nota algengustu trésmíðaáhöld og smíða úr tré, eftir því sem tími vinnst til, og læra undirstöðuatriði steinsteypugerðar.

10. gr.

Á hverju námstímabili skulu nemendur fara undir leiðsögn kennara eina eða fleiri ferðir til fyrirmyndarbúa eftir ákvæðum skólastjóra.

Styrk til slíkra ferða skal veita af fé skólanna.

B. Verkleg kennsla.

11. gr.

Kenna skal nemendum hagnýtustu vinnuaðferðir landbúnaðarins, sem þekktar eru á hverjum tíma. Nemendur skulu og fá tilsögn í notkun, meðferð og hirðingu þeirra véla og verkfæra, sem notaðar eru við bústörfin; enn fremur í húsagerð, ef ástæður leyfa. Nemendum ber að taka þátt í þeim störfum, sem unnin eru á skólabúinu, og fái þeir kennslu í öllu því helzta, sem að jarðyrkju lýtur, garðrækt, sáningu nytjajurta, hirðingu þeirra yfir vaxtartímann og uppskeru. Ennfremur skulu nemendur eiga kost á að fá tilsögn í meðferð dráttarvéla eftir því sem ástæður leyfa.

Hver nemandi skal vinna viku til hálfan mánuð við hirðingu hverrar búfjártegundar undir leiðsögn kennara.

Nemendur skulu færa dagbók um dagleg störf, þar sem tekið sé fram, hvað unnið er daglega og hvernig vinnan er framkvæmd í aðaldráttum. Vinnan miðast við 10 stunda vinnudag.

Á verknámstímabilinu skulu nemendur hafa 6 daga sumarleyfi.

12. gr.

Þeir nemendur, sem eru vinnufærir, fá fyrir vinnu sína á skólabúunum upphæð, er svarar fæðis- og þjónustukostnaði þeirra árlangt. Auk þess fá nemendur, sem ljúka námi, 100 kr. úr ríkissjóði.

13. gr.

Þeim nemendum, sem vegna heimilisástæðna geta ekki dvalizt frá heimilum sínum yfir heyskapartímann, má veita undanþágu frá verklega náminu um sláttinn, og greiði þeir þá dvalarkostnað sinn síðari námsveturinn.

14. gr.

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundum eða í vinnu í verklegu námi, ber skólastjóra að áminna hann. Og ef það ber ekki árangur, skal honum vísað burtu úr skólanum.

V. KAFLI
Próf og vitnisburðir.

15. gr.

Nemendum er skylt að ganga undir próf í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru, nema söng og smíðum.

16. gr.

Nú getur nemandi ekki gengið undir próf sökum veikinda eða annara gildra forfalla, og getur skólastjóri þá leyft honum að ljúka prófi á öðrum tíma. Geti nemandi ekki stundað leikfimi sakir líkamlegrar vanheilsu og þess vegna ekki gengið undir próf í henni, getur skólastjóri veitt undanþágu frá því, þó því að eins, að viðkomandi nemandi leggi fram vottorð um vanheilsu sína frá lækni skólans.

17. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða, hvort úrlausnarefnin skuli vera munnleg, skrifleg eða hvorttveggja. Einkunnir skal gefa fyrir frammistöðu nemendanna, sbr. 18. og 20. gr. Tekið skal tillit til einkunna frá vetrarprófunum við einkunnargjöfina.

18. gr.

Próf í stærðfræði sé skriflegt. Skulu gefnar 2 einkunnir, önnur fyrir reikning og hin fyrir flatar- og rúmmálsfræði. Í jarðræktar- og búfjárfræði er prófið bæði munnlegt og skriflegt. Skulu sérstakar einkunnir gefnar fyrir hvort um sig í hvorri grein. Próf í íslenzku sé skriflegt og munnlegt. Meðaltalið gildir sem ein einkunn. Í öðrum greinum er prófið munnlegt eða skriflegt eftir ákvæðum skólastjóra og kennara. Eftirtaldar námsgreinir skulu lagðar saman tvær og tvær til einnar einkunnar þannig að einkunnir verði fjórar:

1. Búreikningar og hagfræði.
2. Mjólkurfræði og arfgengisfræði.
3. Steinafræði og búnaðarsaga.
4. Þjóðfélagsfræði og landafræði.

Í verklegu skulu gefnar þessar einkunnir:

a. fyrir dugnað,
b. — framræslu,
c. — jarðvinnslu,
d. — dreifing sáðvöru og áburðar,
e. — garðrækt,
f. — dagbókarfærslu.

19. gr.

Við skrifleg próf skal ætla 2—4 stundir til úrlausnar verkefna eftir ákvörðun kennara. Noti nemendur óleyfileg hjálpargögn við próf, veiti eða þiggi hjálp, hafa þeir fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn.

20. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum, frá 1—10 í heilum tölum og tíundu hlutum. Gefa skal einkunina 0 fyrir afleita frammistöðu, og fellir hún sbr. 21. gr.

21. gr.

Fullnaðareinkunn er meðaltal allra samantaldra einkunna. Til þess að nemandi standist próf, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5,00. Þó stenzt enginn próf, er fengið hefir 0 í einni grein eða 1 í fleiri greinum en einni. Kennarar skulu í sameiningu gefa nemendum einkunn fyrir hegðun.

Fullnaðareinkunnirnar	9,00—10,00	teljast	ágætiseinkunn	75
——	7,25— 8,99	—	I. einkunn	22. maí
——	6,00— 7,24	—	II. —	
——	5,00— 5,99	—	III. —	

22. gr.

Að afloknu námi skal afhenda nemendum þeim, sem standast prófin, prófskírteini með árituðum einkunnum fyrir hverja námsgrein ásamt fullnaðareinkunn. Þeim nemendum, sem ljúka ekki námi og ganga ekki undir próf, skal afhenda vottorð með skýringum á ástæðum þeim, er til þess eru, að viðkomandi hefir ekki lokið námi.

Einkunnir og vottorð nemenda skulu birt í skólaskýrslum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 26 13. janúar 1938 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

76
23. maí

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Fnjóskár.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Fnjóskár. Heimili þess og varnarþing er á Skógum í Fnjóskadal.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxrækt,
2. að selja stangarveiði á leigu eða reka laxveiði fyrir alla félagsmenn, sameiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til lax- og silungsveiði í Fnjóská og öllum ám er í hana falla. Félagsmenn eru allir ábúendur þeirra jarða, er land eiga að nefndum vötnum, en þær eru: Þverá, Þúfa, Vestari-Krókar, Austari-Krókar, Garður, Ytri-Hóll, Litli-Hóll, Syðri-Hóll, Böðvarsnes, Végeirsstaðir, Veisa, Veisusel, Hallgilsstaðir, Fornastaðir, Sigríðarstaðir, Birningsstaðir, Háls, Vaglir, Lundur, Þórðarstaðir, Belgsá, Bakki, Bakkasel, Sörlastaðir, Snæbjarnarstaðir, Tunga, Reykir, Hjaltadalur, Selland, Illugastaðir, Kotungsstaðir, Grjótárgerði, Fjósatunga, Brúnagerði, Steinkirkja, Veturliðastaðir, Hróastaðir, Skógar, Nes, Ljótsstaðir, Hrísgerði, Víðivellir, Vatnsleysa, Dæli, Grímsgerði, Draflastaðir, Melar, Skuggabjörg, Laufás, Þorsteinsstaðir, Nollur, Sæból, Kljáströnd, Nes, Borgargerði, Miðgerði, Pálsgerði, Litlagerði, Skarð.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í vötnum þessum nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

76 23. maí

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið rekur lax- og silungsveiði við Fnjóská og ræður mann til að standa fyrir veiðinni. Nefnist hann veiðistjóri.

7. gr.

Veiðistjóri annast um framkvæmdir félagsveiðinnar. Ræður hann menn sér til aðstoðar eftir þörfum. Hann sér um verkun og sölu á veiðinni, og færir alla reikninga þar að lútandi, allt í samráði við félagsstjórn.

8. gr.

Félagið starfrækir laxaklak ef þörf gerist á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

9. gr.

Stjórnina skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir 2 ár. Síðan helzt sama röð. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll hamli, eða hann hafi verið 3 ár í stjórn.

10. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður veiðistjóra og klakstjóra og gerir við þá samninga um kaup og önnur kjör, enda samþykki lögmætur félagsfundur þá samninga. Hún hefir eftirlit með því að samþykkt félagsins sé hlýtt og má ráða menn sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

11. gr.

Aðalfund heldur félagið í júnímánuði ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara og sé fundarefnis getið í fundarboði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur félagsreikninga. Hann kveður á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

12. gr.

Aukafundi heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ af félagsmönnum æskir þess og tilgreinir fundarefni.

13. gr. 76

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðal- 23. maí
fund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

14. gr.

Arði af sameiginlegri veiði, svo og öllum gjöldum, er af starfsemi þessari leiða, skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá, að þeim tíma liðnum, gildir gamla arðskráin áfram. Félagsmenn skulu greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Eigi má úthluta arði samkv. 14. gr., fyrr en eftir aðalfund.

15. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr. og veiði, eða andvirði hennar, gerð upptæk og renni í félagssjóð.

16. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt, nema ⅔ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

17. gr.

Félaginu má slíta ef ⅔ félagsmanna samþykkja það. Eignum eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafna niður á félagsmenn eftir hlutföllum arðskrár.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 77

23. maí

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Fellsstrandar.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Fellsstrandar. Heimili þess og varnarþing er á Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er, að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxrækt,
2. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir,
3. að banna alla netaveiði í ánum næstu 10 ár.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Kjarlaksstaðaá, Flekkudalsá og Tunguá. Félagsmenn eru allir þeir, sem veiðirétt hafa í nefndum ám, en veiðirétt eiga þar þessar jarðir: 1. Kjarlaksstaðir, 2. Ytrafell, 3. Harastaðir, 4. Staðarfell, 5. Túngarður, 6. Hallsstaðir, 7. Svínaskógur, 8. Orrahóll, 9. Stóra-Tunga, 10. Litla-Tunga, 11. Stóri-Galtardalur og 12. Litli-Galtardalur.

77 4. gr.

23. maí Óheimilt er öllum að veiða fisk í vötnum þessum, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar. Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja ár á félagssvæðinu, eða hluta af þeim, einstökum mönnum eða félögum til stangarveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið; þó má það leyfi eigi vera til lengri tima en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið starfrækir laxarækt á þann hátt, að kaupa laxaseiði til uppeldis í nefndum ám í samráði við fiskræktarráðunaut og gera árnar á félagssvæðinu laxgengar. Kostnaði við félagsskapinn skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins til tekur.

7. gr.

Stjórnina skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, þannig: Formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir hlutkesti eftir tvö ár; síðan helzt sama röð.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu nema lögmæt forföll hamli eða hann hafi verið þrjú ár í stjórn.

8. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún ræður eftirlitsmenn; skulu þeir starfa án endurgjalds.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með störfum félagsins og fjárreiðum þess öllum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundi.

Þegar laxveiði er komin í ár þessar, starfrækir félagið laxaklak, ef því virðist það haganlegra og velur félagsstjórnin því stað þar sem haganlegast þykir, í samráði við fiskræktarráðunaut, og ræður klakstjóra. Klakkostnaður allur greiðist á sama hátt og önnur gjöld sem af félagsskap þessum leiða.

9. gr.

Aðalfund heldur félagið fyrir 1. marz ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Aðalfundur kýs stjórn og tvo endurskoðendur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykkt og gjaldskrá (arðskrá) eða félagsslit.

10. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðalfund og lagðir þar fram endurskoðaðir til úrskurðar.

12. gr. 77

Stjórninni skal falið að semja arðskrá í samráði við fiskræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Arðskrá er komin í gildi, ef lögmætur fundur samþykkir hana og undirrituð er af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 10 ára í senn og er háð staðfestingu ráðherra. 23. maí

Kostnað, er leiðir af starfsemi félagsins, skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli og þeir taka arð.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum til sýslusjóðs, allt að 1000 krónum, og öðrum viðurlögum samkvæmt XIV. kafla laga nr. 61 23. júní 1932.

14. gr.

Lögum þessum verður ekki breytt nema ⅔ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef ⅔ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT 78

fyrir Fiskræktarfélag Súgfirðinga. 23. maí

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktarfélag Súgfirðinga. Heimili þess og varnarþing er Suðureyri í Súgandafirði.

2. gr.

Markmið félagsins er að koma á laxveiði í Staðará og Botnsá í Suðureyrarhreppi, svo sem með klaki, friðun og eyðingu hvers konar veiðivargs, setja reglur um veiðitæki og veiðiaðferðir, ef nauðsyn krefur, eftir því sem lög leyfa. Sömuleiðis getur félagið tekið upp félagsveiði, enda sé um það efni fullnægt ákvæðum 70. gr. laga nr. 61 23. júní 1932.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að Staðará og Botnsá.

4. gr.

Félagið kaupir laxaseiði til uppeldis í vötnum sínum eða starfrækir laxaklak, eftir því sem við verður komið og um semst, í félagi við Fiskiræktarfélag Önfirðinga. Kostnaði við þessa starfsemi skal jafnað á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá félagsins.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skal jafnan einn af þeim eiga heima í Botni. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja

78 ára í senn og ganga úr stjórninni einn í senn, fyrstu árin eftir hlutkesti. Sömuleiðis
23. maí skulu kosnir tveir varamenn.

6. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar fundi og stýrir þeim. Verði félagsveiði, hefir stjórnin á hendi framkvæmd og umsjón hennar.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn í marz eða aprílmánuði ár hvert. Skal formaður boða hann skriflega eða millilíðalaust með þriggja daga fyrirvara. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar fundarins. Þar skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári. Skulu þar og kosnir tveir endurskoðendur reikninga. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum, nema um breytingar á samþykkt eða gjaldskrá eða félagsslit sé að ræða. Aðalfundur er lögmætur ef ¼ félagsmanna mætir. Enginn má fara með nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

8. gr.

Aukafundi heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess skriflega til félagsstjórnar og tilgreinir fundarefni.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

10. gr.

Semja skal gjaldskrá, sem sýni hundraðshluta þann af stofnkostnaði og árskostnaði, sem hver félagsmaður á að greiða samkv. lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61 frá 23. júní 1932. Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja. Má aðeins breyta henni samkvæmt þeim ákvæðum, sem gilda um breytingar á samþykktinni.

11. gr.

Gjalddagi tillaganna er 1. október.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að tvö hundruð krónum, sem renna í sýslusjóð. Enn fremur skal hinn brotlegi sóttur til skaðabóta, ef aðalfundur kveður svo á. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, ef tveir þriðju fundarmanna samþykkja það og breytingartillögurnar hafa verið birtar í fundarboðinu.

14. gr.

Félaginu má slíta ef tveir þriðju félagsmanna samþykkja það. Skuldum og eignum félagsins á þeim tíma skal jafnað niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskránni.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

79
23. maí

GJALDSKRÁ

fyrir Fiskræktarfélag Súgfirðinga.

Staður	27	einingar
Bær	25	—
Vatnadalur	23	—
Botn	25	—
Samtals	100	einingar

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

80
24. maí

SKRÁ

um lyf, samsvarandi nokkrum sérlyfjum.

Lyfsölum og læknum, sem lyfjasölu hafa á hendi, skal skylt að láta jafnan úti gegn ávísun á sérlyf samsvarandi lyf sérlyfinu samkvæmt skrá þessari, nema læknirinn hafi getið þess á lyfseðlinum, að hann óski sérstaklega eftir því, að sjálft sérlyfið sé afgreitt, og þá með því að rita orðið „original“ eða skammstöfun þess orðs aftan við lyfjaheitið.

Heiti sérlyfs	Framleiðandi	Samsvarandi lyf
Abasin	Bayer	Acetcarbromalum D. D.
Adalin	—	Carbromalum Ph. D.
— tölur	—	Tablettae carbromali Ph. D.
Afatyl tölur	ASA	Tablettae magnyli Ph. D.
Airol	Roche	Bismuthi oxyjodogallas Ph. D.
Albyl tölur	Leo	Tablettae magnyli Ph. D.
Algophon ampullae	—	Solutio tetraponi pro injectione Ph. D.
Anaesthesin	Bayer	Benzocainum Ph. D.
Aspirin	—	Acidum acetylsalicylicum Ph. D.
— tölur	—	Tablettae acidi acetylsalicylici Ph. D.
Atophan	S. K.	Cinchophenum Ph. D.
— tölur		Tablettae cinchopheni Ph. D.
Barbinal	Astra	Acidum phenylaethylbarbituricum Ph. D.
— tölur 0.015 gr.	—	Tablettae acidi phenylaethylbarbiturici mites Ph. D.
— — 0.10 gr.	—	Tablettae acidi phenylaethylbarbiturici Ph. D.
Barbinal natrii	—	Natrii phenylaethylbarbituras Ph. D.
Broidol	Mco	Solutio hydrogenii peroxydi Ph. D.

80	Heiti sérlyfs	Framleiðandi	Samsvarandi lyf
24. maí	Bromural	Knoll	Bromisovalum Ph. D.
	— tölur	—	Tablettae bromisovali Ph. D.
	Calcium Sandos duft	Sandos	Calcii gluconas D. D.
	— — solutio	—	Solutio calcii gluconatis pro injectione D. D.
	Cardiazol	Knoll	Pentazolum D. D.
	— liquidum	—	Solutio pentazoli D. D.
	— ampullae	—	Solutio pentazoli pro injectione D. D.
	Cebion	Merck	Acidum ascorbinicum D. D.
	— tölur	—	Tablettae acidi ascorbinici D. D.
	Cephatyl tölur	Leo	Tablettae coffiplex D. D.
	Chloretone	—	Chlorbutolum Ph. D.
	Cibalgin tölur	Ciba	Tablettae diallypyrini Ph. D.
	Codyl tölur	Leo	Tablettae phenacetyli cum codeino D. D.
	Cophen tölur	—	Tablettae coffeo-phenacetini D. D.
	Coramin ampullae	Ciba	Solutio nicaethamidi pro injectione D. D.
	— liquidum	—	Solutio nicaethamidi D. D.
	Crystallose	Heyden	Saccharinum solubile Ph. D.
	Decamin fortior	Ido	Oleum Jecoris Hippoglossi D. D.
	Dermatol	Bayer	Bismuthi subgallas Ph. D.
	Dextropur	Maizena Werke	Glucosum Ph. D.
	Dial	Ciba	Diallynalum Ph. D.
	— tölur	—	Tablettae diallynali Ph. D.
	Dionin	Merck	Aethylmorphini hydrochloridum Ph. D.
	Diuretin	Knoll	Theobromino natrii salicylas Ph. D.
	Ephedrin ampullae	Merck	Solutio ephedrini hydrochloridi pro injectione D. D.
	-- tölur	—	Tablettae ephedrini hydrochloridi D. D.
	Ephetonin	—	Ephedrini hydrochloridum Ph. D.
	Ephetonin tölur	—	Tablettae ephedrini hydrochloridi D. D.
	— ampullae	—	Solutio ephedrini hydrochloridi pro injectione D. D.
	Finol B	Asa	Paraffinum liquidum Ph. D.
	Gealgica tölur	Leo	Tablettae phenacetyli cum codeino D. D.
	Gelonida tölur	Lundbeck	Tablettae phenacetyli cum codeino D. D.
	Glucalsin	Leo	Solutio calcii gluconatis pro injectione D. D.
	Haemorrhoidal suppositoria	Jacobs	Suppositoria haemorrhoidalia D. D.
	Heroinum hydrochloridum	Bayer	Diacetylmorphini hydrochloridum Ph. D.
	Histamin ampullae	Roche	Solutio histamini hydrochloridi pro injectione D. D.
	Hydrated Magnesia	P. D. & Co.	Suspensio magnii hydroxydi D. D.
	Ido-Phenacetyl tölur	Ido	Tablettae phenacetyli D. D.
	Idotyl tölur	—	Tablettae acidi acetylsalicylici Ph. D.
	Isacen	Roche	Acetphenolisatinum Ph. D.
	— granula	—	Tablettae acetphenolisatini Ph. D.
	Isonal	Leo	Allypropynalum Ph. D.
	— tölur	—	Tablettae allypropynali Ph. D.
	Jodtetragnost	Merck	Jodphtaleinum D. D.
	Kohle-compretten	—	Tablettae carbonis medicinalis D. D.

Heiti sérlyfs	Framleiðandi	Samsvarandi lyf
Larostidin ampullae	Roche	Solutio histidini hydrochloridi pro injectione D. D.
Lenigallol	Knoll	Pyrogalloli triacetas Ph. D.
Leocain A. solutio	Leo	Solutio procaini hydrochloridi pro injectione D. D.
Leocoal tölur	—	Tablettae carbonis medicinalis D. D.
Luminal	Bayer & Merck	Acidum phenylaethylbarbituricum Ph. D.
— tölur	—	Tablettae acidi phenylaethylbarbiturici Ph. D.
Luminaletten	—	Tablettae acidi phenylaethylbarbiturici mites Ph. D.
Luminal natrium	—	Natrii phenylaethylbarbituras Ph. D.
Medinal	S. K.	Natrii diaethylbarbituras Ph. D.
Methylenblau med.	Bayer	Methylthionini chloridum D. D.
Mianin	Lundbeck	Chloraminum Ph. D.
— tölur	—	Tablettae chloramini Ph. D.
Mitigal	Bayer	Mesulfenum D. D.
Nicordamin ampullae	Leo	Solutio nicaethamidi pro injectione D. D.
— dropar	—	Solutio nicaethamidi D. D.
Nirvapon ampullae	—	Solutio tetraponi pro injectione Ph. D.
— dropar	—	Solutio tetraponi Ph. D.
Noctifen dropar	—	Solutio hypnopheni Ph. D.
Novatyl tölur	A. S. A.	Tablettae magnyli Ph. D.
Novocain	Bayer	Procaini hydrochloridum Ph. D.
Nujol	D. D. P. A.	Paraffinum liquidum Ph. D.
Oxydol 3% uppl.	Petri	Solutio hydrogenii peroxydi Ph. D.
Ouabain Strophantin	—	G-Strophanthinum Ph. D.
Panflavin tölur	Bayer	Tablettae euflavini orales D. D.
Pantopon	Roche	Tetraponum Ph. D.
— ampullae	—	Solutio tetraponi pro injectione Ph. D.
Paragar	Gea	Emulsio paraffini D. D.
Perhydrol	Merck	Solutio hydrogenii peroxydi concentrata Ph. D.
Peruscabin	Bayer	Benzyli benzoas D. D.
Phenalbyl tölur	Leo	Tablettae phenacetyli D. D.
Pyelol tölur	Mco	Tablettae calcii chloridi cum salolo D. D.
Pyramidon	Bayer	Amidopyrinum Ph. D.
— tölur	—	Tablettae amidopyrini Ph. D.
Racedrin	—	Ephedrinum D. D.
— ampullae	—	Solutio ephedrini hydrochloridi pro injectione D. D.
— tölur	—	Tablettae ephedrini hydrochloridi D. D.
Roebarit	Fahlberg	Barii sulfas Ph. D.
Somnifen ampullae	Roche	Solutio hypnopheni pro injectione Ph. D.
— dropar	—	Solutio hypnopheni Ph. D.
Stryphnon	Chemosan	Adrenoni hydrochloridum D. D.
Sulfosin	Leo	Oleum sulfuris pro injectione D. D.
Suprarenin	Bayer	Adrenalinum Ph. D.
— solutio	—	Solutio adrenalini hydrochloridi Ph. D.
Sympatol	Ingelheim	Oxedrini tartras D. D.

80
24. maí

80 24. maí

Heiti sérlyfs	Framleiðandi	Samsvarandi lyf
Sympatol ampullae	Ingelheim	Solutio oxedrini pro injectione D. D.
Tannalbin	Knoll	Albumini tannas D. D.
— tölur	—	Tablettae albumini tannatis D. D.
Theocin	Bayer	Theophyllinum Ph. D.
Thebaicin	Gea	Tetraponum Ph. D.
— ampullae	—	Solutio tetraponi pro injectione Ph. D.
— dropar	—	Solutio tetraponi Ph. D.
Trypaflavin	Bayer	Euflavinum D. D.
Urotropin	S. K.	Hexamethylentetraminum Ph. D.
Vasocordin	Leo	Oxedrini tartras D. D.
— ampullae	—	Solutio oxedrini pro injectione D. D.
Veronal	Bayer & Merck	Acidum diaethylbarbituricum Ph. D.
Veronal natrium	—	Natrii diaethylbarbituras Ph. D.

Nú er sérlyf ekki greint í þessari skrá og er þó augljóslega samsvarandi lyfi, greindu í hinni opinberu lyfjaskrá eða lyfi, sem auðvelt er að setja saman úr þar greindum efnum, eða lyfi greindu í viðurkenndu lyfseðlasafni, og skal þá fara um afgreiðslu þess samkvæmt því, eins og það væri greint í þessari skrá.

Skrá þessi er gefin út samkvæmt ákvæðum 10. gr. tilskipunar nr. 112 20. ágúst 1938 um gerð og afgreiðslu sérlyfja.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. maí 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

81 26. maí

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Hvammstangaskólahverfi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Hvammstangaskólahverfi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Hvammstangaskólahverfis er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á tyggigúmmí, spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd

hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá að því at- 81
huguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim. 26. maí

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðstofum, danssölum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu 15. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum eða í nauðsynlegum erindum í þeirra þágu.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé fram fylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur nema með fengnu leyfi barnaverndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING 82

26. maí

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Eskifjarðarhreppi.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Eskifjarðarhreppi.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Eskifjarðarhrepps er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.

Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

82 3. gr.
26. maí Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang né hafist þar við og liggja sektir við, ef út af er brugðið.

5. gr.

Verzlunum, ölstofum og knattborðstofum ber að hafa eintak af reglugerð þessari hangandi á vegg inni á sölustaðnum.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

83 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Jóhönnu Bjarna-
15. júní dóttur, Ísafirði", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 15. júní 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Jóhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Minningarsjóður frú Jóhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði", og er stofnaður til minningar um frú Jóhönnu Bjarnadóttur, Ísafirði, er andaðist 5. marz 1934, 26 ára gömul. Stofnfé sjóðsins er kr. 1200.00 — eitt þúsund og tvö hundruð krónur — frá eftirlifandi eiginmanni hennar, Guðjóni E. Jónssyni, bankaútibússtjóra, Ísafirði.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn í bankavaxtabréfum veðdeildar Landsbanka Íslands, Reykjavík, að nafnverði kr. 1000.00, og innstæðu í sparisjóðsbók við útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði að upphæð kr. 200.00.

Skal fé sjóðsins jafnan geymt í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands eða öðr- 83
um veðvaxtabréfum jafntryggum, er koma kunna í þeirra stað, ef veðdeild Lands- 15. júní
bankans yrði lögð niður. Þó skulu smáupphæðir, sem kunna að vera umfram vaxta-
bréfafúlgu sjóðsins á hverjum tíma, geymast í sparisjóði Landsbankans á Ísafirði.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar fátækum sjúklingum á sjúkrahúsi Ísafjarðar, án tillits til þess hvaðan sjúklingar þessir eru. Til styrkveitinga má verja allt að ¾ hlutum af ársvöxtum sjóðsins, en ¼ hluti vaxtanna skal jafnan lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 50000.00. Úr því má verja ⁹⁄₁₀ hlutum af vöxtum hans til styrkveitinga, en ¹⁄₁₀ hluti leggist jafnan við höfuðstólinn.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit og vextir af eignum hans. Reikningshaldari sjóðsins er bæjarfógetinn á Ísafirði, eða sá er kemur í hans stað, ef því embætti kynni að verða breytt. Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í Lögbirtingablaðinu, endurskoðaðir af endurskoðunarmönnum bæjarreikninga Ísafjarðarkaupstaðar. Reikningshaldari sjóðsins, læknir sjúkrahúss Ísafjarðar, og sóknarpresturinn á Ísafirði hafa á hendi úthlutun styrktarfjár úr sjóðnum.

5. gr.

Fyrsta úthlutun á styrk úr sjóðnum skal fara fram 13. desember 1957, en þann dag eru liðin 50 ár frá fæðingu Jóhönnu Bjarnadóttur. Eftirleiðis skal úthluta styrknum hinn 13. desember ár hvert.

6. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ísafirði, 19. maí 1939.

SAMÞYKKT

84
15. júní

fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Straumfjarðarár. Heimili þess og varnarþing er að Fáskrúðarbakka í Miklaholtshreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni með því:

1. að stunda laxaklak,
2. að leigja ána til stangaveiði eða að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum eða fleiri stöðum, ef henta þykir.

3. gr.

Félagið hefir umráð yfir öllum rétti til laxveiði í Straumfjarðará. Félagsmenn eru allir ábúendur eða eigendur jarða þeirra, sem lönd eiga að ánni, en þær eru: Hrísdalur, Dalur, Hofsstaðir, Straumfjarðartunga, Borgarholt, Fáskrúðarbakki, Stakkhamar og Laxárbakki.

84 15. júní

Takmörk félagssvæðisins að neðan eru þar, sem áin rennur fyrir löndum neðstu jarðanna, allt í sjó fram, en að ofan við upptök árinnar, þar sem hún fellur úr Baulárvallavatni.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða lax í á þessari, nema með sérstöku og skriflegu leyfi félagsstjórnar.

Skal þar tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórn að leigja ána, eða hluta af henni, einstökum mönnum eða félögum, til stangaveiði, ef sýnilegt þykir, að það sé hagur fyrir félagið. Þó má það leyfi eigi vera til lengri tíma en eins árs, nema lögmætur fundur samþykki, og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi yrði til umræðu.

6. gr.

Félagið starfrækir laxaklak á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórn velur í samráði við fiskimálaráðunaut, eða sér á annan hátt um að klak verði sett í ána. Kostnaði þeim, sem af þessu kann að verða, skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins til tekur.

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn: formaður og tveir meðstjórnendur, og skal hún sjálf velja sér formann. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn. Sá sem fyrstur hefir verið valinn formaður, skal ganga úr stjórninni eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn skal svo ganga úr með hlutkesti eftir tvö ár, og hinn svo á þriðja ári. Úr því skulu stjórnendur ganga úr í sömu röð árlega.

Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema alveg sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn félagsins í 3 ár samfleytt.

8. gr.

Stjórnin hefir á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefir og eftirlit með því, að samþykkt félagsins sé hlýtt, og má ráða mann sér til aðstoðar, þó án kostnaðar fyrir félagið.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við, og hefir yfirumsjón með störfum þess og öllum fjárreiðum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum.

9. gr.

Aðalfund heldur félagið í janúar ár hvert, í fyrsta sinn í janúar 1940. Aðalfundur er lögmætur ef hann er boðaður skriflega með minnst þriggja daga fyrirvara og sé fundarins og efni hans getið í fundarboði.

Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári, leggur fram áætlun og tillögur um starfsemi þess á næsta ári.

Þar leggur hún og fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Auk stjórnar kýs og aðalfundur tvo endurskoðendur félagsreikninganna. Hann kveður og á um laun stjórnar og annara starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, nema um breytingar á samþykktum sé að ræða eða félagsslit.

10. gr.

Aukafund heldur stjórnin þegar henni þykir ástæða til, eða ef ¼ félagsmanna æskir þess, og tilgreinir fundarefni.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar fullgerðir fyrir aðal- 84
fund og lagðir þar fram til úrskurðar. 15. júní

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefir samþykkt og undirrituð er að minnsta kosti af ⅔ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára í senn. Náist ekki samkomulag um nýja arðskrá að þeim tíma liðnum, gildir hin gamla áfram. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

Tekjum félagsins skal skipt eins fljótt og unnt er, þá er þær hafa borgazt inn.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 100—500 kr., og veiði eða andvirði hennar, svo og veiðitæki skulu gerð upptæk og verða eign félagssjóðs.

14. gr.

Samþykkt þessari verður ekki breytt nema ⅔ mættra félagsmanna á aðalfundi samþykki breytinguna.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef ⅔ félagsmanna samþykkja það. Eignum félagsins eða skuldum, sem þá kunna að verða, skal jafnað niður samkvæmt arðskrá.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

ARÐSKRÁ 85

fyrir Veiðifélag Straumfjarðarár í Miklaholtshreppi, samþykkt á stofnfundi félagsins að Fáskrúðarbakka 25. apríl 1938. 15. júní

Öllum tekjum og gjöldum félagsins skal skipta á milli jarða þeirra, sem félagssvæðið tekur yfir, í eftirtöldum hundraðshlutföllum:

Dalur	16 %
Hrísdalur	16 —
Hofstaðir	9 —
Straumfjarðartunga	9 —
Borgarholt	16 —
Fáskrúðarbakki	16 —
Stakkhamar	9 —
Laxárbakki	9 —
Alls	100 %

85 15. júní

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

86 5. júní

AUGLÝSING

um húsaleigu utan Reykjavíkur.

Samkvæmt 7. gr. laga frá 4. apríl 1939 um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, er óheimilt á tímabilinu til 14. maí 1940, að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem goldið og umsamið er þegar lög þessi öðlast gildi og eins þó að samið hafi verið um hækkun leigunnar vegna gengisbreytingar. Ennfremur er leigusala á sama tíma óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema hann þurfi á því að halda fyrir sjálfan sig eða vandamenn sína, enda hafi leigutaki haldið samninga.

Utan Reykjavíkur skulu fasteignamatsnefndir hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar lagagreinar sé fylgt og úskurða allan ágreining, sem út af þeim kann að rísa milli leigutaka og leigusala. Skylt er að leggja fyrir hlutaðeigandi fasteignamatsnefnd til samþykktar alla leigumála, sem gerðir eru eftir að téð lög öðluðust gildi. Fasteignamatsnefndir skulu gæta þess, að leiga sé ekki ákveðin hærri en sambærilegt er við eldri leigusamninga að þeirra dómi og hafa þær vald til þess að ákveða upphæð leigunnar ef þörf gerist. Ennfremur skulu fasteignamatsnefndir meta leigu fyrir ný hús.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum samkvæmt framangreindum lögum.

Þetta tilkynnist hér með öllum hlutaðeigendum til eftirbreytni.

Félagsmálaráðuneytið, 5. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Vigfús Einarsson.

87 13. júní

AUGLÝSING

um veitingaskatt af vörum, sem seldar eru í brauðbúðum og mjólkurbúðum.

Úrskurðar ráðuneytisins hefir verið beiðzt um eftirfarandi atriði:

1. Hvort greiða beri veitingaskatt af brauði og kökum, sem neytt er í brauð- og mjólkurbúðum, þar sem eru nokkur borð og stólar til afnota fyrir þá, sem neyta þessara vara þar.
2. Hvort greiða beri veitingaskatt af hvítöli, sem er eigin framleiðsla og selt er 15 aurum dýrara flaskan ef þess er neytt inni í brauð- og mjólkurbúðum, heldur en ef farið er með það út.
3. Hvort greiða beri veitingaskatt af mjólk í glösum, sem seld er með svipaðri álagningu og ölið.

4. Hvort greiða beri umræddan skatt af allskonar sælgæti, sem selt er í búð- 87
inni og ýmist er neytt inni í henni eða utan hennar. 13. júní

Út af þessu hefir ráðuneytið tekið fram eftirfarandi:

Við 1. Ráðuneytið lítur svo á, að allt það brauð og allar þær kökur, sem seldar eru til neyzlu í brauð- og mjólkurbúðum, sé skattskylt samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. laga nr. 99 1933, um veitingaskatt, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 64 1933, um veitingaskatt o. fl.

Við 2. Þá verður ráðuneytið að telja, að allt öl, sem selt er í umræddum búðum til neyzlu á staðnum, sé veitingaskattsskylt samkvæmt 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga nr. 99 1933, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 21 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Það skiptir engu máli hvort ölið er eigin framleiðsla eða annara framleiðsla. Ekki skiptir heldur máli, þó að veitingasali greiði innlent tollvörugjald af ölinu.

Við 3. Ráðuneytið telur, að ef mjólk þessi er seld með meira álagi en 25% frá almennu söluverði á viðkomandi stað sé hún skattskyld eftir ákvæðum 2. mgr. 1. gr. veitingaskattslaganna, sbr. 1. gr. veitingaskattsreglugerðarinnar.

Við 4. Það er ljóst eftir veitingaskattslögunum, að sælgæti, sem selt er út úr búðum, er veitingaskattsfrjálst. Hins vegar verður að teljast, að sælgæti, sem í brauð- og mjólkurbúðum er selt til neyzlu á staðnum, sé veitingaskattsskylt eftir veitingaskattslögunum.

Fjármálaráðuneytið, 13. júní 1939.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Sigtr. Klemenzson.

REIKNINGUR 88

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1937.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf	kr. 31667.02		
b. Bankavaxtabréf	— 7600.00		
c. Sparisjóðsinnstæða	— 16640.42	kr.	55907.44
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr. 1372.79		
b. — bankavaxtabréfum	— 342.00		
c. — sparsjóðsinnstæðu	— 766.08	—	2480.87
		Kr.	58388.31

Gjöld:

1. Styrkur til ekkna sjómanna		kr.	2500.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr. 42500.00		
b. Bankavaxtabréf	— 7100.00		
c. Sparisjóðsinnstæða	— 6288.31	—	55888.31
		Kr.	58388.31

Tollstjórinn í Reykjavík, 18. febrúar 1938.

Jón Hermannsson.

89

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1939 til jafnlengdar 1940.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	226	67	226	67	189
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	34	17	205	02	171
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	34	00	204	00	170
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	24	29	291	48	243
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	25	42	203	36	169
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	16	17	161	70	135
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	166	25	166	25	139
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	160	50	214	00	178
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	24	148	80	124
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	92	110	40	92
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	40	168	00	140
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	75	90	00	75
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	16	83	100	98	84
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

89

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	2	85	42	75	36
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	8	55	34	20	28
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	6	85	41	10	34
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	6	28	37	68	31
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	5	83	46	64	39
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	4	93	59	16	49
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	47	112	80	94
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	83	»	»	177
43.	— 1 lambsfóður ..... á	9	33	»	»	187
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			209	06	174
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			129	30	108
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			100	98	84
	Eftir E. eða í lýsi			42	75	36
	Eftir F. eða í skinnavöru			55	26	46
	En meðalverð allra landaura samantalið			537	35	448
	og skipt með 5 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			107	47	90

Skrifstofu Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 15. febrúar 1939.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

90

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Suður-Múlasýslu og Neskaupstað

frá 16. maímánaðar 1939 til jafnlengdar 1940.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	205	33	205	33	171
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	29	47	176	82	147
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	29	91	179	46	150
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	24	55	196	40	164
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	20	64	247	68	206
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	23	87	190	96	159
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	14	20	142	00	118
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	170	33	170	33	142
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	153	46	204	61	171
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	19	142	80	119
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	88	105	60	88
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	31	157	20	131
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	76	91	20	76
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	18	80	112	80	94
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	10	00	40	00	33
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	10	25	61	50	51
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	»	»	»	»	»
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	26	06	156	36	130
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	93	»	»	179
43.	— 1 lambsfóður ..... á	8	89	»	»	178
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			190	40	159
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			124	20	103
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			112	80	94
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			50	75	42
	En meðalverð allra landaura samantalið			478	15	398
	og skipt með 4 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			119	53	99

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 16. marz 1939.

Fr. Þorsteinsson

— settur. —

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

91

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Austur-Skaftafellssýslu

frá 16. maímánaðar 1939 til jafnlengdar 1940.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	197	00	197	00	164
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	21	50	129	00	107
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	22	20	133	20	111
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	16	80	134	40	112
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	13	80	165	60	138
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	15	00	120	00	100
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	7	60	76	00	63
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	181	00	181	00	151
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	132	00	176	00	147
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	31	157	20	131
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	78	93	60	78
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	00	120	00	100
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	60	72	00	60
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	»	»	»	»	»
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

91

		Í peningum		Hundrað á		Alin
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	45	108	00	90
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	»	»	»	»	»
43.	— 1 lambsfóður ..... á	»	»	»	»	»
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			199	62	166
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			125	10	104
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			163	26	136
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			60	52	50
	En meðalverð allra landaura samantalið			548	50	456
	og skipt með 4 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			137	12	114

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 31. marz 1939.

Guðbr. Ísberg.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

105

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Skagafjarðarsýslu

frá 16. maímánaðar 1939 til jafnlengdar 1940.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	238	21	238	21	199
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	31	46	188	76	157
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	32	80	196	80	164
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	27	50	220	00	183
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	22	29	267	48	223
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	24	43	195	44	163
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	12	96	129	60	108
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	175	36	175	36	146
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	136	43	181	91	152
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	15	138	00	115
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	74	88	80	74
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	24	148	80	124
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	71	85	20	71
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	41	25	247	50	206
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

105

		Í peningum kr.	aur.	Hundrað á kr.	aur.	Alin aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	11	50	46	00	38
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	9	38	56	28	47
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	6	50	39	00	32
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	8	71	69	68	58
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	7	88	94	56	79
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	47	112	80	94
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	26	33	157	98	132
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	23	»	»	165
43.	— 1 lambsfóður ..... á	9	32	»	»	186
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			199	28	166
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			115	20	96
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			247	50	206
	Eftir E. eða í lýsi			»	»	»
	Eftir F. eða í skinnavöru			69	72	58
	En meðalverð allra landaura samantalið			631	70	526
	og skipt með 4 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			157	92	131

Skrifstofu Skagafjarðarsýslu, 2. apríl 1939.

Sigurður Sigurðsson.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 17. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

106

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Eyjafjarðarsýslu, Akureyri og Siglufjarðarkaupstað

frá 16. maímánaðar 1939 til jafnlengdar 1940.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	273	21	273	21	228
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	35	29	211	74	176
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	25	95	311	40	259
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	28	89	231	12	193
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	17	77	177	70	148
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	241	43	241	43	201
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	190	00	253	33	211
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	18	141	60	118
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	87	104	40	87
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	40	168	00	140
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	82	98	40	82
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	0	73	131	40	109
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	20	33	121	98	102
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	42	10	252	60	210
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

106

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	3	70	55	50	46
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	9	13	36	52	30
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	8	57	51	42	43
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	6	05	36	30	30
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	51	132	40	102
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	»	»	»	»	»
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum .... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	10	36	»	»	207
43.	— 1 lambsfóður ..... á	13	00	»	»	260
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			242	85	202
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			128	10	107
	Eftir C. eða í ullartóvöru			131	40	109
	Eftir D. eða í fiski			187	29	156
	Eftir E. eða í lýsi			55	50	46
	Eftir F. eða í skinnavöru			61	66	51
	En meðalverð allra landaura samantalið			806	56	671
	og skipt með 6 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			134	47	112

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, 8. marz 1939.

Sig. Eggerz.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 27. apríl 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

107

VERÐLAGSSKRÁ

sem gildir fyrir

Þingeyjarsýslu

frá 16. maímánaðar 1939 til jafnlengdar 1940.

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	A. Fríður peningur.					
1.	1 hndr., 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. ..... á	244	00	244	00	203
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fard. hver á	35	50	213	00	177
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti ..... hver á	»	»	»	»	»
4.	— 8 sauðir, tvævetrir, á hausti ..... hver á	33	75	270	00	225
5.	— 12 sauðir, veturgamlir, á hausti ..... hver á	25	20	302	40	252
6.	— 8 ær geldar á hausti ..... hver á	26	87	214	96	179
7.	— 10 ær mylkar á hausti ..... hver á	15	47	154	70	129
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fard. á	228	88	228	88	191
9.	— 1⅓ hryssu, á sama aldri ..... hver á	209	33	279	11	233
	B. Ull, smjör og tólg.					
10.	1 hndr., 120 pd. af hvítri ullu, vel þveginni .. pd. á	1	26	151	20	126
11.	— 120 pd. af mislitri ullu, vel þveginni ..... pd. á	0	91	109	20	91
12.	— 120 pd. af smjöri, vel verkuðu ..... pd. á	1	30	166	00	130
13.	— 120 pd. af tólg, vel bræddri ..... pd. á	0	65	78	00	65
	C. Tóvara af ullu.					
14.	1 hndr., 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði ..... pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 pör eingirnissokka ..... parið á	»	»	»	»	»
16.	— 30 pör tvíbandsgjaldsokka ..... parið á	»	»	»	»	»
17.	— 180 pör sjóvetlinga ..... parið á	»	»	»	»	»
18.	— 20 eingirnispeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
19.	— 15 tvíbandsgjaldpeysur ..... hver á	»	»	»	»	»
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, áln. breiðs, 1 al. á	»	»	»	»	»
21.	— 120 álnir einskeftu, 1 al. til 5 kv. breiðrar 1 al. á	»	»	»	»	»
	D. Fiskur.					
22.	1 hndr., 6 vættir af saltfiski, vel verkuðum .. vættin á	15	73	94	38	079
23.	— 6 vættir af harðfiski, vel verkuðum ... vættin á	30	92	185	52	155
24.	— 6 vættir af þyrsklingi, vel verkuðum .. vættin á	»	»	»	»	»
25.	— 6 vættir af ýsu, hertri ..... vættin á	»	»	»	»	»
26.	— 6 vættir af hákarli, hertum ..... vættin á	»	»	»	»	»

107

		Í peningum		Hundrað á		Alin
		kr.	aur.	kr.	aur.	aur.
	E. Lýsi.					
27.	1 hndr., 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
28.	— 1 tunna (120 pt.) hákarlalýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
29.	— 1 tunna (120 pt.) selslýsis ..... 8 pottar á	»	»	»	»	»
30.	— 1 tunna (120 pt.) þorskalýsis ..... 8 pottar á	2	59	38	80	32
	F. Skinnavara.					
31.	1 hndr., 4 fjórðungar nautsskinns ..... 10 pund á	7	90	31	60	26
32.	— 6 fjórðungar kýrskinns ..... 10 pund á	7	69	46	14	38
33.	— 6 fjórðungar hrossskinns ..... 10 pund á	5	83	34	98	29
34.	— 8 fjórð. sauðskinns, af tvæv. og eldri 10 pund á	»	»	»	»	»
35.	— 12 fjórð. sauðskinns, af veturg. og ám 10 pund á	»	»	»	»	»
36.	— 6 fjórðungar selskinns ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ..... hvert á	0	47	112	80	94
	G. Ýmislegt.					
38.	1 hndr., 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum .. pundið á	24	40	246	40	122
39.	— 40 pd. af æðardún, óhreinsuðum ..... pundið á	»	»	»	»	»
40.	— 120 pd. af fuglafiðri ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
41.	— 480 pd. af fjallagrösum ..... 10 pund á	»	»	»	»	»
42.	5 álnir, 1 dagsverk um heyannir ..... á	8	67	»	»	173
43.	— 1 lambsfóður ..... á	11	50	»	»	230
	Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:					
	Eftir A. eða í fríðu			238	38	199
	Eftir B. eða í ullu, smjöri og tólg			123	60	103
	Eftir C. eða í ullartóvöru			»	»	»
	Eftir D. eða í fiski			139	95	117
	Eftir E. eða í lýsi			38	80	32
	Eftir F. eða í skinnavöru			56	38	47
	En meðalverð allra landaura samantalið			597	11	498
	og skipt með 5 sýnir:					
	Meðalverð allra meðalverða			119	40	99

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, 7. febr. 1939.

Júl. Havsteen.

Framanrituð verðlagsskrá staðfestist hér með.

Fjármálaráðuneytið, 2. marz 1939.

F. h. r.

J. Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

108
14. júní

REGLUR

um kaupgjaldshækkun fastráðinna fjölskyldumanna samkvæmt 2. gr. laga frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

1. gr.

Kaupgjald fastráðinna fjölskyldumanna, sem hafa eigi hærri laun en segir í 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hækka á sama hátt og kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna, eftir því sem fyrir er mælt í 2. gr. 3. málgrein laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

2. gr.

Aðnjótandi þessara hlunninda eru þeir fastráðnir fjölskyldumenn, sem hafa eigi hærri laun en hér segir:

a. Í Reykjavík undir 300 kr. kaup á mánuði eða sem svarar 3600 kr. árstekjum.
b. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa undir 280 kr. kaup á mánuði eða sem svarar 3360 kr. árstekjum
c. Annarsstaðar á landinu undir 240 kr. kaup á mánuði eða sem svarar 2880 kr. árstekjum.

3. gr.

Til fastráðinna fjölskyldumanna teljast þeir, sem hafa fasta atvinnu, hvernig sem ráðningu eða kaupgreiðslu er hagað og hafa fyrir heimili að sjá, konu, börnum eða öðru vandafólki, þannig að þeir halda heimili vegna þeirra eða greiða meðlag með þeim, sem nemur meiru en hálfum ómagafrádrætti til skatts.

4. gr.

Félagsmálaráðherra úrskurðar ágreining út af framkvæmd þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 4. apríl 1939 um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Lög um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af konungi 6. apríl 1939, nr. 16.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 7 11. marz 1930 [Útvegsbanki Íslands h.f.], undirskrifuð af konungi 12. júní 1939, nr. 17.

Lög um viðauka við lög nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur], undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 18.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 19.

Lög um breyting á og viðauka við námulög nr. 50 30. júlí 1909, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 20.

Lög um ostrurækt, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 21.

Lög um viðauka við lög nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 22.

Lög um viðauka við lög nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 23.

Lög um dýralækna, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 24.

Lög um síldartunnur, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 25.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 26.

Lög um breyting á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 27.

Lög um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 28.

Lög um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 29.

Lög um breyting á lögum nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 30.

Lög um breyting á lögum nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 31.

Lög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 32.

Lög um viðauka við lög nr. 10 12. janúar 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 33.

Lög um breytingar á lögum nr. 27 13. janúar 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 34.

Lög um veiting ríkisborgararéttar, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 35.

Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 36.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 37.

Lög um viðauka við og breytingar á lögum nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 38.

Lög um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og um stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 39.

12. dag júlímánaðar 1939. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

Lög um breyting á lagaákvæðum um verðtolla, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 40.

Lög um breyting á lögum nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 41.

Auglýsing um viðskiptaákvæði milli Íslands og Argentínu, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 16. júní 1939, nr. 42.

109 10. júlí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Hvalskeri í Rauðasandshreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Hvalskeri í Rauðasandshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Hvalskeri í Rauðasandshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er suðvestur upp af Skershlein, þar sem hús kaupfélags Rauðasands standa.
2. Að norðvestan: Skershlein til sjávar, bein lína eftir netgirðingu.
3. Að suðvestan: Netgirðing.
4. Að suðaustan: Netgirðing og bein lína eftir henni til sjávar.
5. Að norðaustan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

110 10. júlí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Suðureyri í Tálknafjarðarhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðfylgjandi uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er á sunnanverðri eyrinni.
2. Að norðan: Girðingin og verksmiðjuhúsið.
3. Að vestan: Girðingin í steyputótt, þaðan bein lína í merkistein við girðinguna.
4. Að sunnan: Girðingin til sjávar.
5. Að austan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi. 110 10. júlí

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar í Haga í Barðastrandarhreppi.** 111 10. júlí

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar í Haga í Barðastrandarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Haga í Barðastrandarhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðfylgjandi uppdrætti svo sem hér segir:

1. Lóðin er norðvestur upp af lendingunni við Hagasjóinn þar sem sláturhús Barðstrendinga stendur.
2. Að vestan: Lækur frá flæðarmáli 150 metra upp að tjörn.
3. Að norðan: Frá tjörninni fylgi neðri brún hennar og fram með laut og þaðan bein lína í merki í norðausturhorni.
4. Að austan: Umgetið merki og bein lína í annað merki fyrir ofan sjávarmál, þaðan bein lína til sjávar fyrir austan fjörulendinguna.
5. Að sunnan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi.** 112 10. júlí

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Lambeyri í Tálknafjarðarhreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er þar sem bæjarhúsin á Lambeyri standa.
2. Takmörk lóðarinnar ákveðast þannig: Frá neðri enda götusneiðings utan við eyrina upp á svokallað Leiti, fram með sjónum hundrað metra, mælt frá stórstraumsflæðarmáli og inn að læknum utan við býlið Stekkjarbakka.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl

112 hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostn-
10. júlí að glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

113 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í
10. júlí Barðastrandarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar að Gjögrum í Rauðasandshreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar að Gjögrum í Rauðasandshreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús að Gjögrum í Rauðasandshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er við Gjögraból, þar sem sláturhús Sláturfélagsins Örlygur stendur.
2. Að norðvestan: Bein lína frá sjónum, um merki á bökkunum í Hreinlætisstein.
3. Að suðvestan: Bein lína frá Hreinlætissteini í merki í suðurhorni lóðarinnar.
4. Að suðaustan: Frá síðasttöldu merki í merki á bökkunum, bein lína til sjávar.
5. Að norðaustan: Sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hrepsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

114 **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins** til sýslumannsins í
10. júlí Barðastrandarsýslu, **um takmörkun verzlunarlóðarinnar á Sveinseyri í Tálknafjarðarhreppi.**

Með bréfi, dags. 28. apríl þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu viðvíkjandi takmörkum verzlunarlóðarinnar á Sveinseyri í Tálknafjarðarhreppi ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Sveinseyri í Tálknafjarðarhreppi sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

1. Lóðin er fyrir innan Sveinseyrarodda, þar sem vörugeymslu- og sláturhús Kaupfélags Tálknafjarðar stendur.
2. Að norðaustan: Neðri hliðstaur á heimreiðarvegi, bein lína í merki við sýkið.
3. Að austan: Sýkið til sjávar.
4. Að sunnan: Sjórinn.
5. Að norðvestan: Umgetinn hliðstaur, girðingin, bein lína yfir pollinn að steypustólpa, girðingin að öðrum steypustólpa og hornrétt á girðinguna til sjávar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppsins kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

AUGLÝSING

115
9. júní

um breyting á lyfsöluskrá.

Frá 15. þessa mánaðar hækkar verð erlendra sérlyfja (verksmiðjulyfja) um 20% frá greindu verði í lyfjaskrá II frá 20. september 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóvember 1937 og 4. ágúst 1938.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

116
21. júní

fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga. Skammstafað F. V. M. Heimili þess og varnarþing er Ásbyrgi í Miðfirði.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:

a. að stunda laxaklak eða kaupa laxaseiði til uppeldis, þegar það er samþykkt á aðalfundi;
b. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir og aðalfundur samþykkir með ⅔ greiddra atkvæða;
c. að friða ána fyrir hverskonar aðferðum til laxveiða nema stangaveiði, samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum er félagsstjórn leggur til og lögmætur félagsfundur samþykkir með ⅔ greiddra atkvæða;
d. að stuðla að því að nema burtu úr ánum tálmanir fyrir laxgöngu, er henta þykir og aðalfundur samþykkir.

3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að Miðfjarðará og ám þeim, er í hana falla, að undanteknum þeim jörðum sem land eiga eingöngu að Austurá fyrir framan Kambfoss. Þær jarðir, sem félagið nær yfir eru þessar: Stóri-Ós, Saurar, Ytri-Reykir, Syðri-Reykir, Efri-Torfustaðir, Neðri-Torfustaðir, Urriðaá, Bjarg, Bjargshóll, Uppsalir, Litlibakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Núpsdalstunga, Efri-Núpur, Þverá, Fosskot, Neðri-Núpur syðri, Neðri-Núpur ytri, Torfustaðir, Haugur, Litli-Hvammur, Litlatunga, Litlaþverá, Skeggjastaðir, Dalgeirsstaðir, Húkur, Kollafoss, Huppahlíð, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki, Melstaður, Barð, Sandar.

4. gr.

Félagið starfrækir laxaklak samkv. 1. gr. a. á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það og öðrum gjöldum skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

5. gr.

Arði af veiði félagsins skal skipta á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur samþykkir og hlotið hefir stjórnarráðsstaðfestingu. Arðskráin skal

116 endurskoðuð á 5 ára fresti. Náist ekki samkomulag um breytingu, fer um það samkv.
21. júní l. nr. 61 23. júní 1932, 64. gr. 3.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, ásamt þrem varamönnum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema hann hafi setið þrjú undanfarandi ár í stjórninni og getur þá verið laus jafnlangan tíma. Aðalfundur ákveður þóknun til stjórnarinnar.

7. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli funda. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefir yfirumsjón með öllum störfum þess og fjárreiðum, boðar fundi og gengst fyrir kosningu fundarstjóra. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Verði félagsveiði hefir stjórnin á hendi umsjón með framkvæmd hennar.

8. gr.

Aðalfund félagsins skal halda í janúar til marzmánaðar ár hvert. Þar skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðna árinu og leggur fram endurskoðaða reikninga til úrskurðar fundarins. Þar skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á yfirstandandi ári. Skulu þar og kosnir tveir endurskoðendur reikninga. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum á fundinum nema þar sem öðruvísi er ákveðið í samþykkt þessari. Aðalfundur er lögmætur ef ¼ félagsmanna mætir á fundinum. Aukafundi heldur stjórnin þegar hún telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna óskar og tilgreinir fundarefni. Enginn má fara með nema eitt atkvæði á fundum félagsins.

9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gjalddagi félagsgjalda er 1. okt. ár hvert.

10. gr.

Verði samþykkt félagsveiði á félagssvæðinu, eða aðeins leyfð stangarveiði, skal óheimilt að veiða silung í ánum í net, nema samþykkt aðalfundar komi til.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, allt að 1000 kr., er renni í félagssjóð; einnig séu veiðitæki upptæk. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi ef ⅔ fundarmanna samþykkja breytinguna, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði.

13. gr.

Félaginu má slíta ef ⅔ félagsmanna samþykkja félagsslit. Skuldum og eignum félagsins skal jafnað niður á félagsmenn eftir arðskránni.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

117
27. júní

um afréttargirðingu Miðfirðinga.

1. gr.

Samþykktarsvæðið nær yfir alla bæi í báðum Torfustaðahreppum í Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Samþykkt þessi er um heiðargirðingu Miðfirðinga eins og hún nú liggur frá austurenda heiðargirðingar Hrútfirðinga, austur hálsa og norður Aðalbólsháls að Fitjaá gengt Hvarfsgirðingu.

3. gr.

Allan áfallinn stofnkostnað, sem ekki er greiddur úr ríkissjóði, greiða sveitasjóðir Torfustaðahreppa þannig:

a. Ytri-Torfustaðahreppur greiði 55% — fimmtíu og fimm af hundraði —.
b. Fremri-Torfustaðahreppur greiði 45% — fjörutíu og fimm af hundraði —.

4. gr.

Allan þann kostnað, sem af viðhaldi girðingarinnar leiðir, svo sem kostnað af árlegum endurbótum á girðingunni, vöxtum og afborgunum af lánum, er tekin kunna að verða vegna girðingarinnar, skal jafna niður þannig:

a. Að ⅓ hluta á fjallskilaskyldan fénað eftir sömu hlutföllum og lagt er á til fjallskila.
b. ⅓ hluti greiðist af öllum bændum á samþykktarsvæðinu í réttu hlutfalli við landverð ábúðarjarða þeirra, eftir fasteignamati.
c. ⅓ hluta greiða allir útsvarskyldir menn á samþykktarsvæðinu í réttu hlutfalli við útsvör þeirra. En áður en niðurjöfnun samkvæmt þessum lið fer fram, skal upphæðinni skipt á milli hreppanna að jöfnum hlutum í hlutfalli við skuldlausa eign þeirra, nettó tekjur og tölu verkfærra manna.

5. gr.

Hreppsnefndir sjá um allar framkvæmdir um viðhald girðingarinnar. Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps frá 1. jan. 1939 til 1. jan. 1941 og hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps frá 1. jan. 1941 til 1. jan. 1943 og svo áfram til skiptis hvor hreppur um tveggja ára tíma í senn.

6. gr.

Í marzmánuði ár hvert skulu hreppsnefndir gera áætlun um kostnað vegna girðingarinnar á yfirstandandi ári og jafna upphæðinni niður á gjaldendur samkvæmt 4. gr.

Gjöldin innheimta hreppsnefndirnar hvor í sínum hreppi, og skal þeirri innheimtu lokið, eftir því sem unnt er, 1. september ár hvert. Gjaldinu fylgir lögtaksréttur.

7. gr.

Hreppsnefndir beggja hreppa skulu sameiginlega hafa á hendi allt reikningshald fyrir girðingarsjóð. Reikningsárið er almanaksárið og fer um samþykkt girðingarreikningsins eins og reikninga sveitarsjóðanna.

8. gr.

Allir fjáreigendur eru skyldir til þess að reka fé sitt á afrétt strax eftir rúningu, sömuleiðis öll ótamin hross þegar fært þykir eða þegar hreppsnefnd ákveður,

117 27. júní

og er öllum óheimilt að hafa í heimahögum að sumrinu fénað þann, sem á afrétt á að ganga, nema í gæzlu sé. Hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps getur þó veitt undanþágu á þessu síðasta atriði fyrir eitt ár í senn.

9. gr.

Allir eru skyldir til að loka vandlega hliðum girðingarinnar þegar þeir fara um þau. Sannist að einhver hafi gengið illa um hliðin eða hleypt fénaði gegnum girðinguna í óleyfi, varðar það sektum frá 2—20 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Sektarfé rennur í sýslusjóð.

10. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt girðingarlögum nr. 66 22. nóvember 1913 til að öðlast gildi 15. júlí 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

118 29. júní

SAMÞYKKT

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu um eyðing svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Suður-Þingeyjarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum. Skylt er hverjum jarðarábúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn eftir því, sem henni þykir þörf. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aura og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaður sýna oddvita nef og lappir fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepið fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna nefjunum og löppunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum, sem eru 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða eftir því sem við á, sjá lög nr. 66 1936, sektum frá 10 til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 118 29. júní

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT 119

29. júní

fyrir Norður-Þingeyjarsýslu um eyðing svartbaks.

1. gr.

Innan takmarka Norður-Þingeyjarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum. Skylt er hverjum jarðarábúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn eftir því, sem henni þykir þörf. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aura og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaður sýna oddvita nef og lappir fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepið fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna nefjunum og löppunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs af skotmannslaunum, sem eru 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða eftir því sem við á, sjá lög nr. 66 1936, sektum frá 10 til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs. Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

Samþykkt þessi sem sýslunefnd Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

120
29. júní

SAMÞYKKT

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Innan takmarka Austur-Barðastrandarsýslu skal allur svartbakur vera réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum.

Skylt er hverjum jarðarábúanda að eyða öllum svartbakseggjum í landi ábúðarjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, sem hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur.

2. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi ræður skotmenn, eftir því sem henni þykir þörf.

Fyrir hvern svartbak fær skotmaður 40 aura, og greiði viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta.

Skal skotmaður sýna oddvita nef fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því að hann hafi drepið fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann straks brenna nefjunum.

3. gr.

Oddviti í hverjum hreppi skal halda skrá yfir tölu þeirra fugla, er greitt hefir verið fyrir. Skal hann fyrir hver áramót senda sýslumanni skrána tvíritaða, og skal sýslumaður samkvæmt henni endurgreiða sveitarsjóði hluta sýslusjóðs í skotmannslaununum, sem er 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimta hjá ríkissjóði hluta hans af skotmannslaununum, sem er 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða, eftir því sem við á, sbr. lög nr. 66 1936, sektum frá 10 kr. til 300 kr. og renna þær til hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

SAMÞYKKT

121
29. júní

fyrir veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði. Heimili þess og varnarþing er Ytri-Hlíð.

2. gr.

Félagssvæðið er Vesturdalsá frá Núpslónum að Arnarvatni. Þar til heyra þessar jarðir: Skógar, Torfastaðir, Ljótsstaðir I., Ljótsstaðir II., Ljótsstaðir III., Vakursstaðar I, Vakursstaðir II, Ytri-Hlíð, Fremri-Hlíð, Rjúpnafell, Haugsstaðir, Búastaðir, Norður-Skálanes.

3. gr.

Tilgangur félagsins er að selja ána á leigu til stangarveiði.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn: formaður, ritari og féhirðir, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Eftir eitt ár frá stofnun félagsins skal einn maður ganga úr stjórn og síðan einn á ári, og ræður hlutkesti tvö fyrstu árin.

Stjórn skal kjósa skriflega á aðalfundi, svo og endurskoðendur félagsreikninga.

Enginn löglegur félagsmaður getur skorazt undan kosningu, nema lögmæt forföll banni, eða hann hafi setið 6 ár í stjórn.

Á aðalfundi skal og kjósa varastjórn.

5. gr.

Stjórnin hefir á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins út á við, hefir yfirumsjón yfir öllum störfum þess, boðar til funda og stýrir þeim. Ritari ritar fundarbækur og skjöl félagsins. Féhirðir annast fjárreiður þess.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert og skal boða hann með hálfsmánaðar fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna er mættur. Nú verður aðalfundur ekki lögmætur, skal þá boða til hans á ný með hálfsmánaðar fyrirvara, og er þá sá fundur ávallt lögmætur. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu ári, og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða reikninga félagsins. Aðalfundur kýs stjórn og endurskoðendur samkvæmt 4. grein og tekur ákvarðanir um starfsemi félagsins á komandi ári. Aðalfundur hefir æðsta úrskurðarvald um öll mál félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um lagabreytingar og félagsslit (sjá 11. og 12. grein).

7. gr.

Stjórnin boðar til funda, þegar henni þykir þurfa, eða ef fjórði hluti félagsmanna óskar þess skriflega, og tilgreinir fundarefni.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

9. gr.

Semja skal skrá samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, er sýni hluta þann af arði félagsins, sem hverjum félagsmanni ber.

Kostnað við starfsemi félagsins ber að greiða samkvæmt sömu skrá. Gjalddagi allra gjalda félagsins er 12. október.

121 29. júní

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 500 kr. sektum, er renna í sýslusjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

11. gr.

Samþykkt og gjaldskrá félagsins má að eins breyta á aðalfundi, og þá því að eins, að tveir þriðju fundarmanna samþykki.

12. gr.

Nú þykir æskilegt að slíta félagsskap þessum, og er það heimilt, ef tveir þriðju fundarmanna á tveimur lögmætum félagsfundum samþykkja félagsslit. Ef félagið á þá ekki fyrir skuldum skal jafna þeim niður á félagsmenn samkvæmt gjaldskrá. Eignir þær, er félagið kynni að eiga, skulu ávaxtast í hreppssjóði Vopnafjarðarhrepps, unz samskonar félagsskapur tekur til starfa á þessu svæði.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

122 29. júní

ARÐSKRÁ

fyrir veiðifélag Vesturdalsár í Vopnafirði.

Arður af veiði í fiskihverfi félagsins telst hlutfallslega þannig, og skiptist milli jarða á félagssvæðinu í prósentum sem hér segir:

Skógar	14	%
Torfastaðir	14	—
Ljótsstaðir I	7	—
Ljótsstaðir II	4,6	—
Ljótsstaðir III	2,4	—
Vakursstaðir I	9	—
Vakursstaðir II	5	—
Ytri-Hlíð	7,5	—
Fremri-Hlíð	7,5	—
Rjúpnafell	5	—
Haugsstaðir	14	—
Búastaðir	7,5	—
Norður-Skálanes	2,5	—

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 29. júní 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

123
3. júlí

um breyting á erindisbréfi fyrir yfirfiskimatsmenn nr. 70 3. júlí 1933.

Niðurlag 7. gr. erindisbréfs fyrir yfirfiskimatsmenn frá og með orðunum: „Þegar fiskur er fluttur út í pökkum" o. s. frv., falli niður, en í stað þess komi:

Þegar fiskur er fluttur út í pökkum, skal yfirfiskimatsmaður gæta þess, að umbúðirnar séu fullnægjandi og ekki notaður rýrari strigi en reglugerð um umbúðastriga frá 23. júlí 1937 mælir fyrir. Saltfiskur skal ætíð bundinn í góðar strigaumbúðir eða um hann búið á annan eigi ótryggari hátt. Þó getur fiskimatsstjóri leyft að flytja út óverkaðan fisk í lakari umbúðum eða lausan, ef um lélegar eða ódýrar fisktegundir er að ræða eða ef sérstaklega stendur á.

Yfirfiskimatsmenn skulu sjálfir annast eftirlit það, er grein þessi ræðir um, að svo miklu leyti, sem því verður við komið, en annars fela þeir það fiskimatsmönnum fyrir sína hönd. Með samþykki fiskimatsstjóra geta yfirfiskimatsmenn einnig gefið hleðslustjórum með fisktökuskipum umboð til að annast nokkurn hluta eftirlitsins, enda sé það fram tekið í umboðinu eða sérstöku erindisbréfi fyrir hleðslustjóra, hve langt þetta eftirlit þeirra nær.

Ef skipunum yfirfiskimatsmanns eða umboðsmanns fyrir hans hönd er ekki hlýtt, getur yfirfiskimatsmaður neitað að gefa vottorð um fiskinn.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 3. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 124
3. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

REGLUGERÐ

fyrir Styrktarsjóð sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Styrktarsjóður sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. janúar 1939 af Styrktarsjóð sjúklinga af Reykjahæli og Styrktarsjóð sjúklinga í Hressingarhælinu í Kópavogi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla sjúklinga á hælinu.

4. gr.

Sjóðurinn skal geymdur og ávaxtaður á öruggum stað. Má aldrei skerða höfuðstólinn, og það sem lagt er við hann rennur algerlega inn í hann og kemur undir sömu ákvæði.

124 3. júlí

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Er læknir og hjúkrunarkona hælisins sjálfkjörin í stjórnina, en þriðja manninn kjósa sjúklingar úr sínum hópi. Læknirinn er formaður stjórnarinnar. Gjaldkeri sjóðsins skal sá vera er kosinn er í stjórn hans af sjúklingum, þó skal stjórninni heimilt að útnefna sérstakan gjaldkera úr hópi sjúklinga á sína ábyrgð.

6. gr.

Stjórnin skal gera reikningsskil fyrir sjóðnum árlega, og er reikningsár hans almanaksárið. Kjósa svo sjúklingar tvo menn úr sínum hópi, til þess að endurskoða reikningana.

7. gr.

Þriggja manna nefnd, er sjúklingar kjósa úr sínum hópi, skal hafa það starf með höndum að afla sjóðnum tekna. Hvert sinn, er nefndarmaður fer af hælinu, skal kjósa í hans stað. Ávallt skal vera að minnsta kosti ein kona í nefndinni.

8. gr.

Tekjur sjóðsins eru í fyrsta lagi vextir af höfuðstólnum, og svo aðrar tekjur, er til kunna að falla.

9. gr.

Gjafir allar skulu leggjast við höfuðstól, nema annað sé fram tekið af gefendum.

10. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar í stað, og skal úthlutað úr honum allt að ¾ hlutum af árstekjum hans, eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar.

11. gr.

Úthlutun fer fram í byrjun hvers árs, og það tilkynnt með viku fyrirvara. Skulu umsóknir sendar formanni sjóðsins ásamt upplýsingum um efnahag. Til að teljast styrkhæfur þarf sjúklingur að hafa dvalið minnst tvo mánuði á hælinu.

12. gr.

Hætti hælið að starfa sem berklahæli fyrir fullorðna og sjúklingar þeir, er hér dvelja þá, verða fluttir á annan stað þar sem engir eða tiltölulega minni styrktarsjóðir eru fyrir, skal sjóðurinn ganga til styrktar því hæli eða spítala, sem þeir flytjast til, með óbreyttri skipulagsskrá.

13. gr.

Reglum þessum má að eins breyta með samþykki ¾ atkvæða meiri hluta sjúklinga.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt í einu hljóði af sjúklingum í Hressingarhælinu í Kópavogi, 1. janúar 1939.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bergs Einarssonar fyrrv. bónda að Núpi í Dýrafirði", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 3. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. **125** 3. júlí

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bergs Einarssonar fyrrv. bónda að Núpi í Dýrafirði.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — króna gjöf frá forseta Fiskifélags Íslands, Kristjáni Bergssyni í Reykjavík, til minningar um Berg Einarsson (föður gefanda) og heitir: Minningarsjóður Bergs Einarssonar.

1. gr.

Saman við þennan höfuðstól renna og árlegir viðlagsvextir: ⅖ ársvaxta sjóðsins, einnig verðlaunavextir, ef eigi ganga út samkv. ákvæðum 3. og 4. gr., svo og ef sjóðnum berast aðrar gjafir.

2. gr.

Sjóðinn skal geyma og ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

3. gr.

Til þess tíma, er sjóðurinn nær 2000 króna upphæð, má árlega verja ⅗ ársvaxta hans til að verðlauna ritgerð nemanda héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði áhrærandi atvinnulíf Íslendinga, eftir þessum reglum:

a. Síðari hluta vetrar gefur skólastjóri nemendum kost á að keppa um verðlaun fyrir ritgerð um ofangreint efni (sjálfvalið hverja grein þess). Sé sú ritgerð lögð fram nafnlaus, en auðkennd, við vorpróf skólans og undir dóm prófdómenda og skólastjóra.
b. Til verðlaunanna útheimtist, að meiri hluti dómara álíti ritgerðina þeirra verða. Skal hún birt í einhverju af atvinnumálaritum landsins, sé þess kostur, og hennar getið í skólaskýrslu eða tímariti héraðsskólanna. Komi við vorpróf engin ritgerð fram, sem dæmist til verðlaunanna, fer um verðlaunafé samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2000 krónur skal eigi varið meiru en 30 kr. til verðlaunanna. En þá getur sjóðurinn við og við styrkt vel gáfaðan og siðprúðan en fátækan nemanda skólans til frekara náms í einhverri atvinnugrein, þó aldrei meira en nemi því, sem lagt hefir verið fyrir af ársvöxtunum á næstliðnum 3 árum.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn yfir 5000 krónur má stjórn hans gera nýja ráðstöfun um hjálp hans til atvinnuframa, en ávallt í sambandi við skólann, sem hann tilheyrir, og nemendur hans, sbr. þó 2. gr. Auk þess er áskilið, að slík breyting á skipulagsskránni öðlist konungsstaðfestingu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólanefnd héraðsskólans á Núpi og forstöðumaður skólans. Skal forstöðumaður annast ráðstafanir og reikningshald sjóðsins undir eftirliti skólanefndar

125 3. júlí

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, samþykktir sjóðsstjórnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum þegar til kemur, styrkveitingar og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðstjórninni ber ennfremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Endurskoðendur skólareikninga héraðsskólans skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og ber að láta þá fylgja skólareikningunum til endurskoðunar ár hvert. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

9. gr.

Ársreikningar sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda skulu birtar í skólaskýrslum héraðsskólans á Núpi eða í timariti héraðsskólanna.

10. gr.

Leggist héraðsskólinn á Núpi niður, verður sjóður þessi eign annars skóla innan Dýrafjarðar, sem starfar á líkum grundvelli eða annars unglingaskóla í Dýrafirði.

11. gr.

Skólanefnd héraðsskólans á Núpi tekur að sér að annast um hirðingu og blómagróður á leiði Bergs bónda Einarssonar, sem umgirt er í Núpskirkjugarði.

12. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Núpi, 24. maí 1939.

Skólanefnd héraðsskóla Vestfjarða að Núpi.

B. Guðmundsson (skólastjóri). **Örnólfur Valdimarsson.** **Eiríkur Þorsteinsson.**

Halldór Kristjánsson. **Eiríkur J. Eiríksson.**

126 6. júlí

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febr. 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenzkum afurðum, verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi viðskiptamálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska, að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Brot á ákvæðum þessum varða sektum samkvæmt lögum.

Fyrri auglýsingar um þetta efni eru burtu fallnar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. júlí 1939.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

127
8. júlí

fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR
Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI
Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um kvikmyndahús og önnur samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir, gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbændur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan á vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri

127 8. júlí

má að eins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengjuefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneysklanlegan hátt.

8. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannfæri skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir koma til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjar friði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, við bryggjur kauptúna eða annars staðar svo nærri landi eða skipum á höfnum, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði hlutaðeigandi hrepps fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

13. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti stafað af.

14. gr. 127

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðina, frekar 8. júlí
en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa, og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kauptúna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kveldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar ræsi á vegum, steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni.

18. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

19. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingahlið eru á vegum, götum eða stígum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé, að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi vegalaga.

127
8. júlí

III. KAFLI
Umferð um vegi.

20. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefir farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

21. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

22. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða, sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt, t. d. eru illa járnaðir.

Hesta eða aðra gripi má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólasvipum. Vírsvipur, píska eða annað, sem sakað getur hestana, má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

23. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

24. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

25. gr.

Slökkvilið eru undanskilin ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir þeim svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI
Um bifreiðar og reiðhjól.

26. gr.

Bifreið nefnist í samþykkt þessari hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvél í ökutækinu sjálfu og ætlað er til þess að flytja fólk eða varning. Samþykktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori, eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

27. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum ef slík umferð álízt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

28. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir lögum um notkun bifreiða, nr. 70 8. sept. 1931, reglugerð nr. 132 28. des. 1936 og reglugerð frá 24. júní 1937 eða þeim lögum og reglugerðum, er síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða ef þurfa þykir.

29. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

30. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

31. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur eru á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

32. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá.

33. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

34. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum, og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kveldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist. Hjól-

127 reiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eig-
8. júlí andi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

V. KAFLI
Almenn ákvæði um fjallskil og ágang búpenings.

35. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, nr. 76 frá 24. júlí 1930, eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annara. Bæti eigandi eða umráðamaður peningsins skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefir valdið honum. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðinni eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda og ketti, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum eða köttum ef enginn vill hirða þá.

Skylt er mönnum að sjá um, að hundar fylgi þeim ekki til kirkju né til heimila, þar sem jarðarfararathöfn fer fram.

VI. KAFLI
Um friðun almenningseigna o. fl.

36. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um víðvarpsútbúnað einstakra manna.

37. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

38. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem girt er eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

39. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

40. gr. 127

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, 8. júlí
eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru þvílíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

VII. KAFLI
Um uppfestar auglýsingar.

41. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

42. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VIII. KAFLI
Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

43. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

44. gr.

Hverjum sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

45. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

46. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um brúðkaup og samsæti einstakra tiltekinna manna.

127 8. júlí

47. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

48. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er hreppstjóra geti verið til aðstoðar við eftirlit allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

49. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

50. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar og lögreglustjóra, og með þeim skilyrðum, að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Hreppsnefnd ákveður hve mikið gjald skuli greiða í sveitarsjóð fyrir leyfið, annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar, og ákveður hann þá gjaldið í sveitarsjóð.

51. gr.

Ef sýndar eru myndir, sem að dómi lögreglustjóra eru siðspillandi, hvort sem það eru skuggamyndir eða kvikmyndir, getur lögreglustjóri bannað að sýna þær. Barnaverndarnefnd getur og bannað, ef henni sýnist ástæða til, að láta börn horfa á myndir, sem geta haft vond áhrif á þau.

IX. KAFLI

Um samgöngur við skip.

52. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, ef hann telur þess þörf, til þess að halda uppi velsæmi og góðri reglu, að banna samgöngur við erlend skip.

X. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

53. gr.

Enginn má saurga eða á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim. Fataþvottur eða önnur skarnhreinsun má ekki eiga sér stað svo nálægt brunnum að nokkur hætta sé á, að neyzluvatn saurgist af. 127 8. júlí

54. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti af stafað fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúna og á hverju býli í sveitum, enn fremur skal skylt að hafa þvaghús við hvert samkomuhús.

55. gr.

Bannað er að hella skólpi á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor og annað þvílíkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um götur og alfaravegi, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

56. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

57. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sullu og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

58. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til Stykkishólmskauptúns, Ólafsvíkurkauptúns og Hellissandskauptúns.

XI. KAFLI

Sérákvarðanir um umferðina innan kauptúnanna.

59. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki

127 skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þó hún sé til vinstri. Við krossgötur
8. júlí skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

60. gr.

Eigi má fleygja glerbortum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

61. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans, skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

62. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

63. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi, þar til birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein, mega ekki vera lægri en 60 cm.

64. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni, laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt ekki fjúki öðrum til tjóns eða meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

65. gr.

Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd, og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

66. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

XII. KAFLI
Um umferð á götum kauptúnanna.

67. gr.

Það er stranglega bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnanna.

68. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kauptúnunum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum.

69. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti, hinu megin á götunni.

70. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið þeim til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hest má aldrei binda úti við í kauptúnunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott sé veður. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

XIII. KAFLI
Um skepnuhöld o. fl. í Stykkishólmskauptúni, Ólafsvíkurkauptúni og Hellissandskauptúni.

71. gr.

Hæns eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í tryggilega afgirtu svæði á tímabilinu frá 10. maí til 30. september, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

72. gr.

Það er á ábyrgð eigenda, að sauðfé, geitfé eða aðrir gripir þeirra geri engan óskunda eða skaða í kauptúnunum eða grennd þeirra, hvorki skemmi neitt eða fari inn í afgirt svæði, tún, matjurtagarða, skrúðgarða eða trufli svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum málavöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 20. maí til 20. september árlega. Á þeim tíma má búfénaður ekki ganga laus í kauptúnunum, eða um þau, nema maður fylgi til að gæta hans, eða hann sé í öruggri vörzlu.

127 8. júlí

Eftir almennan rúningstíma að vorinu má ekki láta sauðfé eða hross ganga laus innan takmarka verzlunarlóða kauptúnanna. Ef út af þessu er brugðið, varðar það eigandann sektum, og enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki. Frá þessu ákvæði geta þó hreppsnefndir veitt undanþágu.

73. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur kauptúnanna. Lausa hesta á flækingi um göturnar ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

74. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs og eldri mega alls ekki ganga saman við kýr kauptúnanna.

75. gr.

Samkv. reglugerð nr. 68 6. ágúst 1925, er hundahald bannað í Stykkishólmskauptúni, að undanskyldu því, að ábúendum grasbýlanna Vík, Víðvík, Nes og Ás er leyfilegt að halda einn hund hverjum og í Ólafsvíkurkauptúni er hundahald einnig bannað, samkv. reglugerð frá 1938. Hver hundur, sem fyrirfinnast kann í kauptúnum þessum, að undanteknum hundum frá framan greindum grasbýlum í Stykkishólmskauptúni, sem ekki fylgir aðkomumanni, er réttdræpur og hið sama gildir í Hellissandskauptúni ef hundahald verður bannað þar.

76. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan mann eða láta fyrirfarast að aftra því, ef hann verður var við, að hundur ræðst á mann ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur eru réttdræpir. Hundar mega ekki vera lausir um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum kauptúnanna. — Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum, ef enginn vill taka þá að sér.

77. gr.

Skylt er hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis að láta rannsaka einu sinni á ári, hvað margir hundar eru í Hellissandskauptúni og skal hún ákveða hverjir skulu taldir nauðsynja hundar. Einnig er henni skylt að hafa eftirlit með því, að hundaeigendur komi hundum sínum til lækninga á hausti hverju, samkvæmt því, sem mælt er fyrir í reglugerð um lækningu hunda af bandormum.

78. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi kauptúnanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

79. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til kauptúnanna til útflutnings eða til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XIV. KAFLI
Um mannvirki og lóðir í Stykkishólmskauptúni, Ólafsvíkurkauptúni og Hellissandskauptúni.

80. gr.

Enginn má byggja á landi kauptúnanna neins konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi sjálfur vill byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingarnefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við hafnirnar má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefndar og með leyfi hreppsnefndar.

XV. KAFLI
Um eftirlit með börnum í kauptúnunum.

81. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 10 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 11 frá 1. maí til 30. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum.

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 14 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um að ákvæðum þessum sé hlýtt.

XVI. KAFLI
Um almennt hreinlæti í Stykkishólmskauptúni, Ólafsvíkurkauptúni og Hellissandskauptúni.

82. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hrækjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innyfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur bæjarins, að sjá um, að haldið sé hreinum portum og annari óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutningi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í kauptúnunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

83. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má að eins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

127 8. júlí

84. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur, stræti eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

85. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita að götum, strætum eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

86. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

XVII. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

87. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar að eins um Stykkishólmskauptún, Ólafsvíkurkauptún og Hellissandskauptún.

88. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XVIII. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

89. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

90. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum ef ekki liggur við þyngri refsing að lögum.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

91. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkv. samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess

hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu. 127 8. júlí

92. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

128 10. júlí

um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Frá þessum degi og þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, né erlent smjörlíki, sem flutt kynni að verða til landsins, smjöri.

Auglýsing dags. 3. febrúar þ. á. um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki er jafnframt úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

129 12. júlí

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Dalvík.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Dalvík.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Dalvíkurskólahéraðs er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

129 2. gr.

12. júlí Bönnuð er sala á spýtubrjóstssykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðdegis, nema með aðstandendum sínum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang eða hafist þar við.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, nema í fylgd með aðstandendum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki eftir kl. 11 síðd. á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þau séu að inna arðbær störf af hendi.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé fram fylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema með fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

130
12. júlí

fyrir Þórshafnarkauptún.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Takmörk Þórshafnar eru að norðan bein lína úr Bakkahorni í Hafralónsárós en að sunnan bein lína úr Borgartanga hjá Ytri-Brekkum í Laxártanga.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Þórshafnar og skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum, er henni heyra til, svo og til reksturs, viðhalds og leiðbeininga við innsiglinguna.

Hafnarnefnd á Þórshöfn skipa 5 menn, kýs hreppsnefnd Sauðaneshrepps þrjá þeirra, en sýslunefnd N.-Þingeyjarsýslu tvo. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára og ganga úr nefndinni sitt árið hver, í fyrstu 4 skipti eftir hlutkesti. Skulu ávallt þrír nefndarmenn vera búsettir á Þórshöfn. Hafnarnefnd hefir, undir yfirstjórn hreppsnefndar og undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, framkvæmd hafnarmála, og eftirlit með höfninni, sér um umbætur og viðhald á henni og á eignum hennar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Ef hafnarnefnd óskar eftir skal hreppsnefnd skipa bryggjuvörð, eftir tilnefningu hafnarnefndar. Hafnarnefnd gefur bryggjuverði erindisbréf. Annars er hafnarnefnd heimilt að annast þau störf sjálf. Hafnarnefnd kýs formann og hafnarstjóra úr sínum hóp og skal hafnarstjórinn vera búsettur á Þórshöfn.

Hreppsnefndin veitir fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á eignum hans, eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

3. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlíta boði hans og banni og enn fremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært yfir því til hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

130 12. júlí

4. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar ef þeir með því tefja fermingu eða affermingu skipa, eða önnur störf, sem þar eru unnin.

5. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt sem eldshætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

6. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum, fiskúrgangi eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni, frá skipum er þar liggja, né flytja það frá landi út í höfnina.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera neina bryggju eða önnur mannvirki né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar, og með samþykki hreppsnefndar Sauðanesshrepps.

Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með leyfi hreppsnefndar, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir einhver eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er að áliti hafnarstjóra, er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, en eigendur eru alltaf ábyrgir fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annara, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

7. gr.

Skip, er hvorki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunni, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að það tefji eða hindri umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar, um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

8. gr.

Ekki má festa skip við bólvirki eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þessa ekki nægilega gætt, má krefjast þess að bætt sé úr því tafarlaust. Vírkaðla og festar skal klæða þar sem það hvílir á bryggjunni. Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju.

9. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjunum standi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggju eða bólvirki að óþörfu.

V. KAFLI
Notkun hafnarbryggnanna.

10. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip, að öðru jöfnu, er sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir og verða þau skip að víkja meðan hin eru afgreidd. Sams konar rétt hafa vélskip fram yfir seglskip. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Enn fremur ber hafnarstjóra að vísa skipi frá bryggjunni álíti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

11. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlífidúka milli skips og bryggju, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, ber hafnarstjóra að stöðva verkið unz bætt verður úr því sem áfátt er.

Kjölfestu má ekki taka annars staðar á lóðum eða mannvirkjum hafnarinnar en þar, sem hafnarstjóri vísar til.

12. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggjuna, sem notuð hefir verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað.

13. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdir eru eða látnir í skip mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki, og ekki annars staðar í landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarstjóra. Skal flytja burtu muni og vörur jafnóðum og hann krefst þess. Sé það ekki gert, lætur hann gera það á kostnað og ábyrgð eiganda eða ábyrgðarmanns hans.

VI. KAFLI
Um gjöld til hafnarinnar.

14. gr.

I. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum sem til eru við höfnina, eða gerð kunna að verða, skal ákveðið með sérstökum samningi við málsaðilja.

II. Af skipum og bátum, sem hafna sig á Þórshafnarhöfn, og farmi þeirra, greiðist:

a. Lestargjald: Öll skip, sem mæld eru 5 smálestir og þar yfir skulu greiða í lestargjald 10 aura af hverri nettó smálest í hvert skipti er þau leggjast á Þórshafnarhöfn eða hafa samband við land á Þórshöfn eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef ræðir um innlend skip, þá í fyrsta sinn er þau leita hafnar á Þórshöfn á árinu. Liggi skipið lengur en 14 daga á höfninni tvöfaldast gjaldið. Hafni skipið sig oftar en einu sinni á árinu á Þórshafnarhöfn, og hafi á þeim tíma ekki komið til annara landa, greiðist lestargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðar að helmingi. Skip, sem ganga á milli hafna á Íslandi svo og milli Íslands og útlanda, eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta sinn á árinu koma á Þórshafnarhöfn, greiða lestargjald, en síðar ekki þótt þau hafni sig oftar á sama ári.

130 12. júlí

Skip, sem heimilisföst eru í þorpinu eða stunda útgerð þaðan lengri tíma en 3 mánuði ársins, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern opinn vélbát, 10 krónur fyrir hvern þiljaðan vélbát og 10 krónur fyrir hvern uppskipunarbát á ári.

b. Vitagjald: Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu 1. ágúst — 14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 1 krónu í hvert skipti er þau leita hafnar á þessu tímabili. Séu skipin meira en 300 smálestir, greiða þau 2 krónur. Skip, sem heimilisfang eiga á Þórshöfn, eru undanþegin þessu gjaldi.

c. Vörugjald: Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, enn fremur vörum, sem fluttar eru milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:
   1. Af salti, kolum og sementi 2 krónur af hverri smálest.
   2. Af timbri 4 aura af teningsfeti.
   3. Af öllum öðrum aðfluttum vörum 3 krónur af hverri smálest.
   4. Af útfluttum vörum, saltfiski, saltkjöti, lýsi, síld, görnum, hrognum og endursendum umbúðum 2 krónur af smálest.
   5. Öðrum útfluttum vörum 3 krónur af smálest.

   Minnsta gjald af öllum vörum er 20 aurar. Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið að eins einu sinni. Póstur og farþegaflutningur er undan þeginn þessu gjaldi. Vörugjaldið skal reiknað eftir þyngd eða máli vörunnar með umbúðum samkv. farmskrám.

d. Bryggjugjald: Skip og bátar, sem nota bryggjur hafnarinnar, greiða í bryggjugjald 5 aura af nettó smálest í allt að sólarhring í hvert skipti sem þau leggja að bryggju, þó ekki minna en 2 krónur fyrir skip og báta, sem mæld eru til lestartals, og ekki minna en 1 króna fyrir smærri báta. Bátar heimilisfastir á Þórshöfn skulu greiða 50 aura á sólarhring, þó ekki yfir 20 krónur á ári.

e. Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land á Þórshöfn, greiða 1% af heildarafla skipsins. Heimilt er hafnarnefnd að lækka þetta gjald með sérstökum samningi.

15. gr.

Verði hafskipabryggja og plön hafnarsjóðs leigð einstökum mönnum til síldarsöltunar eða annars reksturs, skal um það gerður sérstakur samningur við hafnarnefnd.

VII. KAFLI

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

16. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu hafnar- og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er, eða formaður, á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni unz gjöldin eru greidd.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjald ákveður gjaldkeri hafnarsjóðs.

17. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í 15. gr., greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Þórshöfn, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Leigu samkv. 16. gr. greiðir samningsaðili. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem

vörurnar flytur, er komið á höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skylt skal þó sendanda að setja tryggingu fyrir greiðslu vörugjaldsins áður en varan er flutt í skip, ef innheimtumaður krefst þess. 130 12. júlí

18. gr.

Andvirði fiskihlutar fellur í gjaldaga við lok hvers mánaðar. Aðkomuskip greiði þó gjaldið strax að uppskipun lokinni. Skyldir eru skipstjórar og formenn að gefa hafnarnefnd upp í hvert sinn heildarafla sinn, ef það er ekki gert skal hafnarnefnd áætla gjaldið og innheimta samkv. þeirri áætlun.

19. gr.

Öll gjöld samkv. þessari reglugerð renna í hafnarsjóð. Gjaldkeri hafnarnefndar sér um innheimtu þeirra. Fjáreignir hafnarsjóðs skal geyma og ávaxta á tryggilegan hátt, og eru hafnarnefndarmenn ábyrgir fyrir þeim.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari skulu greidd á skrifstofu gjaldkera hafnarsjóðs og má taka þau lögtaki.

VIII. KAFLI

Ýms ákvæði.

20. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samingum verður ekki komið við um skaðabætur, geta aðiljar komið sér saman um að þær skuli ákveðnar af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið.

Yfirmatið skal framkvæmt af fimm mönnum dómkvöddum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en því, sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

21. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni, meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjóri tekur gilda.

22. gr.

Enginn skipstjóri má vænta þess, að fá afgreiðslu hjá lögreglustjóra eða umboðsmanni hans nema hann með vottorði frá hafnarstjóra sanni, að hann hafi greitt gjöld þau, er innheimtumaður hafnarinnar á að innheimta, svo og sektir og skaðabætur, sem honum ber að greiða.

23. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og ekki heldur umboðsmaður hans, samkv. 10. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið hana sjálfur.

24. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkv. lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Þórshafnar.

130 12. júlí

25. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð fyrir Þórshafnarkauptún nr. 37 18. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

131

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs frú Önnu Claessen árið 1938.

Tekjur:

1. Eignir frá fyrra ári:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr.	4500.00	
b. Innstæða í Sparisjóði Skr.	—	105.43	
			kr. 4605.43
2. Útdregið bankavaxtabréf			— 500.00
3. Varið til kaupa á bankavaxtabréfi	kr.	407.00	
Hagnaður á því	—	93.00	
			— 500.00
4. Vextir af bankavaxtabréfum	kr.	215.00	
Vextir af innstæðu í Sparisjóði Skr.	—	5.68	
			— 220.68
			Kr. 5826.11

Gjöld:

1. Styrkur veittur 5 sjúklingum			kr. 125.00
2. Útdregið bankavaxtabréf			— 500.00
3. Keypt bankavaxtabréf			— 407.00
4. Eign í árslok:			
a. 9 bankavaxtabréf á kr. 500.00	kr.	4500.00	
b. Innstæða í Sparisjóði Skr.	—	284.11	
c. Hjá gjaldkera	—	10.00	
			— 4794.11
			Kr. 5826.11

Sauðárkróki, 30. janúar 1939.

Álfheiður Blöndal. Helga Guðjónsdóttir. Sigríður Sigtryggsdóttir.

Reikning þennan höfum við yfirfarið og borið saman við bækur sjóðsins og höfum ekkert við hann að athuga.

Elínborg Jónsdóttir. Bergljót Blöndal.

YFIRLIT 132

um hag Búnaðarbanka Íslands 30. júní 1939.

Eignir:

1.	Skuldabréf fyrir lánum:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	901394.05	
	b. Ræktunarsjóður	—	5279066.02	
	c. Veðdeild	—	1227969.22	
	d. Byggingarsjóður	—	2919744.90	
	e. Viðlagasjóður	—	1422581.30	kr. 11750755.49
2.	Verðbréf:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	713442.44	
	b. Ræktunarsjóður	—	438785.42	
	c. Byggingarsjóður	—	15320.00	
	d. Viðlagasjóður	—	387913.04	— 1555460.90
3.	Víxlar			— 2509358.95
4.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	9122.63	
	b. Ræktunarsjóður	—	75303.17	
	c. Byggingarsjóður	—	5098.36	— 89524.16
5.	Lán í hlaupareikningi			— 111512.01
6.	Óinnheimtar tekjur:			
	a. Ræktunarsjóður	kr.	98470.97	
	b. Veðdeild	—	47049.90	— 145520.87
7.	Innanstokksmunir			— 16948.50
8.	Tryggingar fyrir ábyrgðum			— 1017200.00
9.	Útibú á Akureyri			— 631413.54
10.	Kreppulánasjóður			— 1104136.14
11.	Kreppulánasjóður bæjar og sveitar félaga			— 160972.18
12.	Nýbýlasjóður			— 112393.57
13.	Loðdýralánadeild			— 16605.64
14.	Sameiginlegur kostnaður allra deilda			— 88767.99
15.	Teiknistofa			— 17914.30
16.	Fasteignir (Ræktunarsjóðs)			— 1926.95
17.	Varasjóður Ræktunarsjóðs			— 345105.54
18.	Bankainnstæða og peningar í sjóði			— 375574.47
				Kr. 20051091.20

Skuldir:

1.	Skuld við ríkissjóð:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	1319674.80	
	b. Byggingarsjóður	—	600000.00	kr. 1919674.80
2.	Innstæðufé í sparisjóði og á skírteinum			— 3479669.50
3.	Innstæða í hlaupareikningi			— 1055208.81
4.	Innstæða á reikningslánum			— 14743.23
5.	Ýmsir viðskiptamenn:			
	a. Sparisjóðsdeild	kr.	7586.72	
	b. Ræktunarsjóður	—	12538.67	
	Flyt	kr.	20125.39	kr. 6469296.34

132

	Flutt	kr. 20125.39	kr.	6469296.34
c. Veðdeild	—	8824.04		
d. Viðlagasjóður	—	61165.25		
e. Byggingarsjóður	—	14990.89		
			—	105105.57
6. Ábyrgðir			—	1017200.00
7. Jarðræktarbréf í umferð			—	2490100.00
8. Veðdeildarbréf í umferð			—	1260000.00
9. Skuldir á fasteignum (Ræktunarsjóðs)			—	1926.95
10. Vextir og aðrar tekjur:				
a. Sparisjóðsdeild	kr.	173213.89		
b. Viðlagasjóður	—	47948.53		
			—	221162.42
11. Skuldlaus eign:				
a. Sparisjóðsdeild	kr.	466831.11		
b. Ræktunarsjóður	—	3811542.50		
c. Byggingarsjóður	—	1803264.56		
d. Viðlagasjóður	—	2404661.75		
			—	8486299.92
			Kr.	20051091.20

Reykjavík, 1. júlí 1939.

BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

133

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Kristjáns læknis Jónssonar árið 1938.

Tekjur:

3 jarðræktarbréf, hvert á 1000.00 nafnverð	kr.	3000.00	
3 veðdeildarbréf, hvert á 1000.00 nafnverð	—	3000.00	
Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Íslands	—	689.95	kr. 6689.95
Vextir:			
Af jarðræktarbréfum	kr.	110.00	
— veðdeildarbréfum	—	250.00	
— innlögum í Útvegsbanka Íslands	—	5.82	— 365.82
Mismunur við kaup á veðdeildarbréfum, nafnverð	kr.	2000.00	
en keypt fyrir	—	1640.00	— 360.00
			Kr. 7415.77

Gjöld:

Endurgreiddir veðdeildarbréfavextir			kr. 10.28
Eftirstöðvar til næsta árs:			
2 jarðræktarbréf, hvert á kr. 1000.00 nafnverð	kr.	2000.00	
7 veðdeildarbréf, 3 á kr. 1000.00, 4 á kr. 500.00	—	5000.00	
Peningar í innlánsbók nr. 4415 við Útvegsbanka Íslands	—	405.49	— 7405.49
			Kr. 7415.77

Reykjavík, 5. janúar 1939.

Jón Helgason. **Sigurjón Jónsson.** **Sig. Magnússon.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Auglýsing um samning milli Íslands og Stóra-Bretlands, um framsal sakamanna, er komizt hafa undan, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 14. júlí 1939, nr. 43.

Tilskipun um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja er eiga í ófriði, að íslenzku forráðasvæði, undirskrifuð af konungi 24. júlí 1939, nr. 44.

Auglýsing um breytingar á samþykkt fyrir Útvegsbanka Íslands h.f., nr. 88 7. sept. 1932, undirskrifuð af viðskiptamálaráðherra 4. ágúst 1939, nr. 45.

Bráðabirgðalög um hitaveitu Reykjavíkur, undirskrifuð af konungi 12. ágúst 1939, nr. 46.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

134
10. júlí

fyrir Árnessýslu.

FYRSTI ÞÁTTUR

Ákvæði, er taka bæði til kauptúna og sveita.

I. KAFLI

Um reglur og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot og óeirðir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, þar sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, svo og um veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða o. þ. h. Um samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna eða annara samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman, skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til þess að varðveita góða reglu.

3. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi athæfi, sem raskar allsherjarreglu eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

4. gr.

Bannað er að hafast að, að óþörfu, nokkuð það, sem raskar næturró manna, og enginn má að ástæðulausu berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða aðhafast neitt það, sem ónáðar eða móðgar húsbúendur.

5. gr.

Á fjölförnum götum og vegum eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki hafa leiki um hönd, ekki gera rennibrautir, renna sér á skautum eða sleðum, eða hafa um

4. dag septembermánaðar 1939. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

134 hönd aðrar skemmtanir, sem hindra umferðina. Sömuleiðis er bannað að hanga utan
10. júlí í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um götur eða vegi, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, sem til óþæginda getur orðið.

6. gr.

Ekki má skjóta úr byssu, riffli eða skammbyssu, af boga eða öðrum skotvopnum á eða yfir fjölfarnar götur eða vegi né heldur kveikja í púðri, olíu, benzíni eða öðrum eldfimum efnum eða sprengiefnum, og ekki má kasta frá sér steinum, glerbrotum, snjókögglum, slori, vatni eða öðru, er tjóni getur valdið eða óþægindum þeim, er um fara. Nauðsynlegar sprengingar við götur, torg eða á almannafæri má aðeins gera með leyfi lögreglustjóra, og skal ætíð, þegar sótt er um leyfi til slíks, tilgreina hver framkvæmi verkið, og ber bæði verkstjóri og sá, sem verkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum né annars staðar, þar sem hætta stafar af.

7. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, nema hann sé á leið af eða á grímudansleik eða álfadans. Ekki heldur í búningi, sem misbýður velsæmi eða raskar almennri reglu. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri, svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

8. gr.

Drukknum mönnum, sem finnast ósjálfbjarga eða eru með óspektir á almannafæri, skal ráðstafa á tryggilegan hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur. Þeim mönnum, sem sökum ölæðis hafa í frammi hávaða eða ósæmilegt athæfi eða látbragð á almannafæri, skal ráðstafa á sama hátt, þar til þeir eru komnir til sjálfs sín aftur, og skulu þeir þá enn fremur sæta sektum eftir samþykkt þessari fyrir röskun á allsherjarfriði og reglu, er þeir kunna að hafa valdið með drykkjuskap sínum og ólátum.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn á opinberum baðstöðum eða í sundlaugum fyrir almenning, í ám og vötnum nærri þjóðvegum, við bryggjur kauptúnanna eða annars staðar svo nærri landi, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögregluvaldsins. Ef nauðsyn ber til, getur lögregluvaldið krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr hreppssjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en hreppssjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu. Börn innan 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó

skal börnum 8 ára og eldri heimilað að selja dagblöð og fréttablöð og sömuleiðis að- 134
göngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sérstaka hátíðis- 10. júlí
daga.

13. gr.

Enginn má, án leyfis hlutaðeigandi umráðamanns, láta fyrirberast í umgirtu svæði eða öðrum stöðum, þar sem gengið er inn í hús eða garða, né fara inn í hús manna í óleyfi.

14. gr.

Hlaðna byssu má ekki bera á götum eða vegum. Byssu skal ávallt bera þannig, að opið viti upp. Gaddhrífur, ljái og aðra slíka hluti, sem tjón getur hlotizt af, má eigi flytja eftir götum eða vegum, nema svo sé um búið, að engin hætta geti hlotizt af.

15. gr.

Á alfaravegi má ekki leggja eða setja neitt það, sem hindrar umferðina, frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga og skal þess ætíð gætt, að það geri sem minnstan farartálma. Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega aldrei standa á götum eða vegum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá eða tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstéttum. Hreppsnefnd ákveður, í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum vagnar eða bifreiðar megi standa og setur sérstakar reglur þar að lútandi.

16. gr.

Á alfaravegi má ekki vinna neina vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, svo sem höggva eða sprengja grjót, telgja tré, járna hesta eða því um líkt, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

17. gr.

Enginn má gera skurði í götur eða torg kauptúnanna eða alfaravegi hvar sem er, nema hann hafi til þess leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalds. Fáist slíkt leyfi, skal verkið unnið þannig, að sem minnstur farartálmi sé að, og ætíð skal gæta þess, að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmanir, með nægilega greinilegum ljósum, frá því að fer að skyggja að kvöldi og þar til albjart er orðið að morgni. Að öðru leyti gerir hlutaðeigandi stjórnarvald og lögreglustjóri þær ráðstafanir, er þurfa þykir til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Ef slík verk dragast úr hófi fram, getur hlutaðeigandi hreppsnefnd eða lögreglustjóri eða bæði í sameiningu, látið ljúka verkinu og sett götur, torg eða vegi í samt lag aftur á kostnað þess, er verkið átti að framkvæma.

18. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji, eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það, eða endurbæta það svo sem þörf gerist til þess að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Enn fremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans, gert ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trévegg eða annari girðingu liggur við falli eða hruni.

Nú er bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum, svo áfátt, að hætta getur af því stafað fyrir þá, sem um fara, t. d. þegar göt eru á pöllum eða mannvirki fúin, og getur lögreglustjóri þá krafizt þess af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim að hættulaust sé.

134 10. júlí

19. gr.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust, og þeir, sem þau nota, skulu vera áreiðanlegir menn. Lausir stigar mega ekki standa við húsveggi eða önnur mannvirki við alfaravegi, eftir að dimmt er orðið. Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirskipunum lögreglunnar, hér að lútandi, eru á ábyrgð þess, sem verkið vinnur eða annast, eða ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanns.

20. gr.

Hvarvetna þar, sem girðingahlið eru á vegum, er liggja heim að byggðum býlum, er bannað að hafa yfir þeim þverslár eða strengi, nema svo sé hátt undir, að öruggt sé, að ríðandi maður reki sig ekki upp undir. Er það á ábyrgð landseta að þessa sé gætt. Um girðingarhlið á vegum og girðingar meðfram vegum, skal að öðru leyti fara samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

III. KAFLI

Umferð um vegi.

21. gr.

Allir, sem fara um vegi, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, á vagni, í bifreið, á hjólum eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstéttarbrún sem auðið er. Sá, sem vill komast fram fyrir vegfarendur, skal víkja til hægri handar, þó ekki meira en nauðsyn krefur. Við vegamót skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem hefir farartæki á vinstri hönd. Þeir, sem fara um gangstéttir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja út á akbraut, sé hún til vinstri handar.

Þessi regla leysir vegfarendur þó ekki undan þeirri skyldu, að sýna fyllstu nærgætni og varkárni við vegamót, þótt þeir eigi umferðaréttinn.

22. gr.

Þeir, sem ríða eða aka á almannafæri, skulu gæta allrar varúðar. Vagnar eða sleðar með hesti fyrir mega aldrei standa á almannafæri, nema ökumaður eða annar vel hæfur maður gæti hestsins.

23. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagn eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum, horuðum eða, sem af öðrum ástæðum eru svo illa á sig komnir, að ekki hafa fullan þrótt.

24. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unnt er, eða nema staðar, meðan þær fara fram hjá.

25. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi, og jafnvel út af götum eða vegum fyrir vögnum, er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti.

26. gr.

Slökkviliðið er undan þegið ákvæðum þessarar samþykktar um vagna. Allir eru skyldir að víkja úr vegi fyrir því svo fljótt, sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

27. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á vegum og einstökum götum kauptúnanna ef slík umferð álízt hættuleg, eða til sérstakra óþæginda fyrir umferð og á vorin, meðan klaka leysir úr jörðu.

28. gr.

Ljós skal jafnan tendra á bifreiðum, þegar skyggja tekur og ávallt hafa þau tendruð, er þær eru á ferð, frá því birtu bregður að kvöldi og þangað til albjart er orðið að morgni.

Lögreglustjóri ákveður nánar um ljósnotkun bifreiða ef þurfa þykir.

29. gr.

Ef bifreið mætir vögnum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar til hinir komast fram hjá henni.

30. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð, þegar hætt er við árekstri, og ávallt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót, og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak. Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir, og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum. Bifreiðastjórar skulu gæta þess, einkum að næturlagi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum. Þeir bera ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða, er raski næturró manna.

31. gr.

Ef bifreiðarstjóri verður þess var, að laus hross eða annar búpeningur er á vegi þeim, er hann ekur um, skal hann hægja á bifreiðinni og eigi aka hraðar en á 20 km hraða þar til hann er kominn fram hjá. Ef gripirnir hlaupa á undan bifreiðinni eftir veginum, má bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 15 km og eigi lengri leið en hálfan kílómetra í einu.

32. gr.

Þegar bifreið mætir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri stöðva bifreiðina, meðan reksturinn er rekinn fram hjá. Komi bifreið á eftir fjárrekstri á vegi, skal bifreiðarstjóri gera rekstrarmönnum aðvart um, að hann óski að komast fram hjá rekstrinum, og er rekstrarmönnum þá skylt að víkja rekstrinum til hliðar á veginum, svo bifreiðin geti komizt fram hjá.

33. gr.

Sé for eða bleyta á götu innan kauptúnanna, skal aka svo, að ekki slettist á vegfarendur né gangstéttir.

34. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist.

35. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðalaganna og reglugerðum þeim, sem settar eru eða settar verða, samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

36. gr.

Á hverju reiðhjóli, sem notað er, skal vera bjalla, sem gefur hvellt hljóð, og skulu hjólreiðamenn láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri og ætíð áður en þeir fara fyrir húsdyr, horn eða gatnamót.

134 10. júlí

Skylt er hjólreiðamönnum að hafa ljósker, er snúi fram á reiðhjólunum, og lýsi fram undan sér, og hafa þau tendruð, er þeir eru á ferð, frá því skyggja tekur að kvöldi og þar til bjart er orðið að morgni.

Þar, sem gæta þarf sérstakrar varúðar, má aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Á hjólum mega aldrei vera fleiri menn en hjólin eru gerð fyrir. Skylt er hjólreiðamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því, að hestur fælist eða gerist órór. Ef slys vill til, sem stafar af, eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólreiðamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafizt, og hjálpa þeim, sem slasazt hefir, ef þörf gerist. Hjólreiðamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það. Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykkt þessari, ef hann lánar þeim, sem er yngri en 14 ára.

37. gr.

Lögreglustjóri annast um að sérstakar reglur séu settar um umferðina á Ölfusárbrú.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði um fjallskil, ágang búpenings o. fl.

38. gr.

Um rekstur búpenings til afrétta, hirðingu hans og fjallskil, fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerða fyrir Árnessýslu eins og þau nú eru eða síðar kynnu að verða.

Að öðru leyti eru allir skyldir að gæta svo sauðfénaðar síns, geitpenings, hrossa og annara gripa og alifugla, að ekki gangi og valdi skemmdum á varplöndum, engjum, túnum, ökrum og matjurtagörðum annara. Bæti eigandi eða umráðamaður skaðann, ásamt áföllnum kostnaði, eftir því hvort eignar- eða leigupeningur hefir valdið honum. Þannig, að þar sem löggirðing er um varplönd, engi, tún, akra eða matjurtagarða, ber eigandi eða umráðamaður fjárins ábyrgð á skaðanum öllum, en þar sem ógirt er, að hálfu leyti. Um ákvörðun skaðabóta skal fara eftir mati úttektarmanna nema öðruvísi sé ákveðið í fjallskilareglugerðunum eða lögum.

Hundar, sem ráðast á menn eða elta skepnur út um hagann, eru réttdræpir, hvar sem þeir sjást úti. Flækingshunda, sem ekki eru í eign eða umsjá neins manns, getur lögreglan látið handsama og auglýsa. Gefi enginn sig fram innan þriggja sólarhringa og borgi áfallinn kostnað, skal lóga slíkum hundum ef enginn vill hirða þá.

Óheimilt er mönnum að hafa með sér hunda til kirkna eða annara mannfunda.

V. KAFLI

Um friðun almenningseigna o. fl.

39. gr.

Enginn má skemma, lýta eða óhreinka, né á annan hátt spilla almenningseignum, hvort heldur eru vegir, vatnsból, hverir, laugar, ölkeldur, vatnsveitumannvirki, byggingar, rafáhöld, rafþræðir, ljósker, bryggjur, bryggjuáhöld, símar, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota. Sama gildir um viðvarpsútbúnað einstakra manna.

40. gr.

Enginn má rita, rispa, tjarga, teikna né mála á hús manna eða girðingar, neitt það, sem hneyksli getur valdið, skemmdum eða óprýði. Enginn má heldur skemma girðingar þær, er standa um afgirta garða, reiti, tún eða önnur mannvirki. Það er

bannað að klifra yfir þær eða fara í gegnum þær, nema með leyfi eiganda eða um- 134
ráðamanns. Enginn má á nokkurn hátt vísvitandi spilla nokkrum eignum sýslubúa. 10. júlí
Komi slíkt fyrir, skal sá er veldur, bæta fullum bótum þann skaða, sem hann gerir.

41. gr.

Enginn má skemma, troða eða spilla á annan hátt ræktuðum blettum, túnum, engjum, matjurtagörðum eða skrúðgörðum manna, hvort sem er girt eða ógirt. Ekki má heldur skemma plöntur, né á nokkurn hátt spilla neinu í grafreitum eða saurga þá á nokkurn hátt. Girðingum má ekki spilla, né skilja eftir opin hlið, sem lokað verður.

42. gr.

Enginn óviðkomandi maður má hagnýta eða tileinka sér neinar nytjar, svo sem beit, berjatöku, egg, veiði, fugla, fiska eða annað, án leyfis landráðanda.

Þó mega ferðamenn hagnýta sér hagabeit og berjatöku, utan túns og engja, til neyzlu á staðnum um stundarsakir, meðan á áning eða hvíld stendur.

43. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningarstaði sína og tjaldstæði, eða þar, sem þeir á annan hátt koma saman á víðavangi, hvar sem er innan sýslunnar. Ber að ræsta vandlega slíka staði af öllum óhroða og rusli, svo sem dósum, flöskum, bréfum og matarleifum og öðru slíku, áður en staðurinn er yfirgefinn, og hylja ruslið í gröf eða gjótu eða flytja það burt.

Flöskur má aldrei brjóta á víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri með lyng- eða hrísrifi eða á annan hátt.

44. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnarvöldum, og skal hún á kostnað sveitarsjóðs útvega í því skyni spjöld, svo mörg sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, sýningar, samsöngva og aðrar skemmtanir, sem leyft er að halda, svo og aðrar auglýsingar, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda.

45. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

VI. KAFLI

Um veitingastaði, samkomuhús og skemmtanir.

46. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala matar og drykkjar og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

47. gr.

Hverjum sem hefir veitingasölu, hverju nafni sem nefnist, er skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að nokkuð það fari fram í húsi hans, sem kemur í bága við velsæmi og góða reglu.

134 10. júlí

48. gr.

Á veitingastað má enginn sýna af sér ofsalegt athæfi eða látbragð, hávaða eða nokkra ósæmilega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd.

49. gr.

Allir almennir veitingastaðir og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni, og allir gestir, sem ekki eiga náttstað þar, skulu hafa farið út ekki síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er. Heimilt er félögum að halda þar samkvæmi, dansleiki og aðrar skemmtanir, sem ekki eru bundnar við neinn sérstakan lokunartíma, ef ekki taka þátt í þeim aðrir en félagsmenn og gestir þeirra. Sama gildir um samsæti einstakra tiltekinna manna og aðrar samkomur sem lögreglustjóri hefir leyft að halda samkvæmt 51. gr.

50. gr.

Við hvert veitingahús eða almenn samkomuhús skal eigandinn láta gera salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húsráðandi sjá um, að því sé ávallt haldið vel hreinu.

51. gr.

Vilji nokkur halda almenna samkomu, svo sem dansskemmtun, sjónleiki, söngskemmtun, íþróttasýningu, myndasýningu o. s. frv., er almenningi sé boðið til eða seldur aðgangur að, eða til að hafa veitingar á staðnum, skal hann til þess leita leyfis lögreglunnar. Lögreglustjóri veitir slík leyfi. Þó getur hann falið hreppstjórum að veita leyfin, hverjum í sínum hreppi.

Leyfishafa skal skylt að hlýða þeim fyrirmælum, sem lögregluvaldið setur til þess að varðveita góða reglu, velsæmi og hreinlæti. Honum er skylt að hlýða fyrirmælum heilbrigðisnefndar um ræsting og hreinlæti í húsrúminu, enda skal það ávallt nýræst, er samkoman byrjar.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri getur krafizt þess, að þeir, er fá leyfi til að halda samkomur, hafi á sinn kostnað tryggt sér menn, er lögreglustjóri tekur gilda, til eftirlits allan samkomutímann.

Fari nokkuð það fram, er brýtur í bág við reglu og velsæmi, er lögregluvaldinu heimilt að láta slíta samkomunni.

Almennar útisamkomur eru sömu reglum háðar, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

52. gr.

Sérhverjum, er sjúkling hefir á heimili sínu, er heimilt að fá bannað, að almennar samkomur, sem háreysti geta valdið, séu haldnar svo nærri húsi hans, að hætta geti stafað af fyrir ónæði.

53. gr.

Lögreglustjóri (eða barnaverndarnefndir, þar sem þær eru) getur bannað börnum innan ákveðins aldurs að sækja samkomur, sem ætla má, að geti haft vond áhrif á þau.

VII. KAFLI

Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.

54. gr.

Enginn má á nokkurn hátt spilla neyzluvatni manna, hvort heldur er rennandi vatn í ám, lækjum eða lindum eða vatnsleiðslum eða í þróm eða brunnum.

Vatnsból skulu vel varin fyrir öllum óþrifnaði, og þess stranglega gætt, að skólpi eða öðru, er óþrifnaði veldur, sé eigi hellt þann veg, að runnið geti að þeim. 134 10. júlí

55. gr.

Stampa, opnar tunnur, föt eða önnur ílát með lifur, grút eða slori eða því um líku, má ekki láta standa á almannafæri, né hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Safngryfjur og forir skulu vera þaktar, svo engan ódaun leggi af þeim og svo vel umgirtar, að engin hætta geti stafað af fyrir menn eða skepnur.

Skylt er að hafa salerni við hvert íbúðarhús innan kauptúnanna og á hverju býli í sveitum, enn fremur við hvert samkomuhús.

56. gr.

Bannað er að hella skólpi, sem fiskur eða annað hefir verið þvegið úr á götu eða almannafæri, ekki má heldur hella þar eða skilja eftir neitt það, er óþrifnaði veldur.

For, slor, þang, þara og annað því um líkt skal jafnan flytja í heldum ílátum eða vögnum um alfaravegi og götur, og skal sá, er á, eða sá, sem flytur, hreinsa upp, ef niður á götuna fer.

57. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götu eða á almannafæri yfirleitt, heldur skal það gert að húsabaki eða innan girðingar, og skal þess vandlega gætt, að skepnur sjái ekki blóðvöllinn, og að hann sé hreinsaður undir eins að slátrun lokinni.

Bannað er að láta hunda komast á blóðvöll, þegar slátrað er sauðfénaði. Brot gegn banni þessu er á ábyrgð hlutaðeigandi hús- eða landráðanda.

58. gr.

Við hvert sláturhús skulu vera nægilega mörg ílát undir innanmein og þannig fyrir komið, að öruggt sé, að hundar nái ekki að éta úr þeim. Við heimaslátrun skal hafa á blóðvellinum ílát með loki undir sullu og innanmein. Að lokinni hverri slátrun skal annað hvort brenna þessi sollnu líffæri eða grafa þau, minnst fullan metra í jörðu niður. Annars skulu sláturhússtjórar og aðrir, sem við slátrun fást, fara eftir fyrirskipunum héraðslækna og reglum þeim, er þeir kunna að setja um þessi efni.

59. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa hver í sínum hreppi eftirlit með öllu því, sem að almennum þrifnaði lýtur. Fer um þetta efni eftir þeim heilbrigðissamþykktum, sem nú gilda fyrir einstaka hreppa sýslunnar, eða þeim heilbrigðissamþykktum, er síðar kunna að verða settar fyrir hreppa sýslunnar.

ANNAR ÞÁTTUR

Viðaukaákvæði, er taka til kauptúnanna Stokkseyrar og Eyrarbakka og þorpanna á Selfossi og í Hveragerði.

VIII. KAFLI

Sérákvarðanir um umferðina innan þorpanna.

60. gr.

Stéttir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Þeir, sem fara um gangstéttir eða götur, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki

134 skyldir til að víkja af gangstétt á akbraut, þótt hún sé til vinstri. Við krossgötur
10. júlí skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar.

61. gr.

Eigi má fleygja glerbortum, steinum, nöglum, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þess konar á almannafæri eða í opin göturæsi, né heldur skvetta þar skólpi eða öðru, er valdið getur hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Bannað er að hrista gólfábreiður, viðra sængurföt eða hengja þvott eða annað til þerris á götu, torg eða almannafæri.

62. gr.

Þegar hús eru byggð að nýju, eða eldri hús rifin og byggð upp að nokkru eða öllu leyti, skal eigandanum, ef húsið liggur við götu eða svæði, sem almenningur fer um, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra hættu, farartálma eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og má ekki liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, sem af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, þegar húsgerðinni er svo langt komið eða verki því, sem unnið er að, að því verði við komið.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er flutt í burtu, án þess að annað sé gert í staðinn, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

63. gr.

Palla, stoðir og annan útbúnað við húsasmíðar eða önnur mannvirki, eða viðgerðir á þeim, skal gera nægilega traust. Heimilt er lögreglunni að gera ráðstafanir hér að lútandi. Lausir stigar, sem notaðir eru við aðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir.

64. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stétt eða götu og lengra fram en húshlið, og skal þá vera traust handrið beggja megin við það. Auk þess getur lögreglustjóri krafizt þess, að kjallaraopið sé byrgt með hlemm eða hlera, frá því að dimmir að kvöldi, þar til birtir að morgni. Í kring um birtugrófir við stétt eða götu, skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stéttinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein, mega ekki vera lægri en 60 cm.

65. gr.

Bannað er að hafa þakjárn, eða parta af þakjárni laust úti, og hafa eigendur ábyrgð á, að slíkt fjúki ekki öðrum til tjóns og meiðsla. Sama gildir og um spýtnarusl og annað þess háttar, sem meiðslum eða skemmdum getur valdið, ef fýkur.

66. gr.

Báta, eða aðra slíka hluti, sem tálmað geta umferðinni, má aldrei setja á vegi, stræti eða annan alfaraveg eða svo nærri, að nokkur hluti þess gangi inn á veginn eða yfir hann, og getur hreppsnefnd, og lögreglustjóri, eða hvort um sig, látið færa slíka muni burtu á kostnað umráðamanns, ef hann ekki gerir það sjálfur, eftir að hafa verið aðvaraður.

67. gr.

Í fjöru má ekki skilja eftir eða kasta seglfestu, grjóti eða neinu öðru, er tjóni getur valdið skipum eða bátum, eða á nokkurn hátt hindrað umferð.

IX. KAFLI
Um umferð á götum kauptúnanna og þorpanna.

68. gr.

Ökuhraði bifreiða og bifhjóla á götum kauptúnanna og þorpanna má ekki vera meiri en 20 km á klst.

Það er bannað að ríða hraðar en hægt brokk á götum kauptúnanna og þorpanna.

69. gr.

Lausa hesta skal jafnan reka hægt og gætilega um götur kauptúnanna og þorpanna, og aldrei má siga hundum á skepnur nærri götu.

Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunni en nauðsynlegt er til að taka ofan af þeim eða láta upp klyfjar.

Hestar í kauptúnunum og þorpunum, ef þeir eru þar staddir, skulu ávallt hýstir um nætur á vetrum, nema hreppsnefnd veiti undanþágu.

70. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegbrún eða gangstétt til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal ekið í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum eða gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer. Sömuleiðis er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau, eða nema staðar þar, sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir hinum megin á götunni.

71. gr.

Á almannafæri má ekki taka beizli af hesti, sem beitt er fyrir vagn eða annað ökutæki. Láti nokkur hest standa fyrir hlöðnum sleða, vagni eða undir klyfjum, lengur en brýn nauðsyn krefur, getur lögreglan látið taka hest frá vagni og undan klyfjum, og komið til varðveizlu á kostnað þess, er flutningnum stýrir.

Hesta má aldrei binda úti við í kauptúnunum og þorpunum, né láta þá standa í réttum í köldu veðri, eða óhæfilega lengi að dómi lögreglunnar, þó að gott sé veður. Getur lögreglan tekið slíka hesta til varðveizlu á kostnað umráðamanns.

Ferðamenn með hesta, sem viðdvöl hafa í kauptúnunum eða þorpunum, skulu tafarlaust koma hestum sínum í hús eða haga, eftir tilvísun lögreglunnar, nema þeir hafi leyfi til að geyma þá á afgirtum túnlóðum einstakra manna.

X. KAFLI
Um skepnuhald o. fl.

72. gr.

Hæns eða aðra alifugla má ekki hafa nema þeir séu í afgirtu svæði eða tryggri vörzlu, svo að þeir geti ekki gert öðrum óskunda.

73. gr.

Það er á ábyrgð eiganda, að sauðfé, geitfé, hæns eða aðrir gripir þeirra, geri engan óskunda eða skaða í þorpunum eða grennd þeirra, hvorki skemma neitt eða fari inn í afgirt svæði, tún, matjurtagarða, skrúðgarða eða trufli svefnfrið manna með hávaða, enda getur sá, sem fyrir ágangi verður, handsamað slíka gripi til bráðabirgða, en þá skal hann undir eins skýra lögreglustjóra frá því og öðrum mála-

134 10. júlí

vöxtum. Sérstaklega ber að hafa strangt eftirlit með þessu frá 1. maí til 20. september árlega. Á þeim tíma má búfénaður ekki ganga laus í þorpunum, nema maður fylgi til að gæta hans, eða hann sé í öruggri vörzlu.

Ef út af þessu er brugðið, varðar það eigandann sektum, og enn fremur ber honum að greiða allan kostnað við handsömun og varðveizlu fénaðarins. Selja má fénaðinn til lúkningar þessum kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki.

74. gr.

Enginn má láta hesta sína ganga lausa um götur þorpanna. Lausa hesta á flækingi um götuna, ber lögreglunni að handsama og ráðstafa á kostnað eiganda.

75. gr.

Naut, sem farið er með um göturnar, skulu ætíð leidd í nægilega traustu bandi, og minnsta kosti tveir menn fylgi hverju nauti ársgömlu eða eldra. Ekki mega naut standa úti á götu eða stræti gæzlulaus. Naut hálfs árs og eldri mega alls ekki ganga saman við kýr þorpanna.

76. gr.

Enginn maður má siga hundum á annan mann eða láta fyrirfarast að aftra því, þegar hann verður var við, að hundur ræðst á mann ef honum er það unnt, án þess að stofna sér í háska. Hundar mega ekki vera lausir um nætur svo nokkru ónæði valdi íbúum þorpanna.

77. gr.

Skylt er öllum að hlýða fyrirmælum hreppsnefndar um hagbeit í landi þorpanna, bæði hvernig hagbeit skuli hagað og gjöldum fyrir hana. Á slíkum gjöldum er lögtaksréttur.

78. gr.

Um sauðfjárrekstra og hrossarekstra, sem koma til þorpanna til slátrunar, gerir lögreglustjóri þær fyrirskipanir, sem nauðsynlegar þykja, til að afstýra farartálma eða hættu fyrir börn og aðra vegfarendur.

XI. KAFLI

Um mannvirki og lóðir í þorpunum.

79. gr.

Enginn má byggja í þorpunum neins konar hús, hvorki til íbúðar, atvinnu, geymslu eða fyrir skepnur, hvorki á lóðum einstakra manna, hvort sem lóðarhafi vill byggja eða annar, né á leigðum lóðum, nema með leyfi byggingarnefndar og eftir fyrirmælum hennar. Sama gildir um fiskreiti, girðingar eða önnur mannvirki.

Mannvirki við hafnirnar má enginn gera nema eftir tillögum hafnarnefnda og með leyfi viðkomandi hreppsnefnda.

XII. KAFLI

Um eftirlit með börnum í þorpunum.

80. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sé haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri.

Börn innan 13 ára mega ekki vera á almannafæri síðar en kl. 9 á kvöldin á tímabilinu frá 1. okt. til 1. marz, ekki seinna en kl. 10 frá 1. marz til 30. apríl og ekki seinna en kl. 11 frá 1. maí til 30. sept., nema þau séu í fylgd með fullorðnum. **134** 10. júlí

Lögreglan getur bannað börnum, sem ekki ganga þar til vinnu, né eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Á dansleikjum mega börn innan 13 ára ekki vera lengur en til kl. 12 að kvöldi.

Foreldrar barna bera ábyrgð á því að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt.

XIII. KAFLI

Um almennt hreinlæti í þorpunum.

81. gr.

Á almannafæri má ekki kasta hræjum, slógi, ösku, sorpi, skólpi eða öðrum óhreinindum. Allt slíkt, svo sem innyfli úr skepnum, sem eigi eru notuð, skal láta í gryfjur þær, sem mykja og annar áburður er látinn í.

Skyldur er hver húsráðandi, við götur þorpanna, að sjá um, að haldið, sé hreinum portum og annari óbyggðri lóð kringum hús hans. Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns, eða orsaka að slíkt berist á lóðina.

Hey, mó, þang, þara, eða áburð eða annað þess konar, sem slæðist eða hrynur af flutnngi á göturnar, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa samdægurs.

Nú eru settar safngryfjur eða safnkassar á ýmsum stöðum í þorpunum, og eru menn þá skyldir til, ef hreppsnefnd ákveður svo, að setja slor og annan fiskúrgang í safngryfjur eða safnkassa þessa, ef þeir eigi nota það sjálfir.

82. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má að eins flytja um göturnar í lokuðum vögnum, vel þéttum. Má eigi fylla þá svo, að úr þeim hrynji, á meðan á flutningnum stendur.

Safnforir má ekki tæma eða hreinsa á öðrum tímum en frá kl. 11 síðd. til kl. 6 að morgni.

83. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má ekki hafa í nánd við götur eða svæði, sem almenningur fer um, nema í gryfjum nægilega byrgðum, og skal þá hafa til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

84. gr.

Á húshliðum eða göflum, sem vita út að götum, eða torgum, má ekki hengja á nagla eða festa á annan hátt neins konar fiskiföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur, og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

85. gr.

Í opin ræsi má ekki kasta neinu því, sem óhollustu getur valdið, eða stíflað rennurnar.

134
10. júlí

ÞRIÐJI ÞÁTTUR
Almenn ákvæði.

XIV. KAFLI
Um staðgildi samþykktarinnar og hvernig henni skuli beitt.

86. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Árnessýslu. Þó gilda ákvæði II. þáttar aðeins um þorpin á Stokkseyri, Eyrarbakka, Selfossi og Hveragerði, eftir því sem við á.

87. gr.

Þar sem heilbrigðisnefnd, bygginganefnd og fleiri nefndir, sem um getur í þessari samþykkt, eru ekki til, kemur hreppsnefnd í þeirra stað.

88. gr.

Hreppstjórar skulu, hver í sínum hreppi, hafa gætur á að fyrirmælum samþykktar þessarar sé hlýtt, og ástunda að koma í veg fyrir brot á henni.

Komist hreppstjóri að því, að brot sé framið, skal hann jafnskjótt kynna sér málavöxtu, og senda lögreglustjóra skýrslu um málið án tafar.

XV. KAFLI
Um hegningarákvæði, kostnað o. fl.

89. gr.

Með mál, sem rísa út af samþykkt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

90. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 1000 krónum ef ekki liggur þyngri refsing við að lögum.

Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 14 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

Hagnaður sá, er sökudólgur kann að hafa haft af broti sínu og enginn einstakur maður á tilkall til, skal upptækur ger og renna, auk sekta, í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brot er framið. Nú hefir maður drýgt brot í fleirum en einum hreppi, sem refsað er fyrir í sama máli, og rennur þá sekt hans og upptækur hagnaður í sýslusjóð.

91. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykkt þessari eða fyrirskipunum lögreglustjóra samkvæmt henni, getur lögreglustjóri látið framkvæma það. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir, eða lætur gera til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðir sveitarsjóður þess hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

92. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 134 10. júlí

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Ísfirðinga", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 15. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra. 135 15. júlí

Skiplagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Menningarsjóð Ísfirðinga".

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Menningarsjóður Ísfirðinga".

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 1200 — tólf hundruð — króna samskotum 14. nóv. 1916, á afmælisdegi cand. theol. Guðmundar gjaldkera Jónssonar, af honum og nokkrum kunningjum hans.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja með óafturkræfum fjárstyrk eða láni, fátæka, efnilega unga menn og konur, er heima eiga á Ísafirði og lokið hafa námi við Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, eða þann skóla, er kemur í hans stað á Ísafirði, til þess að afla sér nauðsynlegrar fræðslu í einhverju því, sem þeim má helzt til mennningar verða, samkvæmt áliti skólanefndar og skólastjóra.

Veitingu styrks og lána skal miða við reikning sjóðsins undanfarið ár og útborgast 14. nóv. ár hvert.

Lægsti styrkur eða lán má vera 50 krónur, en hæsti 400 krónur á ári til eins og sama manns. Þó getur tilgreint hámark hækkað, þegar allur árlegur styrkur eða lán úr sjóðnum nemur meiru en 2000 krónum, eða ef verðgildi krónunnar raskast verulega frá því, sem nú er. Enginn getur orðið styrks eða láns aðnjótandi oftar en þrisvar úr sjóði þessum.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Andvirði verðbréfa þeirra, er hann nú á, skal leggja í Söfnunarsjóðinn, við höfuðstólinn, jafnskjótt og þau verða innleyst. Skólanefnd Gagnfræðaskóla Ísafjarðar eða stjórn þess skóla, er kemur í hans stað á Ísafirði, hefir á hendi stjórn sjóðsins.

5. gr.

Árlega skal verja $^{9}/_{10}$ — níu tíundu hlutum — af vöxtum og vaxtavöxtum sjóðsins og $^{1}/_{10}$ — einum tíunda — af öðrum vexti hans, skv. 3. gr., en $^{1}/_{10}$ vaxta og $^{9}/_{10}$ af öðrum árlegum vexti sjóðsins skal leggja við hann, unz hann er orðinn að upphæð 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur. Upp frá því skal aðeins $^{1}/_{25}$ af öllum

135 15. júlí

ársvexti sjóðsins lagður við hann, en 24/25 vaxtarins varið samkvæmt ákvæðum 3. gr. Skal svo gert þaðan í frá, þó með þeirri undantekningu, að öllum ársvexti sjóðsins 1962 skal úthlutað þann 14. nóv. 1963 og slíkt hið sama hundraðasta hvert ár eftir það. Við úthlutun styrksins, eða láns, hefir stjórn sjóðsins skólastjóra gagnfræðaskólans (sbr. 3. gr.) í ráðum með sér.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins hefir endurgjaldslaust á hendi stjórn hans, og ber henni að sjá um, að tilgangi sjóðsins verði sem bezt náð. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

7. gr.

Staðfestingar konungs skal leitað á skipulagsskrá þessari svo breyttri. Má aldrei breyta aðalefni hennar né tilgangi sjóðsins, en þá breytingu, er við hér höfum gert á skipulagsskránni frá 1917 höfum við gert samkvæmt heimild í 5. gr. hennar.

Fyrir hönd stofnendanna.

Reykjavík, 19. apríl 1939. **Guðmundur Bergsson.**

Ísafirði, 28. apríl 1939. **Elías J. Pálsson.**

136 17. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jón Ólafssonar frá Sumarliðabæ", útgefin á venjulegan hátt að mandatum 17. júlí 1939 af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

minningarsjóðs Jóns Ólafssonar frá Sumarliðabæ.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Jón Ólafssonar, bankastjóra og alþingismanns frá Sumarliðabæ, er var framkvæmdarstjóri H.f. Alliance í 20 ár og var fæddur að Sumarliðabæ í Holtum 16. október 1869, dáinn 3. ágúst 1937.

Stofnendur sjóðsins eru H. f. Alliance og starfsmenn þess bæði á landi og sjó.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000.00 í peningum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vextina óskerta skal leggja við höfuðstólinn, ásamt því er sjóðnum kann að bætast á annan hátt þar til hann er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —. Úr því má verja hálfum ársvöxtum til styrktar samkvæmt skipulagsskrá þessari, en aldrei skal leggja minna en hálfa ársvexti við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00 — fimmtíu þúsund krónur —. Má þá verja allt að ¾ hlutum ársvaxta til styrktar samkvæmt skipulagsskrá þessari, en þó skal aldrei leggja minna en ¼ hluta ársvaxta við höfuðstólinn, hversu mikill, sem sjóðurinn kann að verða.

4. gr.

Fyrir stofnfé sjóðsins skulu keypt veðdeildarbréf, eða önnur jafn vel tryggð verðbréf, er eigi gefa lægri vexti. Það, sem sjóðnum kann að áskotnast með gjöfum eða á annan hátt svo og vextir, skal ávaxtast í sparisjóði Útvegsbanka Ís-

lands, h.f. þar til upphæðin er orðin nægileg til þess að kaupa fyrir hana veðdeild- 136
arbréf eða önnur jafn vel tryggð verðbréf. 17. júlí

Jafnóðum og hvert veðdeildarbréf sjóðsins er útdregið, skal andvirði þess varið til kaupa á nýjum veðdeildarbréfum, eða öðrum jafn vel tryggðum verðbréfum.

Sá hluti ársvaxtanna, er kemur til úthlutunar árlega, skal ávaxtaður á innlánsskírteini í Útvegsbanka Íslands, h.f.

5. gr.

Veðdeildarbréf sjóðsins skulu geymd í Útvegsbanka Íslands, h.f. í Reykjavík, þar til þau eru útdregin.

Hvert veðdeildarbréf sjóðsins (eða verðbréf) skal nafnskrá í bókum bankans og á þau ritað að eigi sé leyft að afhenda neitt þeirra né kvitta, nema með vitund og samþykki allrar stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er: að styrkja ekkjur eða munaðarleysingja efnalítilla manna, er farast kunna á útvegi Alliancefélagsins og þeim skipum, sem eru undir stjórn þess, svo og þeirra manna, er vinna í þágu félagsins á sjó eða landi og verða fyrir slysförum og þurfa styrks með.

Fjölskyldumenn ganga jafnan fyrir að öðru jöfnu við styrkveitingar úr sjóðnum og eldri starfsmenn fyrir yngri.

7. gr.

Nú skyldi koma fyrir eitt eða fleiri ár, sem enginn styrkþurfi er hjá félaginu að áliti sjóðstjórnar, leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn, en heimilt er þó að veita seinna allt að helmingi þeirrar upphæðar, sem ekki hefir verið úthlutað á undanförnu ári eða árum, ef ástæður þykja að áliti sjóðstjórnar, umfram þann hluta af vöxtum þess árs, sem ætlaður er til styrkveitinga.

8. gr.

Enginn nýtur styrks úr sjóðnum lengur en eitt ár í senn. Þó skal stjórn sjóðsins heimilt að veita sama styrkþega styrk lengur ef ástæða þykir til og eigi eru verðugri nýir styrkþegar.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa fimm menn: Framkvæmdarstjóri H.f. Alliance, sem er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, starfandi skipstjórar hjá Alliance og þeim félögum er það hefir umsjón með, kjósa tvo menn úr sínum hópi, en þessir þrír menn kjósa einn fastan starfsmann hjá Alliance og einn starfandi prest í Reykjavík.

Kosning stjórnarmeðlima gildir til þriggja ára í senn og skal formaður ávallt sjá um að kosið sé eigi síðan en 1. apríl það ár, sem kjörtímabil sjóðstjórnarinnar er útrunnið. Einn varamaður í stjórn skal kosinn á sama hátt.

Flytji einhver stjórnarmeðlimur úr Reykjavíkurbæ eða deyi, skal formaður sjá um að eigi líði lengur en 3 mánuðir þar til annar réttkjörinn meðlimur kemur í stjórnina í hans stað, og má stjórnin engar ráðstafanir gera viðvíkjandi sjóðnum nema að stjórnin sé fullskipuð á hverjum tíma.

Enginn stjórnarmeðlimur fær þóknun fyrir starf sitt í þágu sjóðsins.

10. gr.

Verksvið sjóðstjórnarinnar er að hafa umsjón með fjárreiðum sjóðsins, ákveða og sjá um úthlutun styrks, og reikningshald sjóðsins.

136 Skal hún koma saman svo oft sem nauðsyn krefur, og eru ákvarðanir hennar
17. júlí því að eins bindandi gagnvart sjóðnum, að allir stjórnarmeðlimir séu mættir.
Formaður kallar saman stjórnarfundi.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans uppgerðir árlega fyrir febrúarmánaðarlok og þá komnir til endurskoðenda, en þeim ber að hafa endursent reikningana til sjóðstjórnarinnar með athugasemdum sínum fyrir marzmánaðarlok, og má þá úthluta styrk úr sjóðnum samkvæmt 3. grein.

12. gr.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera tveir, annar starfsmaður hjá H.f. Alliance og hinn löggiltur endurskoðandi. Skulu þeir gæta þess að fyrirmælum skipulagsskrár þessarar sé fylgt, auk þess sem þeir athuga reikningshald sjóðsins og fullvissa sig um sjóðseignina.

13. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa samkvæmt 3. grein.

14. gr.

Hætti Alliance-félagið störfum, skal sjóðurinn falla undir umsjón Slysavarnafélags Íslands og styrkur úr honum veittur ekkjum og munaðarleysingjum efnalítilla manna er farast af togurum frá Reykjavík, enda sé fylgt fyrirmælum skipulagsskrár þessarar eftir því sem við á.

15. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 29. júní 1939.

137 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Ingibjargar Ísleifs-
18. júlí dóttur Finsen og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi", útgefin á venjulegan hátt ad mandatum 18. júlí 1939 af dóms- og kirkjumálaráðherra.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Ingibjargar Ísleifsdóttur Finsen og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Ingibjargar Ísleifsdóttur Finsen og Ólafs Finsen, héraðslæknis á Akranesi.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af þeim hjónum á fjörutíu ára starfsafmæli hans, sem héraðslæknis á Akranesi, hinn 13. janúar 1934, með því fé, er héraðsbúar færðu þeim sem heiðursgjöf í minningu starfsafmælis hans.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er nú kr. 1785.05 — seytján hundruð áttatíu og fimm krónur og 05/100 —, sem ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

4. gr. 137

Markmið sjóðsins er, að styrkja fátæka sjúklinga úr Skipaskagahéraði, eins og 18. júlí
það er nú, til sjúkrahússvistar á Akranesi eða annars staðar.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins séu: héraðslæknirinn í Skipaskagahéraði, lögskipuð ljósmóðir á Akranesi og sóknarpresturinn á Akranesi.

6. gr.

Sjóðurinn má gefa út minningarspjöld, og skal taka við hvers konar gjöfum og áheitum, sem til falla.

7. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn að upphæð kr. 2500.00 — tvö þúsund og fimm hundruð krónur — skal verja ¾ af ársvöxtum hans til þess að styrkja fátæka sjúklinga í sjúkrahúsum samkvæmt því, er segir í 4. gr. ¼ hluti ársvaxtanna leggist ávallt við höfuðstól, sem aldrei má skerða. Þau ár, sem enginn styrkþurfi er, er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta ¾ ársvaxtanna til jólaglaðnings sjúklingum á sjúkrahúsinu á Akranesi eða annara fátækra í héraðinu.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa inn í hana skipulagsskrá þessa, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórnin birta ársreikning hans í Lögbirtingablaðinu. Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps kýs endurskoðendur.

10. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ingibjörg Í. Finsen. **Ólafur Finsen.**

REGLUGERÐ 138

um notkun bátabryggjunnar í Ólafsfirði. 25. júlí

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir alla yfirumsjón með bryggjunni og eignum hennar. Ræður hún sérstakan bryggjuvörð, og semur um borgun fyrir starf hans. Skal það ætíð vera útgerðarmaður í Ólafsfjarðarkauptúni.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, og sjá um að hún, ásamt vatnsleiðslu og raflýsingu, sé ávallt í svo nothæfu ástandi, sem mögulegt er, á meðan á vertíð stendur, og skal hann í öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar. Eru allir, sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans, um notkun hennar.

138 25. júlí

3. gr.

Óheimilt er að láta vörur eða annað liggja á bryggjunni fram yfir það, sem nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði heimilt að láta flytja það burt á kostnað þeirra. Hann getur einnig bannað alla ónauðsynlega umferð um bryggjuna.

4. gr.

Allir, sem bryggjuna nota, eru skyldir að ganga hreinlega um hana. Sé það ekki gert, að dómi bryggjuvarðar, skal hann sjá um, að það sé gert á kostnað þess, sem valdur hefir orðið að óþrifnaðinum.

5. gr.

Allir heimilisfastir bátar í Ólafsfirði hafa rétt til að nota bryggjuna, gegn því að greiða gjald það, sem ákveðið er í 7. gr. reglugerðar þessarar, og skulu þeir nota rétt sinn í þeirri röð, sem þeir koma að henni. Óheimilt er að láta báta liggja að óþörfu við bryggjuna, og skulu menn ætíð skyldir að hlíta fyrirmælum bryggjuvarðar í því efni.

6. gr.

Allar skemmdir, sem bryggjan verður fyrir af völdum báta eða skipa, skulu eigendur eða umráðamenn skipa þeirra, er skemmdunum valda, bæta að fullu eftir samkomulagi eða mati dómkvaddra manna.

7. gr.

Bryggjugjald greiðist af öllum uppskipuðum og útskipuðum vörum, sem hér segir:

1.	Fyrir hver 50 kg fiskjar	kr.	0.20
2.	— hverja saltsíldartunnu (fulla)	—	0.15
3.	— — síldartunnu (tóma)	—	0.05
4.	— — smálest salts	—	1.00
5.	— — — kola	—	1.00
6.	— — smálest sements	—	1.00
7.	— hvert teningsfet timburs	—	0.02
8.	— — fat af lifur eða lýsi	—	0.30
9.	— hverja lýsistunnu	—	0.20
10.	— hvert steinolíufat	—	0.30
11.	— aðrar aðfluttar vörur: 25 aurar á hver 100 kg, þó ekki minna en 15 aurar á hvert stykki.		
12.	— hvern stórgrip	—	1.00
13.	— hverja sauðkind eða geit	—	0.20
14.	Af hverjum heimilisföstum vélbát, sem að bryggjunni leggur greiðist af hverri smálest ársgjald	—	3.00
	Brot úr smálest telst sem heil smálest ef brotið er stærra en ½. Annars skal því sleppt.		
15.	Fyrir aðkomuskip, sem ferma eða afferma við bryggjuna, skal greiða auk stykkjagjaldsins, í hvert skipti af hverri brúttó smálest	—	0.10

8. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu bryggjugjalds af skipum og bátum, sé eigandi eða útgerðarmaður skipsins ekki búsettur í Ólafsfirði. Hefir bryggjusjóður haldsrétt á skipunum unz gjöldin eru greidd.

Bryggjugjöld af skipum skal greiða áður en skip fer frá bryggju. Bryggjugjöld, sem greiðast eiga einu sinni á ári (lestagjöld), greiðast bryggjuverði fyrir 30. september ár hvert.

9. gr.

Bryggjugjöld af upp- og útskipuðum vörum, greiði eigandi eða umboðsmaður hans hér, og hefir bryggjusjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni.

Útgerðarmaður hvers heimilisfasts báts í Ólafsfirði, skal skyldur að skrásetja allar þær vörur, sem hann flytur með bát sínum, og ber hann ábyrgð á bryggjugjaldi af þeim vörum, sem hann flytur.

Bryggjugjald af uppskipuðum vörum fellur í gjalddaga þegar skipið eða báturinn, sem vörurnar flytur, leggst að bryggju, en bryggjugjald af útskipuðum vörum, fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip eða bát, sem flytur vörurnar frá bryggjunni.

10. gr.

Undanþeginn bryggjugjaldi samkvæmt 7. gr. er póstflutningur og venjulegur farangur ferðamanna. Enn fremur beita til útgerðar.

11. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að lækka árgjöld vélbáta, sem ekki nota bryggjuna nema stuttan tíma einhverra orsaka vegna.

12. gr.

Hver skipstjóri eða formaður báts, sem fermir eða affermir vörur við bryggjuna, er skylt að láta bryggjuverði í té afrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt.

Nú gefur einhver ranglega upp vörumagn sitt. Skal þá sá er uppvís verður að því, greiða 10—100 króna sekt, sem rennur í bryggjusjóð

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari innheimtir bryggjuvörður, og hefir allt reikningshald bryggjunnar. Skal hann í lok hvers árs afhenda hreppsnefndinni reikninga yfir tekjur og gjöld hennar.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

14. gr.

Tekjum bryggjunnar skal einungis varið til afborgana höfuðstóls og vaxta af skuldum hennar, og viðhalds og umbóta á bryggjunni.

Verði bryggjan skuldlaus, skulu tekjur hennar lagðar í sjóð, sem nefnist bryggjusjóður, og skal hann ávaxtast á tryggum stað.

15. gr.

Verði ágreiningur milli bryggjuvarðar og bryggjunotenda út af ákvæðum reglugerðar þessarar, skal málinu skotið undir úrskurð hreppsnefndar.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 200 krónum, og fer um mál út af þeim, sem almenn lögreglumál.

Sektir renna í bryggjusjóð.

17. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1939.

138 18. gr.
25. júlí Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 54 2. júní 1930, um bátabryggjuna í Ólafsfirði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. júlí 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

139 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð frú Guðrúnar Lárus-
26. júlí dóttur alþingismanns," útgefin á venjulegan hátt að mandatum 26. júlí 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður frú Guðrúnar Lárusdóttur alþingismanns.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að flýta fyrir að stofnað verði og síðan styðja kristilegt uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur 10 til 18 ára gamlar, er lent hafa á villigötum í siðferðilegu tilliti.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 manns. Eiginmaður og börn frú Guðrúnar Lárusdóttur og síðar aðrir afkomendur hennar velja tvo, en stjórnir Húsmæðrafélags Reykjavíkur, Kristilegs félags ungra kvenna og Kristniboðsfélags kvenna í Reykjavík, velja hver um sig eina konu í stjórnina. Leggist eitthvert þessara félaga niður, eða kæri sig ekki um að tilnefna neinn, þá velja hinir stjórnendur sjóðsins í auð sæti.

4. gr.

Stjórnin er valin til 6 ára í einu, og má endurkjósa hana. Í forföllum einstakra stjórnarmanna taka varamenn sæti þeirra. enda séu þeir tilnefndir af sömu aðiljum, og á sama veg sem aðalstjórnin.

5. gr.

Stjórn sjóðsins gerir sér far um að efla hann og ávaxta á öruggan hátt, og stuðla að því, að hafizt verði handa sem fyrst um stofnun slíks heimilis, sem hér ræðir um.

Í því skyni er henni heimilt að verja allt að 1000 kr. í einu úr sjóðnum, til að styðja konu til utanfarar til að kynna sér kristileg uppeldisheimili ungra stúlkna erlendis, ef stjórnin telur hana líklega til að geta veitt slíku heimili forstöðu á eftir. Þó skal sett trygging fyrir því, að sjóðnum verði endurgreiddur þessi styrkur, ef þessi kona verður ekki orðin forstöðukona slíks heimilis hérlendis, innan þriggja ára frá því hún fór utan.

6. gr.

Þegar stofnað verður það heimili, er hér ræðir um, hvort sem það er einkastofnun, eða stofnað af sjóðstjórninni sjálfri, eða af bæjarfélagi eða ríkinu, þá má sjóðstjórnin lána því allt fé sjóðsins, að 5000 kr. fráteknum, vaxtalaust í 6 til 10 ár, og síðan með almennum sparisjóðsvöxtum gegn 2. veðrétti í húseign stofnunarinnar, eða með annari öruggri tryggingu.

7. gr.

Hvenær sem aðalsjóðstjórnin verður sammála um, að heimilið sýni enga alúð í því að leiðbeina ungu stúlkunum, sem þar eru, með kærleika og nærgætni til persónulegs trúarsamfélags við frelsarann, og vinsamlegar aðvaranir um þau efni við heimilisstjórnina bera engan árangur, þá má hún segja upp láninu, er veitt hefir verið, með 6 mánaða fyrirvara. Endurborgist þá lánið með 1000 kr. á ári. Skal svo því fé varið til styrktar öðru kristilegu uppeldisheimili ungra stúlkna, með sömu kjörum og skilyrðum og þegar eru nefnd í 5. og 6. gr.

Sama er að segja um meðferð sjóðsins, ef heimilið sjálft kýs fremur að endurgreiða lánið en að greiða af því vexti, þegar vaxtalausi tíminn er liðinn.

8. gr.

Þær 5000 kr. af sjóðnum, sem ekki má lána stofnuninni, nema sérstaka nauðsyn beri til, og þá til skamms tíma gegn alveg öruggri tryggingu, svo og það fé, sem bætist við þær við vexti og gjafir, skal allt varðveitt í aðalþjóðbanka Íslands, eða á annan jafn öruggan hátt.

Hálfum ársvöxtum af því fé öllu má verja til styrktar þeim fátækum stúlkum, sem bezt meðmæli fá, er þær fara af heimilinu. Ræður sjóðstjórnin því, hvenær henni þykir ástæða til þess stuðnings, og hvernig honum skuli háttað í hverju einstöku tilfelli. En að öðru leyti leggjast allir vextir við sjóðinn þau árin, sem enginn sá stuðningur er veittur, er hér var nefndur.

9. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn tíu þúsund krónur, — auk þess fjár, sem heimilinu er lánað (sbr. 6. gr.), — þá er stjórn hans heimilt að verja helming hans annaðhvort til að stækka fyrrnefnt heimili, eða til að lána hann öðru kristilegu uppeldisheimili fyrir ungar stúlkur eða drengi, með sömu skilyrðum og áður segir. Þær 5000 kr., sem þá verða eftir, skulu sæta sömu meðferð og áður, og þannig áfram.

10. gr.

Þegar stjórnin veitir þau lán eða styrki úr sjóðnum, sem hér hafa verið talin, skal hún tryggja sér, að hún hafi fulla heimild til að kynna sér allan rekstur þess heimilis, er stuðnings nýtur, hvenær sem hún kann að óska, en jafnframt gerir hún sér far um, að styðja heimilið eftir föngum, í góðri samvinnu við stjórn þess.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar, lánveitingar og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur, að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

12. gr.

Sjóðstjórnin felur tveimur þjónandi prestum í Reykjavík, að endurskoða reikninga sjóðsins árlega, og gæta þeir þá jafnframt þess, að farið sé með fé hans sam-

139 kvæmt skipulagsskránni. Stutt greinargerð frá þeim um hag sjóðsins, sé síðan birt
26. júlí í einu eða fleiri blöðum í Reykjavík.

13. gr.
Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

14. gr.
Skipulagsskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

140
29. júlí

AUGLÝSING

um breyting á fyrirmælum nr. 81 27. júlí 1933, um kjötskoðun, merkingu á kjöti o. fl.

5. gr. fyrirmælanna orðist þannig:
Hver sá, er flytur nýtt, kælt eða frosið kjöt til sölu, í kaupstaði þá eða kauptún, sem um ræðir í 3. og 4. gr., og sem ekki hefir áður verið skoðað og merkt lögum samkvæmt, skal skyldur til að leggja það fram til skoðunar og merkingar á þeim stað, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveður, áður en það er boðið til sölu eða neyzlu. Skal hann greiða gjald fyrir skoðun, merkingu og húsnæði til skoðunarinnar, sem eigi fari fram úr því, er hér segir, fyrir hvern skrokk:

Af nautgripum og hrossum með 50 kg kjötþunga og þar yfir	kr. 2.00
— — — — — 30—50 — —	— 1.00
— — — — — minni kjötþunga	— 0.50
— svínum með 50 kg kjötþunga og þar yfir	— 2.00
— — — minni kjötþunga	— 1.00
— sauðfé og geitum	— 0.08

Gjald þetta skiptist að hálfu milli læknis þess, er skoðunina annast og þess, er húsnæði leggur til, nema að því er tekur til sauðfjár og geita, þar skal greiða lækninum kr. 0.05 og þeim er leggur til húsnæði kr. 0.03.
Þar sem kjötskoðun fer fram í sláturhúsi, sem fullnægir ákvæðum ofangreindrar reglugerðar og atvinnurekandi leggur til sjálfur, skal gjald til læknis þess, er skoðun og merkingu annast, vera sama og hann fær fyrir skoðun á öðru kjöti, sem sé ekki hærra en 1 kr. fyrir hvern skrokk af nautgripum, hrossum og svínum, en 5 aurar fyrir hvern kindarskrokk eða geitarskrokk.

Fyrirmæli þessi staðfestast hér með, samkvæmt lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 29. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

141
31. júlí

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um eyðingu svartbaks.

1. gr.

Skylt er hreppsnefnd, ef 5 eða fleiri varpeigendur eða veiðifélag óskar, að annast innan síns hrepps, eyðing svartbaks (veiðibjöllu), er skal réttdræpur hvar og hvenær sem er.

2. gr.

Svartbak skal útrýmt með skotum, þó getur jarðarábúandi bannað að skjóta hann í landi sínu, mánuðina maí og júní, þar sem það getur valdið tjóni á varpi eða búpeningi.

Hreppsnefnd ræður skotmenn, sem til þess eru færir. Laun skotmanna greiðist samkvæmt lögum um eyðingu svartbaks, 40 aurar fyrir hvern skotinn svartbak. Skotmenn skulu sanna hve marga svartbaka þeir hafi skotið, með því að leggja fram á manntalsþingum hægri væng fuglsins, og skal hann þar ónýttur um leið. Þá er og gjalddagi skotlauna, er greiðist úr sýslusjóði af sýslumanni, en hann innheimtir aftur þann hluta er ríkissjóði og sveitarsjóðum ber að borga.

3. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að eitra fyrir svartbak, en skylt skal þeim að viðhafa þá útrýmingaraðferð ef 5 varpeigendur eða veiðifélag, er hagsmuna hafa að gæta í viðkomandi sveit óska þess, og skulu þá þeir aðiljar, er kröfuna bera fram, greiða þann kostnað, er af eitruninni kann að leiða.

4. gr.

Í þeim hreppum, er svartbak á að útrýma með eitrun, skal hreppsnefnd ráða vandvirkan og vel hæfan mann til þess verks, og skal hann framkvæma eitrunina eftir fyrirsögn héraðslæknis. Þeim, sem eitrun hefir með höndum, ber að tilkynna hverjum ábúanda, hvenær og hvar þeir eitra í landi hans.

5. gr.

Eitrun fyrir svartbak má að eins fara fram í apríl, september og október.

6. gr.

Hver sá, sem hindrar ráðnar svartbaksskyttur eða eitrunarmenn, að verki, eða ónýtir það, sem eitrað hefir verið, án leyfis hlutaðeiganda, skal sæta sektum frá 10—100 krónum.

Æti það, sem eitrað hefir verið, skal grafið eða brennt innan mánaðar, frá því eitrun hefir farið fram.

7. gr.

Skylt er hverjum jarðarábúanda, að eyða öllum svartbakseggjum í löndum þeim, sem hann hefir til umráða, svo sem kostur er. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

Hreppsnefndum er heimilt að ráða eftirlitsmann, er hafi sérstakt eftirlit með, að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt, og kæri hann tafarlaust, ef út af er brugðið.

8. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál þau, er rísa kunna út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem opinber lögreglumál.

141 31. júlí

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

142 8. ágúst

SAMÞYKKT

um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum innan Eyrarbakkahrepps skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað, eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og eigi opnað aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september, skal sölubúðum og sölustöðum lokað, eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu, skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 5 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði, jafnt og sölubúðir.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Brauða- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst, og fyrsta desember, frá kl. 9 árdegis til kl. 3 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum og kökum, mjólk og mjólkurafurðum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma sölubúða, og á helgidögum, benzín og olíur til bifreiða, svo og olíu, salt og veiðarfæri til báta, sem stunda sjóróðra.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt eftir tillögum hreppsnefndar, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka tilgreinda daga, og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir félög, stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla. 142 8. ágúst

8. gr.

Brot á samþykkt þessari vara sektum frá 20 til 500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1939.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING 143

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp í Eyjarfjarðarsýslu nr. 9 13. marz 1933. 8. ágúst

Samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna er hér með staðfest eftirfarandi:

SAMÞYKKT

um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ólafsfjarðarkauptún og Ólafsfjarðarhrepp.

1. gr.

Alifugla má ekki hafa í kauptúninu frá 1. maí til 30. september, nema þeir séu í afgirtu svæði eða öruggri vörzlu.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.
Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. ágúst 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

144 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Sjúkrasjóðinn Minning“, útgefin á
15/7 '38 venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 15. júlí 1938.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Sjúkrasjóðinn Minning“.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita „Sjúkrasjóðurinn Minning“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Sæunni Bjarnadóttur, sem nú dvelur í Leslie, Sask., Canada, en er ættuð úr Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu. Ennfremur er meðal stofnfjár sjóðsins 25 — tuttugu og fimm — króna gjöf frá Arnljóti Kristjánssyni, Elfros, Sask., Canada, til minningar um látna konu sína, Ingunni Gunnarsdóttur, frá Hafragili í Skagafirði, og í þriðja lagi 100 — eitt hundrað — krónur gjöf frá Einari Jónssyni myndhöggvara og konu hans, Önnu Jónsson, Reykjavík, Íslandi.

Stofnfé sjóðsins er í heild 1000 — eitt þúsund — krónur, og er gert ráð fyrir, að honum geti, auk árlegra vaxta, hlotnazt tekjur af tillögum eða gjöfum síðar meir.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátæka sjúklinga, sem heimili eiga í Vestur- eða Austur-Húnavatnssýslu og ekki fá opinberan styrk annars staðar frá og verða fyrir tilfinnanlegum kostnaði vegna sjúkrahússdvalar eða vegna veikinda á annan hátt.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi eða á öðrum þeim stað, sem stjórn sjóðsins álítur fullkomlega tryggan.

Þegar ársvextir eru orðnir 100 — eitt hundrað — krónur eða meira, má veita fé úr sjóðnum, þannig að aldrei sé árlega veitt meira en sem nemur ¾ — þrem fjórðu — hlutum ársvaxtanna. ¼ hluti leggst ávallt við höfuðstólinn þar til innstæða sjóðsins nemur 50 000 krónum. Úr því má veita úr honum allt að ⁹⁄₁₀ hluta ársvaxtanna, en ⅒ hlutinn sé æfinlega lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu þessir menn skipa: Sóknarpresturinn í Melstaðarprestakalli, sóknarpresturinn í Þingeyrarklausturspresta kalli og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu sendar stjórninni og úthlutar hún honum. Veita má fleirum en einum á ári, ef fé er fyrir hendi, en þó skal aldrei veitt minni upphæð hverjum einstökum en 75 — sjötíu og fimm — krónur í einu. Stjórn sjóðsins hefir reikningshald hans með höndum og annast eftirlit með honum að öðru leyti. Skal reikningur sjóðsins birtur árlega á þann hátt, sem stjórn hans ákveður.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dagsett í Winnipeg, Manitoba, Canada, 28. desember 1936.

Sæunn Bjarnadóttir.

REGLUGERÐ

145
4. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 73 31. des. 1937, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og reglugerð nr. 69 15. maí 1939, um breyting á þeirri reglugerð.

1. gr.

8. liður 12. greinar hljóði svo:

Rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitigrjón (semiliugrjón), hveitimjöl, hafragrjón, hrísgrjón, hrísmjöl, sagógrjón, sagómjöl, bankabygg, matbaunir, kartöflumjöl, sítrónur, kol, salt, brennsluolíur, smurningsolíur, benzín, hessian, tóma strigapoka, prentaðar bækur, blöð, tímarit.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. ágúst 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT

146
14. apríl

um vörzlu alifugla í Flateyrarkauptúni.

1. gr.

Hver húsráðandi á Flateyri, sem á alifugla, svo sem hænsni, gæsir og endur, skal skyldur til að geyma þá í þar til gerðu húsi eða girðingum, svo öruggt sé að þeir gangi ekki lausir á tímabilinu frá 1. maí til 30. september ár hvert. Þó má hleypa þeim í fjöru þann tíma, þar sem þannig hagar til, að þeir geta engan átroðning eða óskunda gert öðrum.

2. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 5—100 krónum, sem renna í sveitarsjóð.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal farið eins og almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32 4. júní 1924, er hér með staðfest til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

147 REIKNINGUR BRUNABÓTAFÉLAGS ÍSLANDS

vátryggingarárið frá 15. okt. 1937 til 14. okt. 1938.

Aðalreikningur

yfir tekjur og gjöld Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1937 til 14. okt. 1938.

Gjöld:

I.	Brunatjón á fasteignum	kr.	155035.77	
	Þar af greitt af endurtryggjanda	—	32729.36	kr. 122306.41
II.	Brunatjón á lausafé	kr.	18219.06	
	Þar af greitt af endurtryggjanda	—	2534.86	— 15684.20
III.	Reksturskostnaður			— 62295.89
IV.	Umboðslaun			— 28204.04
V.	Til frádráttar á bókuðu eignarverði:			
	1. Slökkvitækjabirgða	kr.	2694.89	
	2. Áhalda og húsgagna	—	2677.20	— 5372.09
VI.	Afskrifaðar skuldir			— 25925.66
VII.	Tekjuafgangur:			
	1. flokkur:			
	a. Flutt frá f. á. kr. 9835.56			
	b. Tekjuafgangur þ. á. — 271972.28			kr. 281807.84
	2. flokkur:			
	a. Flutt frá f. á. kr. 3969.31			
	b. Tekjuafgangur þ. á. — 62726.37			— 66695.68
			Samtals	kr. 348503.52
	sem færist þannig:			
	1. Lagt í varasjóð 1. fl.	kr.	280000.00	
	2. Lagt í varasjóð 2. fl.	—	65000.00	— 345000.00
	3. Flutt til næsta árs 1. fl.	kr.	1807.84	
	4. Flutt til næsta árs 2. fl.	—	1695.68	— 3503.52
				Kr. 608291.81

Tekjur:

I.	Flutt frá fyrra ári:			
	1. Tilheyrandi 1. fl.	kr.	9835.56	
	2. Tilheyrandi 2. fl.	—	3969.31	kr. 13804.87
II.	Iðgjöld af fasteignum	kr.	496746.51	
	Þar af greitt endurtryggjanda	—	162450.78	— 334295.73
III.	Iðgjöld af lausafé	kr.	31141.14	
	Þar af greitt endurtryggjanda	—	14845.00	— 16296.14
			Flyt	kr. 364396.74

		Flutt	kr.	364396.74
IV.	Vextir		—	152950.22
V.	Þóknun og ágóðahl. frá endurtr.fél. Storebrand:			
	1. Þóknun (Provision)	kr. 35459.15		
	2. Ágóðahluti	— 53036.20		
			—	88495.35
VI.	Hagnaður á innleystum veðdeildarbréfum		—	2449.50
			Kr.	608291.81

Reykjavík, 9. janúar 1939.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

H. Stefánsson.

Sigurj. Jóhannsson.

Efnahagsreikningur

Brunabótafélags Íslands 14. október 1938.

Eignir:

I.	Sjóður		kr.	48607.46
II.	Innstæða í bönkum og sparisjóði		—	1137022.11
III.	Ríkissjóðsábyrgð		—	800000.00
IV.	Verðbréf:			
	1. Veðdeildarbréf, kaupverð	kr. 344965.50		
	2. Jarðræktarbréf, kaupverð	— 121480.00		
	3. Skuldabréf Reykjavíkur, kaupverð	— 11840.00		
	4. Ríkisskuldabréf, kaupverð	— 3840.00		
	5. Kreppulánasjóðsbréf bæjar- og sveitarfél.	— 96106.40		
	6. Nýbýlasjóðsbréf, kaupverð	— 200000.00		
	7. Vega- og brúargerðalán, kaupverð	— 2250.00		
	8. Skuldabréf Múlasýslu, kaupverð	— 75.00		
	9. Skuldabréf Ísafjarðarkaupstaðar og Eyrarsveitar, rafveitulán, kaupverð	— 5000.00		
			—	785556.90
V.	Fasteignalán		—	495849.27
VI.	Ábyrgðarlán		—	812479.76
VII.	Slökkvitækjalán		—	155407.67
VIII.	Víxlar		—	53250.00
IX.	Skuldir umboða		—	29140.17
X.	Ýmsir skuldunautar		—	10135.89
XI.	Áhöld og húsgögn		—	6000.00
XII.	Slökkvitækjabirgðir		—	16500.00
XIII.	Óinnheimtir vextir		—	23732.13
			Kr.	4373681.36

Skuldir:

I.	Ábyrgðarsjóður		kr.	800000.00
II.	Inneignir umboða		—	202.01
III.	Ógreiddar brunabætur		—	42628.01
IV.	Inneignir Storebrand, Oslo		—	177347.82
			Flyt kr.	220177.84

147

			Flutt	kr. 220177.84
V.	Varasjóðir:			
	1. flokkur:			
	a. Flutt frá f. á.	kr. 2590000.00		
	b. Af tekjuafgangi þ. á. ..	— 280000.00	kr. 2870000.00	
	2. flokkur:			
	a. Flutt frá f. á.	kr. 415000.00		
	b. Af tekjuafgangi þ. á. ..	— 65000.00	— 480000.00	
				— 3350000.00
VI.	Flutt til næsta árs:			
	1. Tilheyrandi 1. flokki		kr. 1807.84	
	2. Tilheyrandi 2. flokki		— 1695.68	
				— 3503.52
				Kr. 4373681.36

Reykjavík, 9. janúar 1939.

BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS

H. Stefánsson.

Sigurj. Jóhannsson.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld 1. flokks (vátryggingar í kaupstöðum og kauptúnum) frá 15. október 1937 til 14. október 1938.

Gjöld:

I.	Brunatjón á fasteignum			kr. 79040.73
II.	Brunatjón á lausafé			— 11581.51
III.	Rekstrarkostnaður			— 48559.87
IV.	Umboðslaun			— 21559.31
V.	Afskriftir af áhöldum, húsgögnum og slökkvitækjabirgðum ..			— 4734.79
VI.	Afskriftir af skuldum			— 25925.66
VII.	Tekjuafgangur:			
	1. Flutt frá f. á.		kr. 9835.56	
	2. Tekjuafgangur þ. á.		— 271972.28	
		Samtals	kr. 281807.84	
	sem færist þannig:			
	1. Lagt í varasjóð		kr. 280000.00	
	2. Flutt til n. á.		— 1807.84	
				— 281807.84
				Kr. 473209.71

Tekjur:

I.	Flutt frá f. á.	kr. 9835.56
II.	Iðgjöld af fasteignum	— 243005.43
III.	Iðgjöld af lausafé	— 10250.65
IV.	Vextir	— 130980.52
V.	Þóknun og ágóðahluti frá Storebrand	— 76688.05
VI.	Hagnaður á innleystum veðdeildarbréfum	— 2449.50
		Kr. 473209.71

Reikningur 147

yfir tekjur og gjöld 2. flokks (vátryggingar í sveitum) frá 15. október 1937 til 14. október 1938.

Gjöld:

I.	Brunatjón á fasteignum		kr.	43265.68
II.	Brunatjón á lausafé		—	4102.69
III.	Reksturskostnaður		—	13736.02
IV.	Umboðslaun		—	6644.73
V.	Afskrift af áhöldum og húsgögnum		—	637.30
VI.	Tekjuafgangur:			
	1. Flutt frá fyrra ári	kr. 3969.31		
	2. Tekjuafgangur þ. á.	— 62726.37		
	Samtals	kr. 66695.68		
	sem færist þannig:			
	1. Lagt í varasjóð	kr. 65000.00		
	2. Flutt til n. á.	— 1695.68		
			—	66695.68
			Kr.	135082.10

Tekjur:

I.	Flutt frá fyrra ári		kr.	3969.31
II.	Iðgjöld af fasteignum		—	91290.30
III.	Iðgjöld af lausafé		—	6045.49
IV.	Vextir		—	21969.70
V.	Þóknun og ágóðahluti frá Storebrand		—	11807.30
			Kr.	135082.10

REIKNINGUR 148

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Verkamanna- og Sjómannafélaganna í Reykjavík árið 1938.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári		kr.	130635.68
2.	Árgjöld frá félögum		—	3560.50
3.	Styrkur úr ríkissjóði		—	4000.00
4.	Styrkur úr bæjarsjóði		—	3500.00
5.	Vextir á árinu		—	7665.75
			Kr.	149361.93

Gjöld:

1.	Styrkur veittur á árinu		kr.	16875.00
2.	Ýms gjöld		—	100.30
			Flyt kr.	16975.30

148

		Flutt kr.	16975.30
3.	Sjóður:		
1.	Skuldabréf Alþýðuhússins Iðnó	kr. 70000.00	
2.	— Alþýðuhúss Reykjavíkur	— 50000.00	
3.	— Reykjavíkurbæjar	— 7500.00	
4.	Innstæða í Útvegsbanka Íslands, h.f.	— 4369.24	
5.	— í Landsbanka Íslands	— 517.39	
			— 132386.63
			Kr. 149361.93

Reykjavík, 12. janúar 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson. **Ágúst Jósefsson.** **Sigríður Ólafsdóttir.**

Við undirritaðir höfum í dag endurskoðað framanritaðan reikning, yfirfarið fylgiskjöl og bækur sjóðsins, og ekkert fundið athugavert

Reykjavík, 21. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson. *Guðm. Eiríksson.*

149

ÁRSSKÝRSLA

um rekstur Styrktarsjóðs Verkamanna- og Sjómannafélaganna í Reykjavík 1938.

Af umsóknum þeim, sem stjórninni bárust á árinu og hún gat tekið til greina voru 126 frá körlum en 36 frá konum. Umsækjendurnir voru meðlimir eftirtaldra félaga, og fengu samtals styrk eins og hér segir:

Verkamannafélagið Dagsbrún, 77 umsækjendur	kr.	8280.00
Sjómannafélag Reykjavíkur, 49 umsækjendur	—	5395.00
Verkakvennafélagið Framsókn, 30 umsækjendur	—	2675.00
Þvottakvennafélagið Freyja, 4 umsækjendur	—	375.00
Félag afgreiðslustúlkna (A. S. B.), 2 umsækjendur	—	150.00
Samtals 162 umsækjendur	kr.	16875.00

Upphæð styrkjanna hefir verið frá kr. 75.00 til kr. 150.00, en langflestir þó kr. 100.00 vegna þess, að stjórn sjóðsins vildi reyna að gera sem flestum umsækjendum einhverja úrlausn, en varð þó að fresta ca. 20 styrkbeiðnum til næsta árs.

Þau félög innan Alþýðusambands Íslands, sem greitt hafa árgjald til sjóðsins á árinu eru: Verkamannafélagið Dagsbrún, Sjómannafélag Reykjavkur, Verkakvennafélagið Framsókn, Þvottakvennafélagið Freyja, Félag afgreiðslustúlkna í brauða- og mjólkurbúðum, Hið íslenzka prentarafélag og Bókbindarafélagið.

Árgjaldið er kr. 1.00 af körlum og kr. 0.50 af konum.

Stjórn sjóðsins hélt 5 fundi á árinu.

Sjóðurinn var í ársbyrjun kr. 130635.68, en í árslok kr. 132386.63.

Reykjavík, 12. janúar 1939.

Sigurjón Á. Ólafsson. **Ágúst Jósefsson.** **Sigríður Ólafsdóttir.**

REIKNINGUR 150

Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári			kr. 4339198.88
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:			
a. Innlög á árinu	kr.	33690.39	
b. Vextir lagðir við höfuðstól	—	182277.94	
			— 215968.33
3. Borgun fyrir viðskiptabækur, dráttarvextir o. fl.			— 5841.93
4. Ábati af innleystum vaxtabréfum			— 5710.00
5. Vextir af útlánum 1938			— 233446.13
6. Vextir fyrir 1938, geymdir til útborgunar			— 27067.72
7. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar			— 1285.29
			Kr. 4828518.28

Gjöld:

1. Vextir vaxtaeigenda fyrir árið 1938:			
a. Ársvextir 5,2%	kr.	206369.95	
b. Dagvextir 4,7%	—	2975.71	
			kr. 209345.66
2. Kostnaður			— 10823.84
3. Vextir fyrir 1937, er biðu útborgunar			— 70179.12
4. Höfuðstóll:			
a. er beið útborgunar frá fyrra ári	kr.	445.16	
b. er féll til útborgunar á árinu	—	840.13	
			— 1285.29
5. Sjóður í árslok:			
a. Veðskuldabréf	kr.	2929293.16	
b. Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	—	325061.34	
c. Bankavaxtabréf kr. 417600 ÷ 20%	—	334080.00	
d. Kreppulánasjóðsbréf bæjar- og sveitarfélaga kr. 419140 ÷ 10%	—	377226.00	
e. Jarðræktarbréf, nafnverð	—	1000.00	
f. Innanríkislán 1938, kr. 45000.00 ÷ 3%	—	43650.00	
g. Nýbýlasjóðsbréf, kr. 10000.00 ÷ 20%	—	8000.00	
h. Ríkisskuldabréf	—	35992.42	
i. Ýms verðbréf ríkistryggð	—	409548.66	
j. Vextir 1938, ógreiddir, en fallnir	—	6381.30	
k. Vextir 1938, ógreiddir, en ófallnir	—	18248.41	
l. Skrifstofugögn	—	5230.00	
m. Innstæða í bönkum í árslok 1938	—	24445.78	
n. Í sjóði hjá féhirði	—	18727.30	
			— 4536884.37
			Kr. 4828518.28

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 20. febrúar 1939.

Vilhj. Briem. Bjarni Ásgeirsson. Sig. Ólafsson.

150 **Efnahagsyfirlit Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1938.**

Eignir:

1.	Veðskuldabréf	kr.	2929293.10
2.	Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	—	325061.34
3.	Bankavaxtabréf, kr. 417600.00 ÷ 20%	—	334080.00
4.	Kreppulánasjóðsbréf sveita- og bæjarfél., kr. 419140.00 ÷ 10%	—	377226.00
5.	Jarðræktarbréf	—	1000.00
6.	Innanríkislán 1938, 45000.00 á 97%	—	43650.00
7.	Nýbýlabréf, 10000.00 á 80%	—	8000.00
8.	Skuldabréf ríkissjóðs	—	35992.42
9.	Ýms verðbréf, ríkistryggð	—	409548.66
10.	Ógreiddir vextir alls	—	24629.71
11.	Skrifstofugögn	—	5230.00
12.	Í sjóði og bönkum í árslok 1938	—	43173.08
		Kr.	4536884.37

Skuldir:

1.	Innstæður vaxtaeigenda:			
	a. Aðaldeild	kr.	1770867.01	
	b. Erfingjarentudeild	—	83058.05	
	c. Útborgunardeild	—	2367788.14	
	d. Bústofnsdeild	—	8396.81	
				kr. 4230110.01
2.	Vextir 1938, geymdir til útborgunar			— 27067.72
3.	Höfuðstóll, geymdur til útborgunar			— 1285.29
4.	Varasjóður í árslok 1938			— 278421.35
				Kr. 4536884.37

SÖFNUNARSJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 20. febrúar 1939.

Vilhj. Briem. **Bjarni Ásgeirsson.** **Sig. Ólafsson.**

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á vörum, undirskrifuð af konungi 26. ágúst 1939, nr. 47.

Konungleg tilskipun um að fyrirmælum þeim, er sett voru í konunglegri tilskipun nr. 102 14. júní 1938, um ýms hlutleysisákvæði, skuli farið eftir nú þegar, undirskrifuð af konungi 1. september 1939, nr. 48.

Bráðabirgðalög um sölu og útflutning á vörum, undirskrifuð af konungi 12. september 1939, nr. 49.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi, undirskrifuð af konungi 18. september 1939, nr. 50.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum, undirskrifuð af konungi 6. október 1939, nr. 51.

Auglýsing um viðbótarákvæði við samning milli Íslands og Stóra-Bretlands 25. október 1938, um framsal sakamanna, sem komizt hafa undan, og birtur er í A-deild Stjórnartíðindanna, með auglýsingu nr. 43 14. júlí 1939, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 12. október 1939, nr. 52.

Konungsbréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 1. nóvember 1939, undirskrifað af konungi 16. október 1939, nr. 53.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 17. október 1939, nr. 54.

Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 20. október 1939, nr. 55.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, undirskrifuð af konungi sama dag 1939, nr. 56.

Bráðabirgðalög um stríðstryggingarfélag íslenzkra skipshafna, undirskrifuð af konungi 27. október 1939, nr. 57.

Auglýsing um staðfesting alþjóða-fjarskiptareglugerða, undirskrifuð af atvinnu- og samgöngumálaráðherra 8. nóvember 1939, nr. 58.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, um takmörk verzlunarlóðarinnar í Hrísey.

151
9. sept.

Með bréfi, dags. 4. júlí þ. á., hafið þér, herra sýslumaður, sent ráðuneytinu tillögu sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi takmörkun verzlunarlóðarinnar í Hrísey, ásamt uppdrætti að hinni fyrirhuguðu verzlunarlóð.

Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús í Hrísey, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Lína 200 metra á land upp frá Stekkjarnefi og önnur jafnlöng frá Saltnesi og bein lína milli enda þeirra fjærst sjó. Að öðru leyti sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað, glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

152
30/12 '36

REGLUR

um leigukjör á loftskeytastöðvum, sem landssíminn lætur á leigu í íslenzk skip, sem eru skyld að hafa loftskeytastöð, sbr. lög nr. 31 1. febrúar 1936.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá loftskeytastöð í íslenzkt skip, samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, sendi skriflega umsókn til landssímastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki, efni í loftnet, 1 varalampa af hverri tegund, svo og vinnu við rafmagnsuppsetningu, en leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri spennu og nægilegri orku sé fyrir hendi og leitt inn í loftskeytaklefa, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Leigutaki leggur ennfremur til kaðal til þess að draga upp loftnet og blakkir fyrir það o. þvíl.

Leigutíminn er minnst 3 ár í senn, og ber leigutaka að hafa fullkominn loftskeytamann, sem landssíminn tekur gildan, til þess að starfrækja stöðvarnar og sjá um, að þær séu vel hirtar eða vel geymdar.

Leigutaki greiði fyrir gerð A 300 kr. í stofngjald og 270 kr. í leigu hvern ársfj., en fyrir gerð B 500 kr. í stofngjald og 350 kr. í leigu hvern ársfj.

Stofngjald greiðist áður en uppsetning fer fram og leigan ársfjórðungslega fyrirfram. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

Landssíminn annast viðhald sendi- og móttökutækjanna, að undanskildu viðhaldi loftnets, viðtökulampa, rafhlaðna og rafgeyma fyrir viðtækið, en það annast leigutaki. Gjaldið fyrir hina árlegu loftskeytastöðvarskoðun er innifalið í framangreindri leigu.

3. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa stöðina vátryggða á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni:

Gerð A fyrir kr. 8000,00,
gerð B fyrir kr. 10500,00,

og ber honum að greiða landssímanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

4. gr.

Loftskeytastöð af gerð A felur í sér:

1 lampasendi með ca. 250 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tónmótaðar öldur á öllum öldulengdum milli 600 og 800 m. Með sendinum fylgir mótor-rafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill.

1 viðtæki, sem tekur bæði við tónmótuðum og ómótuðum raföldum á öllum öldulengdum milli 15 og 20000 m. Það hefir 2 hátíðni-hlífigrindarlampa, skynjara og pentóðu-lágtíðnismagnara. Tækið hefir fast innbyggðar spólur og er skipt milli mismunandi öldusviðs með einu handfangi. Auk þess hefir viðtækið krystalskynjara og tónsuðara.

Með stöðinni fylgja auk loftnets venjulegir varahlutir, svo sem kolaburstar til mótor-rafals, lykissnertur, öryggi, einn varalampi af hverri tegund.

Loftskeytastöð af gerð B felur í sér: 152
1 lampasendi með ca. 250 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 600—800 m. Með sendinum fylgir mótor-rafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill. 30/12 '36
1 lampasendi fyrir stuttbylgjur með 300 watta sendilampa, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 18 og 54 m. Sendirinn á að notast í sambandi við áðurnefndan langbylgjusendi og notar sömu hjálpartæki.
1 viðtæki samskonar og lýst er í gerð A.
Varahlutir, sbr. gerð A.

5. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem landssíminn lætur þannig á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um loftskeytastöðvar og rekstur þeirra.

6. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssíminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

7. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Póst- og símamálastjórnin, 30. desember 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur Hlíðdal.

REGLUGERÐ

153
25. ágúst

um breyting á reglugerð frá 29. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld.

1. gr.

Aftan við 2. grein reglugerðarinnar komi ný málsgrein svohljóðandi:
Ef síldarútvegsnefnd óskar, er matstjóra heimilt við mat á síld veiddri á árinu 1939 að brennimerkja ekki síldartunnurnar með gæðaflokksmerkjum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. ágúst 1939.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

154
29. ágúst

REGLUR

um unglingafræðslu utan kaupstaða.

1. gr.

Til þess að geta fengið styrk úr ríkissjóði til að reka unglingaskóla, verður að hafa fengizt samþykki fræðslumálastjóra fyrir stofnun skólans og ráðningu kennara. Forráðamenn skólans, starfsmenn hans og nemendur skulu forðast allan pólitískan áróður. Ennfremur skal skólinn starfa í aðalatriðum í samræmi við reglur þessar.

2. gr.

Kennslan verður að fara fram í húsakynnum, sem héraðslæknir telur fullnægja þeim kröfum, sem heilbrigðismálastjórnin gerir um hollustuhætti skólahúsa og aðbúð nemenda. Skólinn skal hafa þau kennslutæki, sem nauðsynleg verða að teljast til afnota við kennsluna.

3. gr.

Nemendur unglingaskóla skulu hafa lokið fullnaðarprófi úr barnaskóla og hafa læknisvottorð um, að þeir séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi.

4. gr.

Skóli má ekki starfa skemur en 12 vikur, kennslustundir á viku séu ekki færri en 12, og tala reglulegra nemenda a. m. k. 10. Eigi skal skipt í deildir nema þess sé brýn þörf vegna nemendafjölda.

5. gr.

Leggja skal aðaláherzlu á hagnýtar námsgreinar og fari fjöldi þeirra eftir tölu kennslustunda á viku og kennsluviknafjölda, þannig, að tryggt sé, að sem mestur árangur verði af náminu í hverri grein. Í eftirtöldum námsgreinum skal sérstaklega lögð stund á eftirfarandi atriði:

1. Í íslenzku: Höfuðdrætti málfræði og setningarfræða, hreint mál og vandaðan frágang og skipulegan á bréfum og ritgerðum.
2. Í reikningi: Auk hagnýts reikningsnáms verði nemendum kennt að færa einfaldar „kontó"-bækur fyrir sjálfa sig, nótur og reikninga, enn fremur að útfylla víxla og önnur sparisjóðs- og bankaeyðublöð, sem notuð eru í viðskiptalífinu.
3. Í náttúrufræði: Almenna þekkingu á byggingu og starfi líkamans, heilsuvernd og hjálp í viðlögum. Fræðslu um íslenzkar jurtir og dýr.
4. Í landafræði: Aðallega um þau lönd og þjóðir, sem við höfum viðskipti við; ennfremur höfuðdrætti jarðeðlisfræðinnar og þá sérstaklega það, sem viðkemur loftslagi, gróðri, dýralífi o. þ. u. l.
5. Í sögu og þjóðfélagsfræði: Glöggt yfirlit um ævi frægra og merkra manna og megintímabil og atburði í sögu Íslendinga (og almennri mannkynssögu, ef því verður við komið.) Helztu atriði núverandi þjóðskipulags Íslendinga.
6. Í erlendum tungumálum: Að nemendur geti tileinkað sér efni úr bókum á meðalþungu máli.
7. Tilsögn í leikfimi, teiknun og söng skal og veita, þar sem nokkur tök eru á því.

6. gr.

Í lok námstímans skal halda próf a. m. k. í þeim greinum, sem höfuðáherzla hefir verið lögð á. Skólanefnd barnaskóla viðkomandi skólahverfis skipar prófdómara.

7. gr. 154

Í þeim skólahverfum, sem hafa skólahús fyrir barnaskóla, er fengið hafa bygg- 29. ágúst
ingarstyrk úr ríkissjóði, skal skólahverfið leggja til ókeypis afnot af húsinu til unglingaskólahalds, svo framarlega sem það er fært vegna barnafræðslunnar, enn fremur ókeypis ljós og hita.

8. gr.

Skólagjöld nemenda skulu ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

9. gr.

Skólastjóri gerir þær skýrslur, sem fræðslumálastjórnin mælir fyrir um, og sendir þær sem fyrst eftir að skóla er lokið, ásamt reikningi yfir tekjur og gjöld skólans.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 20. gr. laga nr. 48 19. maí 1930, um gagnfræðaskóla, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. ágúst 1939.

Hermann Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ 155

29. ágúst

um bann gegn útflutningi á nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum útgefnum í dag er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Bannað er að flytja út úr landinu eftirtaldar vörur:
Fóðurmjöl, þar á meðal síldarmjöl og fiskmjöl, þorskalýsi, hvallýsi, hvalkjöt, kol og brennsluolíur og ennfremur allar innfluttar matvörur og nýlenduvörur.

2. gr.

Leyfi til útflutnings á þeim vörum, sem áður þurfti útflutningsleyfi fyrir, sem stjórnarráðið hefir þegar veitt, falla hér með úr gildi að því er snertir vörur þær, er taldar eru í 1. gr.

3. gr.

Viðskiptamálaráðuneytið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. reglugerðar þessarar í einstökum tilfellum.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100000 krónum og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. ágúst 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

156
1. sept.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

1. gr.

Unz til fullnaðar verður gengið frá ákvæðum um sölu og úthlutun á ýmsum vörum á ófriðartímum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um sölu og úthlutun á eftirfarandi vörutegundum: 1) rúg og rúgmjöli, 2) hveiti og hveitimjöli, 3) hafragrjónum, 4) hrísgrjónum, 5) matbaunum, 6) sykri, 7) kaffi, 8) kolum til húsa.

2. gr.

Heildsöluverzlunum er bannað að afgreiða vörur beint til neytenda, og brauðgerðarhúsum að selja efni til bökunar óunnið. Er heildsöluverzlunum eigi heimilt að afgreiða vörur þær, sem taldar eru hér að framan, til annara en þeirra kaupmanna, kaupfélaga eða iðnfyrirtækja, sem áður hafa keypt sömu vörur hjá þeim að staðaldri nema með sérstöku leyfi viðskiptamálaráðuneytisins. Eigi má afgreiða meira í einu en vikubirgðir, ef um innanbæjarsölu er að ræða, en birgðir til næstu áætlunarferðar, ef um utanbæjarsölu er að ræða, allt miðað við fyrri venjuleg viðskipti.

3. gr.

Smásöluverzlunum (kaupmönnum og kaupfélögum) er óheimilt að afgreiða meira magn af vörum þeim, sem taldar voru hér að framan, til hvers einstaks kaupanda, en venjulegt er, sbr. þó 4. gr., og ennfremur varast að selja vörur þær, er hér um ræðir, öðrum en þeim, er venjulega skipta við þá.

4. gr.

Einstaklingum er bannað að viðlagðri refsiábyrgð að kaupa meira af matvörum þeim, sem taldar eru í 1. gr., á hverri viku, en hann notar á vikutíma. Kol er þó hinsvegar heimilt að kaupa á sama hátt til mánaðartíma.

Ákvæði þessarar greinar fellur úr gildi 15. sept. n. k.

5. gr.

Kaupmenn og kaupfélög skulu halda skrá um viðskiptamenn sína og sölu sína til þeirra á vörum þeim, er reglugerð þessi nær til, þannig að séð verði hve mikið magn hver einstakur hefir fengið.

6. gr.

Allir þeir, sem hafa birgðir af vörum þeim, sem taldar voru hér að framan og ætlaðar eru til sölu eða vinnslu, skulu nú þegar gera skrá um birgðir sínar. Skrá þessa, ásamt skýrslu um innkaup sín frá þeim tíma, er hún var gerð, og söluskýrslu til viðskiptamanna samkvæmt 5. gr., skulu þeir senda viðskiptamálaráðuneytinu, eða stofnun, er það kynni að fela eftirlit með sölu og dreifingu nauðsynjavara, þegar krafizt verður.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal með mál út af þeim farið sem almenn lögreglumál.

8. gr. 156
1. sept.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 1. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ 157
1. sept.

fyrir Dalvík.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Dalvíkurhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hálshöfðatá að Sauðanestá á Upsaströnd, innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI
Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og sér um fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

4. gr.

Hreppsnefndin skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans í hvívetna og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu, enda gæti þeir allrar kurteisi í starfi sínu.

157 1. sept.

6. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu og annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarstjóra.

7. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip, né þétta eldri skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarstjóra og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum og bátum upp í hafnarfjöruna, nema með leyfi hafnarstjóra.

8. gr.

Veiði með skotum og öll skot að óþörfu eru bönnuð innan við hafnargarða.

9. gr.

Ekki má kasta í höfnina innan hafnargarða kjölfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemmdum á höfninni. Skal það flutt þangað, sem hafnarstjóri vísar til.

IV. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina að tálmi affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunum, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum og bátum má ekki leggja svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

11. gr.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

12. gr.

Gufuskip og önnur vélskip mega ekki láta vélarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

13. gr.

Sérhverjar skemmdir, sem verða á hafnarvirkjum, áhöldum hafnarinnar eða öðru því, sem skip nota, skal að fullu bætt af viðkomandi skipi, ef skemmdirnar stafa af ásettu ráði eða vangá.

14. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju, eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

Sá, sem vill gera eithvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á mannvirkinu og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar. Ekki má heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru innan hafnartakmarkanna, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

V. KAFLI
Um lestagjald.

15. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vélskip, sem mæld eru til lestatals, ennfremur uppskipunarprammar, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða lestagjald í hvert sinn, sem þau leggjast við bryggju eða festar á höfninni, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestagjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum tölum; brotum skal sleppa.

a. Skip, bátar og prammar, sem eru eign búsettra manna á Dalvík, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 1.00 fyrir hverja brúttó smálest, þó aldrei minna en kr. 10.00.
b. Innlend fiskiskip greiði 20 aura fyrir hverja brúttó smálest í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, þó ekki meira á ári en kr. 1.20 fyrir hverja brúttó smálest.
c. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, skulu greiða 20 aura lestagjald fyrir hverja smálest. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta eða fella burtu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

VI. KAFLI
Um ljósagjald.

16. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí og lestagjald greiða, skulu greiða ljósagjald þannig:

a. Skip, sem getur um í 15. gr. a., greiða kr. 5.00 á ári.
b. Skip, sem getur um í 15. gr. b. greiða kr. 3.00 í hvert skipti, sem þau koma til hafnar.
c. Öll önnur skip greiða einn eyri fyrir hverja smálest, þó aldrei minna en kr. 3.00 í hvert skipti.

VII. KAFLI
Um bryggjugjald.

17. gr.

a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs:
Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald af nettó burðarmagni skipsins, talið í heilum tonnum, en brotum sleppt. Gjald skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta af sólarhring 5 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert skipti.
Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.
b. Gjald af bryggjum einstakra manna:
Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum, eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Dalvík og leggja upp á þeirra bryggjur. Flutningsskip og önnur gjaldskyld skip greiða samkv. gjaldskrá hafnarsjóðs hálft bryggjugjald.

18. gr.

Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 14. gr., skal ákveðið á hverjum tíma í samráði við hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps.

157 1. sept.

VIII. KAFLI
Um vörugjald.

19. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, sem síðar getur.

20. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vörur, sem á farmskrá eru ákveðnar til annara hafna en Dalvíkur, en eru látnar þar á land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi, eða í misgripum.
b. Nýr og saltaður fiskur óverkaður og nýjar fiskafurðir, þegar þetta er flutt á land í höfninni.
c. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjavörur skipa og báta til eigin notkunar, þegar þetta er flutt úr landi.
d. Póstur og farangur ferðamanna.
e. Vörur og tæki til hafnarinnar.

21. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Hálf gjaldeining telst sem heil, en minna broti skal sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóra skylt að láta innheimtumanni hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá eða fylgibréf, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki innheimtumanni ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsókn, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund sem hæst gjald skal greiða af. Minnsta vörugjald skal vera 25 aurar.

22. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldaskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir. Ef vafi leikur á í hverjum flokki telja skuli einhverja vöru, úrskurðar innheimtumaður, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

23. gr.

a. Aðfluttar vörur:
   1. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg. Kol og salt.
   2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hver 100 kg. Olíur og benzín.
   3. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg. Sement og útlendur áburður.
   4. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg. Þakjárn, smíðajárn og steypujárn.
   5. flokkur: Gjald 60 aurar fyrir hver 100 kg. Kornvara, kaffi, sykur og fóðurmjöl.
   6. flokkur: Gjald 6 aurar fyrir hvert teningsfet. Timbur.
   7. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Allar aðrar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.
   8. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 100 kg. Hörð fiskbein.
   9. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur.
   10. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hvert stykki. Tóm föt, uppsett eða óuppsett.
   11. flokkur: Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjald af eftir þyngd, og ekki eru undanþegnar vörugjaldi.

b. Útfluttar vörur: 157 1. sept.

1. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu. Saltsíld og matéssíld.
2. flokkur: Gjald 40 aurar fyrir hverja tunnu. Krydduð og sérverkuð síld.
3. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Saltfiskur og verkaður fiskur.
4. flokkur: Gjald 100 aurar fyrir hver 100 kg. Lýsi.
5. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg. Kjöt.
6. flokkur: Gjald 200 aurar fyrir hver 100 kg. Ull.
7. flokkur: Gjald 150 aurar fyrir hver 100 kg. Gærur.
8. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg. Fiskimjöl.
9. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem vant er að greiða flutningsgjald fyrir eftir þyngd.
10. flokkur: Gjald 200 aurar fyrir hvert stk. Stórgripir.
11. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hvert stk. Sauðfé.
12. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Allar vörur, sem eru reiknaðar eftir rúmmáli.

IX. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

24. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

25. gr.

Skipstjóri eða formaður á skipum, bátum eða öðrum fleytum ber ábyrgð á greiðslu lestagjalds, ljósagjalds og bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri eða formaður er á fleytunni, ber eigandi fleytunnar ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á fleytunni, unz gjöldin eru greidd.

26. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, og sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarstjóra skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald er affermir. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfn, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunum, unz gjaldið er greitt.

27. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki.

28. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

29. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

157 1. sept. Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 8. september 1931 til þess að öðlast gildi 15. september 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

158 2. sept.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns.

1. gr.

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar. Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Í ríkisstjórn Íslands, 2. september 1939.

Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson.

159 4. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl. frá 2. nóvember 1917.

1. gr.

Inn í 7. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum „kringumstæður leyfa“ bætist: Hreppsnefndum er heimilt að ákveða, hvaða leið reka skuli til afréttar.

2. gr.

Inn í 13. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum: „sem fjáreigandi á heimili í“ bætist: Þó skulu fjáreigendur greiða full fjallskil í þeim hreppi, sem búpeningi er

framfleytt í árlangt, þó eigendur eigi þar ekki lögheimili, enda eru þeir þá ekki fjallskilaskyldir af þeim peningi, þar sem þeir eiga heimili. 159 4. sept.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING 160 5. sept.

varðandi framkvæmd bráðabirgðareglugerðar frá 1. september 1939, um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

1. gr.

Ef svo stendur á, að smásöluverzlun hefir eigi fyrirliggjandi einhverja af vörutegundum þeim, sem taldar eru í 1. gr. bráðabirgðareglugerðar, dags. 1. sept. 1939, handa föstum viðskiptamanni sínum, en hann getur eigi fengið vöruna keypta hjá öðrum vegna ákvæða 3. gr. bráðabirgðareglugerðar um sölu og dreifing á nokkrum nauðsynjavörum, gefur smásöluverzlunin kaupanda vottorð um það, að hann sé venjulegur viðskiptamaður hennar, og lætur þess jafnframt getið, að hann hafi eigi þá vörutegund fyrirliggjandi, sem óskað er eftir. Kaupandi getur þá fengið vöru þessa keypta hjá öðrum gegn afhendingu þessa vottorðs.

Gildir þetta vottorð aðeins fyrir eina úttekt, og lætur smásöluverzlun sú, er afhendir vöruna, það fylgja söluskýrslu sinni.

2. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 5. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

161
5. sept.

HAFNARREGLUGERÐ
fyrir Hvammstangakauptún.

I. KAFLI
Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hin löggilta höfn nær yfir skipalagi meðfram strandlengju verzlunarlóðarinnar. Það er frá Ytri-Hvammsá að norðan og að norðurenda Vallnahöfða að sunnan.

II. KAFLI
Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Yfirstjórn hafnarinnar er í höndum hreppsnefndar Hvammstangahrepps og Kaupfélags Vestur-Húnvetninga.

3. gr.

Hafnarnefnd annast framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og endurbætur, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd Hvammstangahrepps og K. V. H.

4. gr.

Hafnarnefnd er skipuð þrem mönnum, og er einn kosinn af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, einn af stjórnarnefnd K. V. H. og einn af sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu. Hafnarnefnd kýs sér sjálf formann, og er hann hafnarstjóri, skal hann jafnan vera búsettur á Hvammstanga. Hafnarnefnd er kosin til þriggja ára, og gengur einn úr nefndinni á ári, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti. Hafnarnefnd ákveður þóknun til hafnarstjóra og setur honum erindisbréf. Hafnarstjóra er heimilt að láta annan gegna störfum sínum um stundarsakir, ef hafnarnefnd samþykkir.

5. gr.

Gjöld þau, sem ákveðin eru í reglugerð þessari, skulu renna í sjóð Hvammstangahafnar og skal honum eingöngu varið til þess að gera umbætur á höfninni og mannvirkjum þeim, sem henni heyra til, svo og reksturs og viðhalds þeirra og til endurgreiðslu á lánum til bryggjugerðarinnar. Hreppsnefnd Hvammstangahrepps og stjórn K. V. H. veita fé úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar og ákveða hvernig hann skuli ávaxta, enda ber Hvammstangahreppur og K. V. H. ábyrgð á eignum hans að jöfnu. Reikningar sjóðsins skulu fylgja sveitarsjóðsreikningum Hvammstangahrepps og rekstrarreikningum K. V. H. og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

III. KAFLI
Um almenna reglu.

6. gr.

Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og bryggjum hennar. Er öllum skylt innan verksviðs hans að hlíta boði hans og banni, og enn fremur þeirra starfsmanna, sem hafnarnefnd kann að setja til að gæta reglu. Þyki einhverjum sér óréttur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært hann fyrir hafnarnefnd,

en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu. 161 5. sept.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á bryggjum hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa, eða öðrum störfum, sem þar eru unnin.

8. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru því, er getur valdið skemmdum á höfninni, frá skipum er þar eru, né flytja það úr landi út í höfnina. Meðfram strandlengju hafnarinnar má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema með samþykki hafnarnefndar og yfirstjórnar hafnarinnar. Eigendum þeirra mannvirkja, sem eru eða kunna að verða gerð með ofangreindu samþykki, er skylt að halda þeim við þannig, að engin hætta geti stafað af þeim. Nú vanrækir eigandi slíks mannvirkis að halda því í því ástandi, sem nauðsynlegt er, að áliti hafnarstjóra, og er þá hafnarnefndinni heimilt að láta gera við mannvirkið á kostnað eiganda, en eigandi er alltaf ábyrgur fyrir öllum þeim skaða á skipum og mannvirkjum annara, er kann að stafa frá mannvirki hans.

IV. KAFLI

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

9. gr.

Skip, sem hvorki ferma né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi afgreiðslu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja, eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt rúm fyrir önnur að komast að eða frá. Skipum eða bátum má ekki leggja svo að það hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt eða strengi á höfninni og getur þá hafnarstjóri látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda.

10. gr.

Ekki má festa skip eða bát við bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa og skal festum þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð um bryggjuna. Þyki þess ekki nægilega gætt, getur hafnarstjóri látið bæta úr því tafarlaust.

V. KAFLI

Notkun hafnabryggjanna.

11. gr.

Meðan hafnarnefnd ekki ákveður annað, er skipum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu þau skip, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rétt til að fá afgreiðslu við bryggju, þótt önnur skip séu þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Sé fermingu eða affermingu skips ekki haldið áfram með nægilegum hraða, að áliti hafnarstjóra, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, er hann krefst þess.

12. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu skal afgreiðslumaður eða skipstjóri láta ræsta bryggjuna, ef þörf gerist. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um, að það sé gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiða allan kostnað.

161
5. sept.

VI. KAFLI
Um bryggjugjöld.

13. gr.

Öll aðkomuskip og aðkomubátar, sem mældir eru til lestartals, skulu greiða í bryggjugjald 10 aura af hverri nettó smálest í hvert sinn, er þau leggjast að bryggju á Hvammstangahöfn. Þó með þeim undantekningum, sem síðar segir. Lægsta gjald skal þó vera 1 króna.

14. gr.

Bátar heimilisfastir á Hvammstanga og nágrenni skulu greiða 50 aura á sólarhring fyrir afnot bryggju og löndunartækja hafnarinnar. Þó ekki meira en 20 krónur á ári. Undanþegin hafnargjöldum eru varðskip, vitaskip, skemmtiskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda.

VII. KAFLI
Um vörugjöld.

15. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum (lifandi dýr meðtalin) sem fluttar eru af eða á skipsfjöl á höfninni, með þeim undantekningum, sem um getur í næstu grein.

16. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru:

a. umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskrá,
b. vistir og aðrar nauðsynjar til skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi,
c. póstflutningur og farangur ferðamanna,
d. efni og áhöld til hafnarinnar. Aldrei skal taka tvisvar gjald af sömu vöru.

17. gr.

Vörugjaldið skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu telst sem heil gjaldeining. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarstjóra í té eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður skips eða báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarstjóra ástæða til, getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn. Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Vörur skal flokka eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald greiðist eins og þar segir.

18. gr.

1. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg. Kol, salt, sement og tilbúinn áburður.
2. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hver 100 kg. Aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd.
3. flokkur: Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Timbur.
4. flokkur: Gjald 8 aurar fyrir hvert teningsfet. Önnur vara eftir máli.
5. flokkur: Gjald 50 aurar fyrir hverja tunnu. Olíur, benzín og smurningsolíur.

6. flokkur: Gjald 30 aurar fyrir hverja tunnu. Kjöt, slátur, síld o. fl. 161
7. flokkur: Gjald 15 aurar fyrir hvert stk. Stykkjavara einstaklinga. 5. sept.
8. flokkur: Gjald 1 króna fyrir hvert stk. Hestar og nautgripir.
9. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hvert stk. Kindur.
10. flokkur: Gjald 2 krónur fyrir hvert stk. Bátar, bifreiðar o. þ. u. l.

VIII. KAFLI
Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

19. gr.

Skipstjóri eða formaður á bát ber ábyrgð á greiðslu bryggjugjalds. Ef enginn skipstjóri er eða formaður á fleytunni, ber eigandi ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hafnarsjóður hefir haldsrétt yfir fleytunni, unz gjöldin eru greidd. Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skipið fer burt úr höfninni. Gjalddaga fyrir ársgjöld ákveður hafnarstjóri.

20. gr.

Gjöld fyrir vörur þær, sem um getur í vörugjaldskrá, greiðir eigandi eða umboðsmaður hans á Hvammstanga, og hefir hafnarsjóður haldsrétt á vörunum unz gjaldið er greitt. Ef margir eiga vöru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa skil á greiðslunni. Ef skip eða bátur hefir ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á vörugjaldinu. Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vöruna flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni má taka lögtaki, og sér hafnarstjóri um innheimtu þeirra.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, geta aðiljar komið sér saman um, að þær skuli ákveðast af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð var lokið. Yfirmatið skal framkvæmt af fimm dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiðir sá, er krafðist þess, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

22. gr.

Enginn, sem hefir bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarstjóri tekur gilda.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í sjóð Hvammstangahafnar.

161 5. sept.

24. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

25. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. september 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

162 6. sept.

REGLUGERÐ

um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

1. gr.

Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar, nema þess þurfi vegna bilunar á bifreiðinni eða hún sé tekin úr notkun.

Benzín má ekki, án sérstakrar heimildar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, láta úti til annara mannflutningabifreiða en þeirra, sem samkvæmt reglugerð þessari hafa heimild til aksturs og ekki til annara leigubifreiða til mannflutninga en þeirra, sem við setningu reglugerðar þessarar eru skráðar og notaðar sem leigubifreiðar til mannflutninga. Ekki má heldur láta úti benzín til bifreiða þeirra, sem ætlaðar eru til smáflutninga þeirra, sem um ræðir í 7. gr. reglugerðar þessarar.

Ráðuneytið getur þá veitt undanþágu frá þessum ákvæðum þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Allur akstur einkabifreiða til mannflutninga er bannaður, með þeim undantekningum, sem segir í reglugerð þessari.

Einkabifreið til mannflutninga telst hver sú mannflutningabifreið, sem ekki er aðallega notuð til flutninga á fólki fyrir borgun.

Allur akstur bifhjóla er bannaður.

4. gr.

Undanþegnar banni því, sem um ræðir í 1. gr. eru bifreiðar lækna og yfirsetukvenna að því leyti, sem þær eru eingöngu notaðar til sjúkravitjana, svo og bifreiðar útsendra fulltrúa erlendra ríkja. Ennfremur getur atvinnu- og samgöngu-

málaráðuneytið undanþegið banni þessu bifreiðar opinberra stofnana, eftir því sem það telur nauðsynlegt. 162 6. sept.

5. gr.

Bannaður er allur ónauðsynlegur akstur leigubifreiða til mannflutninga og verða bifreiðarstjórar og farþegar að gera lögreglunni grein fyrir ferðum sínum þegar þess er krafizt.

Lögreglustjórar geta, hver í sínu umdæmi, eftir atvikum, sett ákvæði til hindrunar óþörfum akstri í og úr umdæminu.

6. gr.

Allur akstur um bæi og kauptún er bannaður á nóttum milli kl. 24 og 6, öðrum bifreiðum en langferðabifreiðum, strætisvögnum og vöruflutningabifreiðum, svo og þeim einkabifreiðum, sem um ræðir í 4. gr. Þó skal í Reykjavík ein bifreiðastöð vera opin að nóttunni til bráðnauðsynlegs aksturs og ákveður póst- og símamálastjóri hvernig stöðvar bæjarins skuli skiptast á um það og um það, hversu margar bifreiðar megi hafa í notkun, og getur hann sett nánari fyrirmæli um tilhögun akstursins.

7. gr.

Vörubifreiðar má ekki nota til ónauðsynlegra ferða, hvort heldur er með vörur eða fólk.

Notkun bifreiða til flutnings á vörum úr verzlunum í bæjum til heimila innanbæjar er óheimil, nema um þungavöru svo sem kol sé að ræða.

8. gr.

Eiganda eða umráðamanns mannflutningabifreiðar er óheimilt að lána eða leigja hana öðrum án þess að bifreiðarstjóri fylgi.

9. gr.

Öllum þeim, sem samkvæmt reglugerð þessari er óheimilt að fá benzín til bifreiðaaksturs er skylt að tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra tafarlaust hversu miklar birgðir af benzíni eru í vörzlum þeirra og láta þær af hendi við ríkisstjórnina, ef þess er óskað, gegn hæfilegu endurgjaldi.

10. gr.

Eigandi eða umráðamaður hverrar þeirrar bifreiðar, sem heimilt er að fá benzín samkvæmt reglugerð þessari, skal snúa sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra og gefur hann út skírteini, sem fylgi bifreiðinni, er sýni akstursheimild hennar, og skal það sýnt, er benzíns er beiðst handa bifreiðinni. Jafnframt setur hann merki um akstursheimildina innan á framrúðu bifreiðarinnar. Bifreiðin skal einnig hafa meðferðis bók, sem afgreiðslumaður sá, er lætur benzín úti, skal skrifa í hvenær hann lætur benzín úti og hversu mikið.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum allt að 10 000 krónum. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu. Öðlast hún þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin bráðabirgðareglugerð um sölu og afhendingu benzíns frá 2. sept. 1939.

Í ríkisstjórn Íslands, 6. september 1939.

Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson.

163
7. sept.

SAMÞYKKT

um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum og fleiru.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefir bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá bryggjum síldarverksmiðja ríkisins, suður að svo kölluðu Anleggi og á móts við það og suður að því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

Síldarstöð og lóðarréttindi Friðriks Guðjónssonar,
síldarstöð og lóðarréttindi (Baldur) h/f Ásgeir Pétursson,
síldarstöð og lóðarréttindi Olavs Henriksen,
síldarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen,
síldarstöð og lóðarréttindi dánarbús Ragnars Ólafssonar,
Dráttarbrautin Ólafur Ragnars,
Vélsmiðja Siglufjarðar Magdalena Ólsen,
síldarstöð og lóðarréttindi dánarbús Halldórs Jónassonar,
síldarstöð og lóðarréttindi Edvins Jacobsen,
síldarstöð og lóðarréttindi Ingvars Guðjónssonar,
síldarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalíns,
síldarstöð og lóðarréttindi Friðleifs Jóhannssonar og fleiri (með lifrarbræðsluhúsi),
síldarstöð og lóðarréttindi Alfons Jónssonar,
síldarstöð og lóðarréttindi Ole Tynes og Indiönu Tynes,
síldarstöð og lóðarréttindi Ástu Maren og Guðbjargar Malmquist,
síldarstöð og lóðarréttindi Einars og Friðriks Einarssonar,
síldarstöð og lóðarréttindi Antons Jónssonar,
síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánsonar,
síldarstöð og lóðarréttindi h/f Njörður,
síldarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga,
síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h/f með fiskimjölsverksmiðjunni og lóðarréttindum.

Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur að lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum, sem hér segir:

Norðurgata 29, eign Garðars Guðmundssonar,
Norðurgata 30, eign Böðvars Bjarkan, dánarbú,
Norðurgata 31,
Norðurgata 32,
Norðurgata 34, eign Andrésar Hafliðasonar og Guðmundar Hannessonar,
Norðurgata 35, eign Hannesar Guðmundssonar,
Norðurgata 36, eign Hannesar Guðmundssonar,
Norðurgata 37, eign Hannesar Guðmundssonar,
Norðurgata 38, eign Hannesar Guðmundssonar,
Norðurgata 38b, eign B. P. á Íslandi h/f Olíuverzlun Íslands.
Norðurgata 40, eign Hannesar Guðmundssonar,
Þormóðsgata 38, eign Þormóðs Eyjólfssonar,
Þormóðsgata 39a,
Þormóðsgata 39b, eign Brynjólfs Jóhannessonar,

Þormóðsgata 40, eign Þormóðs Eyjólfssonar, 163
Þormóðsgata 42, eign Þormóðs Eyjólfssonar, 7. sept.
Ránargata 40, eign Andrésar Hafliðasonar og Guðmundar Hannessonar,
Vetrarbraut 32, eign Indriða Jóhannssonar, dánarbú.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 164
9. sept.

um sölu og úthlutun á matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Frá 18. sept. 1939 að telja er bannað að selja rúgbrauð og hveitibrauð, rúg, rúgmjöl, hveiti, hveitimjöl, hafragrjón, haframjöl, hrísgrjón, matbaunir, bankabygg og aðrar kornvörur, nema fóðurbygg, hafra og fóðurmais, ennfremur kaffi og sykur, nema gegn seðlum, sem út eru gefnir að tilhlutun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Ríkisstjórnin sendir öllum hreppsnefndum og bæjarstjórnum skömmtunarseðla, miðaða við mannfjölda á hverjum stað, og skulu þær úthluta seðlum til allra heimila, þannig að hverjum heimilismanni sé ætlaður einn seðill. Úthlutunin fer fram í fyrsta sinn **16. og 17. sept. n.k.**, á þann hátt, að móttakendur skulu kvaddir saman eða heimilisfeður í þeirra stað.

Kostnað við prentun og útsendingu seðlanna til hreppsnefnda og bæjarstjórna ber ríkissjóður, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn á hverjum stað annan kostnað við úthlutunina.

3. gr.

Þá er úthlutun seðlanna fer fram í fyrsta sinn skulu viðtakendur þeirra undirrita drengskaparvottorð um hve mikinn forða þeir eigi af vörutegundum, er seðlarnir hljóða um, á þar til gerð eyðublöð. Skal forðinn dreginn frá við fyrstu eða aðra úthlutun og hinar síðari, þar til honum er lokið, með því að klippa af seðlunum sem svarar því vörumagni, er forðanum nemur. Eru allir heimilisfeður skyldir, að viðlögðum sektum, að mæta eða láta mæta til slíkrar skýrslugjafar, jafnt þótt þeir eigi nægar birgðir og þurfi því eigi seðla fyrst um sinn.

4. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn skömmtunarskrifstofu, sem hefir yfirumsjón með matvælaúthlutun samkvæmt þessari reglugerð og öðrum hliðstæðum ráðstöfunum eftir nánari fyrirmælum ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Þá er úthlutun hefir farið fram skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir senda skömmtunarskrifstofunni símleiðis skýrslu um hve miklar birgðir hafi verið sam-

164 9. sept.

tals á heimilum, hve mikið af seðlum hafi orðið afgangs og hve miklu magni af klippingar hafa numið. Ónotaðir seðlar og afklippingar skulu sendir skömmtunarskrifstofu með fyrstu póstferð, en geyma skal drengskaparyfirlýsingar um birgðir til athugunar við næstu úthlutanir. Skömmtunarskrifstofan getur leyft, að ónotaðir seðlar verði að einhverju leyti eftir í vörzlum hreppsnefnda eða bæjarstjórna, til aukaúthlutunar, ef þörf krefur.

6. gr.

Hinn 16.—17. sept. n.k. skulu allir þeir, er verzla með framangreindar vörutegundir, framkvæma birgðatalningu og gefa hreppsnefndum eða bæjarstjórnum drengskaparvottorð á þar til gerð eyðublöð um birgðir sínar af þessum vörutegundum.

Heildarskýrslu um birgðir verzlana í hverjum hreppi eða kaupstað skal senda skömmtunarskrifstofu símleiðis.

7. gr.

Seðlaúthlutun fer þannig fram, eftir að fyrstu úthlutun er lokið, að í lok hvers mánaðar eru afhentir seðlar fyrir næsta mánuð til þeirra, sem skila stofnum af eldri seðlum, með áritun nafns og heimilisfangs, og ennfremur til þeirra, sem fært geta sönnur á, að þeir hafi ekki fengið seðla við fyrri úthlutanir. Hreppsnefndum er heimilt að gefa sveitaheimilum, sem vegna staðhátta geta ekki dregið að sér matvæli mánaðarlega að vetrinum, ávísanir um afhendingu á skömmtunarvörum hjá kaupmanni þeim eða kaupfélagi, sem þau skipta við. Jafngildi ávísananna sé síðan klippt af seðlum heimilismanna áður en þeir eru afhentir og afhent verzlun þeirri, sem látið hefir úti vörurnar gegn framvísun ávísananna.

8. gr.

Hver skömmtunarseðill gildir fyrir einn mann í einn mánuð (að undanskyldu því, að fyrsti skömmtunarseðillinn gildir til 1. okt. 1939, og er um helming af því magni, sem hér fer á eftir). Skiptist hann í stofn og 30 reiti. Eru 12 reitir fyrir hveiti eða hveitibrauð, hver fyrir 200 g af hveiti eða 250 g af hveitibrauði, 6 reitir fyrir rúgmjöl eða rúgbrauð, hver fyrir 500 g af rúgmjöli eða 750 g af rúgbrauði, 4 reitir fyrir hafragrjón, hver fyrir 250 g, 2 reitir fyrir hrísgrjón, baunir og allt annað kornmeti en það, sem hér er talið að framan, nema fóðurbygg, hafra og fóðurmais, hvor fyrir 250 g, 2 reitir fyrir kaffi, hvor fyrir 125 g af brenndu og möluðu kaffi eða 150 g af óbrenndu kaffi og 4 reitir fyrir sykur, hver fyrir 500 g. Má klippa seðlana í sundur og skulu reitirnir afhentir jafnóðum og kaup fara fram, en stofninn skal geyma þar til næsta afhending fer fram. Skal honum þá skilað, og verða nýir seðlar aðeins afhentir gegn eldri stofni.

9. gr.

Heimilt er að kaupa bygggrjón út á haframjölsseðla ef óskað er.

Ef svo er ástatt, að maður má eigi borða rúgmjöl eða rúgbrauð samkvæmt læknisráði, getur hann sent skömmtunarskrifstofunni beiðni um skipti á þeim seðlum fyrir hveitiseðla, og skulu rúgmjölsseðlarnir, er óskað er skipti á, fylgja beiðninni ásamt læknisvottorði.

10. gr.

Auk hinnar venjulegu skömmtunar er leyfð aukaskömmtun á rúgmjöli til notkunar í slátur. Er aukaskammturinn ákveðinn 2 kg af rúgmjöli í hvert slátur. Skulu þeir, sem kaupa slátur, sýna skilríki frá seljanda um kaupin, þeir sem hafa látið slátra hjá öðrum, vottorð um hve mörg slátur þeir hafi flutt heim, en þeir, er slátra heima, skulu gefa drengskaparyfirlýsingu um það, hve mörg slátur þeir

hafi tekið þar. Smásöluverzlunum er heimilt að afgreiða rúgmjöl samkvæmt þess- 164
um skilríkjum, sem þeir afhenda síðan hreppsnefndum á sama hátt og segir í 12. gr., 9. sept.
og fá innkaupsleyfi í staðinn.

11. gr.

Skömmtunarskrifstofan afhendir brauðgerðarhúsum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, er þeim kann að verða leyft að nota í annað en hveitibrauð og rúgbrauð eftir reglum, sem ríkisstjórnin setur henni. Á sama hátt afhendir skömmtunarskrifstofan öðrum iðnfyrirtækjum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, sem þau kunna að nota. Ennfremur matsöluhúsum, sjúkrahúsum og öðrum svipuðum stofnunum.

12. gr.

Smásöluverzlanir (og brauðgerðarhús) afhenda hreppsnefndum eða bæjarstjórnum þá skömmtunarseðla, er þeir fá fyrir seldar vörur, og eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar, og fá í staðinn hjá þeim vottorð um, hve miklu þeir hafi skilað. Frá sama tíma eru eldri seðlar ógildir. Vottorð þessi, eitt eða fleiri, sem jafnframt eru leyfi til innkaupa, skulu þeir láta fylgja pöntunum sínum til heildsöluverzlana. Hafi smásöluverzlun eigi fengið nægilegt seðlamagn til þess að fá þær vörur, er hún þarf, sökum þess, að hún hefir upphaflega haft of litlar vörubirgðir, er hreppsnefndum og bæjarstjórnum heimilt að gefa út innkaupsleyfi fyrirfram, en leyfi þessi skulu þær bókfæra og gæta þess vandlega, að seðlum sé síðan skilað fyrir þeim.

Ef smásöluverzlun er innflytjandi, má eigi afhenda henni skömmtunarvörur til sölu frá afgreiðslu skipsins eða annarri geymslu, sem hreppsnefnd eða bæjarstjórn samþykkir og hefir eftirlit með, nema með leyfi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, sem þær gefa eigi nema smásöluverzlunin hafi skilað samsvarandi seðlamagni, eða svo stendur á, sem hér segir á undan. — Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan senda skömmtunarskrifstofunni seðlana, ásamt skýrslum um innkaupsleyfi þau, sem þær hafa gefið út.

13. gr.

Ef smásöluverzlanir eða neytendur þykjast óréttri beittir af hreppsnefndum og bæjarstjórnum geta aðilar áfrýjað gerðum hennar til skömmtunarskrifstofunnar, sem síðan úrskurðar málið í samráði við ríkisstjórnina.

14. gr.

Heildsöluverzlunum er bannað að afgreiða skömmtunarvörur til smásöluverzlana nema gegn innkaupsleyfi hreppsnefnda, bæjarstjórna eða skömmtunarskrifstofu. Þær skulu framkvæma birgðatalningu 16.—17. sept. og senda skömmtunarskrifstofunni skýrslu um hana og ennfremur um öll innkaup sín jafnóðum. Innkaupsleyfi smásöluverzlana, útgefin af hreppsnefndum eða bæjarstjórnum, skulu þeir senda skömmtunarskrifstofunni er þeir hafa afgreitt pantanir þær, sem voru sendar með.

15. gr.

Nú telur skömmtunarskrifstofan nauðsynlegt að flytja einhverja vörutegund, er reglugerð þessi fjallar um, frá einum landshluta til annars, en eigendur varanna vilja eigi láta þær lausar, er ríkisstjórninni þá heimilt að taka vörur þessar eignarnámi og selja þær aftur á þeim stað, er skömmtunarskrifstofan telur nauðsynlegt.

16. gr.

Skömmtunarskrifstofan veitir smásöluverzlunum innkaupsleyfi aukalega fyrir venjulegri rýrnun á skömmtunarvörum vegna flutnings og sölu, og ennfremur hafi

164 vara farizt eða skemmzt svo að hún er ekki söluhæf til manneldis, enda verði sönnun
9. sept. færð á þetta, sem skömmtunarskrifstofan tekur gilda.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 9. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

165 **HAFNARREGLUGERÐ**
9. sept.

fyrir Suðureyrarkauptún.

1. gr.

Takmörk hafnarinnar eru að utanverðu og vestan, bein lína, sem hugsast dregin úr Brimnestá yfir Súgandafjörð í innri Skjólklett á Galtarhlíð, en að innan og sunnan, bein lína úr Suðureyrartúnodda, yfir fjörðinn í Langodda.

2. gr.

Hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

3. gr.

Til þess að standast straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja á Suðureyrarhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar skal stofna hafnarsjóð fyrir Suðureyri. Í hafnarsjóð renna eignir Lendingarsjóðs Súgfirðinga, sem til þessa hefir starfað samkvæmt samþykkt frá 14. apríl 1914.

4. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eigum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn kosnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára, gengur einn úr árlega fyrstu tvö árin eftir hlutkesti, sem hafnarnefnd sér um.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefnd sér ennfremur um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt 4.—10. gr., hún hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt og stjórnar hafnarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Hafnarnefndin gerir tillögur um starfsmenn hafnarinnar, er hreppsnefnd skipar, að fengnum tillögum hennar. Hafnarnefnd sér einnig um allt, er hreppsnefnd Suðureyrarhrepps eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að fela henni sérstaklega í þarfir hafnarinnar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert, ber hafnarnefnd að leggja fram frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessi skal fullsamin fyrir

lok nóvember mánaðar. Áætlunin sendist ráðuneytinu til samþykkta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum tekjuliðum eða gjaldaliðum. Við lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á hinu liðna ári, ennfremur reikning um eignir og skuldir hans í árslok. Reikningarnir skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningurinn. **165** 9. sept.

5. gr.

Tekjur hafnarsjóðs eru fyrst um sinn þessar, þar til öðruvísi verður ákveðið.

Af vörum, sem fluttar eru á land, innan takmarka Suðureyrarhafnar, eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það, er hér segir:

Vörugjald.

a. Aðfluttar vörur:
   1. flokkur: 8 aurar fyrir hver 100 kg af óslægðum fiski með haus eða jafngildi hans, sé fiskurinn fluttur í land í öðru ástandi, af steinbít ¼ eyri af stykki.
   2. flokkur: 10 aura fyrir hver 100 kg af kolum, salti og sementi.
   3. flokkur: 3 aurar hvert teningsfet af timbri. Aðrar vörur 6 aurar hvert teningsfet.
   4. flokkur: 30 aurar fyrir hver 100 kg af vefnaðarvöru, skófatnaði, glysvarningi og lyfjavörum.
   5. flokkur: 20 aurar fyrir hvert fat af olíu eða benzíni.
   6. flokkur: 5 aurar fyrir hvert stykki af tómum tunnum eða fötum.
   7. flokkur: 10 aurar fyrir hvert stykki af öllum öðrum vörum, sem reiknast eftir þunga, allt að 10 kg.
   8. flokkur: 15 aurar fyrir hvert stykki frá 10—100 kg.
   9. flokkur: 25 aurar fyrir hvert stykki yfir 100 kg.
   10. flokkur: 15 aurar fyrir hver 100 kg af síld og smokkfiski.

b. Útfluttar vörur:
   1. flokkur: 15 aurar fyrir hver 100 kg af söltuðum fiski, óþurrkuðum.
   2. flokkur: 20 aurar fyrir hver 100 kg af söltuðum fiski, þurrkuðum.
   3. flokkur: 30 aurar fyrir hver 100 kg af hertum fiski alls konar.
   4. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kg af þurrum beinum alls konar.
   5. flokkur: 10 aurar fyrir hver 100 kg af lýsi, síld, hrognum, kjöti, gærum og öðrum vörum, sem reiknast eftir þyngd.
   6. flokkur: 3 aurar fyrir hvert teningsfet af vörum, sem reiknast eftir rúmmáli. Minnsta vörugjald er þó 10 aurar.
   7. flokkur: 5 aurar fyrir hverja tóma tunnu eða fat.

Hafnarnefnd er heimilt að undanþiggja vörugjaldi innlendar afurðir, sem fluttar eru að eða frá staðnum í smáum stíl.

6. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

a. Vistir og aðrar nauðsynjar báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi.
b. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
c. Vörur, sem fluttar eru úr herskipi (varðskipi) og í herskip.
d. Umbúðir, sem endursendar eru.

7. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Fara skal eftir farmskrám skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóri skyldur að láta hafnarnefnd

165 9. sept. í té, eftirrit af farmskrá skipsins. Sé engin farmskrá skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn það, sem skip hans hefir fermt eða affermt. Þyki hafnarnefnd ástæða til, getur hún hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í sömu sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund, sem hæst gjald skal greiða af. Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem gjaldskrá til tekur og gjald greiðast eins og þar segir. Þó skal af vöru, sem ekki nemur heilli gjaldeiningu, reikna gjald þannig, að standi á ½ eða heilum tug aura. Ef vafi leikur á því, í hvaða flokk skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnarnefnd, en úrskurði hennar má skjóta til hreppsnefndar.

8. gr.

Vörugjald greiðir eigandi varanna eða umboðsmaður hans á Suðureyri, og skal afgreiðslumaður skips standa skil á greiðslunni. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á vörunni unz gjaldið er greitt. Ef skip eða bátar hafa ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnar, fellur í gjalddaga, þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

9. gr.

Um lestagjöld.

Öll skip, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin, skulu greiða hafnargjöld, sem miða skal við smálestatölu skipsins, í hvert skipti, sem þau leggjast við festar á hafnarsvæðinu, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur.

a. Skip og bátar, sem eru eign manna, búsettra í Súgandafirði og gerð út þaðan til fiskveiða eða flutninga, svo og önnur skip og bátar, sem gerð eru út frá Suðureyri a. m. k. tveggja mánaða tíma á ári, skulu greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 1.50 af hverri heilli brúttó smálest skips eða báts, þó ekki yfir 100 kr. fyrir eitt skip eða bát. Vélbátar minni en 5 smál. brúttó skulu greiða 5 kr. lestagjald á ári.
b. Önnur innlend fiskiskip, greiði 10 aura fyrir hverja nettó smálest, í hvert skipti sem þau koma til hafnar, þó ekki minna en 1 kr. í hvert sinn.
c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, nema herskip, varðskip, björgunarskip, vitaskip ríkissjóðs, skip, sem hafa skírteini sem skemmtiskip, skip, sem eru gerð út til vísindalegra rannsókna, skip, sem sanna að þau hafi orðið að leita hafnar vegna sjóskemmda, og skip, sem eingöngu leita hafnar vegna veikinda, skulu greiða 4 aura lestargjald fyrir hverja nettó smálest í hvert skipti.

10. gr.

Um bryggjugjald.

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettó stærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring 4 aura af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 kr. í hvert sinn, eða 1 kr. af brúttó smálest í eitt skipti fyrir öll, á ári. Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

11. gr.

Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds og bryggjugjalds. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á skipinu, ber eigandi þess ábyrgð á greiðslu

gjaldanna, svo og annara gjalda, sem skipum ber að greiða. Hafnarsjóður hefir haldsrétt á skipinu unz gjöldin eru greidd. 165 9. sept.

Að svo miklu leyti, sem ekki eru í reglugerð þessari ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldunum, skal greiða þau áður en skip fer burtu úr höfninni. Gjalddagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júlí.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

13. gr.

Venjulega er skipum og bátum heimilt að leggjast við bryggjur hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó hefir hafnarnefnd rétt til að leyfa skipum, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri áætlun og flytja póst, að leggjast að bryggju þótt önnur skip liggi þar fyrir og verða þau þá að víkja á meðan hin eru afgreidd.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að áliti hafnarnefndar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum ef hún krefst þess. Ennfremur getur hafnarnefnd vísað skipum frá bryggju, álíti hún nauðsynlegt veðurs vegna. Ef ágreiningur rís, ræður hafnarnefnd í hverri röð skip koma að bryggju.

14. gr.

Ef nauðsyn ber til þess að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sé lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa sem utar liggja yfir þilför hinna. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, sem liggja nær.

15. gr.

Hafnarnefnd hefir umsjón með skipalegunni og er engum heimilt að leggja föstum legufærum á hafnarsvæðinu nema með hennar samþykki.

16. gr.

Seglfestu, ösku eða öðru því, sem valdið getur skemdum, má ekki varpa í höfnina, hvorki af skipum eða úr landi.

17. gr.

Á hafnarsvæðinu má ekki gera nein mannvirki, né breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru og heldur ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema leyfi hreppsnefndar komi til.

18. gr.

Þeir, sem skemma bryggjur og önnur mannvirki hafnarinnar og hafnartæki, eru skyldir til að bæta að fullu kostnaðinn við að lagfæra það.

19. gr.

Ýmis ákvæði.

Fyrir að leggja vörur á land hafnarinnar skal greiða 5 aura fyrir hvert stykki, sem ekki er flutt burtu innan sólarhrings. Gjaldið reiknast fyrir hverjar 24 klst. eða brot úr þeim. Gjald fyrir stærri stykki fer eftir samkomulagi.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum um lengri tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður eftir samningi.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á höfn-

165 inni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, skulu þær ákveðast af þremur óvilhöll-
9. sept. um, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal fara fram af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

20. gr.

Enginn, sem bakað hefir sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnarnefnd tekur gilda.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Suðurcyrar.

22. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld samþykkt fyrir Lendingarsjóð Súgfirðinga frá 14. apríl 1914 ásamt breytingum, sem á henni hafa verið gerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 23 13. janúar 1938, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

166 **AUGLÝSING**

11. sept. **um breyting á reglum um verðreikning vara, sem verðlagsnefnd hefir sett eða setur hámarksverðlagningu á, sbr. augl. í Lögbirtingabl. nr. 21 31. marz 1939.**

Orðið „vátrygging“ í upptalningu þeirra kostnaðarliða, sem telja má í kostnaðarverði vara áður en álagning er reiknuð, falli niður, og í staðinn komi: sjóvátrygging og stríðsvátrygging.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

167
12. sept.

um að verðlagsákvæði nái til kornvara, brauða, nýlenduvara, citrona, hreinlætisvara, kola, brennsluolía og benzíns.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, hefir ríkisstjórnin ákveðið, að verðlagsnefnd skuli ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á kornvörum, brauðum, nýlenduvörum, citronum, hreinlætisvörum, kolum, brennsluolíum og benzíni, eftir því sem nefndinni þykir ástæða til.

Viðskiptamálaráðuneytið, 12. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

REGLUGERÐ

168
12. sept.

um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

Engar íslenzkar afurðir er heimilt að bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema að fengnu leyfi útflutningsnefndar.

2. gr.

Ríkisstjórnin skipar útflutningsnefnd, er hafi á hendi eftirlit með sölu og útflutningi á öllum íslenzkum afurðum samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Leyfi ríkisstjórnarinnar þarf til útflutnings á öllum öðrum vörum en íslenzkum afurðum samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða ½‰ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr. fyrir hvert einstakt leyfi, og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 100.000 kr. eða fangelsi ef miklar sakir eru, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum, dags. í dag, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 12. september 1939.

Ólafur Thors. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

169
13. sept.

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 18. þessa mánaðar allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 10. júlí 1939 um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

170
13. sept.

GJALDSKRÁ

um leigukjör á talstöðvum (gerð E), sem landssíminn lætur á leigu í íslenzk skip.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá talstöð í íslenzkt skip, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki og viðtæki og efni í loftnet, 1 varalampa af hverri tegund, svo og vinnu við rafmagnsuppsetningu, en leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri spennu og nægilegri orku sé fyrir hendi og leitt inn í loftskeytaklefa, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna.

Leigutíminn er minnst 2 ár í senn. Að skemmstum leigutíma liðnum, má segja leigu stöðvarinnar upp hálfsárslega með þriggja mánaða fyrirvara. Leigutaka ber að hafa fullkominn talstöðvarvörð, sem landssíminn tekur gildan, til þess að starfrækja stöðvarnar og sjá um, að þær séu vel hirtar eða vel geymdar.

3. gr.

Talstöð af gerð E felur í sér:

1 lampasendi með ca 20 watta loftnetsorku á öldusviðinu 120—200 m. Með sendinum fylgir mótorrafall, ræsir, spennustillir og hljóðnemi.

1 5-lampa superviðtæki, öldusvið 80—1400 m. Tækið hefir fast innbyggðar spólur og er skipt milli mismunandi öldusviða með einu handfangi.

Með stöðinni fylgja venjulegir varahlutir, svo sem kolaburstar til mótorrafals, bræðivör, 1 varalampi af hverri tegund.

4. gr.

Leigutaki greiði fyrir gerð E 200 kr. í stofngjald og 140 kr. í leigu ársfjórðungslega. Stofngjald greiðist áður en uppsetning fer fram og leigan ársfjórðungslega fyrirfram. Gjaldskrá þessari getur samgöngumálaráðherra breytt, ef ástæða þykir til, sérstaklega ef gullgengi íslenzkrar krónu raskast. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

Landssíminn annast viðhald sendi- og viðtækjanna, að undanskildu við- 170
haldi loftnets, viðtökulampa, rafhlaðna og rafgeyma fyrir viðtæki, en það annast 13. sept.
leigutaki. Gjaldið fyrir hina árlegu loftskeytastöðvarskoðun er innifalið í framangreindri leigu.

5. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa tækin vátryggð á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni: Talstöð af gerð E fyrir kr. 3000.00, og ber honum að greiða landssímanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

6. gr.

Talstöðvar þær, sem landssíminn lætur þannig á leigu, eru að sjálfsögðu háðar hinum almennu reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um slíkar stöðvar og rekstur þeirra á hverjum tíma.

7. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssíminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 13. september 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hlíðdal.

GJALDSKRÁ 171

13. sept.

um leigukjör og starfrækslu á loftskeytastöðvum (gerð C og D), sem landssíminn lætur á leigu í íslenzk skip, sem eru skyld að hafa loftskeytastöð.

1. gr.

Skipseigandi eða útgerðarfélag, sem óskar að fá loftskeytastöð (gerð C eða D) í íslenzk skip samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, sendi skriflega umsókn til póst- og símamálastjórnarinnar, sem gefur út leyfisbréf fyrir stöðina og önnur skírteini.

2. gr.

Landssíminn leggur til senditæki (án loftnets og viðtækis), 1 varalampa af hverri tegund, svo og vinnu við rafmagnsuppsetningu, en leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku sé fyrir hendi og leitt inn í loftskeytaklefa, svo og um alla trésmíðavinnu og aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna.

Leigutíminn er minnst 3 ár í senn. Að skemmstum leigutíma liðnum má segja leigu stöðvarinnar upp hálfsárslega með 6 mánaða fyrirvara. Leigutaka ber að hafa fullkominn loftskeytamann, sem landssíminn tekur gildan, til þess að starfrækja stöðvarnar og sjá um, að þær séu vel hirtar eða vel geymdar.

3. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem hér um ræðir, eru af tveim gerðum, C og D.

Loftskeytastöð af gerð C felur í sér:

1 stýrðan lampasendi með ca 150 watta loftnetsorku, sem gefur frá sér tónmótaðar öldur á öllum öldulengdum milli 600 og 800 m. Með sendinum fylgir mótorrafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill.

171 13. sept.

Með stöðinni fylgja venjulegir varahlutir, svo sem: kolaburstar til mótorrafals, lykilsnertur, vör, einn varalampi af hverri tegund.

Loftskeytastöð af gerð D felur í sér:

1 stýrðan lampasendi, sem gefur frá sér tónmótaðar raföldur á öllum öldulengdum milli 600 og 800 m með 400 watta loftnetsorku eða ómótaðar öldur með 300 watta loftnetsorku. Með sendinum fylgir mótorrafall, ræsir, spennustillir, s/v rafliði og morselykill. Varahlutir hliðstæðir og við gerð C.

4. gr.

Leigutaki greiði fyrir gerð C 300 kr. í stofngjald og 250 kr. í leigu ársfjórðungslega, en fyrir gerð D 500 kr. í stofngjald og 350 kr. í leigu ársfjórðungslega. Stofngjald greiðist áður en uppsetning fer fram og leigan ársfjórðungslega fyrirfram. Gjaldskrá þessari getur samgöngumálaráðherra breytt, ef ástæða þykir til, sérstaklega ef gullgengi íslenzkrar krónu raskast. Lögtaksréttur er á gjöldum þessum.

Landssíminn annast á sinn kostnað venjulegt viðhald senditækjanna. Gjaldið fyrir hina árlegu loftskeytastöðvarskoðun er innifalið í framangreindri leigu.

5. gr.

Leigutaki er skyldur að hafa stöðina vátryggða á sinn kostnað gegn hverskonar tjóni:

Gerð C fyrir kr. 6000.00
— D — — 8500.00

og ber honum að greiða landssímanum þessa upphæð, ef tækin eyðileggjast, og hlutfallslega fyrir skemmdir, enda á landssíminn beinan rétt til vátryggingarfjárins.

6. gr.

Loftskeytastöðvar þær, sem landssíminn lætur þannig á leigu, eru að sjálfsögðu háðar almennum reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem gilda um loftskeytastöðvar og rekstur þeirra.

7. gr.

Ef settar reglur eru ekki haldnar, getur landssíminn endurkallað leyfisbréf stöðvarinnar og látið taka stöðina úr skipinu.

8. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 31 1. febrúar 1936, um loftskeytastöðvar í íslenzkum skipum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 13. september 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hlíðdal.

AUGLÝSING

172
15. nóv.

um breyting á reglum um smíði tréskipa, nr. 100 22. september 1936.

1. gr. reglnanna orðist þannig: Tréskip, sem smíðað er til skráningar hér á landi, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í 2.—53. gr. þessara reglna. Reglur þessar eru fyrir sléttsúðuð skip, smíðuð úr eik eða furu og eik.

Stærð þeirra skipa, sem reglur þessar ná til, skal ákveðin af skipaskoðunarstjóra.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 93 3. maí 1935 til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

173
14. sept.

um framtal á bifreiðahjólbörðum og slöngum.

1. gr.

Þeir bifreiðaeigendur og aðrir, sem eiga eða hafa umráð yfir nýjum eða notuðum bifreiðahjólbörðum og slöngum, fram yfir það, sem talið er fylgja hverri bifreið (4 hjólbarðar og 1 til vara, ásamt slöngum), skulu tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, á þar til gerðum eyðublöðum, tölu og tegund þess, sem er í vörzlum þeirra af fyrgreindum hjólbörðum og slöngum.

2. gr.

Þeim, sem hafa í vörzlum sínum hjólbarða eða slöngur, samkv. 1. gr., er óheimilt að selja þessa hluti eða ráðstafa þeim til annara án leyfis Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Skylt er að láta þá af hendi við ríkisstjórnina, ef þess er óskað, gegn hæfilegu endurgjaldi.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, allt að 1000 krónum. Fara skal með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37 12. júní 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Jakob Möller. Eysteinn Jónsson. Hermann Jónasson Ólafur Thors.

174 14. sept.

AUGLÝSING

um lokun sölubúða laugardaginn 16. september 1939.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, er hér með ákveðið að laugardaginn 16. sept. 1939 skuli öllum sölubúðum á landinu lokað, að undanskildum mjólkur- og brauðabúðum.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

175 14. sept.

AUGLÝSING

um breyting á bráðabirgðareglugerð frá 1. september 1939, um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

Undir aðrar kornvörur, sem taldar eru í 1. gr. reglugerðar um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, teljast þessar kornvörutegundir:

Hrísmjöl, semuliugrjón, bygggrjón, mannagrjón, maisenamjöl, og ber því að krefja skömmtunarseðils fyrir þessum kornvörutegundum.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

176 14. sept.

REGLUGERÐ

um sölu á kolum til húsa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 36 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Kolaverzlanir mega eigi selja meira magn af kolum til húsa (hitunar eða matgerðar) en sem svarar til mánaðarnotkunar, og eigi til annarra en þeirra, er venjulega skipta við þá. Hafi kolaverzlunin engin kol handa viðskiptamönnum sínum, en önnur kolaverzlun er á staðnum, gefur sú fyrrnefnda viðskiptamanni sínum vottorð um, að hann sé hennar venjulegur viðskiptamaður og tilgreinir mánaðarnotkun hans. Er öðrum kolaverzlunum heimilt að afgreiða kol gegn afhendingu þessa vottorðs.

2. gr.

Einstaklingum og stofnunum er bannað að kaupa kol nema fyrri birgðir séu þrotnar og þá eigi meir en svo, að birgðir séu til eins mánaðar.

3. gr.

Allir þeir, er verzla með kol, skulu 16.—17. sept. 1939 senda skömmtunarskrifstofu ríkisins skýrslu um birgðir sínar.

176
14. sept.

4. gr.

Á öllum þeim stöðum, sem verzlað er með kol, skal hlutaðeigandi dómari tilnefna einn mann til þess að vera eftirlitsmaður með kolaverzlun á staðnum. Getur hann veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar t. d. þar sem staðhættir eru þannig, að erfitt er með aðdrætti mánaðarlega. Eftirlitsmaður skal halda gerðabók þar sem skráðar eru allar þær undanþágur, sem gefnar verða. Áfrýja má ákvörðunum hans til skömmtunarskrifstofu ríkisins.

5. gr.

Hreppsnefndum og bæjarstjórnum er skylt að aðstoða eftirlitsmanninn, eftir því sem þörf gerist, um upplýsingar um kolaþörf, kolabirgðir o. s. frv.

6. gr.

Þóknun eftirlitsmannsins ákveður hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og greiðist hún úr hlutaðeigandi bæjar- eða sýslusjóði.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

177
16. sept.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Hafnarfjarðar er fyrirtæki, sem Hafnarfjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

Rafveitan er eign Hafnarfjarðarbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Hafnarfjarðar.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Hafnarfjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í Hafnarfjarðarkaupstað, með því að kaupa raforku af orkuveitu frá Sogsvirkjuninni eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og atvinnumálaráðherra samþykkir.

Rafveita Hafnarfjarðar hefir einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

177 16. sept.

3. gr.

Stjórn rafmagnsmála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn rafmagnsmála bæjarins er í höndum bæjarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin rafveitunefnd ásamt rafveitustjóra, sem bæjarstjórnin skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann vera rafmagnsverkfræðingur. Bæjarstjórnin setur honum erindisbréf. Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri og rafveitustjóri eiga sæti á fundum nefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefir á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur, og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarsjóðs.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem bæjarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrár fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála bæjarins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi rafveitunnar, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefir umsjón með rafmagnslagningu í bænum, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar svo sem þörf er á, auk hinna föstu starfsmanna.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Hafnarfjarðar hefir sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standast straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum reksturskostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn. Rafveitustjóri varðveitir sjóð rafveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem bæjarstjórn setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja.

Rafveitunefnd löggildir þá menn, til lagninga á húsveitum, er fullnægja löggildingarskilyrðum, er bæjarstjórn setur, enda hafi þeir áður hlotið löggildingu

rafmagnseftirlits ríkisins til rafvirkjastarfa. Þessir menn nefnast löggiltir rafvirkjar og skal rafveitunefnd setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja, eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. 177 16. sept.

Bæjarstjórn getur, þegar henni þykir ástæða til, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafvirkja, svo og ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem rafveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.
Sala raforku.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, allsstaðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annari spennu og annari straumtegund.

9. gr.
Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar eð gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.
Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar, án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.
Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

177 Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar
16. sept. raflagnir fyrir hönd húseigenda eða notenda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Hafnarfirði, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu í fyrsta sinn eftir úttekt.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annarsstaðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarks árgjald sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annara á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimilt án leyfis rafveitunnar.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annari notkun.

Sé misbrestur á þessu, eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi undir eins á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafvirkja gera við gallana á sinn kostnað.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum rafveitu Hafnarfjarðar.

177
16. sept.

14. gr.
Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar þar til hann lætur af notkun hennar og hefir sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/— 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

   Ef notandi véfengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/— 5%, en rafveitan annars.

   Hafi kwst-mælir sýnt +/— 5% skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komist, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geti sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notendur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilsins eða rofans, svo fljótt sem við verður komið.

   Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefir rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlið.

4. Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.

5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.

6. Verði uppvíst að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hefir verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

   Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

   Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerzt.

15. gr.

Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lámarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

16. gr.

Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá.

17. gr.

Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu, eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni:

a) þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefir ekki greitt reikning, sem fallinn er í gjalddaga,
b) þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina,
c) þegar notandi hefir gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir strauminn af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1) skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd,
2) að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá,
3) að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Nú fæst skuldin ekki greidd, þrátt fyrir lokun, og má þá senda skuldakröfuna til innheimtu með lögtaki.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefir veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega straumnotkun samkvæmt 14. gr.

18. gr.

Reksturstruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgjaldi þótt stöðvun verði vegna bilana eða annara óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda. 177 16. sept.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits, á helgidögum, á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júlí, svo og endranær þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður bæjarstjórn, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu í notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefir samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það, sem að ofan greinir.

Tilkynning um flutning notanda úr einni íbúð í aðra skal afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkun veitunnar og hefir sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefir samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem bæjarstjórn samþykkir og atvinnumálaráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsstjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

177 16. sept.

C. ALMENN ÁKVÆÐI

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

178 19. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 9. september 1939, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37, 12. júní 1939, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. reglugerðar 9. september 1939, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum „Ennfremur ... stofnunum“ falli burt.

2. gr.

Aftan við 12. gr. sömu reglugerðar bætist: Hreppsnefndir og bæjarstjórnir afhenda matsöluhúsum, sjúkrahúsum og öðrum svipuðum stofnunum ávísanir til innkaupa á þeim skömmtunarvörum, sem þau kunna að nota. Skömmtunarskrifstofa ríkisins er heimilt að ákveða, ef ástæða þykir til, hve mikið skuli úthluta af skömmtunarvörum til þessara stofnana í hlutfalli við fyrri notkun.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 19. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

179
20. sept.

um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýming hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

1. gr.

Mæðiveikinefnd og framkvæmdastjóri hennar hafa, undir yfirstjórn landbúnaðarmálaráðherra, á hendi stjórn þeirra ráðstafana, sem gerðar eru til varnar útbreiðslu garnaveiki og útrýmingu hennar.

2. gr.

Nefndinni er heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Hreppstjórar skulu skyldir til, hver í sínum hreppi að líta rækilega eftir því, að hlýtt sé nákvæmlega fyrirmælum laga og reglugerða svo og fyrirskipunum framkvæmdastjóra um fjárflutninga og fjársamgöngur, meðferð óskilafjár og slátrun grunsamra kinda.

Hreppsnefndaroddviti og hreppsnefndir skulu á sama hátt líta eftir öllu, sem snertir upprekstra og fjallskil og samræming á göngum og réttum. Ennfremur ber þeim að sjá um, að menn þeir, sem framkvæma rannsóknir á veiku eða grunuðu fé, fái alls staðar þá aðstoð við starf sitt, sem nauðsynleg er talin.

3. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt, í samráði við nefndina, að láta fara fram rannsókn á öllu því fé, er hann telur nauðsynlegt, til þess að full vitneskja fáist um útbreiðslu veikinnar.

Fjáreigendur, sem búsettir eru í þeim héruðum, þar sem veikin hefir gert vart við sig eða þykja grunsamleg, eru skyldir til að gera hlutaðeigandi hreppstjóra eða framkvæmdastjóra tafarlaust aðvart, ef þeir verða varir við grunsamleg veikindi í fé sínu eða annara á því svæði. Nú telur hreppstjóri, að um garnaveiki geti verið að ræða, og skal hann þá tilkynna það framkvæmdastjóra, er gerir þær ráðstafanir í samráði við nefndina, er hann telur eftir atvikum tryggilegastar.

4. gr.

Við rannsókn á útbreiðslu garnaveikinnar skal ríkið leggja til lyf, tæki og rannsóknarmenn fjáreigendum að kostnaðarlausu. Auk þess verða greiddar úr ríkissjóði hæfilegar bætur, að dómi nefndarinnar, fyrir þær kindur, er drepa þarf vegna rannsókna, og fer um bætur samkvæmt 13. gr. Allur annar kostnaður greiðist af fjáreigendum. Einnig er þeim skylt að veita án endurgjalds alla aðstoð við rannsóknina. Telst þar til meðal annars að flytja rannsóknarmenn eða skoðunarmenn milli bæja. Ef nauðsynleg aðstoð er ekki veitt, getur framkvæmdastjóri látið framkvæma það, sem framkvæma þarf, á kostnað fjáreigenda.

5. gr.

Framkvæmdastjóra er heimilt í samráði við nefndina að fyrirskipa litarmerkingar á sauðfé, á þeim svæðum þar sem veikin er eða grunur er á að veikin sé. Á sama hátt má banna hverskonar litarmerkingar á sauðfé á ákveðnum svæðum eða tilteknum heimilum. Framkvæmdastjóri ákveður, hvaða svæði teljast skuli grunuð og hver sýkt.

179 20. sept.

6. gr.

Nefndinni er heimilt að ráðstafa sauðfé á afrétti, í heimahögum og í réttum, ef nauðsyn ber til vegna varnanna. Utansveitarfé og óskilafé, sem líkur eru til að sé sýkt, sé af grunuðu svæði eða kunni að geta borið veikina með sér, má ekki selja til lífs. Skal hreppstjóri sjá um, að allt það utansveitarfé, sem þannig er fyrirskipuð slátrun á, sé drepið og afurðum þess komið í verð á heppilegasta hátt fyrir eigendur fjárins. Sama gildir hvarvetna þar, sem fé verður að slátra vegna varnanna, og eigendur geta ekki sjálfir hagnýtt sér afurðir fjárins vegna fjarlægðar.

7. gr.

Heimilt er nefndinni að banna sauðfjárflutninga frá sýktum eða grunuðum svæðum. Á sama hátt er heimilt að banna flutninga sauðfjár inn á sýkt eða grunuð svæði, ef hætta er á, að það fé renni burt aftur og beri veikina með sér. Hreppstjórar skulu hafa nánar gætur á, að þessum ákvæðum, svo og öllum fyrirmælum nefndarinnar og framkvæmdastjóra um fjársamgöngur o. fl., sé nákvæmlega fylgt.

8. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum og stjórnum upprekstrarfélaga, með samþykki framkvæmdastjóra, að fyrirskipa breytingar á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til varnar útbreiðslu veikinnar. Á sama hátt er framkvæmdastjóra heimilt, í samráði við sveitarstjórnir að fyrirskipa breytingar á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

9. gr.

Hreppstjórar, gangnaforingjar (fjallkóngar) og réttarstjórar skulu hafa strangt eftirlit með því, að sýkt og grunað fé sé aðskilið frá öðru fé svo fljótt sem verða má. Ekki má reka það með öðru fé, hvorki frá réttum eða í bæjarrekstrum.

10. gr.

Nú kemur fé af sýktu eða grunuðu svæði fyrir í útréttum og fjáreigendur eða viðkomandi upprekstrarfélög hafa ekki gert ráðstafanir til að hirða það sérstaklega. Skal þá hreppstjóri láta taka það og slátra, verði ekki öðrum fulltryggum ráðstöfunum við komið að hans dómi, en gera skal hann það verð úr, að fjáreiganda verði sem minnst tjón að.

Nefndin getur fyrirskipað slátrun á útréttafé, ef hún telur þess þörf vegna varnanna. Einnig getur hreppsnefnd, með samþykki framkvæmdastjóra, fyrirskipað slátrun á því fé úr hreppnum, sem kemur fyrir í vissum útréttum og eru allir hreppsbúar skyldir að hlíta þeirri ákvörðun.

11. gr.

Sauðfé á sýktu eða grunuðu svæði af garnaveiki má ekki reka í þröng girðingarhólf eða fjárhús á heimilum, sem ekki hafa veikina, eða önnur hús, þar sem heimafé er hýst.

Ekki má heldur reka fé, sem ætla má, að sé ósýkt af veikinni, í slík girðingarhólf eða hús á heimilum, sem teljast grunuð eða sýkt. Bannað er að geyma sýkt eða grunað fé í girðingarhólfum með fé frá ósýktum heimilum.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar varðar sektum.

12. gr.

Ef fjáreigandi leynir veiki í fé sínu, skýtur fé undan rannsókn eða torveldar rannsókn á því, skal hann sæta sektum, en verði það til þess, að veikin berist í fé annara, varðar það fangelsi.

13. gr. 179

Heimilt er nefndinni að ákveða, að sjúku eða grunuðu fé skuli slátrað, til þess að 20. sept.
ganga úr skugga um veikina eða hindra útbreiðslu hennar. Bætur fyrir sauðfé, sem slátrað er samkvæmt þessum ráðstöfunum, greiðist af ríkissjóði eftir mati nefndarinnar.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að nokkur hluti bótanna greiðist hlutaðeigendum til endurnýjunar fjárstofninum, þegar nefndin telur garnaveikinni útrýmt úr fé þeirra

14. gr.

Þeir bændur, sem lógað hefir verið hjá yfir 10% af ærstofninum, fá auk þess vaxtatillag og aukajarðræktarstyrk á sama hátt og eftir sömu reglum og þeir, sem beðið hafa tjón af völdum mæðiveikinnar, þó aldrei lengur en eitt ár eftir að garnaveikinni er útrýmt úr fé þeirra, nema sérstaklega standi á að dómi nefndarinnar.

15. gr.

Mæðiveikinefnd er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álítur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000 kr. eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 14 15. maí 1939, til öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ 180

29. sept.

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sérstakan tímareikning.

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 30. apríl síðastliðinn, samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 28. apríl 1939, skal vera óbreyttur fyrst um sinn út næstkomandi októbermánuð.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

181 29. sept.

VIÐAUKI VIÐ REGLUR

um verðlagning vara, sem verðlagsnefnd hefir sett eða setur hámarksálagningu á, sbr. auglýsingu í Lögbirtingablaðinu nr. 21 31. marz og nr. 66 15. september 1939.

1.

Geti verzlun sannað, að hún hafi fastan umboðsmann eða útibú á fjarlægum stað til þess að annast þar vöruinnkaup fyrir sig, og greiðir umboðslaun í því sambandi, má verzlun, að fyrirfram fengnu skriflegu samþykki verðlagsnefndar um hæð umboðslaunanna, reikna þau með í kostnaðarverði varanna.

2.

Hámarksálagningu í heildsölu og smásölu á þær vörutegundir, sem verðlagsnefnd hefir sett ákvæði um, má aðeins leggja einu sinni á sömu vöru.

Þó er verzlunum heimilt að skipta sín á milli álagningunni, en aldrei má hin samanlagða álagning fara fram úr hámarksálagningu þeirri, sem heimiluð er.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 70 31. des. 1937, og birtast hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

182 30. sept.

AUGLÝSING

um framkvæmd á 10. gr. reglugerðar frá 9. september 1939, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

Ráðuneytið hefir ákveðið, að rúgmjöl, sem selja má í slátur utan venjulegra skömmtunarseðla, skuli vera svo sem hér segir:

Í dilkslátur 2 kg.
Í slátur af fullorðnu fé 3 kg.
Í stórgripaslátur, sem matbúið er, 16 kg.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Viðskiptamálaráðuneytið, 30. september 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

183
3. okt.

um breyting á auglýsingu nr. 65 9. maí 1939, um verðlagsákvæði.

Í auglýsingu frá 9. maí 1939, þar sem auglýst var hámarksálagning á byggingavörum, falli niður ákvæði um hámarksálagningu á veggfóðri.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 3. október 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

184
5. okt.

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Fellsstrandar.

Bæjanöfn:	Arður og gjöld:
Kjarlaksstaðir	5,00 %
Litli-Galtardalur	4,20 —
Stóri-Galtardalur	7,50 —
Litla-Tunga	7,70 —
Stóra-Tunga	12,50 —
Orrahóll	7,30 —
Svínaskógur	3,30 —
Hallsstaðir	8,30 —
Túngarður	5,40 —
Staðarfell	26,30 —
Harastaðir	5,40 —
Ytrafell	7,10 —

Arðskrá þessi gildir til næstu 5 ára.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. október 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

185
9. okt.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð 9. sept. 1939 um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Hver skömmtunarseðill gildir fyrir einn mann í einn mánuð. Skiptist hann í stofn og 28 reiti. Eru 12 reitir fyrir hveiti eða hveitibrauð, hver fyrir 200 g af hveiti eða 250 g af hveitibrauði, 6 reitir fyrir rúgmjöl eða rúgbrauð, hver fyrir 500 g af rúgmjöli eða 750 g af rúgbrauði, 4 reitir fyrir hafragrjón, hrísgrjón og allt annað kornmeti en það, sem hér er talið að framan, nema fóðurbygg, hafra og fóðurmais, hver fyrir 450 g, 2 reitir fyrir kaffi, hvor fyrir 125 g af brenndu og möluðu kaffi eða 150 g af óbrenndu kaffi og 4 reitir fyrir sykur, hver fyrir 500 g. Má klippa seðlana í sundur og skulu reitirnir afhentir jafnóðum og kaup fara fram, en stofninn skal geyma þar til næsta afhending fer fram. Skal honum þá skilað og verða nýir seðlar aðeins afhentir gegn eldri stofni.

2. gr.

1. málsgrein 9. gr. falli niður.

3. gr.

10. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Auk hinnar venjulegu skömmtunar er leyfð aukaskömmtun á rúgmjöli til notkunar í slátur. Er sláturskammturinn 2 kg rúgmjöl í hvert dilkslátur, 3 kg í hvert slátur af fullorðnu fé, og 16 kg í hvert stórgripaslátur, sem matbúið er. Skulu þeir, sem kaupa slátur, sýna skilríki frá seljanda um kaupin, þeir, sem hafa látið slátra hjá öðrum, vottorð um hve mörg slátur þeir hafi flutt heim, en þeir, er slátra heima, skulu gefa drengskaparyfirlýsingu um það, hve mörg slátur þeir hafi tekið þar. Smásöluverzlunum er heimilt að afgreiða rúgmjöl samkvæmt þessum skilríkjum, sem þeir afhenda síðan hreppsnefndum á sama hátt og segir í 12. gr., og fá innkaupsleyfi í staðinn.

Heimilt er að veita sjómönnum, sem skráðir eru í skiprúm, aukaskammt af kaffi og sykri, sem svarar 30 g af kaffi, 200 g af sykri og 750 g af rúgbrauði á mann fyrir hverja viku, er þeir eru á sjó.

Skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir veita aukaleyfi fyrir skammti þessum. Séu leyfi þessu veitt til viku eða hálfsmánaðar í einu fyrir alla skipshöfnina og afhent matsveini, ef hann er á skipinu, ella skipstjóra.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, og birtist hér með þeim, er hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 9. október 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jakob Möller. Hermann Jónasson.

REGLUR

186
12. okt.

um útbúnað skipa, sem eru í förum á ófriðar- eða hættusvæðum.

I. KAFLI
Farþega- og vöruflutningaskip.

Samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum, eru hér með sett sérstök ákvæði um útbúnað skipa, sem eru í siglingum frá Íslandi til annarra Norðurlanda, eða til landa þeirra þjóða, sem í ófriði eiga.

1. gr.

Öll íslenzk skip — að undanskildum fiskiskipum — sem í förum eru milli landa í Evrópu eða til þjóða, sem eiga í ófriði, skulu hafa bjargtæki og bjargbáta eins og segir í alþjóða samþykktinni.

Sérhver bjargbátur skipsins skal, auk hins fyrirskipaða útbúnaðar samkvæmt alþjóða samþykktum, hafa:

a) Kork- eða kapokpúða úr lituðum segldúk meðfram hliðum bátsins og skulu þeir ná stafna á milli. Þeir skulu vera um 20 cm í þvermál um miðjuna og mjókka til endanna, og skulu þeir vel festir við bátinn.
b) Skjólsegl úr léttum og lituðum segldúk. Það skal falla vel við stefni og borðstokk bátsins og ná yfir ½ til ⅔ hluta af lengd hans. Ennfremur skal fyrir aftan skjólseglið með hliðum skipsins vera strengdur segldúkur um 30—40 cm á hæð og hann vel festur við borðstokkinn.
c) 6 eldflaugar og 10 stokkar af storm-eldspýtum, hvort tveggja geymt í vatnsheldum umbúðum.
d) Suðuáhald af viðurkenndri gerð.
e) Í farþegaskipum skal einn af bjargbátum skipsins vera vélbátur. Í öllum bjargbátum skal vera hand- og austurdæla.

Öruggar ráðstafanir skulu gerðar til þess að neðri hjólklafanum (talíublökkinni) verði fljótt og örugglega krækt úr um leið og báturinn kemur í sjóinn, t. d. með fallkrókum („Sliphager").

2. gr.

Auk þeirra bjargbáta, sem nefndir eru í 1. gr., skal skipið hafa 2. flokks bjargbáta eða bjargfleka nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

3. gr.

Bjargbátar af 2. flokki skulu um gerð, útbúnað og farþegatölu fullnægja alþjóða ákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varaárar eða aðra varahluti.

Sem bjargfleka má nota fleka, sem fullnægja áðurgreindum alþjóðareglum, eða fleka af annarri öruggri gerð. Tala farþega, sem flekinn tekur, skal ákveðin eftir fyrrnefndum alþjóðareglum. Á bjargflekunum skal vera vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni og brauðkassi, sem alltaf skal vera aðgengur, þó það snúi upp, sem niður á að vera, af flekanum.

4. gr.

Bjargtækjum þeim, sem nefnd eru í 2. gr., þarf ekki að vera komið fyrir undir bátsuglum, en þau skulu höfð á þeim stað og þannig komið fyrir, að þau fljóti á sjónum, ef skipið sekkur. Bjargtæki þessi skulu hafa sjálfkveikjandi blys, er kvikni á ljós um leið og bjargflekinn kemur í sjó.

186 12. okt.

5. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal á aðgengum og vel vörðum stað í skipinu geymdur forði af niðursoðnu nýju kjöti í ½ eða ¼ kg dósum, er sé 1 kg á mann. Ennfremur skulu vera 6 olíufatnaðir og 6 peysur eða aðrar heitar flíkur hafðar á sama stað.

6. gr.

Það skal vera hægt að stöðva aðalvélina, bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytið til mótorsins.

7. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en skipið fer inn á svæði, sem stríðshætta stafar af, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., svo að allt sé í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

8. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess að ákvæðum þessara reglna sé fullnægt.

9. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að veita tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna ófriðarhættunnar virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

10. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði, eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfn og farþegum.

Af slíkum öryggisráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldur hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar takist af og bátarnir séu hvenær sem er hafðir tilbúnir til að síga á sjó.
3. Allir bátar og flekar, sem ekki eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu hvenær sem er vera tiltæk.

II. KAFLI

Fiskiskip.

11. gr.

Sérhvert fiskiskip, sem er í förum milli landa í Evrópu eða til þjóða, sem eiga í ófriði, skulu hafa bjargtæki og bjargbáta eins og tekið er fram í tilskipun nr. 43 20. nóv. 1922, um eftirlit með skipum og öryggi þeirra.

Auk þess skal sérhver bjargbátur skipsins hafa:

a) Kork- eða kapokpúða, úr segldúk, meðfram hliðum bátsins, og skulu þeir ná stafna á milli, og vera um 20 cm í þvermál um miðjuna og mjókkandi til endanna.
b) Skjólsegl úr léttum, lituðum dúk. Það skal falla vel að stefni og borðstokk báts-

ins og ná yfir ca. ½ lengd bátsins. Ennfremur skal fyrir aftan skjólseglið, með hliðum bátsins, vera strengdur segldúkur um 30—40 cm á hæð. 186 12. okt.

c) 6 eldflaugar og 6 stokkar af stormeldspýtum, hvort tveggja geymt í vatnsheldum umbúðum.

12. gr.

Auk bjargbáta þeirra, sem nefndir eru í 11. gr., skal skipið hafa 2. flokks bjargbáta („Pontonbjargbáta") eða bjargfleka, nægilega stóra til að geta tekið alla á skipinu.

Bjargbátar af 2. flokki skulu hvað gerð, útbúnað og fólkstölu snertir fullnægja alþjóða ákvæðum, en þurfa þó ekki að hafa varahluti eða árar. Sem bjargfleka má nota fleka, sem fullnægja áðurgreindum alþjóðareglum, eða fleka af annarri öruggri gerð. Um stærð og burðarmagn flekanna skal farið eftir alþjóðareglum. Á bjargflekanum skal vera vatnskvartil fullt af góðu drykkjarvatni og brauðkassi, sem alltaf skal vera aðgengur, þó það snúi upp sem niður á að vera, þegar flekinn fer í sjó, skal forði þessi nema 1 kg af brauði og 1 lítra af vatni á mann. Á bjargfleka hverjum skal vera minnst 1 sjálfkveikjandi blys.

13. gr.

Til viðbótar við þann forða, sem á að vera í bátunum, skal á aðgengum og vel vörðum stað í skipinu geymdur forði af niðursoðnu nýju kjöti í ½ kg eða ¼ kg dósum, og vera 1 kg pr. mann.

14. gr.

Það skal vera hægt að stöðva aðalvélina bæði frá vélarúmi og efsta þilfari, með því að loka fyrir gufuna eða eldsneytismótorinn.

15. gr.

Auk hins venjulega eftirlits, sem skipstjóra er skylt að hafa, með bjargtækjum skipsins, skal hann, áður en skipið fer inn á svæði þar sem ófriðarhætta er, láta eftirlíta öll bjargtæki skipsins, vatnsheldar hurðir og hlera, spjaldloka o. fl., svo að allt sé í lagi.

Skipstjóra ber, eftir því sem frekast verður við komið, að æfa skipshöfnina í að nota bátana og bjargtækin. Allir gallar, sem koma í ljós við æfingarnar, skulu lagfærðir og árangurinn skráður í eftirlitsbókina.

16. gr.

Þegar venjuleg skoðun á skipi fer fram, hvort heldur er aðal- eða aukaskoðun, skulu skoðunarmenn gæta þess, að þessum ákvæðum sé fullnægt.

17. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að veita tilslakanir frá ákvæðum þessara reglna, þegar ástæða þykir til, og það vegna ófriðarhættunnar virðist rétt og sanngjarnt.

Skipaskoðunarstjóra er heimilt að veita frest til fullnægingar á ákvæðum þessara reglna, þegar hann telur gildar ástæður fyrir hendi.

18. gr.

Þegar skip fer um ófriðarsvæði eða þar sem tundurduflahætta er, skulu sérstakar ráðstafanir gerðar til öryggis skipshöfninni.

Af slíkum ráðstöfunum má nefna:

1. Lokað sé öllum vatnsheldum hurðum og ljórum.
2. Bátahlífarnar takist af, og bátar séu hvenær sem er hafðir tilbúnir til að síga á sjó.

186 12. okt.

3. Allir bátar og bjargflekar, sem ekki eru undir bátsuglum, skulu hafðir eins tiltækir og frekast er unnt.
4. Bjargbelti fyrir alla á skipinu skulu hvenær sem er vera tiltæk.

19. gr.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

187 12. okt.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík nr. 121 27. nóvember 1934, sbr. breytingu á þessari samþykkt frá 19. júlí 1935 og 21. maí 1937.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar falli niður orðin „aðra en föstudaga" og „en á föstudögum eigi síðar en kl. 8 síðdegis".

2. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

2. málsl. 3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum eigi síðan en kl. 1 síðdegis, en laugardaginn fyrir hvítasunnu má þó jafnan vera opið til kl. 4 síðdegis.

Föstudaga á tímabilinu 14. maí til 13. september má hafa opið til kl. 8 síðdegis.

2. gr.

2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar orðist svo: Alla almenna virka daga, þar á meðal föstudaga, sem engin undantekningarákvæði eru um í samþykkt þessari, til kl. 7 síðdegis. Laugardaga á tímabilinu 15. maí til 14. september til kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. greinar samþykktarinnar komi inn ný málsgr. svo hljóðandi:

Almenna helgidaga, aðra en stórhátíðir og almenna frídaga, má þó jafnan hafa opna aðalbúð hvers brauðgerðarhúss frá kl. 8 árdegis til kl. 5 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

188
13. okt.

um eftirlit með útlendingum og vegabréf.

Með tilvísun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið, að allir útlendingar, að undanskildum ríkisborgurum Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands þurfi hér eftir að fá staðfestingaráritun á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Jafnframt ákveðst, að ríkisborgarar Norðurlandaríkjanna þurfi að hafa vegabréf eða norræn ferðaskírteini, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. október 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

189
14. okt.

um breyting á reglugerð nr. 118 25. okt. 1937, um kosningu og starfsvið iðnráða.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Iðnráðin skulu, eftir því sem við verður komið, hafa eftirlit með því að lögum og reglugerðum um mál iðnaðarmanna sé framfylgt. Þau gera tillögur til lögreglustjóra um skipun prófnefnda. Þau skulu einnig gera tillögur um iðnréttindi próflausra manna, enda mega lögreglustjórar ekki veita próflausum mönnum neins konar iðnréttindi, nema samkvæmt meðmælum hlutaðeigandi iðnráðs eða Landssambands iðnaðarmanna eða úrskurði ráðherra, ef um ágreiningsmál er að ræða.

2. gr.

4. gr. reglugerðarinnar falli niður og breytist greinatala reglugerðarinnar eftir því.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar, sem verður 5. gr., bætist: Sé ekki bæði sveinafélag og meistarafélag starfandi á sama stað í sömu iðngrein, skal í fjölmennum iðngreinum, þar sem starfandi meistarar og sveinar eru í sameiginlegu iðnfélagi og félagar eru 50 eða fleiri, kjósa tvo fulltrúa, svein og meistara.

4. gr.

1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar, sem verður 8. gr., orðist svo:

Fulltrúi fjölmennasta iðnfélagsins á staðnum kallar iðnráðið saman til fyrsta fundar og skal hann áður hafa fengið í hendur öll skjöl, er iðnráðinu tilheyra, og öll áhöld þess og eignir, frá fráfarandi iðnráðsstjórn. Ef ekkert iðnfélag er til á staðnum, annast fulltrúi fjölmennustu iðngreinarinnar um þetta.

5. gr.

Í 10. gr. reglugerðarinnar, sem verður 9. gr., komi í stað orðanna: „með viku fyrirvara“, orðin: með þriggja daga fyrirvara.

189 14. okt. Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 105 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað og lögum nr. 85 18. júní 1933, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1939.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

190 19. okt.

GJALDSKRÁ FYRIR DÝRALÆKNA

Samkvæmt lögum nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá fyrir dýralækna, að því leyti sem ekki er ákveðið gjald fyrir störf þeirra með öðrum lögum eða fyrirmælum:

I. Viðtöl og rannsóknir.

1. gr.

A. 1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing.
2. Viðtal í síma.
Fyrir þetta greiðist ekkert gjald.

B. 1. Skrifaður lyfseðill yfir ákveðið, tilgreint efni.
2. Hlustun.
3. Rannsakaður hreyfanleiki liða.
4. Þvagrannsókn.
5. Einföld ástunga í útvortis ígerð, sinaslíður eða lið.
6. Rannsókn á júgri.
Fyrir hvert verk, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðist kr. 1.00.

C. 1. Tekið þvag.
2. Tekið blóð.
3. Einföld gerlarannsókn.
4. Einföld smásjárskoðun.
5. Rannsókn á saur.
6. Rannsókn á helti.
7. Fósturrannsókn (kýr, hryssa).
8. Skrifaður lyfseðill með viðtali og ráðleggingu.
Fyrir hvert verk, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðast kr. 2.00.

D. 1. Almenn skoðun og heilbrigðisvottorð (t. d. vegna sölu á grip).
2. Skrifleg skýrsla um sjúkdóm.
3. Berklaskoðun á kúm (tuberculinrannsókn).
Fyrir hvert verk, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðast kr. 3.00.

E. 1. Krufning á stórgrip greiðist með ..... kr. 5.00
2. Krufning á smærri dýrum greiðist með ..... — 2.00
3. Krufning með skriflegri, rökstuddri greinargerð greiðist með .... — 10.00

2. gr. 190

a. Nú hefir rannsókn verulegan aukakostnað í för með sér, t. d. fyrir sérstaklega að- 19. okt.
keypt efni, önnur en venjuleg efni til rannsókna og ber þá dýralækni aukreitis gjald fyrir það, þó aldrei meira en lyfjabúðarverð fyrir lyfjavörur, en raunverulegt kostnaðarverð fyrir annað.

b. Nú er einhver rannsókn ekki við hæfi héraðsdýralæknis og fær hann annan dýralækni eða rannsóknarstofu til þess að leysa hana af hendi og ber þá að gjalda honum aukreitis það, sem honum er gert að greiða fyrir rannsóknina, ásamt kostnaði við útvegun hennar.

c. Fyrir endurtekna rannsókn á sama sjúkdómi komi hálft gjald.

d. Fyrir rannsókn á meira en einu dýri í einu komi fullt gjald fyrir eitt dýr en hálft gjald fyrir hin.

e. Nú þykir dýralækni eða heilbrigðisstjórn ástæða til vegna smithættu, að rannsaka fleiri gripi á heimilinu eða í grendinni, eða dýralæknir fréttir um grunsama, næma sjúkdóma og skal þá greiða honum af opinberu fé samkvæmt lögum um dýralækna nr. 24 12. júní 1939, enda sé rannsóknin gerð í samráði við atvinnumálaráðuneytið ef unnt er.

f. Þegar dýralæknir skoðar kýr fyrir mjólkurbú eða mjólkursamsölu, skal hann sjálfur sjá sér fyrir farkosti og gistingu. Honum ber og að gefa hlutaðeigandi mjólkurbúi eða samsölu skýrslu um fjós, fóðrun, hirðingu, júgur, salerni og ef óskað er, hirðingu mjólkurinnar og mjólkurílátanna. Fyrir skoðunina og skýrslugerð ber hlutaðeigandi mjólkurbúi eða samsölu að greiða honum eina krónu fyrir hverja kú, sem hann skoðar.

II. Aðgerðir.

3. gr.

A. Minnstu aðgerðir:

1. Búið um minni háttar sár.
2. Lyfjum dælt í hold eða æð.
3. Lyfjum dreypt í, eða þau borin í auga eða hlustir.
4. Skoluð leggöng, leghol, þarfagangur, þvagblaðra, magi.
5. Tekin flís úr holdi og aðskotahlutir úr opum líkamans.
6. Skafin sár og fistlar.
7. Uppskurður á spena.
8. Tálgað stig.
9. Búið um beinbrot (smádýr).
10. Kreistur eggjastokkur (kýr).
11. Sorfnar tennur.
12. Notkun magapípu.
13. Stungið á kýli.
14. Opnað blóðkýli.
15. Fæðingarhjálp minni dýra en stórgripa.

Fyrir hverja aðgerð þá, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðist kr. 2.00.

B. Minni háttar aðgerðir:

1. Stífla losuð úr vælinda.
2. Kýr dæld við doða.
3. Lagað skeiðarsig.
4. Skorin upp þvagrás (minni dýr en stórgripir).
5. Sprengdur klaufarhófur.

190 19. okt.

6. Tálguð upp nagstunga.
7. Geltur hestur og naut.
8. Fæðingarhjálp (létt fæðing hjá stórgrip og erfið fæðing hjá smærra dýri).

Fyrir hverja aðgerð þá, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðist kr. 5.00.

C. Meiri háttar aðgerðir. Gripurinn lagður niður og hann svæfður eða deyfður:
1. Meiri háttar aðgerðir á sárum.
2. Tekin stór útvortis æxli.
3. Skorið til steins eða aðskotahluta í þvagrás (stórgripir).
4. Beinhol opnað.
5. Meiri háttar fæðingaraðgerð.
6. Rannsókn á helti með aðgerð:
   a. Brennt fyrir brjóskbólgu (spat).
   b. Saumað vöðvasár.
   c. Settur keri í sinaslíður, lið eða sár.
7. Teknar hyldir.
8. Leg sett inn.
9. Aflimanir.

Fyrir hverja aðgerð, sem um getur í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðist kr. 10.00.

D. Miklar aðgerðir:
1. Kviðslitsskurður.
2. Fæðingarhjálp (limað upp fóstur stórgripa).
3. Skorinn stærri strengur úr hesti.

Fyrir hverja aðgerð, sem nefnd er í þessum staflið og annað tilsvarandi, greiðist kr. 15.00.

E. Mestu aðgerðir:

Fyrir að gelda laungraðan fola og annað tilsvarandi greiðist kr. 30.00.

4. gr.

a. Nú eru tvær eða fleiri skýrt aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir aðgerð þá, sem hæst er metin, en hálft gjald fyrir hinar.
b. Fyrir umbúðir, lyf og annan nauðsynlegan aukakostnað við aðgerð ber að greiða dýralækni sérstaklega, enda nemi hann einhverju verulegu.
c. Fyrir endurteknar aðgerðir á sama dýri komi hálft gjald.

III. Ferðir.

5. gr.

A. Ef dýralæknir er sóttur innan kaupstaðar eða kauptúns út af heimili sínu eða af því heimili, sem hann er staddur á, ber honum til viðbótar tilskildu ráðleggingargjaldi eða aðgerðargjaldi kr. 1.00.

B. Fyrir ferð dýralæknis út úr kaupstaðnum eða þorpinu, sem hann situr í, eða tilsvarandi leið frá heimili hans, ef hann situr í sveit, ber honum tímakaup fyrir þann tíma, sem ferðin og viðdvölin í þágu viðkomanda tekur og er gjaldið fyrir klukkustundina:

1. Fyrir fyrstu 6 stundirnar	.....	kr. 1.50
2. Fyrir hinar næstu 6	.....	— 0.75
3. Úr því	.....	— 0.50

6. gr. 190
a. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið 19. okt.
frá og til heimilis hans sem hægt er.
b. Ef dýralæknir leggur sér farkost sjálfur, ber þeim, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað er hann hefir af farartækinu, eða ef hann á það sjálfur, tilsvarandi gjald.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. október 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ 191
20. okt.

um holræsi í Ytri-Akraneshreppi.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefir látið leggja á sinn kostnað holræsi í götu eða um óbyggð svæði, eða þar, sem hreppurinn hefir keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, skylt að grafa fyrir og leggja á sinn kostnað í hús sitt ræsi, er flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsi.

Regnvatn af húsum og lóð skal einnig að svo miklu leyti, sem hægt er leitt í húsræsið. Hreppurinn leggur hverju húsi til allt að 25 pípur, en þó aldrei fleiri en pípulengd frá göturæsinu að næsta húsvegg. Veganefnd hreppsins eða maður, sem hreppsnefndin felur það, hefir umsjón með að ræsin séu ekki af lakari gerð en göturæsin, og að þau hafi rétta legu eftir staðháttum á hverjum stað. Vanræki nokkur að gera þetta, innan þess tíma, sem hreppsnefndin setur, er henni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hluaðeigandi húseiganda.

2. gr.

Allur kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr hreppssjóði, en til þess að standast kosnað við holræsagerðina, ber hverjum húseiganda, sem hefir fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, að greiða 15 króna árlegt gjald, sem nefnist holræsagjald, ásamt 2‰ — tveimur af þúsundi — af fasteignamati þeirra húsa, sem holræsi liggja frá, og tengd eru við göturæsi hreppsins.

3. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og hefir hann einn ábyrgð á greiðslu þess, en fyrir öllum kröfum, sem hreppsnefndin öðlast á hendur húseigendum samkvæmt 1. og 2. grein, hefir hreppssjóður lögtaksrétt, sem er tryggður með lögveðrétti í húsum og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsvegi og aðfararveði.

4. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní. Gjaldið greiðist á skrifstofu hreppsins.

191 20. okt. Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

192 20. okt.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Eyrarbakkakauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni slökkviliðsstjóri og tveir menn, sem hreppsnefndin kýs til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Eyrarbakka kauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: Eina véldælu með tilheyrandi slöngum, eina handdælu með tilheyrandi slöngum, slönguvagn, brunasegl, björgunarsegl, rafknúinn brunalúður, tvær brunaaxir, krókstjaka og önnur smærri áhöld slökkviliðinu viðkomandi.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki hreppsnefndar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru,) slökkvitæki. Húseigandi er skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess, að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kauptúninu í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir

192 20. okt. liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kauptúninu daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess við æfingar eða við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppstjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppstjóri ákveður, í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Enn fremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI
Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkvilið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI
Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni eða önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI
Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kaup-

192 20. okt. túnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kauptúnið, með hinum rafknúna brunalúðri. Ber hverjum þeim, sem verður eldsvoða var, þegar í stað að setja lúðurinn í samband, svo að hann geti vakið íbúa kauptúnsins. Misnotkun á lúðrinum varðar sektum allt að 100 krónum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra þil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi hreppsnefndar, má hreppstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka

þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljós- 192
keri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð. 20. okt.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita, hundraðsmælis (Celsius) (t. d. benzín).

e. Þar, sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppsnefndar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnan flytja burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnaðarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar, sem ekki er rafmagnsljós, má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni megi ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til.

192 20. okt.

Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði, mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum, fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

24. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra (hreppstjóra) komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars með útbúnað dyra og annara skilyrða til útgöngu.

IX. KAFLI
Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1.	Björgunarflokkur	4 liðsmenn
2.	Húsrifsflokkur	2 —
3.	Vatnsslönguflokkur	4 —
4.	Dæluflokkur	4 —
5.	Vatnsburðarflokkur	2 —
6.	Brunaboðar (aðeins til vara)	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða, skal merkja í skránni við alla þá, sem hafa mætt.

26. gr.

a. Fjórum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunaræja á brunastaðinn. Fyrsta verk björguuarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra. 192 20. okt.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað, sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.

e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart og rafknúni brunalúðurinn kynni að vera í ólagi, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

f. Vatnsburðarflokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er úr flokknum að aðstoða sig eftir þörfum, með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna og skyldu liðs. Skal hann halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 26. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

192 20. okt.

X. KAFLI
Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

193 20. okt.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Hólmavíkurkauptúni.

I. KAFLI
Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Hrófbergshreppi skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni einn hreppsnefndarmaður, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd hefir á hendi stjórn brunamála í Hólmavíkurkauptúni, að svo miklu leyti, sem starfið ekki beinlínis heyrir undir slökkviliðsstjóra. Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

II. KAFLI
Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

3. gr.

Hólmavíkurkauptúni er skylt að eiga auk slökkvistöðvar að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld í nothæfu standi: Slökkvidælu, 150 metra strigaslöngu með tengslum og stútum, 50 vatnsfötur, brunalúðra og önnur nauðsynleg, smærri áhöld. Áhöldum þessum skal á kostnað hreppssjóðs vel við haldið, svo þau séu ávallt í nothæfu standi. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að fjölga eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd, að svo verði gert.

4. gr.

Slökkvitæki hreppsins skulu geymd í sérstöku húsi. Lykill að því skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstjóra og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjum, ber ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við

hver árslok sendir hann brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru og skal jafnframt getið um hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér. 193 20. okt.

III. KAFLI
Skipun slökkviliðs.

6. gr.

Allir karlmenn í kauptúninu, sem til þess eru álitnir færir, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu, frá því þeir eru 20 ára til 60 ára, nema sjúkleiki hamli. Frá þessu ákvæði eru þó sóknarprestur, læknir og símastjóri undanskildir.

7. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu vera þessir menn: Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar. Við þessa tölu má bæta ef þörf krefur.

8. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnari alls slökkviliðsins. Auglýsa skal árlega á ákveðnum stað, hver er slökkviliðsstjóri og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera brottu úr kauptúninu báðir í senn, nema þeir hafi leyfi lögreglustjóra til fjarverunnar.

9. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra til þriggja ára í senn, eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu. Flokksstjórar skulu skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr hreppnum daglangt og liggur sekt við, ef það er vanrækt.

10. gr.

Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri hafa þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvæðum sveitarstjórnar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess, eftir gjaldskrá, er hreppsnefndin setur í janúar ár hvert. Þeir, sem skemma föt sín í þágu brunaliðsins við bruna, eiga rétt á því að fá skemmdirnar greiddar úr hreppssjóði, eftir mati.

11. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli bera, þegar það er að starfi sínu.

12. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins og ber ábyrgð á því, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið og allt hvað gera skuli til að slökkva eld og varna útbreiðslu. Þó má ekki rífa hús niður til varnar útbreiðslu eldsins nema með samþykki lögreglustjóra eða hreppstjóra. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann ekki viðstaddur,

193 20. okt.

þá hefir sá á hendi yfirstjórnina af liðsmönnum, er slökkviliðsstjóri hefir fyrirfram ákveðið til þess.

13. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til að slökkva eld, þegar hann er til þess kvaddur, hvar sem hann er innan kauptúnsins, og hlýða í öllu því, sem yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanns, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, eða slökkviliðsæfingar áður en þeim er lokið.

14. gr.

Lögreglustjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða. Auk þess eru í lögreglusveitinni menn, er lögreglustjóri ákveður til þess, og skal hún gæta þess að viðhalda góðri reglu við eldsvoða og sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum og annast um, að enginn óviðkomandi gangi of nærri húsi því, er brennur, eða flytji þaðan neitt í burt.

15. gr.

Það er skylda hvers eins, sem er viðstaddur eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjóri krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum hans.

IV. KAFLI

Um vatnstöku.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til að slökkva eld, hvar sem slökkviliðsstjóri álítur hagkvæmast að ná því. Skylt er sérhverjum húseiganda, þar sem vatnsleiðsla er, að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, og má enginn leggja tálmanir í veg fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu, á meðan verið er að slökkva eldinn.

V. KAFLI

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

17. gr.

Brunamálanefnd skal á ári hverju láta skoða eldfæri og reykháfa í hverju húsi kauptúnsins og líta eftir, að reykháfar hafi verið tilhlýðilega vel hreinsaðir, svo og að aðgæta, hvort eldfim efni séu geymd svo sem vera ber, samkv. lögum um brunamál, nr. 85 28. nóv. 1907. Komi það í ljós við skoðun að einhverju sé ábótavant í þessu, skal nefndin gera þær ráðstafanir, er hún álítur fulltryggar, og skulu hlutaðeigendur bæta úr því, eins og þeim er lagt fyrir, eftir hæfilegan frest, ella kærðir fyrir lögreglustjóra.

VI. KAFLI

Ýmsar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

18. gr.

Það er skylda hvers og eins, er verður eldsvoða var, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað.

19. gr.

Á götum, milli húsa, í görðum eða annars staðar á almannafæri, má ekki setja opnar hlóðir til eldunar, nema með leyfi slökkviliðsstjóra, og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli útbúið, og hvernig varúðarreglna sé gætt.

20. gr. 193

Eldivið, steinkol, mó og timbur má ekki hafa fyrir utan hús nema með leyfi brunamálanefndar, og þá aðeins, að ekki stafi veruleg eldhætta af því. Birgðir af steinolíu, benzíni og öðrum eldfimum vökvum, skulu geymdar í húsum inni eða mannheldum girðingum á þeim stað, er hreppsnefnd samþykkir. Um undanþágu frá þessu fer eftir lögum um brunamál. 20. okt.

21. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af eldfimum vökvum í smíðahúsum og verkstæðum setur brunamálanefnd, í samráði við hreppsnefnd, þær varúðarreglur um meðferð elds, er hún telur fulltryggar.

22. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnaði dyra og annara skilyrða til útgöngu.

VII. KAFLI
Um slökkviliðið.

23. gr.

Slökkviliði kauptúnsins skal skipt þannig:

1.	Björgunarflokkur	2 menn
2.	Húsrifsflokkur	2 —
3.	Vatnsslönguflokkur	4 —
4.	Vatnsdæluflokkur	6 —
5.	Stigaflokkur	2 —
6.	Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir ofangreinda flokka. Björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er bruna ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Fyrsta verk hans skal vera að bjarga fólki, þá lifandi skepnum og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Öllu, sem bjargað er, skal koma á öruggan stað, og fara svo vel með, sem unnt er.

Húsrifsflokkur skal rífa það er þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skulu þeir ávallt hafa með sér hin ákveðnu verkfæri á brunastaðinn.

Vatnsslönguflokkur skal koma svo slöngum fyrir, að sem þægilegast sé að slökkva eldinn.

Vatnsdæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina, flytja dælur þangað, sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir og knýja hana ásamt mönnum úr skylduliðinu.

Stigaflokkur skal sjá um að hafa stiga eftir þörfum, sjá um að þeir séu tryggilega útbúnir, og reisa þá upp, þar sem þeim er fyrirskipað. Ennfremur skal hann aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að þeyta brunalúður. Sé það að næturlagi, skal annar fara með lúðurinn að húsi hvers liðsmanns og blása í hann þar, þar til hann verður þess var, að fólk í húsinu hefir orðið hans vart. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja frá hvar eldurinn er. Skulu þeir að loknum útblæstri mæta á brunastaðnum. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviæfingar, eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

Ofangreindir liðsmenn eru skyldir til að hlýða slökkviliðsstjóranum í starfi sínu.

193 24. gr.
20. okt. Allir liðsmenn skulu, er þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða og tal, gera sér sérstaklega far um að taka öllu með gætni og stillingu og vera fljótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

25. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunamálareglugerð þessari, vanda um við þá, er gera sig seka í því, og, ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

Engin forföll liðsmanna eru tekin gild, nema veikindi eða fjarvera úr kauptúninu.

VIII. KAFLI

Sektarákvæði.

26. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Hrófbergshrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hrófbergshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóv. 1907, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

194 **REGLUGERÐ**
23. okt.

um breyting á reglugerð 9. september 1939, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum.

1. gr.

Tvær fyrstu málsgr. 12. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Eigi má selja út á seðil eftir að mánuður sá, er seðillinn er fyrir, er á enda.

Hinn 1. dag hvers mánaðar skulu smásöluverzlanir (og brauðgerðarhús) afhenda hreppsnefndum og bæjarstjórnum þá skömmtunarseðla, er þeir hafa fengið fyrir seldar skömmtunarvörur í næsta mánuði á undan, og fá í staðinn vottorð um það hve miklu þær hafa skilað.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, og birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 23. október 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jakob Möller. Hermann Jónasson.

195
24. okt.

REGLUGERÐ

um skipun slökkviliðs og brunamála í Dalvíkurkauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður sem hreppsnefndin kýs til fjögurra ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Dalvíkurkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 6 brunahana á vatnsleiðslum kauptúnsins, 300 metra slöngur með tengslum, brunalúður, áhaldakerru og áhaldasleða, brunasegl og björgunarsegl, auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað vatnsveitunnar haldið vel við. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað vatnsveitunnar.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann

195 24. okt. nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki hreppsnefndar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru,) slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum, og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kauptúninu í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 17 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kauptúninu daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Öðrum liðsmönnum slökkviliðsins, svo og

þeim, er slökkviliðsstjóri kann að kalla til hjálpar, getur hreppsnefnd ákveðið greiðslu fyrir vinnu þeirra í þágu slökkviliðsins, samkvæmt gjaldskrá, er hún semur í janúar ár hvert. 195 24. okt.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur varaslökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppstjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppstjóri ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðsmönnum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óviðkomandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Enn fremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga, úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkvi-

195 liðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir
24. okt. ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI
Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd, eftir tillögum brunamálanefndar, ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal, eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni eða önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar, sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir hreppstjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI
Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kauptúnið með brunalúðrum.

VIII. KAFLI

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn meðan eldur er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki vera leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar, sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum og steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi hreppsnefndar, má hreppstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

195 24. okt.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius) (t. d. benzín).

e. Þar, sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíngeyma má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar, sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn. 195 24. okt.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

24. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi hreppstjóra (lögreglustjóra) komi til. Ekki má halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars um útbúnað dyra og annara skilyrða til útgöngu.

IX. KAFLI
Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	6	liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	5	—
3. Vatnsslönguflokkur	6	—
4. Brunaboðar	2	—

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni við alla þá, sem hafa mætt.

26. gr.

a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Allt, sem bjargast, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar, eftir fyrirskipunum yfirmanna.

d. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd.

195 24. okt.

Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 26. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1939 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

196
25. okt.

um bann gegn því, að veita upplýsingar um ferðir skipa.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum 20. október 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Enginn má láta neitt uppi við óviðkomandi menn um ferðir íslenzkra eða erlendra skipa. Bann þetta nær til allra upplýsinga um burtför skips úr höfn, um ferð þess frá einni höfn til annarar, um það hvar skipið er statt á hverjum tíma, um ákvörðunarstað þess, og komu í höfn í ferð eða að lokinni ferð, svo og til allra upplýsinga um farm skips og farþega.

2. gr.

Bann þetta nær ekki til skipa, sem eingöngu eru í strandferðum, né annara skipa, sem ekki sigla milli Íslands og annara landa.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, allt að 10000 krónum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Bann þetta kemur þegar til framkvæmda.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

197
25. okt.

um breyting á reglugerð um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, nr. 89 frá 29. júní 1938.

Í 2. gr. reglugerðarinnar, þar sem um ræðir merking á efri botni, 1. tölulið, falli burtu orðin: Á tunnur, sem senda á til Ameríku, skal merkja „ICELAND“ í stað ISLAND.

Aftan við 5. lið 2. gr., þar sem um ræðir merking á efri botni, bætist nýr liður, er verði 6. liður, svo hljóðandi:

Á tunnur, sem senda á til Bandaríkja Ameríku, skal merkja þannig:

„Matjes herring cured in salt brine. Siglufjörður“, (eða önnur verstöð, þar sem síldin er söltuð), „Iceland“.

Þessi framangreind orð séu merkt í boga yzt á botninum og sé nafn verstöðvarinnar og landsins sett neðst í hringnum.

Efst á botninum, innan í framangreindum bókstafahring, séu merktir í beinni línu stærðarflokkar, samanber 2. tölulið hér að ofan. Þar fyrir neðan orðin „Packed by“, í beinni línu. Þar fyrir neðan, fullt nafn saltandans eða firmanafn hans, í

197 einni eða tveim línum, eftir því sem fyrir verður komið. Þar fyrir neðan vörumerki
25. okt. saltandans, og neðst, söltunartala og dagsetning, sbr. 4. tölulið.

Stærð vörumerkis skal miða við rúm það á botninum er afgangs verður, þegar öllum hér upptöldum orðum hefir verið ætlað svo stórt rúm, að þau séu greinileg og læsileg.

Skozkverkaða síld frá Faxaflóa skal merkja með orðinu „FAXA“ í stað „matjes“, en að öðru leyti eins og að ofan greinir.

Um stærð og gerð stafa, og merkja á tunnur, sem sendar eru til Bandaríkjanna og hér er ekki fram tekið, skal í hvert sinn fara eftir leiðbeiningum síldarmatsstjóra.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld og skozkverkaðri síld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

198 **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ingunnar Knúts-
27. okt. dóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt 27. október 1939 að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Ingunni Knútsdóttur húsfreyju, Lindargötu 28 í Reykjavík, sem andaðist 8. september 1935, og Sigríði Kristjánsdóttur, s. st., sem andaðist 24. desember 1906.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af öllum eftirlátnum eignum Kristjáns sáluga Kristjánssonar járnsmiðs, Lindargötu 28 í Reykjavík, sem andaðist 25. maí 1939, samkvæmt fyrirmælum í arfleiðsluskrá hans, dagsettri 5. apríl 1939, til minningar um látna eiginkonu hans, Ingunni Knútsdóttur og látna dóttur þeirra, Sigríði Kristjánsdóttur. Er sjóðstofnunin framkvæmd í fullu samræmi við arfleiðsluskrána og skipulagsskrá þessi einnig sniðin eftir fyrirmælum hennar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru allar eftirlátnar eignir Kristjáns sáluga, en þær reyndust, að frádregnum útfararkostnaði, öllum skuldum, erfðafjárskatti, skiptakostnaði og yfirleitt öllu, er búið þurfti að greiða, kr. 25065.76. Er upphæð þessi þegar afhent sjóðstjórninni.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða og skal sjóðurinn, eins og hann er á hverjum tíma, ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands. Áskotnist sjóðnum síðar einhverjar eignir,

svo sem t. d. gjafir eða áheit, skulu þær lagðar við höfuðstól hans og lúta sömu reglum og hann. 198 27. okt.

5. gr.

Einn fimmti (1/5) hluti af vöxtum sjóðsins skal árlega lagður við höfuðstól hans, en fjórum fimmtu (4/5) hlutum þeirra skal árlega varið í samræmi við tilgang sjóðsins, en hann er sá, samkvæmt arfleiðsluskrá Kristjáns sáluga, „að styrkja munaðarlaus börn til dvalar á barnaheimili, er Reykjavíkurbær stofnar og starfrækir svo og, þegar sérstaklega stendur á, börn, er notið hafa styrks úr sjóðnum á barnaheimilinu, eftir að dvöl þeirra þar lýkur, fram til 18 ára aldurs þeirra".

Styrkja skal eitt barn eða fleiri að fullu, en ekki greiða hluta framfærslukostnaðar neins barns, nema þá að því leyti, sem afgangur kann að verða af því, sem ráðstafa má, er ekki nemur fullu styrktarfé eins barns. Barn, er komizt hefir á styrk úr sjóðnum, skal að jafnaði halda honum unz dvöl þess á barnaheimilinu lýkur, nema sjóðstjórninni þyki þess ekki þörf vegna breyttra ástæðna. Þyki sjóðstjórninni nauðsyn á, má hún styrkja barn, er notið hefir styrks úr sjóðnum á barnaheimilinu, eftir að dvöl þess þar lýkur, fram til 18 ára aldurs þess. Skal þetta sérstaklega gert, ef barn þykir sérlega efnilegt og vill stunda eitthvert nám.

Sérstaklega óskar sjóðstofnandi eftir, að sjóðstjórnin brýni fyrir öllum þeim, er njóta styrks úr sjóðnum, að neyta hvorki áfengis né tóbaks.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: biskupinn yfir Íslandi, aðaldómkirkjupresturinn í Reykjavík og lögmaðurinn í Reykjavík og skipta þeir sjálfir með sér verkum. Hefir stjórnin alla umsjón sjóðsins og reikningshald.

7. gr.

Sjóðstjórninni ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, aðalefni úr erindum til stjórnar sjóðsins og svörum hennar við þeim, svo og samþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Ennfremur ber stjórn sjóðsins að halda bók yfir eignir hans, tekjur og gjöld, og færa í hana ársreikningana og skulu þeir undirritaðir af henni.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúarmánaðar næst á eftir. Skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

9. gr.

Heimilt er sjóðstjórninni að breyta skipulagsskrá þessari að svo miklu leyti, sem breytingarnar samræmast ákvæðum framangreindrar arfleiðsluskrár.

10. gr.

Sjóðurinn skal þegar taka til starfa, er barnaheimilið hefir verið stofnað og 4/5 hlutar vaxta hans nægja til framfærslu eins barns á því eða (sbr. 11. gr.) þegar sjóðstjórninni þykir ástæða til.

11. gr.

Verði verulegur dráttur á að Reykjavíkurbær hefji starfrækslu barnaheimilis eða verði ekki úr því eða leggist það niður, skal stjórn minningarsjóðsins verja 4/5 hlutum vaxta hans til að styrkja munaðarlaus börn á öðru barnaheimili eða annarsstaðar í sem beztu samræmi við tilgang sjóðsins.

198 12. gr.
27. okt. Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum, er á henni kunna að verða gerðar samkv. ákvæðum 9. gr.

Reykjavík, 23. okt. 1939.

Í stjórn Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur.

Sigurgeir Sigurðsson. Bjarni Jónsson. Björn Þórðarson.

199
27. okt.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 30. apríl síðastliðnum, samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 28. apríl 1939, breytist aftur í íslenzkan meðaltíma kl. 2 eftir miðnætti 29. þ. m., þannig, að klukkan 2 eftir núgildandi tímareikningi færist klukkan aftur um eina klukkustund og verður 1.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. október 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

200
28. okt.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1. gr.

Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ¼ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu 1. október til 30. apríl kl. 21.00—08.00. Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma fyrir afnot landssímalínanna til skákkeppni.

2. gr.

Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi, skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símgjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 12 20. október 1905 um ritsíma, talsíma o. fl. og öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 28. október 1939.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hlíðdal.

REGLUGERÐ

201
30. okt.

breyting á reglugerð fyrir Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi, nr. 134 7. desember 1938.

Aftan við 6. gr. reglugerðarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Kennurum ber að mæta stundvíslega til kennslu, og skulu þeir af fremsta megni styðja að góðri reglu við skólann. Mega þeir ekki neyta áfengra drykkja á skólasetrinu eða í landareign þess. Eigi mega þeir heldur sýna af sér drykkjuskaparóreglu utan skólans. Drykkjuskapur varðar þá stöðumissi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 91 7. maí 1936, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. október 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

202
31. okt.

um skipun slökkviliðs og brunamála í Blönduóskauptúni.

I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kauptúninu skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðssjóri og einn maður, sem hreppsnefndin kýs til þriggja ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI

Hver slökkvitæki kauptúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Blönduóskauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: Véldælu með slöngum og tengslum, stiga, brunalúðra, áhaldakerru og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að

202 slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkvi-
31. okt. liðinu, sem þurfa þykir. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir, undir umsjón brunamálanefndar, eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kauptúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju húsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarherbergi hússins. Skal stiginn og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki hreppsnefndar, látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru,) slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eiginn kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviáhöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild.

IV. KAFLI

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kauptúninu í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kauptúninu, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr. 202

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: 31. okt.
Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 21 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kauptúninu daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

11. gr.

Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri hafa fasta þóknun fyrir starfa sinn, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar. Aðrir liðsmenn slökkviliðsins fá greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir vinna í þjónustu þess við æfingar eða við að slökkva eld, eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd setur í janúarmánuði ár hvert.

Þeir, sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semjist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðsstjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kauptúnsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Sýslumaður eða sá, er fer með umboð hans, er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum sýslumanns, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Sýslumaður ákveður í samráði við slökkviliðsstjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skylt er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá

202 slökkviliðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óvið-
31. okt. komandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.
Enn fremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.
Umfeð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI
Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga, úr brunnum og vatnsbólum hvar sem er. Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.
Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skylt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, sem fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.
Ef hús brennur, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.
Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI
Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal, eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort púðurbirgðir, sprengiefni eða önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar, sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.
Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni, skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

202
31. okt.

VII. KAFLI
Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kauptúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kauptúnið með brunalúðrum.

VIII. KAFLI
Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn meðan eldur er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlægð frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldur girðingum og hvergi nema þar, sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllurum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á bersvæði eða annars staðar, í óleyfi hreppsnefndar, má hreppstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar, sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekkum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskeri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.

202 31. okt.

b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í görðum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskeri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra íláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskeri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmíláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.

d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr íláti neinn ljósvökva með blossmarki undir 40 stiga hita hundraðsmælis (Celsius) (t. d. benzín).

e. Þar, sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvanum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar, sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

f. Benzíndælur má hvergi setja upp meðfram götum kauptúnsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þær nær steinhúsum en 5 metra og ekki nær timburhúsum en 7 metra, og skal frágangur allur ofan jarðar og neðan vera svo traustur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzíntunnur skal jafnharðan flytja burtu.

g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.

h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málmi, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar, sem ekki er rafmagnsljós, má eingöngu nota steinolíuvegglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim

sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af. 202 31. okt.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni megi ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaefni í járn- eða trésmiðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smiðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskrani með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkivökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

24. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatrésskemmtanir, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, meðal annars með útbúnað dyra og annara skilyrða til útgöngu.

IX. KAFLI
Um slökkviliðið.

25. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	7	liðsmenn
2. Húsrifsflokkur	2	—
3. Vatnsslönguflokkur	9	—
4. Dæluflokkur	3	—
5. Brunaboðar	3	—

Hæfilega margir starfsmanna skulu vera búsettir norðan Blöndu.

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni við alla þá, sem hafa mætt.

26. gr.

a. Fjórum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunaræja á brunastaðinn. Fyrsta verk björguuarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast, undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað, sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér

202 31. okt.

til með skipanir sínar, sem og til annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

b. Húsrifsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sín ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunustjórar eftir fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað, sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu, verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.

d. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanefnd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.

27. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu (sbr. 8. gr.), er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna. Skal hann halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjótir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

29. gr.

Allir liðsmenn skulu, ef þeir verða varir við að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kauptúnsins, vanda um við þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt, sem unnt er.

30. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 26. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Engin forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

202
31. okt.

X. KAFLI

Sektarákvæði o. fl.

31. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki 5—1000 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Blönduóshrepps hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 15. nóvember 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

203
1. nóv.

AUGLÝSING

um breytingu á lyfsöluskrá.

Frá 1. nóv. þ. á. hækkar verð erlendra sérlyfja (verksmiðjulyfja) þannig, að það verður 30% hærra en greint er í lyfsöluskrá II frá 20. septbr. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937 og 4. ágúst 1938. Jafnframt falla úr gildi ákvæði auglýsingar frá 9. júní 1939.

Öll önnur lyf hækka um 10% frá greindu verði í lyfsöluskrá I frá 15. des. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937 og 4. ágúst 1938.

Umbúðir löggiltra (officinel) lyfja hækka um 10% frá sama tíma.

Verð á afgreiðslu og tilbúning lyfja helzt óbreytt.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 1. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

204
4. nóv.

AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd á Akureyri.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933 um bryting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd á Akureyri.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Akureyrar er bannað að selja börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það, eða stuðla að því að þau neyti þess, eða hafi það um hönd.

204 4. nóv.

2. gr.

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda, nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglingum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðsstofum, dansstöðum og öldrykkjustöðum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 6 síðd., nema með aðstandendum sínum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang og hafist þar ekki við.

Börnum yngri en 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl og eftir kl. 10 síðd. frá 1. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl, og eftir kl. 11 síðd. á tímabilinu frá 1. apríl til 15. sept., nema í fylgd með aðstandendum sínum.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

5. gr.

Börn og unglingar innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögunum. Skal farið með mál þeirra vegna eins og fyrir segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

SAMÞYKKT

205
8. nóv.

um breyting á samþykkt nr. 56 5. júní 1937, um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.

1. málsgrein 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:
Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 6 síðdegis, nema föstudaga á tímabilinu frá 14. maí til 13. september kl. 8 síðdegis, og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 8. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

206
8. nóv.

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ

um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.
Í umdæmi barnaverndarnefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar er bannað að selja eða afhenda börnum eða unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því, að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

2. gr.
Bönnuð er sala á spýtubrjóstsykri (sleikjum) og hverskonar eftirlíkingu á tóbaksvörum, svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglingum.

3. gr.
Leiksýningar og myndir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára aldurs sé seldur aðgangur að, skulu sýndar barnaverndarnefndinni áður, eða þeim, sem hún felur að dæma um þær. Að öðrum kosti skulu henni gefnar upplýsingar, er hún telur fullnægjandi. Getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað að börn og unglingar fái aðgang að þeim. Um aðrar opinberar skemmtanir gildir

206 hið sama, að barnaverndarnefnd skal tilkynnt, hvað þar á fram að fara, og ræður
8. nóv. hún þá, hvort börnum innan 14 ára aldurs skuli leyfður aðgangur eða ekki.

4. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega aldrei dvelja lengur en til miðnættis á dansleikjum eða öðrum opinberum skemmtunum, nema með sérstöku leyfi barnaverndarnefndar.

5. gr.

Börnum og unglingum innan 14 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðd., nema með aðstandendum sínum.

Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglingar fái þar ekki aðgang né hafizt þar við.

Ennfremur er börnum og unglingum bannaðar óþarfa ferðir út á bryggjur og í skip, er við þær liggja, nema í fylgd með aðstandendum sínum.

6. gr.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 10 síðdegis á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og ekki eftir kl. 11 síðd. á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, nema í fylgd með aðstandendum sínum.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé framfylgt.

7. gr.

Börn innan 12 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

207
10. nóv.

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 59 7. júní 1937.

1. gr.

Úr 1. málsgr. 2. gr. samþykktarinnar falli niður orðin: „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 8 síðdegis".

3. málsgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist svo: Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á föstudögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 8 síðdegis, en á laugardögum eigi síðar en kl. 1 síðdegis.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 7 1. febrúar 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

208
13. nóv.

um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Frá þessum degi og þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, né erlent smjörlíki, sem flutt kynni að verða til landsins, smjöri.

Auglýsing dags. 13. september 1938 um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki er jafnframt úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

209
15. nóv.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Ísafjarðar, nr. 15 8. marz 1937.

Í B-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi í stað „25 aura" 30 aura.
Í C-lið sömu greinar komi í stað „7 aura" 8 aura.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 15. nóvember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

210 20. nóv.

SAMÞYKKT.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð í Árnessýslu, nr. 54 frá 28. júní 1938.

1. gr.

6. töluliður 2. greinar samþykktarinnar orðist svo: Sólheimavegur frá Borg um Eyvík, Sólheima, nálægt Kringlu og Bjarnastöðum á Grímsnesbraut austan Svínavatns.

7. töluliður 2. greinar samþykktarinnar orðist svo: Kiðjabergsvegur frá brúarstæði á Hvítá hjá Kiðjabergi nálægt Mýrarkoti og Fossi á Grímsnesbraut vestan við Höskuldslæk.

Aftan við 2. grein samþykktarinnar komi nýr töluliður, er verði 34. liður, svo hljóðandi:

Þorlákshafnarvegur frá Suðurlandsbraut nálægt Litla-Landi að Þorlákshöfn.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

211 20. nóv.

SAMÞYKKT

um eyðingu svartbaks (veiðibjöllu) í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Innan takmarka Skagafjarðarsýslu skal allur svartbakur réttdræpur og skal honum útrýmt með skotum.

2. gr.

Skylt er hverjum jarðarábúanda að eyða öllum svartbakseggjum og ungum í landi ábýlisjarðar sinnar, eða öðrum þeim löndum, er hann hefir umráð yfir, ef þess er kostur. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína af ásetningi eða skeytingarleysi, varðar það sektum frá 50—300 krónum.

3. gr.

Hreppsnefnd ræður svartbaksskyttur eftir þörfum og skal það gert tafarlaust, þegar samþykkt þessi hefir öðlazt gildi. Fyrir hvern skotinn svartbak fær skotmaður 40 aur. og greiðir viðkomandi sveitarsjóður skotmanni gjald þetta. Skal skotmaðurinn afhenda oddvita hægri væng fuglsins um leið og hann krefst borgunar, til sönnunar því, að hann hafi drepið fuglinn. Eftir að oddviti hefir greitt gjald þetta, skal hann strax brenna vængjunum.

4. gr.

Oddvitar skulu árlega semja reikning yfir útborgun skotlauna og sé sá reikningur kominn til sýslumanns fyrir 20. janúar árið eftir. Greiðir sýslumaður hluta

sýslusjóðs af skotlaunum, sem er 10 aurar fyrir hvern skotinn fugl, og innheimtir hjá ríkissjóði hluta hans af skotlaunum, sem eru 20 aurar fyrir hvern skotinn fugl. 211 20. nóv.

5. gr.

Heimilt er svartbaksskyttu að skjóta svartbak, hvar og hvenær sem er, þó ekki nær friðlýstu eggveri eða selalögnum, en gildandi lög ákveða, nema hlutaðeigandi jarðarábúandi óski eftir því.

6. gr.

Hver sá, er hindrar svartbaksskyttu að verki eða reynir að varna því að eyðing svartbaks megi fram fara í samræmi við samþykkt þessa, sæti sektum frá 10—100 kr.

7. gr.

Ef útrýming svartbaks með skotum, reynist í einhverjum hreppi árangurslítil, getur hreppsnefnd viðkomandi hrepps, eftir ósk varpeiganda, sótt til sýslunefndar um leyfi til þess að útrýma svartbak með eitri. Verði slík leyfi veitt, skal sýslunefnd ákveða leyfistímann og setja reglur um, af hverjum og á hvern hátt eitrunina skuli framkvæma.

8. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari, skulu renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Með brot út af samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkti þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. nóvember 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

212 24. nóv.

um breyting á reglugerð frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða ½‰ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

213 27. nóv. **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Fræðslusjóð Aðaldælahrepps“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. nóvember 1939.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Fræðslusjóð Aðaldælahrepps.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Fræðslusjóður Aðaldælahrepps. Stofnfé er 600 krónur, og hafa þessir lagt það fram: Búnaðarfélag Aðaldæla, U.m.f. Geisli, Kvenfélag Aðaldæla, Jóhannes Friðlaugsson, Hugi Jóhannesson, Snær Jóhannesson, Völundur Jóhannesson, Hringur Jóhannesson, Heiður Jóhannesdóttir, Pétur Sigurðsson, Steingrímur Baldvinsson, Þórgeir Jakobsson, Jón Bjarnason og ónefndur.

2. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum og áheitum. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að hafa til sölu minningarspjöld og rennur þá allur ágóði af sölu þeirra í sjóðinn.

3. gr.

Takmark sjóðsins er að styrkja fátæka unglinga í Aðaldælahreppi til framhaldsnáms í æðri skólum, bæði samskólum og sérskólum. Skulu þeir unglingar sitja fyrir styrk, sem skarað hafa fram úr um áhuga og hæfileika til náms í barnaskóla Aðaldælahrepps. Umsóknum skal fylgja vottorð og meðmæli kennara barnaskólans og prófdómara og formanns skólanefndar Auk þess má veita efnilegu, ungu fólki úr Aðaldælahreppi styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms erlendis í einhverri sérgrein, eða til þess að afla sér þar fræðslu, sem að gagni getur komið fyrir æfistarf þeirra

4. gr.

Þegar vextir af sjóðnum eru orðnir 300 krónur á ári, má veita $\frac{2}{3}$ af þeim í styrki, en $\frac{1}{3}$ leggist við höfuðstólinn. Þegar vextirnir nema 500 kr. má veita $\frac{4}{5}$ af þeim í styrk en $\frac{1}{5}$ leggist við höfuðstólinn. Þegar vextirnir nema 1000 kr. má verja $\frac{9}{10}$ þeirra í styrki, en $\frac{1}{10}$ leggist við höfuðstólinn. Þegar vexirnir eru orðnir 1500 kr. má verja þeim öllum í styrki.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: formaður og 2 meðstjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kosning hennar fer þannig fram: Búnaðarfélag Aðaldæla velur 1 menn í stjórnina, U.m.f. Geisli annan og Kvenfélag Aðaldæla hinn þriðja. Stjórnin er kosin til 5 ára og fer kosning fram þegar ártal stendur á hálfum og heilum tug, í fyrsta sinn árið 1935. Hætti eitthvert af þessum félögum störfum, kýs almennur sveitarfundur mann í stjórnina í stað þess.

6. gr.

Stjórnin sér um að fé sjóðsins ávaxtist á tryggum stað eða stöðum, hún auglýsir þegar styrkveitingar hefjast úr sjóðnum, tekur á móti umsóknum, veitir styrki og fer með önnur þau mál, er sjóðinn varða

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

213
27. nóv.

Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður ef endurskoðanda sveitarreikninga Aðaldælahrepps og sendur ásamt þeim til sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu til yfirskoðunar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema stjórn sjóðsins leggi það til og ⅔ af kjósendum í Aðaldælahreppi samþykki breytinguna á fundi. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, né heldur breyta því aðal-markmiði sjóðsins að efla menningu íbúa Aðaldælahrepps.

10. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

214
9/8 '38

um styrk til að endurreisa íbúðarhús í sveitum.

Samkvæmt III. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámssjóð, eru sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 125 þúsund krónur til að styrkja endurbyggingar eða endurbætur íbúðarhúsa á jörðum í sveit. Styrkurinn sé veittur sem óafturkræft framlag.

2. gr.

Styrk þenna má veita eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er hér segir:

1. Að umsækjandi sé íslenzkur ríkisborgari og fullveðja.
2. Að hann sanni með síðustu skattskýrslu sinni, staðfestri af skattanefnd, að hann eigi svo mikil efni sem nauðsynleg eru til búrekstrar á jörðinni, en geti ekki af eigin rammleik reist íbúðarhús á henni.
3. Að hann sanni með vottorði hreppstjóra, að jörðin liggi ekki undir skemmdum af völdum náttúrunnar.
4. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra utan og innan samþykkt af nýbýlastjórn.
5. Að sveitarstjórn telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sé að endurreisa bæjarhús á henni.
6. Að lögð sé fram stutt lýsing á bæjarhúsum umsækjanda, undirrituð af virðingamönnum Brunabótafélags Íslands.
7. Að fyrir liggi frá trúnaðarmanni Búnaðarfélags Íslands, eða trúnaðarmanni nýbýlastjórnar, ef ekki næst til trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, yfirlýsing um, að húsið verði, ef um endurbyggingu er að ræða, reist á hentugum stað, miðað við ræktun, vatnsból, síma, vegi o. s. frv.
8. Að sannað sé með vottorði hreppstjóra og héraðslæknis, að húsakynnin séu óhæf til íbúðar.
9. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
10. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 1800 krónur, ef jörðin er í sjálfsábúð.
11. Að landverð jarðar í opinberri eign fari ekki yfir 8000 kr.
12. Framlag til hvers einstaks býlis má vera 500—1500 krónur, þó aldrei meira en ⅓ af kostnaðarverði hússins. Til íbúðarhússbygginga, þar sem um lán og styrk er að ræða, má láns- og styrksupphæðin samtals ekki fara yfir 6000 krónur til hvers býlis.

214 Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingar-
9/8 '38 kostnaðinn.

3. gr.

Nýbýlastjórn ákveður, hvaða jarðir skuli verða aðnjótandi þess framlags til bygginga, er um ræðir í reglugerð þessari, og ákveður upphæðina til hvers býlis. Þó skulu þeir umsækjendur að öðru jöfnu ganga fyrir, er orðið hafa fyrir verulegu tjóni á húseignum sínum, vegna óviðráðanlegra orsaka, s. s. jarðskjálfta, bruna, stórviðra o. s. frv. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar, og sett þau skilyrði um byggingar, sem hún telur þurfa til að tryggja það, að þær komi að sem fyllstum notum.

4. gr.

Styrkbeiðni til nýbýlastjórnar skulu fylgja þessi gögn:

1. Eyðublað frá nýbýlastjórn, vel og samvizkusamlega útfyllt, um ýmsar upplýsingar varðandi umsækjanda og jörð hans með árituðu vottorði hlutaðeigandi eftirlitsmanns nýbýlastjórnar.
2. Afrit af síðasta skattframtali umsækjanda, staðfest af formanni skattanefndar, sbr. 2. lið 2. gr.
3. Vottorð hreppstjóra, sbr. 3. lið 2. gr.
4. Umsögn hreppsnefndar samkvæmt 5. lið 2. gr.
5. Lýsing virðingarmanna Brunabótafélags Íslands af bæjarhúsum, sbr. 6. lið 2. gr.
6. Yfirlýsing trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands eða nýbýlastjórnar, sbr. 7. lið 2. gr.
7. Vottorð hreppstjóra og héraðslæknis, sbr. 8 lið 2. gr. Í vottorði hreppstjóra sé tekið fram, hvort bæjarhús hafi verið endurreist eða endurbætt að verulegu leyti frá því er síðasta fasteignamat fór fram, og um umráðarétt umsækjanda yfir jörðinni.
8. Veðbókarvottorð um jörð og hús á henni.

Styrkbeiðni og nauðsynleg gögn skulu vera komin til nýbýlastjórnar eigi síðar en 1. desember ári áður en endurbygging á að fara fram.

5. gr.

Íbúðarhús, sem styrkur er veittur til, skulu byggð eftir uppdráttum fyrirframgerðum eða samþykktum af teiknistofu landbúnaðarins (hér eftir í reglugerð þessari nefnd teiknistofan) og nýbýlastjórn. Húsin skulu byggð úr viðurkenndu byggingarefni (torfi og grjóti, timbri, steinsteypu, járni eða öðru) og skal um vöndun þeirra farið eftir fyrirmælum teiknistofunnar.

6. gr.

Nú telur styrkbeiðandi sér ekki fært, vegna efnaskorts eða af öðrum ástæðum, að ráðast í að endurbyggja nema ákveðinn hluta íbúðarhúss síns, og getur hann þó hlotið styrk til þess, enda sé slík bygging skynsamleg, að áliti teiknistofunnar og nýbýlastjórnar, til þess að við hana verði byggt síðar.

7. gr.

Styrkur verður aðeins veittur til endurbyggingar eða endurbóta á íbúðarhúsum, er jafngilda endurbyggingu. Styrkur til viðhalds eða venjulegra endurbóta verður ekki veittur.

8. gr.

Til þess að ákveða, hversu hátt ríkisframlag styrkbeiðendur geta hlotið, sbr. 2. gr., ákveður nýbýlastjórn kostnaðarverð þeirra íbúðarhúsa, sem styrks njóta eftir þessum gögnum:

1. Kostnaðaráætlunum og uppdráttum teiknistofunnar. 214
2. Skýrslum styrkbeiðanda um stofnkostnað húsanna. Skýrslur þessar skulu gerðar á sérstök eyðublöð, er nýbýlastjórn gefur út, og skulu fylgja þeim frumreikningar yfir allt aðkeypt efni og vinnuskrár. 9/8 '38
3. Álitsgerð teiknistofunnar um varanleik og frágang húsanna, þegar búið er að fullgera þau.

9. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera óafturkræft, vaxtalaust fylgifé jarðarinnar, sem undanþegið er eignaskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. ágúst 1938.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

FJALLSKILAREGLUGERÐ 215 22/8 '38

Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstaðar.

I. KAFLI

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála í sýslunni hefir sýslunefnd á hendi, en einstakar hreppsnefndir og bæjarstjórnir umsjón og framkvæmd.

2. gr.

Enginn má ónáða fénað á fjalli eða í heimahögum án leyfis hlutaðeigandi landráðanda eða hreppsnefndar.

Auk venjulegra eyrnamarka, skal hverjum fjáreiganda skylt að hafa allt hyrnt fé sitt greinilega brennimerkt hreppsbrennimarki á vinstra horni.

3. gr.

Hreppsnefnd og bæjarstjórn boðar með fjallskilaseðli, þrem vikum fyrir fyrstu fjallgöngur, hvernig haga skuli göngu, og hverjir skuli sækja fé til rétta innan sýslugirðingar.

4. gr.

Skylt er öllum grasbýlismönnum og fjáreigendum að smala sjálfir heimalönd sín og koma fénaði þaðan til allra lögrétta.

Fjallskyldur er hver sá, sem fénað á eða hefir til umráða, hvort sem jörð hefir til afnota eða eigi. Hann er og skyldur að sækja fé til rétta innan sýslugirðingar eftir fyrirlagi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar. Til réttaferða skulu jafnan valdir markglöggir og áreiðanlegir menn. Smölunum og réttaferðum skal jafna niður eftir fjáreign. Sendimenn þeir, er hirða fé í réttum, skulu afhenda það hlutaðeigandi sveitareða bæjarstjórn eða þeim öðrum, er hún ákveður. Sé fénaður geymdur í réttum eða girðingum næturlangt, skal yfir honum vaka. Heimilt er hreppsnefnd eða bæjarstjórn að jafna niður fjallskilakostnaði í peningum, ef hún telur það hagkvæmara.

215 5. gr.

22/8 '38 Hreppsnefnd eða bæjarstjórn skipa eitarforingja og réttastjóra. Leitarforingjar skipa í leitir og ber leitarmönnum að hlýða þeim í hvívetna.

Reynist maður, sem sendur er í leit, svo illa útbúinn, að hann getur ekki unnið fullt gagn, að dómi leitarstjóra, er leitarstjóra heimilt að ráða annan mann í hans stað á kostnað hlutaðeigandi húsbónda. Sjúku fé og ósjálfbjarga ber einnig að koma til réttar.

6. gr.

Réttastjórar sjá um öll réttastörf. Sjá þeir um, að allir markleysingjar séu dregnir sér í deild og mönnum gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín svo sem kostur er á. Við drátt fénaðar gengur hornmark fyrir eyrnamarki, skrásett brennimark fyrir eyrna- og hornmarki, en greinilega áletrað spjald fyrir öllum öðrum mörkum og merkjum. Þó er sá, sem forgangsmerkið á, skyldur að gera grein fyrir, ef þess verður krafizt, hvernig hann hefir eignazt skepnuna. Úrgangs fé það, sem afgangs verður, eftir nákvæma skoðun við skrárdrátt, svo og óútgengna markleysingja, afhendir réttastjóri hreppstjóra til sölu við réttalok sem óskilafé. Hross, sem rekin eru til rétta og í óskilum, skulu afhent hreppstjóra, sem þá skal sjá um vörzlu á þeim og auglýsa eftir eiganda þeirra í víðlesnu blaði eða útvarpi. Gefi eigandi sig ekki fram innan þriggja vikna, skal með það farið sem annan óskilafénað, sbr. 13. gr.

7. gr.

Lögréttir á hausti fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjarðarkaupstað eru:

1. Þórkötlustaðarétt fyrir Grindavíkurhrepp. Aðalrétt mánudaginn í 22. viku sumars.
2. Hraunrétt fyrir Garða- og Bessastaðahreppa og Hafnarfjarðarkaupstað. Aðalrétt mánudaginn í 22. viku sumars.
3. Vogarétt fyrir Vatnsleysustrandarhrepp. Aðalhaustrétt miðvikudaginn í 22. viku sumars.
4. Ásarétt fyrir Hafna-, Miðnes-, Gerða- og Keflavíkurhreppa. Aðalhaustrétt þriðjudaginn í 22. viku sumars.

Tvær skilaréttir fara fram í lögrétt hverri sama vikudag, sú fyrri 2. vikudag eftir aðalrétt, en hin síðari 2 vikum þar á eftir.

Auk ofangreindra lögrétta, skal núverandi Krísuvíkurrétt notuð sem sundurdráttarrétt fyrir sýslubúa, og skal fé þar skrádregið. Sýni reynslan það, að heppilegra sé að hafa sundurdráttarréttina á öðrum stað, skal heimilt að flytja hana eða gera að lögrétt, ef meiri hluti fjáreigenda óskar.

Leitarstjóri Grindavíkurhrepps sér um sundurdrátt í Krísuvíkurrétt.

8. gr.

Auk framangreindra aðalhaustrétta, skal girðingarnefnd fyrirskipa sameiginlega smölun á sauðfé, er fari fram eigi síðar en 11. nóvember ár hvert. Skal sú smölun framkvæmd sama dag í öllum nágrannahreppum innan sýslunnar, og hrútar þá teknir til hirðingar.

Eftir þessa síðustu smölun skulu hreppsnefndir greiða fyrir fénaði nágrannahreppa, sem koma kann fyrir í smölunum, með því að tilkynna það hlutaðeigendum.

9. gr.

Hreppsnefnd skal, í samráði við girðingarnefnd sýslunnar, skipa fyrir um almennar smalanir á vorin, eigi síðar en í 6. og 10. viku sumars, eftir nánari ákvæðum um einstaka daga eftir því sem bezt þykir henta. Í vorréttum skal hreppsnefnd skipa 2 skilgóða menn til að hafa eftirlit með rúning og mörkun lamba, svo og

allri annari fyrirgreiðslu aðkomins fénaðar. Eftirlitsmenn vorrétta bera ábyrgð á allri fyrirgreiðslu fénaðar, enda geta þeir kvatt menn sér til hjálpar eftir þörfum. Kostnaður við rúning fjár og mörkun lamba greiðist af fjáreigendum, og skal hann vera 50 aurar fyrir að rýja kind, og 25 aurar fyrir að marka lamb. Óheimilt er mönnum að yfirgefa vorrétt án leyfis eftirlitsmanna. Skal auglýst í öllum hreppum sýslunnar og Hafnarfirði hvenær vorsmalanirnar fara fram. 215 22/8 '38

10. gr.

Réttarstæði má breyta eftir tillögum hreppsnefnda, ef meiri hluti fjallskyldra manna í hreppum réttarfélagsins samþykkja.

Ef hreppsnefndir, þar sem fleiri hreppar eru í sama réttarfélagi, óska að slíta félagsskap um rétt, geta þær snúið sér til sýslunefndar með tillögur sínar, og skal sýslunefnd þá leita samkomulags viðkomandi hreppsnefnda og síðan fella fullnaðarúrskurð um málið.

11. gr.

Bygging og viðhald rétta með tilheyrandi dilkum innanhreppsmanna, sömuleiðis dilka við útréttir, annast hreppsnefnd þeirrar sveitar, sem réttin liggur í.

Skylt skal utansveitarmönnum að hafa dilk fyrir fénað sinn eftir tilvísun hreppsnefndar, þar sem réttin er. Fjallskilaskyldir réttarfélagsmenn vinna að bygging og viðhaldi rétta eftir skipun hreppsnefndar.

II. KAFLI
Eyðing refa.

12. gr.

Hreppsnefnd skal vandlega hafa gát á og sporna við því, að refir geti hafzt við í löndum sveitarinnar. Skal hún í því skyni fyrirskipa grenjaleitir, eigi síðar en í 6. eða 7. viku sumars. Finnist gren, skal hún tafarlaust gera ráðstafanir til þess, að þau verði unnin og refum yfirleitt eytt, hvenær og hvar sem hittast. Kostnaður við eyðing refa greiðist úr sveitasjóði.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

13. gr.

Óskilafénað og ómerkinga úr öllum lögréttum, svo og óskilahross, er fyrir kunna að koma eftir haustréttir, skal sá, er slíkur fénaður kemur fyrir hjá, senda hlutaðeigandi hreppstjóra, er annast um að koma fénaðinum til skila til eigenda, gegn sanngjarnri þóknun. Finnist ekki réttur eigandi að fénaði, skal með hann farið sem annan óskilafénað.

Allt andvirði hins selda óskilafjár, sem fyrir kann að koma innan girðingarsvæðis, sé lagt í sjóð, sem skal varið til viðhalds á sýslugirðingunni.

Skal viðkomandi hreppstjóri, sem lögrétt heyrir undir, sjá um skil á andvirði óskilafjár til gjaldkera girðingarnefndar, eigi síðan en í lok næsta árs, ásamt skilagrein hreppstjóra.

14. gr.

Lýsingu af seldum óskilafénaði, sem eigendur hafa eigi fundizt að, skal hreppstjóri senda til birtingar í Lögbirtingablaðinu fyrir lok jan. ár hvert. Þeir, sem hafa sannað eignarrétt sinn að hinum selda fénaði fyrir næstu fardaga, fá uppboðsand-

215 virðið að frádregnum innheimtulaunum og kostnaði. Að öðrum kosti gengur and-
22/8 '38 virði hins selda fénaðar til gjaldkera girðingarsjóðs fyrir árslok, ásamt skila-
grein hreppstjóra.

15. gr.

Í rekstrum, hvort heldur sauðfjár eða hrossa, er fara eiga í kaupstað til slátrunar eða í aðrar sveitir, skal hver skepna hafa glöggt rekstrarmark. Með slíka rekstra má eigi vera á ferð nema í björtu, né dreifa þeim í haga, án leyfis landráðanda. Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum 20 til 100 kr., er greiðist til girðingarsjóðs.

16. gr.

Gangi fénaður að staðaldri í löglega girtum túnum eða matjurtagörðum manna, skal það tilkynnt eiganda fénaðarins. Er honum þá skylt að koma í veg fyrir, að slíkt endurtaki sig, en sinni hann því eigi, má kæra til hlutaðeigandi hreppstjóra eða lögreglustjóra, sem þá gerir tafarlausar ráðstafanir til þess, að áganginum verði aflétt.

17. gr.

Bannað er að misþyrma skepnum á nokkurn hátt, svo sem með svelti, hundbeiting, hártogun eða öðru þvílíku við réttir, í rekstrum eða gæzlu, í leitum, heimasmölun eða annari viðureign. Brot gegn þessu ákvæði varða skaðabótum og hegningu að lögum.

18. gr.

Enginn má fresta að framkvæma þær fyrirskipanir, sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð, þótt hann sé ekki ánægður með þær. Hins vegar getur hann kært yfir óréttri þeim, er hann þykist beittur, til sýslunefndar, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um málið.

19. gr.

Þar sem upphæð sekta er ekki ákveðin við einstakar greinar í reglugerð þessari, varðar brot gegn því frá 5 til 200 kr., er renna í girðingarsjóð.

20. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu meðhöndluð sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu og bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hafa samið og samþykkt samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. ágúst 1938.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1939.

Lög um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit, undirskrifuð af konungi 30. desember 1939, nr. 59.

Lög um gjald af innlendum tollvörutegundum, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 60.

Lög um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 61.

Lög um tollskrá o. fl., undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 62.

Fjárlög fyrir árið 1940, undirskrifuð af konungi 31. desember 1939, nr. 63.

Lög um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 64.

Lög um breyting á lögum nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 65.

Berklavarnalög, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 66.

Lög um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama dag, nr. 67.

Tilskipun um veitingu lögreglustjóraembættisins í Reykjavík, undirskrifuð af konungi sama daga, nr. 68.

Bréf fjármálaráðuneytisins til Búnaðarbanka Íslands, um þinglestrar- og stimpilgjöld af lóðarleigu og erfðafestusamningum.

216
28. nóv.

Út af fyrirspurn bankans í bréfi, dags. 2. þ. m., um það, hvernig beri að reikna þinglestrar- og stimpilgjöld af lóðarleigu og erfðafestusamningum, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

I. Þinglestrargjald af slíkum skjölum ber ávallt að reikna af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni, en þó aldrei af hærri fjárhæð en árgjaldinu 25-földu.

II. Stimpilgjald ber að reikna, sem hér segir:

A. Af lóðarleigu- og erfðafestusamningum, sem ekki veita rétt til að selja og veðsetja leiguréttindin, reiknast stimpilgjald þannig:

1. Ef samningur hljóðar um árlegar greiðslur um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem eru á lífi, þá er skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, þá skal reikna 25 aura af hverjum 100 krónum eða broti úr 100 krónum af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni, þó aldrei af hærri fjárhæð en árgjaldinu margfölduðu með 25.
2. Í öðru tilfelli en þeim, sem falla undir síðasta lið skal reikna 25 au. af hverjum 100 kr. eða broti úr 100 kr. af árgjaldinu tíföldu.

B. Af erfðafestusamningum, með rétti til að selja eða veðsetja, reiknast stimpilgjald þannig:

1. Ef samningur hljóðar um árlegar greiðslur um aldur og æfi, eða fyrir fleiri menn en þá, sem á lífi eru, þegar skjalið er gert, eða um ákveðið tímabil, skal reikna 1% af árgjaldinu margfölduðu með áratölunni, þó aldrei af hærri fjárhæð en árgjaldinu margfölduðu með 25.
2. Í öðrum tilfellum en þeim, sem falla undir síðasta lið skal reikna 1% af árgjaldinu tíföldu.

31. dag desembermánaðar 1939. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

216 28. nóv.

Það ber að athugast, að öll þessi gjöld ber að innheimta með 40% gjaldauka.

C. Um erfðaábúðar- og erfðaleigusamninga samkv. lögum nr. 8 1936 skal farið eftir sömu reglum og gilda um erfðafestusamninga hér að framan, að því er þinglestrar- og stimpilgjöld snertir.

D. Ef árgjaldið er mismunandi, skal jafnan reikna stimpilgjald af meðaltali árgjaldanna þegar því verður við komið, sbr. lög 75/1921 3. gr. síðasta mgr., en til þess þarf leigutíminn að vera fyrirfram ákveðinn, annaðhvort í leigusamningnum sjálfum eða í lögum. Sé leigutíminn hinsvegar óákveðinn ber að miða við hæsta árgjald.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bóka- og handritasafnssjóð Skagfirðinga, útgefin á venjulegan hátt 2. desember 1939 ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

217 2. des.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bóka- og handritasafnssjóð Skagfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Bóka- og handritasafnssjóður Skagfirðinga.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2378.82 framlagi frá Framfarafélagi Skagfirðinga, og með þeim skilyrðum, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu samþykki að taka að sér yfirstjórn sjóðsins, og skuldbindi sig til að sjá um, að þeim skilyrðum verði fullnægt er skipulagsskráin setur.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vextir af höfuðstól sjóðsins.
2. Tekjur af fyrirlestrum, samanber 6. gr.
3. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og ávallt skal leggja ⅕ vaxtanna við höfuðstólinn. Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks, þar til stjórn sjóðsins hefir keypt bankavaxtabréf eða önnur álíka trygg og arðvænleg verðbréf fyrir fé sjóðsins. — Heimilt er þó stjórn sjóðsins, að fengnu samþykki sýslunefndar, að lána Sýslubókasafni Skagafjarðarsýslu af höfuðstóli sjóðsins til bókakaupa gegn ábyrgð sýslunefndar Skagafjarðarsýslu og gegn fullum vöxtum. — Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því:

1. Að komið verði upp bóka- og handritadeild í Sýslubókasafni Skagafjarðarsýslu, er sérstaklega lúti að viðburða- og menningarsögu héraðsins, og að í þessa deild verði safnað:
   a. Allskonar prentuðum heimildum um sögu héraðsins.

b. Handritum, skrám og skýrslum, er að þessu lúta.
c. Afritum af merkum handritum í öðrum söfnum um þessi efni.
d. Myndum af skagfirzkum mönnum, körlum og konum, eða mönnum, sem mjög koma við sögu héraðsins. Ennfremur af skagfirzkum byggingum, viðburðum eða öðru, er gildi hefir fyrir sögu héraðsins. Myndum einstakra manna fylgi stutt æfiágrip og ættfærsla, en öðrum myndum hæfilegar skýringar.

2. Að Skagfirðingar og aðrir, er áhuga hafa á sögu héraðsins og ættfræði eða öðrum þjóðlegum fræðum, eigi jafnan aðgang að þessum heimildum, samkvæmt þeim reglum, er stjórn safnsins setur.

Til þess að koma þessu áleiðis, má verja árlega öllum tekjum sjóðsins að undanskildum ⅕ vaxtanna.

6. gr.

Stjórn Sýslubókasafns Skagafjarðarsýslu hefir á hendi stjórn sjóðsins og reikningshald, undir yfirstjórn sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, er endurskoðar og samþykkir reikninga sjóðsins, og hefir að öðru leyti eftirlit með að fyrirmælum skipulagsskrárinnar sé fylgt. Stjórn sýslubókasafnsins, ásamt tveim mönnum, er sýslunefnd tilnefnir, er ennfremur skylt að halda árlega uppi álíka fræðslustarfsemi og Framfarafélagið hefir beitt sér fyrir nú um mörg undanfarin ár, með fræðandi fyrirlestrum um hverskonar atvinnu- og menningarmál þjóðarinnar, og leitast við að fá landskunna menn til að flytja þessi erindi. — Erindi þessi verði flutt á Sauðárkróki, meðan sýslufundur Skagfirðinga stendur yfir, eins og tíðkazt hefir.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi gengur í gildi þegar sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samþykkt að taka að sér umsjón og yfirstjórn sjóðsins, með þeim skuldbindingum og skilyrðum, er skipulagsskráin greinir.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta samkvæmt einróma tillögum sýslubókasafnsnefndarinnar, enda hafi ¾ allrar sýslunefndarinnar samþykkt breytinguna á sýslufundi.

Tilgangi sjóðsins verður þó ekki breytt nema með einróma samþykki sýslunefndarinnar.

9. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þannig samið 8. þ. m. af gefanda og sent sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til samþykktar, er samþykkti skipulagsskrána 10. þ. m.

Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu, 15. marz 1938.

Sigurður Sigurðsson.

218 14. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Suður-Múlasýslu og Neskaupstað um refaveiðar, notkun afrétta, fjallskil o. fl., nr. 81 16. apríl 1936.

Í stað orðanna „hinn 23. september" í 19. grein reglugerðarinnar komi: 21. september. Á eftir orðunum „viku millibil" í sömu grein komi: Þó skal hreppsnefnd Eiðahrepps heimilt að fyrirskipa löggöngur á sömu göngudögum sem hreppar Norður-Múlasýslu austan Lagarfljóts fyrirskipa.

Reglugerð þessi, sem samin hefir verið og samþykkt af sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar samkvæmt 41. grein sveitarstjórnarlaganna nr. 12 1927 og lögum nr. 108 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1940 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. desember 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

219 21. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt.

1. gr.

16. gr. B 5 orðist svo:

Fyrning.

Ef kostnaðarverð hlutar er nefnt a, verð hlutarins, eða eftir atvikum áætlað verð hans, þegar hann verður lagður niður c, og tala þeirra ára, sem hluturinn endist eða ætla má að hann muni endast b, skal árleg fyrning teljast $\frac{a-c}{b}$

Ef hlutur verður ónýtur áður en afskrift hans er lokið, skal færa eftirstöðvar af afskrift hans til gjalda það ár, sem hluturinn verður ónýtur.

Ef hlutur er seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur. Þetta á þó ekki við um venjulega fyrningu á fasteignum.

Ef eignarréttur til einhvers hlutar er takmarkaður við vissan árafjölda, þannig að aðili verður að láta eignina af hendi eða eyðileggja hana innan ákveðins tíma, endurgjaldslaust eða án þess að fullar bætur komi fyrir, má miða fyrningu hlutarins við þann tíma, sem eignin á eftir að vera í eigu gjaldanda.

Afskrift skal því aðeins telja til frádráttar tekjum, að fært sé svo fullnægjandi bókhald, að séð verði, hvernig hún er reiknuð og bókfærð, þannig að á hverjum tíma sé auðvelt að sannprófa hana.

Fyrningu skal reikna af kaupverði eða kostnaðarverði. Þó skal reikna fyrningu húsa, annara en verksmiðjuhúsa og gróðurhúsa, af brunabótamati þeirra. Þegar gömul tæki eru keypt skal sérfróður maður meta endingarmöguleika þeirra og skal afskriftin miðuð við það mat. Þegar svo stendur á, má ákveða fyrningarhundraðstölu aðra en þá, sem ákveðin er fyrir sömu tæki ný.

Skip, sem eingöngu eru notuð til síldveiða, og önnur skip, sem eru í notkun aðeins 2—3 mánuði á ári hverju, skulu afskrifast með 90% af venjulegri ársfyrningu.

Ef tréskipi er lagt upp, þannig að það standi á landi ónotað árlangt eða lengur, skal það afskrifast með 75% af venjulegri ársfyrningu. 219 21. des.

Eigi skal afskrifa stærri tæki eða vélar lengra niður en svo, að ætla megi, að niðurlagsverði sé náð, meðan tækin eða vélarnar eru notuð í rekstri. Smærri vélar og tæki, skrifstofuhúsgögn og bifreiðar, skal eigi afskrifa lengra niður en svo, að eftir standi venjuleg eins árs afskrift meðan hlutir þessir eru notaðir í rekstri, og kemur því síðasta ársafrit fyrst til frádráttar tekjum þegar hlutirnir eru teknir úr notkun.

Ef skattanefnd telur eignir, sem fallið geta undir ýmsa fyrningarflokka, eigi nægilega aðgreindar í bókhaldi, skal hún reikna fyrningarhundraðshlutann svo sem öll eignin kæmi í þann fyrningarflokk, sem lægstan hefir fyrningarhundraðshlutann.

Fyrningarhundraðshluta þann, sem hér verður talinn, af eignum þeim, sem hér á eftir eru taldar, og hliðstæðum þeirra, skal leyfa sem hámarksafskrift.

Bifreiðar.

Leigubifreiðar (Drossíur)	20 %
Læknabifreiðar	15 —
Strætisvagnar og áætlunarbifreiðar til langferða	20—25 —
Vörubifreiðar	20 —

Byggingar.

Benzíngeymar og dælur til benzínsölu	10 %
Bryggjur úr timbri (eftir staðháttum)	8—10 —
Gróðurhús	10 —
Loðdýrabúr og tilheyrandi girðingar	15 —
Stálgeymar (Tankar)	4 —
Steinsteyptir geymar (Tankar)	3 —
Steinhús	1 —
Timburhús	2 —
Torfhús	4 —
Verksmiðjuhús má fyrna með hærri prósentu, ef ástæða þykir til að mati skattanefndar, þó ekki hærri en	4 —

Efna- og matvöruiðnaðarvélar.

Brauðgerðarvélar	6 %
Brjóstsykursgerðarvélar	6 —
Bökunarofnar	5 —
Fóðurblöndunarvélar	8 —
Kaffibrennsluvélar	8 —
Kaffibætisgerðarvélar	8 —
Kexgerðarvélar	6 —
Kjötmetisgerðarvélar	8 —
Kornmylluvélar	8 —
Málningarverksmiðjuvélar	6 —
Mjólkurbúsvélar	8 —
Niðursuðuverksmiðjuvélar	8 —
Sápugerðarvélar	6 —
Smjörlíkisgerðarvélar	8 —
Súkkulaði- og konfektgerðarvélar	6 —
Þvotta- og tauhreinsunarvélar	8 —

219
21. des.

Fiskiðnaðarvélar.

Fiskmjölsverksmiðjuvélar (m/dieselmótor)	10 %
Fiskmjölsverksmiðjuvélar (m/glóðarhausmótor)	10 —
Fiskmjölsverksmiðjuvélar (m/rafmagnsmótor)	9 —
Lifrarbræðsluvélar	10 —
Fiskþurrkunarvélar (m/aflvél)	7 —
Síldarverksmiðjuvélar	7 —

Frystivélar.

Frystivélar	8 %
Hraðfrystivélar	10 —

Landvinnuvélar.

Dráttarvélar (Traktor)	20—25 %
Landbúnaðarvélar	8—10 —

Leðuriðnaðarvélar.

Skógerðir	8 %
Sútunarverksmiðjuvélar	8 —

Málmiðnaðarvélar.

Bifreiðaverkstæðisvélar	10 %
Blikksmiðjuvélar	8 —
Dósaverksmiðjuvélar	8 —
Farandþrýstilofttæki	15 —
Loftþjöppur og þrýstilofttæki	10 —
Málmbræðsluofnar	10 —
Mótorverkstæðisvélar	10 —
Plötusmiðjuvélar	10 —
Ståltunnugerðarvélar	8 —
Vélsmiðjuvélar	10 —

Prentsmiðju- og bókbandsvélar.

Áhöld (Inventar)	5 %
Bókbandsvélar	7 —
Prentletur	15 —
Prentvélar	10 —

Rafstöðvar.

Olíuhreyfilsstöðvar	8 %
Vatnsaflsstöðvar	4 —

Skip.

Dieselmótorskip úr stáli m/vél	6 %
Farþegaskip úr stáli m/vél	4 —
Fiskiskip úr stáli m/vél	6 —
Mótorvélar í fiskiskip	10 —
Opnir bátar	7 —
Seglskip	3 —
Skip úr eik án vélar	5 —
Skip úr furu án vélar	8 —
Tankskip m/vél	6 —
Vöruflutningaskip úr stáli m/vél	4 —

Skipasmíðastöðvar.

Dráttarbraut	10—12 %
Járnsmiðjur við skipasmíði	10 —
Svitakistur	15 —
Trésmíðavélar	10 —

Tóvinnuvélar.

Fatagerðir, saumavélar	10 %
Hampvinnsluvélar	8 —
Prjónavélar	8 —
Ullarverksmiðjur m/eimkatli	7 %
Veiðarfæragerðarvélar	10 —

Tréiðnaðarvélar.

Húsgagnasmíðavélar	10 %
Kassagerðarvélar	10 —
Skíðasmíðavélar	8 —
Trésmíðavélar alls konar	10 —
Tunnugerðarvélar	8 —

Ýmsar vélar og tæki.

Fólkslyftur	6 %
Hárgreiðslustofuvélar	15 —
Hótel-innbú (annað en borðbúnaður)	5 —
Kranastell úr stáli	5 —
Kvikmyndasýningarvélar	10 —
Lækningatæki	8 —
Pípugerðarvélar og áhöld	8 —
Röntgentæki	10 —
Skrifstofuvélar og áhöld	8 —
Steypuvélar	12 —
Vörulyftur	8 —

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi má víkja frá þessum almennu reglum um fyrningahundraðshlutann og sker ríkisskattanefndin úr um réttmæti þeirra undantekninga.

Fyrning á eignum skal reiknuð árlega og talin til frádráttar án tillits til hagnaðar eða taps gjaldanda.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt a-lið 10. gr. laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 21. desember 1939.

Jakob Möller.

Magnús Gíslason.

220
15. des.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 48 3. maí 1929.

1. gr.

Í 2. gr. reglugerðarinnar falli burtu orðin: „bæjarfógeta, sem er formaður hennar og fjórum mönnum öðrum". Á eftir orðunum „og til sama tíma" komi: kýs nefndin sér formann.

2. gr.

Í 17. gr. í stað orðsins „bæjarfógeta" komi: hafnarnefnd.

3. gr.

Í 18. gr. í stað orðanna „stærri en 12 smálestir" komi: stærri en 12 brúttó smálestir.

4. gr.

Í 21. gr. á eftir orðunum „Hvert skip, sem leggst við hafnarbryggju bæjarins" bætist inn orðin: eða að skipi, sem við hana liggur.

Þessi setning falli niður: „Skip, sem liggur við hlið annars skips, er liggur við bryggju í höfninni, skal greiða hálft bryggjugjald, samkvæmt framansögðu." Einnig falli niður orðin: „Frá fyrsta janúar 1930 skulu".

5. gr.

Í 25. gr. falli burtu liðirnir e. og f., og breytist stafamerking síðari liðanna eftir því.

6. gr.

26. gr. reglugerðarinnar falli burtu, og breytist tölusetning síðari greinanna eftir því.

7. gr.

28. gr., sem verður 27. gr., orðist þannig:

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskrá tiltekur, og gjald skal greiða eins og þar segir, þó skal aldrei reikna vörugjald minna en 25 aura.

8. gr.

Í 27., 32. og 36. gr. falli burtu orðið „bæjarfógeti", en í staðinn komi orðið: hafnarnefnd.

9. gr.

Í 1. flokki í 29. gr. falli burtu orðin „lýsi, olíur, fiskimjöl og járnvörur".

Við greinina bætist:

5. flokkur: Stórgripir 2,00 kr. hver.

6. flokkur: Aðrir gripir 0,30 kr. hver.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast gildi 1. janúar 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. desember 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

221
21. febr.

um skyldutryggingar.

Stjórn og deildaskipting.

1. gr.

Slysatryggingin er sjálfstæð deild í Tryggingarstofnun ríkisins og hefir sérstakan fjárhag aðskilinn frá öðrum deildum stofnunarinnar. Ráðherra skipar deildarstjóra fyrir deildina að fengnum tillögum forstjóra Tryggingarstofnunarinnar. Heimili og varnarþing Tryggingarstofnunar ríkisins, og um leið slysatryggingardeildarinnar, er í Reykjavík.

2. gr.

Yfirlæknir Tryggingarstofnunarinnar eða sérstakur læknir, sem Tryggingarstofnun ríkisins kynni að ráða til þess, skal vera forstjóra og deildarstjóra slysatryggingarinnar til ráðuneytis og aðstoðar við úrskurðun slysabóta.

Heimilt er forstjóra að fá sér lögfræðilega aðstoð við úrskurði og ákvörðun um rétt til bóta, og önnur lögfræðileg vafaatriði, sem fyrir koma.

3. gr.

Slysatryggingin skiptist í þrjár deildir, sem halda skal aðgreindum: sjómannatryggingu, iðntryggingu og frjálsa tryggingu samkvæmt 8. gr. laganna, síðustu málsgrein. Þó má til bráðabirgða nota fé úr sjóði einnar deildarinnar til þess að greiða með halla, sem verða kann á annari, en endurgreiða skal fé það þegar deildin verður þess megnug. Nánari ákvæði um frjálsa tryggingu eru sett í sérstakri reglugerð.

Sameiginlegur kostnaður við deildirnar greiðist af þeim í hlutfalli við upphæð iðgjalda.

Tryggingarsvið.

4. gr.

Tryggingarskyldan nær til:

a. Farmanna, fiskimanna og annara sjómanna, sem lögskráðir eru á íslenzk skip, svo og til fiskimanna og farmanna á róðrarbátum og vélbátum minni en 12 smálesta.
b. Verkamanna og starfsmanna, er vinna fyrir kaupi í þeim starfsgreinum, sem greindar eru í reglum, útgefnum í dag, um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar, kafla II A, með þeim undantekningum, sem gerðar eru í 8. gr. laganna.

5. gr.

Heimilt er að tryggja með skyldutryggðu verkafólki atvinnurekendur og annað fólk, sem vinnur við sama fyrirtæki, þótt ekki sé tryggingarskylt, en tilkynna verður það fyrirfram. Slík trygging skal skráð á nafn, og iðgjöld greidd fyrirfram.

Bótaskylda.

6. gr.

Skylda tryggingarinnar til slysabóta er bundin við það, að slys hafi orðið í starfstíma manns, sem iðgjald ber að greiða fyrir, við tryggingarskylda vinnu eða beint

221 21. febr.

í þágu hennar. Undir starfstíma heyrir einnig tími sá, er fer til að fara frá og til vinnu.

7. gr.

Slys samkvæmt slysatryggingarlögunum telst hverskonar áfall eða áverki, er maður verður fyrir í tryggingarskyldri vinnu óviljandi, á ákveðnum tíma, vegna ákveðins, óvænts atviks, enda valdi áfallið eða áverkinn finnanlegu heilsutjóni þegar í stað, eða þannig að rakið verði til áfallsins.

Bótaskyldan er háð eftirtöldum takmörkunum:

1. Það telst eigi bótaskylt slys, þótt tryggður maður veikist í vinnu eða deyi úr sjúkdómi við vinnu sína, nema því aðeins, að — eða að svo miklu leyti sem — vinnan sjálf eða sú áhætta, sem henni kann að vera samfara umfram áhættuna í daglegu lífi, sé hin beina orsök heilsu- eða líftjónsins.

   Slysatryggingunni er heimilt að krefjast líkskoðunar í vafatilfellum, og getur synjun um líkskoðun varðað bótamissi.
2. Það telst eigi bótaskylt slys, ef tryggður maður hefir af ásettu ráði stofnað sér í fyrirsjáanlega hættu og slasast þannig. Undantekning frá þessu ákvæði er þó það, ef maður hættir lífi sínu og slasast við björgun mannslífs.
3. Það telst eigi bótaskylt slys þótt áfall eða áverki í slysatryggðri vinnu verði til þess, að sjúkdómur eða bilun, er hinn tryggði kann að hafa haft fyrir, uppgötvist eða komi fram, nema að svo miklu leyti sem áfallið (áverkinn) telst hafa valdið því, að sjúkdómurinn eða bilunin hafi versnað, enda sé eigi líklegt að slík afturför hefði á orðið án sérstaks áfalls og sé eðli áfallsins þannig, að eigi megi telja það með áhættum, sem hinu daglega lífi eru jafnan samfara almennt.
4. Það telst eigi bótaskylt slys, ef tryggður maður, sem er á leiðinni frá eða til vinnu, eða í sendiför í þágu atvinnufyrirtækis þess, er tryggir hann, fer að nauðsynjalausu um sérstök hættusvæði, vitandi um hættuna, og slasast þar.

   Sama máli gegnir, ef tryggður maður leggur lykkju á leið sína í þágu einhvers annars en atvinnufyrirtækisins og slasast í þeirri aukaferð.
5. Það telst eigi bótaskylt slys, ef tryggður maður brýtur vísvitandi lögreglusamþykktir eða aðrar reglur, sem settar eru til opinbers öryggis — þar með taldar öryggisreglur, sem settar kunna að vera til þess að afstýra slysum á vinnustöðvum — og slasast þannig, enda geti hann eigi fært sönnur á að honum hafi verið ókunnugt um reglur þessar eða samþykktir.

Atvinnusjúkdómar.

8. gr.

Komi fram einhver eftirtalinna sjúkdóma hjá slysatryggðum manni, sem fengizt hefir við einhver þau störf, í slysatryggðri vinnu, sem kunn eru að því að valda slíkum atvinnusjúkdómi, er sá sjúkdómur bótaskyldur eftir sömu reglum og gilda um slys, enda verði orsakir sjúkdómsins raktar til slíkra starfa.

Sjúkdómurinn telst byrja þann dag, er hann kemur greinilega í ljós, enda sé það staðfest af lækni, að um atvinnusjúkdóm sé að ræða.

Þessir atvinnusjúkdómar eru bótaskyldir:

1. Blýeitrun, er fram kemur af völdum blýs eða blýsambanda við hverskonar slysatryggða vinnu.
2. Lungnasjúkdómar, er fram koma vegna innöndunar á steinryki og steinefnum við slysatryggða vinnu.
3. Miltisbrandssýking, er fram kemur sem bein afleiðing slysatryggðrar vinnu við skepnuhirðingu, slátrun eða meðferð sláturafurða, sem miltisbrandssmitun getur stafað af.

9. gr. 221

Nú kemur í ljós sjúkdómur, sem eigi hefir verið talinn hér að framan, hjá 21. febr.
slysatryggðum manni og telur læknir sjúkdóminn stafa beinlínis af skaðlegum efnum, sem notuð eru við ákveðinn tryggingarskyldan starfa og það álit reynist á fullum rökum byggt að dómi tryggingaryfirlæknis, og er þá tryggingarráði heimilt að bæta sjúkdóminn að nokkru eða öllu leyti.

Tilkynning slysa.

10. gr.

Öll slys skal tilkynna til tryggingarinnar svo fljótt, sem auðið er.

Nú verður tryggður maður fyrir áfalli, sem ekki veldur óvinnufærni fyrr en nokkru síðar og skal þá, ef hann krefst slysabóta og tryggingin viðurkennir slysið bótaskylt, miða biðtíma og tilkynningarskyldu við þann dag, sem hinn slasaði taldist hafa orðið óvinnufær af völdum áverkans.

Afgreiðsla slysamála.

11. gr.

Forstjóri tryggingarinnar úrskurðar, hvort slys sé bótaskylt. Úrskurði forstjóra má skjóta til tryggingarráðs.

Nú stafar slys af óafsakanlegu gáleysi slasaða sjálfs, og er tryggingunni þá ekki skylt að bæta það.

12. gr.

Eigi er tryggingunni skylt að greiða slysabætur né sjúkrahjálp fyrr en öll nauðsynleg gögn, þar á meðal vottorð um tryggingu, eru komin henni í hendur.

13. gr.

Læknishjálp, lyf og kostnaður við sjúkrahúsvist greiðist eftir löggiltum gjaldskrám og taxta sjúkrahúsa, samþykktum af heilbrigðisstjórn.

Heimilt er Tryggingarstofnuninni að gera sérstakan samning við hlutaðeigandi aðilja hér um.

14. gr.

Nú hafa verið greiddir hámarksdagpeningar og sjúkrahjálp fyrir slys, en hinn slasaði þó ekki full vinnufær. Er Tryggingarstofnuninni þá heimilt með ráði læknis tryggingarinnar að úrskurða hinum slasaða meiri sjúkrahjálp, ef það telst geta orðið til þess að draga úr örorku og þannig færa niður greiðsluskyldu tryggingarinnar vegna væntanlegra örorkubóta.

Hinn slasaði er skyldur til að hlíta slíkum ákvörðunum eða verða ella af hluta örorkubótanna í hlutfalli við þá bót, sem tryggingarlæknir telur að af aðgerðinni myndi hafa leitt. Enginn er þó skyldur til að hlíta læknisaðgerð, sem telst geta haft í för með sér hættu fyrir líf hans eða limi.

15. gr.

Nú slasast skipverji, sem skráður er á skip stærra en 12 smálestir, en er óvinnufær skemur en í 10 daga og er tryggingin þá eigi bótaskyld, sbr. 10. gr. alþýðutryggingalaganna, og fer þá um rétt hans eftir sjómannalögunum.

Iðgjaldagreiðendur.

16. gr.

Atvinnurekendur, sem reka tryggingarskylda atvinnu, greiða iðgjöld fyrir alla þá, sem vinna í þjónustu þeirra við tryggingarskyld störf.

221 21. febr.

Iðgjöld skipverja, sem ráðnir eru í annara þjónustu gegn hluta úr afla, ber útgerðarmanni að greiða, en sé um að ræða sameiginlega útgerð allra skipverja, greiðast iðgjöldin af óskiptum afla skipsins.

Iðgjöld fyrir frjálsa tryggingu greiðir sá, er tryggingar beiðist, um leið og tryggingin er skrásett, sbr. 20. gr. laganna.

17. gr.

Nú tekur einstaklingur að sér tryggingarskylt verk í ákvæðisvinnu, og ber hann þá ábyrgð á greiðslu iðgjalda vegna þeirra, sem hjá honum vinna.

Sé tryggingarskylt verk tekið í ákvæðisvinnu af félagsskap eða hóp manna, er verkið vinna, teljast þeir þá og tryggingarskyldir og bera sameiginlega ábyrgð á iðgjaldagreiðslunni.

Sé hinsvegar um að ræða vinnu, sem unnin er samkvæmt ákvæðisvinnugjaldskrám, er gilda milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda, ber vinnuveitandi ábyrgð á iðgjaldagreiðslu.

Umboðsmenn tryggingarinnar.

18. gr.

Lögreglustjórar eru umboðsmenn tryggingarinnar. Þeir skrásetja allar tryggingar, innheimta iðgjöldin, sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar og 15. gr. laganna, síðasta málsgr., og gera fullnaðarreikningsskil að liðnu hverju ári. Þeim ber og að ganga eftir því, og hafa með því eftirlit, að allir tryggi, sem tryggingarskyldir eru, og telji rétt fram til tryggingar, og iðgjöld séu greidd á tilsettum tíma.

Lögreglustjórar geta látið hreppstjóra annast skrásetningu trygginga og innheimtu iðgjalda hvern í sínum hreppi, og ber þeim þá hálf innheimtulaunin.

Ríkissjóður og ríkisfyrirtæki greiða iðgjöld sín beint til tryggingarinnar. Iðgjöld fyrir iðntrygginguna greiðast og beint til slysatryggingardeildarinnar af atvinnurekstri í Reykjavík, nema iðgjöld fyrir bifreiðarstjórn, er greiðist til tollstjórans í Reykjavík.

Hreppstjórar, er annast skrásetningu til tryggingar, senda tilkynningu um slys við atvinnurekstur, sem þeir hafa skrásett, til lögreglustjóra áleiðis til tryggingarinnar, eða ef hentara þykir, beint til tryggingarinnar.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu ávallt, er þeir senda tilkynningar um slys, hafa sannreynt, hvort slasaði var tryggður, er slysið varð, og láta tilkynningunni fylgja vottorð um, að þeir hafi gert það.

Framtöl.

19. gr.

Allir þeir, sem reka tryggingarskylda vinnu samkvæmt 8. gr. laganna, 2. tölul., skulu halda sérstaka og nákvæma nafnaskrá yfir þá menn, sem tryggðir eru, með tilgreindum tíma, sem hver maður er tryggður. Sé um að ræða tryggingu manna í tímavinnu, ber að skrá nafn og tíma daglega, og sé þar með talinn sá tími, sem fer til að fara til vinnu og frá. Eftir niðurstöðum og samtölum skránna, að árinu liðnu, og áhættu vinnunnar samkvæmt áhættuflokkun, ber að telja fram endanlega til tryggingar og ákveða fullnaðariðgjöldin.

20. gr.

Iðgjöld skal greiða fyrirfram, í sjómannatryggingunni fyrir ráðningartímann um leið og lögskráð er, eða ráðning fer fram, en í iðntryggingunni í ársbyrjun, eða þegar fyrirtækið tekur til starfa, ef það starfar eigi nema hluta úr ári. Ef iðgjaldið fer fram úr 1000 kr., má greiða það í tvennu lagi, í byrjun hvers misseris, ef þess

er óskað. Er iðgjaldið áætlað samkvæmt upplýsingum í tilkynningu þeirri, sem senda skal um fyrirtækið í ársbyrjun, eða þegar það tekur til starfa, en hið endanlega iðgjald er ákveðið að árinu loknu, eða þegar fyrirtækið hættir, ef það starfar eigi út árið, samkvæmt upplýsingum um mannahald og vinnumagn fyrirtækisins, í því formi sem slysatryggingin segir fyrir um. Ef iðgjaldið hefir verið áætlað of lágt, greiðist það, sem á vantar eftir áramótin, ásamt hinu áætlaða iðgjaldi næsta árs, en ef iðgjaldið hefir verið áætlað of hátt, gengur það, sem ofreiknað hefir verið, upp í iðgjöld næsta árs eða endurgreiðist, ef fyrirtækið hættir að starfa. 221 21. febr.

Nú sannast, að krafin hafa verið of há iðgjöld. Ber þá að endurgreiða það, sem sannanlega hefir verið of hátt krafið. Þó skal slík endurgreiðsla aldrei ná lengra en 2 ár aftur í tímann.

Á sama hátt hefir tryggingin ekki rétt til að innheimta vangreidd iðgjöld lengur en 2 ár aftur í tímann.

Reikningsskil.

21. gr.

Innan loka hvers mánaðar skulu skráningarstjórar og lögreglustjórar hafa sent frá sér, beint til slysatryggingarinnar, þau iðgjöld, sem til þeirra eru komin, að frádregnum innheimtulaunum. En fyrir lok febrúarmánaðar skulu þeir senda tvíritaðan reikning fyrir umliðið ár, ásamt fylgiskjölum í því formi, sem slysatryggingin ákveður, og skal þá um leið standa skil á því, sem ógoldið er af iðgjöldum fyrra árs.

Forstjóri tryggingarinnar gerir féð arðberandi í sparisjóði, eða með því að kaupa bankavaxtabréf eða önnur trygg verðbréf. Skal rita á þau, að þau séu eign slysatryggingarinnar.

Tryggingarvanræksla.

22. gr.

Nú er vanrækt að greiða iðgjöld fyrir tryggingarskylda menn. Skulu þeir þó jafnt teljast tryggðir, en hlutaðeigandi atvinnurekandi skal skyldur að greiða slysatryggingunni tvöföld iðgjöld þau, sem vangoldin eru, og sæta auk þess sektum samkvæmt 27. grein.

Endurskoðun reikninga.

23. gr.

Ársreikningur slysatryggingarinnar skal endurskoðaður ásamt öðrum ársreikningum Tryggingarstofnunar ríkisins á sama hátt og reikningar ríkisstofnana og birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

Undanþága frá tryggingarskyldu.

24. gr.

Tryggingarstofnunin getur undanþegið tryggingarskyldu minni háttar starfsemi, sérstaklega utan kaupstaða og kauptúna, ef sérstakar ástæður gefa tilefni til þess.

Ýms ákvæði.

25. gr.

Rísi upp ný starfsemi, sem ekki er tilgreind í reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda um slysatryggingar, heimilast Tryggingarstofnuninni, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að ákveða iðgjald fyrir slíka starfsemi í samræmi við þá áhættu, sem ætla má að starfinu fylgi.

221 21. febr.

26. gr.

Forstjóri tryggingarinnar setur, eftir því sem þurfa þykir, nánari reglur um framkvæmd og fyrirkomulag tryggingarinnar, og skal það tilkynnt umboðsmönnum hennar (skráningastjórum og lögreglustjórum) með umburðarbréfi.

27. gr.

Brot gegn slysatryggingarlögunum og reglugerð þessari varða 50—1000 kr. sektum, er renni til slysatryggingardeildar. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni, útgefin 28. des. 1931, og reglugerð um áhættuflokkun, útgefin 1. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

222 21. febr.

REGLUR

um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.

Áhættuflokkun.

Frá 1. janúar 1939 ákveðst áhættuflokkun og iðgjöld fyrir slysatryggingar, samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, svo sem hér segir:

		Aurar á viku
1.	áhættuflokkur	15
2.	—	25
3.	—	40
4.	—	60
5.	—	80
6.	—	100
7.	—	120
8.	—	150
9.	—	200
10.	—	300
11.	—	600
12.	—	2500

Vikan leggst til grundvallar, og er eining fyrir iðgjaldagreiðslunni, enda þótt kaupið sé miðað við ár, mánuð, dag eða klukkustund. Ef kaupið er tímakaup eða dagkaup reiknast 48 klukkustundir, eða 6 dagar, sem ein vika. Árið reiknast 52 vikur. Telja skal saman tíma allra þeirra, sem tryggðir eru í einu, en brot úr viku, sem þá verður afgangs, telst sem heil vika.

Iðgjaldaskrá. 222

21. febr.

I. Sjómannatryggingin.

A. Skyldutrygging.

Gufuskip og vélskip:	Áhættu-flokkar	Vikugjald fyrir mann
a. Farþega- og flutningaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir) notaðir til mannflutninga (skipshöfn)	7.	120 aurar
b. Veiðiskip (yfir 75 lestir) og flóabátar (undir 50 lestir), skipshöfn	8.	150 —
Róðrarbátar (skipshöfn)	8.	150 —
Vélbátar undir 75 lestir (skipshöfn)	9.	200 —
Seglskip (skipshöfn)	8.	150 —
Kafarar	10.	300 —
Af iðgjöldum róðrarbáta og vélbáta, minni en 5 smálestir, greiðir ríkissjóður 3/10 hluta iðgjaldsins.		

B. Frjáls trygging.

Sjófuglaveiðar	10.	300 aurar

II. Iðntryggingin.

Iðgjaldaskrá eftir áhættuflokkum.

Skyldutrygging.

1. áhættuflokkur (vikugjald 15 aurar fyrir mann):
   - Bókbandsvinna.
   - Burstagerð.
   - Gullsmíðar.
   - Körfugerð.
   - Ljósmyndagerð.
   - Netjagerð og bætingar (án véla).
   - Prjónastofuvinna.
   - Raflampa- og hjálmagerð.
   - Rakarastörf.
   - Saumastofuvinna.
   - Seglasaumur.
   - Silfursmíðar.
   - Sútun (rotun skinna).
   - Úrsmíðar.

2. áhættuflokkur (vikugjald 25 aurar fyrir mann):
   - Bréfberastörf (bæjarpóstur).
   - Dúklagning.
   - Fatalitun (hreinsun og pressun).
   - Færaspuni.
   - Húsagagnafóðrun.
   - Leðuriðja.
   - Leikfangagerð (úr öðru en tré).
   - Prentiðn.
   - Pylsugerð, kjöt- og fiskdeigsgerð.
   - Sendistörf (önnur en vörusendla).
   - Sjóklæðagerð.
   - Skósmíðar.
   - Sokkabanda-, axlabanda- og sprotagerð.
   - Söðlasmíðar.
   - Vinnufatagerð.

3. áhættuflokkur (vikugjald 40 aurar fyrir mann):
   - Belgjagerð.
   - Beykisstörf.
   - Blikksmíðar án aflvéla.
   - Brauðgerð.
   - Brjóstsykurgerð.
   - Efnagerð.
   - Fiskherzla.
   - Fiskmat.
   - Fiskpökkun.
   - Fiskþurkun á reitum og í þurkhúsum.
   - Fiskþvottur.
   - Fisksöltun.
   - Fiskúrgangsvinna.
   - Gasgerð (kolagas).
   - Glerslípun.

222
21. febr.

Gljávaxgerð.
Gúmmíiðnaður.
Hampiðja.
Hreinlætisvöruframleiðsla (þvottaduft, ræstiduft, fægilögur, sápur, kerti).
Húsgagnasmíði án aflvéla.
Járnsmíði án aflvéla.
Kaffibrennsla.
Kaffibætisgerð.
Kexgerð.
Konfektgerð.
Kornmölun.
Kökugerð (brauðgerð).
Lakkrísgerð.
Línstofuvinna.
Lyfjagerð (lyfjafræðingar og nemar).
Málmhúðun.
Málgerð (litagerð).
Netjagerð með vélum.
Niðursuða.
Pappírspoka- og pappírsgerð.
Pípulagningar innanhúss (gas, vatn, miðstöðvar, skólp o.s.frv.).
Pípugerð.
Reiðhjólaviðgerðir.
Reykhúsastörf.
Síldarverkun.
Smjörlíkisgerð.
Skóáburðargerð.
Súkkulaðigerð.
Trésmíðar án aflvéla.
Veggfóðrun.
Þvottahúsvinna.
Ölgerð.

4. áhættuflokkur (vikugjald 60 aurar fyrir mann):
Acetylengasgerð.
Aflvélastjórn við jarðyrkju.
Bátasmíðar, bátaviðgerðir.
Bifreiðastjórn
Bifvélavirkjun.
Bæjarvinna ýmiskonar (ótilgreind annarsstaðar).
Fiskflökun.
Frystihúsvinna.
Glergerð.
Grjótvinna önnur en sú, sem talin er í 6. áhættuflokki.
Götugerð og lagningar í götu (pípur og vír).
Hreinsun (ræsting) á skrifstofum, skipum o. fl.
Húsagerð (nýsmíði, endurbætur og breytingar).
Ístaka.
Jarðvinna (jarðnám).
Klæðaverksmiðjuvinna.
Leikfangagerð úr tré.
Lögreglustjórf.
Málarastörf.
Mjólkurbússtörf.
Múrarastörf (múrsléttun, múrhúðun o. fl.).
Pípulagningar utanhúss.
Raforkuleiðslur.
Raftækjagerð.
Rjómabússtörf.
Sand- og malartaka.
Sendistörf (vörusendlar).
Símalagningar og viðgerðir.
Skógerð.
Sorphreinsun.
Steinsteypa.
Tollgæzla.
Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald).
Varðstaða.
Vegagerð.
Vikurvinnsla.
Vitabyggingar.
Vitavarzla.
Vöruhúsavinna.
Vöruflutningar (í sambandi við vöruhúsavinnu og skipaafgreiðslu).
Þangtaka.
Þangvinnsla.

5. áhættuflokkur (vikugjald 80 aurar fyrir mann):
Blikksmíðar með vélum.
Dósasmíði með vélum.
Fiskaðgerð.
Gosdrykkjagerð.
Hafnargerð.
Húsgagnasmíði með vélum.
Hvalskurður.
Jarðborun.
Járnsmíði með vélum.
Járnsteypa.

Logsuða.
Lóðabeiting og afbeiting.
Raforkuleiðslur (loftlínur).
Skipasmíðar (viðgerðir og viðhald).
Sóthreinsun (sótarar).
Ståltunnugerð.
Steinhögg.
Trésmíði í vélsmiðjum.
Vatnsvirkjun.
Vélgæzla.
Vélanámskeið.

6. áhættuflokkur (vikugjald 100 aurar fyrir mann):
Áburðarverksmiðjuvinna.
Bifhjólastjórn.
Brúargerð.
Bryggjugerð.
Fiskmjölsverksmiðjuvinna.
Grjótmulning.
Grjótsprenging.
Grjótnám.
Karfabræðsla.
Landpóstastörf.
Lestavinna í skipum.
Lýsisbræðsla.
Síldarbræðsla.
Slátrun.
Slökkviliðsstörf.
Uppskipun og útskipun við bryggju.

7. áhættuflokkur (vikugjald 120 aurar fyrir mann):
Hafnsögustörf.
Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum.

9. áhættuflokkur (vikugjald 200 aurar fyrir mann):
Námugröftur.

10. áhættuflokkur (vikugjald 300 aurar fyrir mann):
Bjargsig (aðstoðarmenn).
Köfun.

12. áhættuflokkur (vikugjald 2500 aurar fyrir mann):
Bjargsig (sigmaður).

Stafrófsskrá um iðgjaldaflokkun.

A. Skyldutrygging.

	Áhættuflokkar	Vikugjald fyrir mann
Acetylengasgerð	4.	60 aurar
Afbeiting, sjá Lóðabeiting.		
Aflvélastjórn við jarðvinnu	4.	60 —
Áburðarverksmiðjuvinna	6.	100 —
Bátasmíðar, bátaviðgerðir	4.	60 —
Beiting, sjá Lóðabeiting.		
Belgjagerð	3.	40 —
Beykisstörf	3.	40 —
Bifhjólastjórn	6.	100 —
Bifreiðastjórn	4.	60 —
Bifvélavirkjun	4.	60 —
Bifreiðaviðgerðir	4.	60 —
Bjargfuglaveiðar og eggjataka í björgum:		
a. Sigmaður	12.	2500 —
b. Aðstoðarmenn	10.	300 —
Blikksmíðar:		
a. Án aflvéla	3.	40 —
b. Í vélsmiðjum	5.	80 —
Bókbandsvinna	1.	15 —

		Áhættu-flokkar	Vikugjald fyrir mann
222	Brauðgerð	3.	40 aurar
21. febr.	Bréfberastörf (bæjarpóstar)	2.	25 —
	Brjóstsykurgerð	3.	40 —
	Brúargerð	6.	100 —
	Bryggjugerð	6.	100 —
	Burstagerð	1.	15 —
	Bæjarvinna ýmisk. (ótilgreind annars staðar)	4.	60 —
	Dósaverksmiðjuvinna	5.	80 —
	Dúklagning	2.	25 —
	Efnagerð	3.	40 —
	Farsgerð, sjá Pylsugerð.		
	Fatalitun, hreinsun og pressun	2.	25 —
	Fiskaðgerð	5.	80 —
	Fiskdeigsgerð, sjá Pylsugerð.		
	Fiskflökun	4.	60 —
	Fiskherzla	3.	40 —
	Fiskmat	3.	40 —
	Fiskpökkun	3.	40 —
	Fiskmjölsverksmiðjuvinna	6.	100 —
	Fisksöltun	3.	40 —
	Fiskúrgangsvinna	3.	40 —
	Fiskþurkun á reitum	3.	40 —
	Fiskþurkun í þurkhúsum	3.	40 —
	Fiskþvottur	3.	40 —
	Frystihúsvinna (meðaltalsiðgjald)	4.	60 —
	Færaspuni	2.	25 —
	Gasgerð (kolagas)	3.	40 —
	Glergerð	4.	60 —
	Glerslípun	3.	40 —
	Gljávaxgerð	3.	40 —
	Gosdrykkjagerð	5.	80 —
	Grjótmulning	6.	100 —
	Grjótsprenging	6.	100 —
	Grjótnám	6.	100 —
	Grjótvinna (önnur)	4.	60 —
	Gufuskip og vélskip:		
	a. Farþega- og flutningaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir), notaðir til mannflutninga (skipshöfn)	7.	120 —
	b. Veiðiskip yfir 75 lestir og flóabátar undir 50 lestir (skipshöfn)	8.	150 —
	Gullsmíðar	1.	15 —
	Gúmmíiðnaður	3.	40 —
	Götuhreinsun, sjá Bæjarvinna.		
	Götugerð og lagnir í götu (pípur, vír)	4.	60 —
	Hafnargerð	5.	80 —
	Hafnsögustörf	7.	120 —
	Hampiðja	3.	40 —
	Hraðpressun, sjá Fatalitun.		
	Hreinsun (ræsting) á skrifstofum, skipum o. fl.	4.	60 —
	Hreinlætisvöruframleiðsla (þvottaduft, ræstiduft, fægilögur, sápugerð, kertasteypa)	3.	40 —

	Áhættu-flokkar	Vikugjald fyrir mann	
Húsagerð (nýsmíði, endurbætur, breytingar)	4.	60 aurar	222
Húsgagnafóðrun	2.	25 —	21. febr.
Húsgagnasmíði:			
a. Án aflvéla	3.	40 —	
b. Í vélsmiðjum	5.	80 —	
Hvalskurður	5.	80 —	
Ístaka	4.	60 —	
Jarðborun	5.	80 —	
Jarðvinna (jarðnám)	4.	60 —	
Járnsmíði:			
a. Án aflvéla	3.	40 —	
b. Í vélsmiðjum	5.	80 —	
Járnsteypa	5.	80 —	
Kaffibrennsla	3.	40 —	
Kaffibætisgerð	3.	40 —	
Karfabræðsla	6.	100 —	
Kexgerð	3.	40 —	
Kjötdeigsgerð, sjá Pylsugerð.			
Klæðaverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald)	4.	60 —	
Konfektgerð	3.	40 —	
Kornmölun	3.	40 —	
Köfun	10.	300 —	
Kökugerð (brauðgerð)	3.	40 —	
Körfugerð	1.	15 —	
Landpóstastörf	6.	100 —	
Lakkrísgerð	3.	40 —	
Línstofuvinna	3.	40 —	
Leðuriðja	2.	25 —	
Leikfangagerð úr tré	4.	60 —	
Leikfangagerð (úr öðru en tré)	2.	25 —	
Lestavinna í skipum	6.	100 —	
Ljósmyndagerð	1.	15 —	
Logsuða	5.	80 —	
Lóðabeiting og afbeiting	5.	80 —	
Lyfjagerð (lyfjafræðingar og nemar)	3.	40 —	
Lýsisbræðsla	6.	100 —	
Lögregluþjónastörf	4.	60 —	
Málmhúðun	3.	40 —	
Málarastörf	4.	60 —	
Málgerð (litagerð)	3.	40 —	
Mjólkurbússtörf	4.	60 —	
Múrarastörf (múrsléttun, múrhúðun o. fl.)	4.	60 —	
Námugröftur	9.	200 —	
Netjagerð og netjabætingar án véla	1.	15 —	
Netjagerð með vélum	3.	40 —	
Niðursuða	3.	40 —	
Olíufatagerð, sjá Sjófatagerð.			
Pappírspoka- og pappírsgerð	3.	40 —	
Pípulagningarvinna utanhúss	4.	60 —	
Pípulagningarvinna innanhúss	3.	40 —	
Pípugerð	3.	40 —	

		Áhættu-flokkar	Vikugjald fyrir mann
222	Prentiðn	2.	25 aurar
21. febr.	Prjónastofuvinna	1.	15 —
	Pylsu- og farsgerð	2.	25 —
	Póstar, sjá Landpóstastörf.		
	Raflampa- og hjálmgerð	1.	15 —
	Raforkuleiðslur (jarðlínur)	4.	60 —
	Raforkuleiðslur (loftlínur)	5.	80 —
	Raftækjagerð	4.	60 —
	Rakarastörf	1.	15 —
	Reiðhjólaviðgerðir	3.	40 —
	Reykhúsastörf	3.	40 —
	Rjómabússtörf	4.	60 —
	Róðrarbátar (skipshöfn)	8.	150 —
	Ræsting, sjá Hreinsun.		
	Sand- og malartaka	4.	60 —
	Saumastofuvinna	1.	15 —
	Seglasaumur	1.	15 —
	Seglskip (skipshöfn)	8.	150 —
	Sendistörf (vörusendlar)	4.	60 —
	Sendistörf (önnur)	2.	25 —
	Silfursmíðar	1.	15 —
	Síldarbræðsla	6.	100 —
	Síldarverkun	3.	40 —
	Símalagningar og símaviðgerðir	4.	60 —
	Sjóklæðagerð	2.	25 —
	Skipasmíðar (viðgerðir og viðhald)	5.	80 —
	Skóáburðargerð	3.	40 —
	Skógerð	4.	60 —
	Skósmíðar	2.	25 —
	Slátrun	6.	100 —
	Slökkviliðsstörf	6.	100 —
	Smjörlíkisgerð	3.	40 —
	Sokkabanda-, axlarbanda- og sprotagerð	2.	25 —
	Sorphreinsun	4.	60 —
	Sóthreinsun (sótarar)	5.	80 —
	Ståltunnugerð	5.	80 —
	Steinhögg	5.	80 —
	Steinsteypa	4.	60 —
	Súkkulaðigerð	3.	40 —
	Sútun (rotun skinna)	1.	15 —
	Söðlasmíðar	2.	25 —
	Tollgæzla	4.	60 —
	Trésmíðar:		
	a. Án aflvéla	3.	40 —
	b. Í vélsmiðjum	5.	80 —
	Ullarverksmiðjuvinna (meðaltalsiðgjald)	4.	60 —
	Uppskipun og útskipun á bátum og prömmum	7.	120 —
	Uppskipun og útskipun við bryggju	6.	100 —
	Úrsmíðar	1.	15 —
	Varðstaða	4.	60 —
	Vatnsvirkjun	5.	80 —

	Áhættu-flokkar	Vikugjald fyrir mann	
Vegagerð	4.	60 aurar	222
Veggfóðrun	3.	40 —	21. febr.
Vélbátar undir 75 lestir (skipshöfn)	9.	200 —	
Vélgæzla	5.	80 —	
Vélanámskeið	5.	80 —	
Vikurvinnsla	4.	60 —	
Vinnufatagerð	2.	25 —	
Vitabyggingar	4.	60 —	
Vitavarzla	4.	60 —	
Vöruflutningar (í sambandi við vöruhúsavinnu og skipa-afgreiðslu)	4.	60 —	
Vöruhúsavinna	4.	60 —	
Þangvinnsla	4.	60 —	
Þangtaka	4.	60 —	
Þurkhúsvinna, sjá Fiskþurkun.			
Þvottahúsvinna	3.	40 —	
Ölgerð	3.	40 —	

B. Frjáls trygging.

Búðarstörf, sjá Verzlunarstörf.			
Eldhússtörf	2.	25 —	
Ferðalög á landi	4.	60 —	
Ferðalög á sjó, sjá Sjóferðalög.			
Fuglaveiðar á landi	9.	200 —	
Fuglaveiðar á sjó, sjá Sjófuglaveiðar.			
Garðhleðsla	3.	40 —	
Garðyrkja	2.	25 —	
Gripahirðing	2.	25 —	
Grjótmulning	6.	100 —	
Grjótnám	6.	100 —	
Grjótsprenging	6.	100 —	
Grjótvinna (önnur)	4.	60 —	
Heyvinna	2.	25 —	
Hjúkrunarstörf	1.	15 —	
Hjúkrunarstörf á geðveikrahælum	2.	25 —	
Húsagerð og viðgerðir húsa:			
a. Torfhús	3.	40 —	
b. Steinhús og timburhús	4.	60 —	
Innanhússtörf	1.	15 —	
Innheimtustörf	2.	25 —	
Jarðvinna (jarðnám)	4.	60 —	
Jarðvinnsla:			
a. Með handverkfærum	2.	25 —	
b. Með hestaverkfærum	3.	40 —	
Jarðyrkjustörf (túnyrkja, garðyrkja)	2.	25 —	
Refahirðing á búum	4.	60 —	
Refaveiðar	9.	200 —	
Sjófuglaveiðar	10.	300 —	
Skipsströnd (björgunarstörf)	11.	600 —	
Skrifstofustörf	1.	15 —	

		Áhættu-flokkar	Vikugjald fyrir mann
222	Skurðgröftur	3.	40 aurar
21. febr.	Trésmíðar	3.	40 —
	Vegghleðsla	3.	40 —
	Verzlunarstörf (innanbúðar):		
	a. Kjötverzlanir	2.	25 —
	b. Aðrar verzlanir	1.	15 —
	Þjónustustörf, sjá Innanhússtörf.		

Stytzti tryggingartími í frjálsri tryggingu er ein vika.

Þegar um tryggingu starfsmanna við önnur störf eða starfsgreinar er að ræða en að framan eru talin, heimilast Tryggingarstofnuninni að ákveða í hvaða áhættuflokk þau störf eða starfsgreinar skuli falla.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt 2. kafla laga nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast gildi frá 1. jan. 1939, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi fallin reglugerð um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda útgefin 1. marz 1937.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Skýringar.

I. Skráning til tryggingar.

Skráning til tryggingar er með mismunandi tilhögun í sjómannatryggingunni, iðntryggingunni og í frjálsri tryggingu samkvæmt 20. gr. laganna.

Sjómannatryggingin.

1. Greina verður á milli, hvort menn eru skráðir eða ráðnir í skiprúm samkvæmt 13. gr. laganna. Á gufuskipum og vélskipum (12 smál. og stærri) fer skráning til tryggingar fram hjá lögreglustjórum, samhliða skráningu í skiprúm.

2. **Tryggingartími** sjómanna, sem skylt er að lögskrá í skiprúm, telst hafinn, þegar skylt var að lögskrá í skiprúmið, hvort sem það var gert eða ekki, og honum telst slitið, þegar afskráð var úr skiprúminu. Útgerðarmönnum smábáta (vélbátar undir 12 smál. og róðrarbátar) ber, um leið og útgerð er hafin, að tilkynna umboðsmanni tryggingarinnar (lögreglustjóra eða hreppstjóra) atvinnureksturinn og nöfn skipverja þeirra, er ráðnir eru á bátinn, og tiltaka jafnframt útgerðartímann. Umboðsmanni er heimilt að tryggja ónafngreinda menn í skiprúm á smábátum, en þá ber jafnan að greina tölu skipverja, sem tryggðir eru, í stað nafnanna. Komi það fyrir að skipi eða bát sé haldið út lengur en til var tekið í upphafi, þá ber að tilkynna það þegar og framlengja trygginguna.

Tryggingartími þeirra sjómanna, sem eru **ráðnir** í skiprúm, telst hafinn, þegar hin tryggingarskylda sjósókn hófst, — hvort sem atvinnurekandi hafi gætt skyldu sinnar um skráningu til tryggingar og iðgjaldagreiðslu eða ekki — og honum telst slitið, þegar sjósókninni er hætt.

Iðntryggingin.

Skráning til iðntryggingar fer þannig fram, að atvinnurekandanum ber að tilkynna umboðsmanni tryggingarinnar atvinnureksturinn, og gera jafnframt áætlun

um, hversu mörgum vikum tryggingarskyld vinna muni nema, og greiða iðgjöld samkvæmt því þá þegar. Jafnframt ber honum að halda sérstaka vinnuskrá yfir hina tryggingarskyldu vinnu við atvinnureksturinn, og skrá daglega nöfn allra þeirra manna, sem tryggingarskylda vinnu stunda, og þann tíma, sem hver og einn vinnur daglega. Eftir þeirri skrá ber svo að ákveða hina endanlegu iðgjaldagreiðslu. Yfirvinnu fastra starfsmanna ber að skrá sérstaklega og telja hana fram með mánaðarlegri lausavinnu, svo og þann tíma, sem fer til að fara frá vinnu og til. 222 21. febr.

Frjáls trygging.

Tilhögun skráningar til frjálsrar tryggingar samkv. 20. gr. laganna er þannig, að nafngreina verður þann eða þá, er tryggja á, tilgreina tryggingartímann og við hvaða störf er tryggt, sé þess kostur. Þau störf, er óskað kynni að verða að tryggja menn við í frjálsri tryggingu, þar sem nafngreina þarf hinn tryggða — geta verið svo sundurleit, og tíminn svo ósamstæður, að ekki sé unnt að tilgreina þau nákvæmlega, og verður þá að tilgreina við hverskonar störf tryggingar sé óskað á því tímabili, sem tryggingin gildir, og tilgreina hver eru aðalstörfin. Skal þá ákveða meðaltalsiðgjöld með hliðsjón af því, hver aðalstörfin eru.

II. Hverjir eru tryggðir?

Greina verður í flestum tilfellum á milli skyldutryggingar og frjálsrar tryggingar.

a. Skyldutrygging.

Skyldutryggðir, án eigin aðgerða til að tryggja sig, eru allir sjómenn og þeir verkamenn og starfsmenn, sem vinna fyrir kaupi í annarra þjónustu, við þær atvinnu- og iðngreinir, sem tiltekið er í 8. gr. laganna. Nánari sundurliðun og greining á því, við hvaða störf skylt er að slysatryggja — og þá jafnframt hvaða starfsfólk er slysatryggt og við hvaða störf — er að finna í reglum um áhættuflokkun og ákvörðun iðgjalda, sbr. einnig stafrófsskrá um iðgjaldaflokkun slysatryggingarinnar.

Við ákvörðun þess, hverjir eru skyldutryggðir, og við hvaða störf, koma ýms sérstök atriði til greina, svo sem *hvernig* störfin eru stunduð, *fyrir hvers reikning* þau eru rekin, *hvar* þau eru rekin, *hvort* sá, er þau vinnur, er atvinnurekandi eða vinnuþiggjandi, *tími, hverskonar störf* o. fl.

Hvernig störfin eru rekin. — Hér kemur það til greina, hvort talizt getur, að störfin séu rekin eða stunduð sem atvinnugrein eða *atvinnufyrirtæki* með verkafólki, sem goldið er kaup fyrir vinnu sína, eða hvort þau eru rekin eða stunduð sem *heimilisstörf*, án verkafólks. Þannig er öll sjósókn tryggingarskyld, hvort sem er til fiskveiða eða flutninga, ef hún er rekin sem atvinnufyrirtæki, — þó aðeins sé stuttan tíma, — eða í þágu atvinnufyrirtækis. Hinsvegar telst sjósókn, aðeins til heimilisþarfa hvort sem er til fiskveiða eða flutninga, ekki tryggingarskyld. Þeir, sem vilja tryggja sig við slík störf, verða því að kaupa frjálsa tryggingu samkv. 20. gr.

Við ákvörðun iðgjalda fyrir sjómenn á róðrarbátum og vélbátum undir 12 smál., sem ekki stunda veiðar að staðaldri, er heimilt að miða vikugjaldið við 4 sjóferðir (róðra) enda sé iðgjaldið þá jafnan greitt fyrirfram fyrir minnst 2 vikur.

Fyrir hvers reikning störfin eru rekin. — Einstaklingar og félög, sem láta vinna tryggingarskyld störf í atvinnuskyni, standa eins að vígi gagnvart þessu atriði.

Hinsvegar eru bæjar- og sveitarfélög skyld að tryggja við þau störf, sem þau láta vinna, þótt ekki geti heitið að sveitarfélögin láti reka þau í atvinnuskyni. Sveitarfélagi, sem hefir á hendi t. d. sót- og sorphreinsun fyrir íbúa sína, er skylt að tryggja þá, er að því vinna. Sama myndi og vera, ef félag eða einstaklingur tækist á hendur að láta vinna þessi störf, tæki borgun hjá bæjarmönnum fyrir þau og hefði verka-

222 menn upp á kaup til að vinna störfin, enda væri þetta þá orðinn atvinnurekstur. Hins-
21. febr. vegar, ef hver húseigandi lætur vinna þessi störf fyrir sig, eða þótt einstaklingur tæki störfin á hendur fyrir fleiri eða færri húseigendur, vinni þau sjálfur og hafi þau að atvinnu sinni, þá eru störfin ekki tryggingarskyld.

Sama máli er að gegna um fleiri störf, t. d. jarðvinnu, grjótvinnu, slökkviliðsstörf o. fl.

Sveitarfélagi, sem lætur vinna þessi störf, er skylt að tryggja þá menn, er við þau vinna. Sama máli gegnir um einstakling eða félag, sem í atvinnuskyni tekst á hendur að láta vinna þessi störf fyrir aðra og hefir til þess verkafólk, hvort heldur er í ákvæðisvinnu eða fyrir ákveðið kaup. Hinsvegar, ef einstaklingur lætur vinna jarðvinnu eða grjótvinnu aðeins fyrir sig, sem heimilisstörf, þá mun hann ekki geta talizt skyldur til að tryggja verkafólk sitt. Vegagerð á öllum opinberum vegum (þjóðvegum, fjallvegum, sýsluvegum og hreppavegum), sömuleiðis vegagerð (götugerð) í kaupstöðum og kauptúnum er tryggingarskyld, og eru þá allir þeir, sem að þeirri vegagerð vinna tryggðir. Þar á móti er vegagerð sem heimilisstörf í þágu heimilis ekki tryggingarskyld (heimavegir, engjavegir).

Bifreiðastjórn. Erfitt myndi vera að telja vinnutíma við bifreiðastjórn fram til tryggingar ef miða ætti við þann tíma er bifreiðinni er stýrt, þar eð sá tími er í flestum tilfellum mjög óákveðinn og óreglulegur. Verður með tilliti til þess óhjákvæmilegt að iðgjaldið sé miðað við þann tíma, sem bifreiðin er skráð í notkun hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Húsbyggingar í sveitum. Með lögum um alþýðutryggingar, er húsagerð í sveitum gerð tryggingarskyld. Skyldan nær þó aðeins til tvílyftra húsa og heyhlaðna. Nú munu skiptar skoðanir um hvað telja beri til tvílyftra húsa. Venjuleg íbúðarhús í sveit eru að jafnaði aðeins kjallari og ein hæð, — stundum með risi. Ef kjallarinn teldist ekki sem hæð, myndu fæst hús koma undir skylduna. Er það vafalaust andstætt tilætlun löggjafans, enda sízt meiri áhætta af byggingu heyhlaðna. Verður því að líta svo á að öll hús, sem eru ein hæð og kjallari eða stærri séu tryggingarskyld.

Trygging iðnnema. Með lögum um iðnnám takast meistarar á hendur skuldbindingar um að veita nemum í hlutaðeigandi iðngrein óslitna kennslu þar til náminu er lokið. Verður því að telja eðlilegt að iðgjöld séu greidd fyrir iðnnema allan námstíma þeirra nema veikindi eða önnur óviðráðanleg forföll valdi því, að þeir eigi gangi að vinnu.

Starfsemi í fleiru en einu umdæmi. Ekki er það óalgengt, að sami atvinnurekandi reki tryggingarskyldan atvinnurekstur í fleiru en einu umdæmi. Hefir það oft valdið misskilningi og óþarfa fyrirhöfn, hvar greiða ber iðgjöld fyrir starfsemi, sem rekin er í öðru umdæmi, en atvinnurekandi er sjálfur búsettur. Það liggur í hlutarins eðli, að erfitt er fyrir umboðsmenn tryggingarinnar að fylgjast með starfsemi utan síns eigin umdæmis. Ber því að líta svo á, að skrá skuli jafnan til tryggingar þar, sem starfrækslan fer fram.

Slökkviliðsstörf. Iðgjald fyrir slökkviliðsstörf er miðað við fasta starfsmenn slökkviliðs. Nú mun, þar sem samin hefir verið reglugerð um skipun slökkviliðs og brunamála, gert ráð fyrir hóp manna, sem sérstaklega hafa verið æfðir við slökkviliðsstörf og hafa strangari skipun um að mæta við boðun en almennir borgarar. Ber þá að líta á þá sem tryggingarskylda, er þeir eru boðaðir út annað hvort við brunaliðsæfingar eða þegar bruna ber að höndum.

Í hverju einstöku tilfelli skal skylt að gera skrá yfir þá, sem mæta við slíka boðun, og ber að miða iðgjaldið við hvern einstakan, kr. 0.50 í hvert sinn.

b. Frjáls trygging, skv. 20. gr. laganna. 222

Heimilt er að tryggja þá, sem ekki eru skyldutryggðir, í frjálsri tryggingu. Fer um þá tryggingu á sama hátt og skyldutryggingu með þeim sérákvæðum, sem er að finna í 20. gr. tryggingarlaganna. *Er slík trygging því aðeins gild, að allra þeirra ákvæða sé gætt.* 21. febr.

Tími og störf.

Það leiðir af sjálfu sér, að menn eru slysatryggðir á því tímabili aðeins, sem lögskylt er að tryggja þá, eða til hefir verið tekið í skráningu til frjálsrar tryggingar, og við þau störf ein, sem tryggingarskyld eru, eða tilgreind hafa verið í frjálsri tryggingu. Við önnur störf eða á öðrum tíma telst maðurinn ótryggður.

Greina verður hér enn á milli skyldutryggingar og frjálsrar tryggingar.

Maður, sem slasast við störf, sem eru tryggingarskyld, er tryggður þótt vanrækt hafi verið að tilkynna trygginguna, störf eða tíma eða hvorutveggja — eða þótt vanrækt hafi verið, að greiða iðgjöld, en sá, er skyldu bar til að annast trygginguna, skal þá sæta sektum. Hinsvegar, ef maður slasast áður en *trygging er hafin,* eða *eftir* að henni er slitið — þó litlu muni um tímann — er hann ótryggður. Sömuleiðis er hann ótryggður, ef hann slasast við störf eða atvik, sem óviðkomandi eru atvinnurekstri þeim, sem hann er tryggður við, enda þótt það vilji til á tryggingartímabilinu. Það verður að fara eftir tilhögun þeirri, sem er á skráningu til tryggingar (sem lýst er annars staðar) hvenær tryggingartími getur talizt hafinn, og hvenær talizt getur að honum sé slitið.

Í frjálsri tryggingu er tryggingartími og tryggingarstörf alltaf það, sem til hefir verið sagt fyrirfram við skráningu til tryggingarinnar.

Meðferð slysamála.

Slysabætur eru þrennskonar: Dagpeningar, örorkubætur og dánarbætur auk sjúkrahjálpar, sem að jafnaði greiðist samhliða dagpeningum. Tryggingin greiðir og læknum tiltekið gjald fyrir áskilin læknisvottorð með slysabótamálum.

Meðferð slysamála er mismunandi eftir því um hvaða tegund slysabóta er að ræða.

Dagpeningar.

Tryggingin greiðir dagpeninga, að loknum biðtímanum. Biðtíminn getur verið nokkuð mismunandi og eru nánari skýringar á því að finna í 10. gr. laganna.

Þegar slys ber að höndum, sem ætla má að greiða beri bætur fyrir eftir lögum tryggingarinnar, ber atvinnurekandanum, eða þeim öðrum, sem hafa slysatryggt sjálfa sig eða aðra, að senda þegar tilkynningu um slysið, ritaða á eyðublað tryggingarinnar fyrir slíkar tilkynningar. Tilkynninguna ber að senda hlutaðeigandi umboðsmanni tryggingarinnar. Umboðsmenn tryggingarinnar eru allir lögreglustjórar, og í umboði þeirra aftur hreppstjórar, þeir, er annast skrásetningu til tryggingar, fyrir þeirra hönd. Í Reykjavík annast lögreglustjóri skráningar til sjómannatryggingar, en aðalskrifstofan til iðntryggingar. Þó sér tollstjóri um alla innheimtu iðgjalda af bifreiðarstjórum. Hlutaðeigandi umboðsmaður telst sá, er skrásett hefir hinn slasaða til tryggingar (frjáls trygging), eða atvinnurekstur þann, er slasaði er tryggður við. Tilkynningin sendist hlutaðeigandi umboðsmanni tryggingarinnar, til þess að hann votti, hvort hinn slasaði var tryggður og slasaðist við tryggingarskylda vinnu, eða tryggða vinnu (frjáls trygging). Slíkt vottorð getur enginn gefið, nema sá umboðsmaður, sem skrásett hefir trygginguna. — Vottorð þau, sem um þetta eru gefin, skulu gefin sem embættisvottorð.

Svo fljótt, sem við verður komið, skal hinn slasaði leita læknis. Læknirinn gefur vottorð um slysið, og ásigkomulag slasaða, á eyðublað, sem tryggingin leggur til

222 (læknisvottorð I). Læknisvottorðið ber að láta fylgja tilkynningunni um slysið. Til-
21. febr. kynningu og læknisvottorði um fyrstu skoðun skal jafnan fylgja til tryggingarinnar vottorð þess, sem skrásett hefir trygginguna, hvort sem það hefir verið lögreglustjóri sjálfur, eða hreppstjóri í umboði hans, um það, að hinn slasaði hafi verið tryggður þegar slysið vildi til og yfir hvaða tímabil, sé um að ræða þannig tímabundna tryggingu að það sé hægt, að hann hafi slasazt við hina tryggðu vinnu, hvort iðgjöld voru greidd og hvort um var að ræða frjálsa tryggingu eða skyldutryggingu. Vottorðið sé ýtarlegt og ótvírætt. Þessi þrjú málsskjöl (tilkynninguna, læknisvottorð I og tryggingarvottorð) ber að láta fylgjast að. Hafi þau safnast fyrir í höndum hreppstjóra, getur hann sent þau beint til tryggingarinnar eða til lögreglustjóra áleiðis til tryggingarinnar.

Undanteknar frá því að senda tilkynningu um slys til umboðsmanns tryggingarinnar, eru ríkisstofnanir og þeir aðrir, sem greiða iðgjöld beint til tryggingarinnar. Geta umboðsmenn tryggingarinnar ekki vottað um tryggingu slíkra manna. Ber því að senda áskilin málsskjöl af forráðamönnum slíkra fyrirtækja beint til aðalskrifstofunnar.

Allir þeir, sem geta vænst að þurfa að tilkynna slys, skulu útvega sér eyðublöð tryggingarinnar undir tilkynningar um slys. Þau fást á skrifstofu tryggingarinnar og hjá lögreglustjórum.

Þegar tryggingunni hafa borizt framangreind málsgögn þannig útbúin, sem hún tekur gild, getur hún metið, hvort slasaði á rétt til dagpeninga. Til þess að ákveða, hve lengi ber að greiða dagpeninga, þarf framhaldandi vottorð frá lækni, sem skoðar slasaða síðar og gefur vottorð um skoðunina á eyðublað, sem tryggingin leggur til (dagpeningavottorð). Vottorð þessi eru þó þýðingarlaus fyrr en komið er fram yfir biðtímann. Bætur eru svo ákveðnar eftir þessum framhaldsvottorðum læknanna til þess tíma í lengsta lagi, sem vottorðið er dagsett, ella til þess tíma, sem slasaði er metinn vinnufær eftir vottorðinu. Dagpeningavottorð ber að senda beint til tryggingarinnar. Þýðingarlaust er að láta lækni skoða sig í því skyni að senda tryggingunni vottorð um skoðunina, tíðar en á vikufresti, fyrir þá sem búa næst tryggingunni, ella svo oft sem ferðir falla til Reykjavíkur, eða slasaði kýs. Þó verður að gæta þess, að læknisskoðanir séu ekki svo strjálar, að ekki sé hægt að rekja sambandið á milli slyssins og óvinnufærni slasaða. Ekki er nauðsynlegt að slasaði láti allaf sama lækni skoða sig.

Örorkubætur.

Ef hinn slasaði verður fyrir varanlegum orkumissi af afleiðingum slyss við tryggða vinnu, bera honum örorkubætur eftir mati tryggingarinnar, en þó því aðeins að orkumissirinn sé metinn af tryggingunni 20% eða meira. Örorkubætur koma ekki til greina fyrr en útséð er um, hve mikið varanlegt orkutap mannsins verður. Þó getur tryggingin greitt nokkurn hluta bótanna áður en fullséð er um orkumissi, ef ætla má að vinnuhæfni slasaða, að dómi tryggingarlæknis, muni undir öllum kringumstæðum skerðast að meira en ⅕. Þar, sem örorkubótamál þannig eru beint framhald af dagpeningamálum, þá er og meðferð þeirra í upphafi öll hin sama og að framan greinir um dagpeningamál. Framhaldið er þannig, að læknir skoðar hinn slasaða á ný og gefur lýsingu á afleiðingum slyssins á sérstakt eyðublað, sem tryggingin leggur til (örorkuvottorð). Eftir því vottorði metur tryggingin svo varanlegan orkumissi slasaða. Sé orkumissirinn metinn minni en 20% (⅕), hefir slasaði ekki rétt til bóta, ella í hlutfalli við það, hve mikill orkumissirinn er metinn, allt upp í fullar örorkubætur — 6000 krónur

Tryggingin hefir sérstakan lækni til ráðuneytis um mat á dagpeningarétti og örorkubótarétti.

Örorkuvottorð er tekið gilt sem umsókn slasaða um örorkubætur. Þarf því enga sérstaka umsókn að senda um örorkubætur með örorkuvottorði, en hinsvegar er tilgangslaust að senda sérstaka umsókn um örorkubætur nema örorkuvottorð frá lækni fylgi. 222 21. febr.

Dánarbætur.

Þegar tryggður maður deyr af afleiðingum slyss, greiðir tryggingin dánarbætur til eftirlátinna vandamanna. Réttur eftirlátinna vandamanna til dánarbóta fer eftir þeim reglum, sem lög tryggingarinnar tiltaka.

Dánarbætur eru mjög mismunandi eftir því, hvernig er ástatt um eftirlátna vandamenn hins látna og getur jafnvel farið svo, að tryggingunni beri engar dánarbætur að greiða, enda þótt hinn látni hafi verið slysatryggður. Annars er eðli dánarbótanna fyrst og fremst það, að veita eftirlátnum vanda- og venzlamönnum, sem hafa verið að einhverju leyti á framfæri hins látna, fjárhagslegan stuðning, misjafnlega mikinn eftir því, að hve miklu leyti þeir voru á framfæri hans. Nánari upplýsingar um upphæð bótanna er að finna í 11. gr. laganna.

Til ákvörðunar um dánarbætur þarf tilkynningu og vottorð umboðsmanns um tryggingu, samskonar og með dagpeningamáli, ennfremur vottorð læknis á eyðublað um fyrstu skoðun (læknisvottorð I), er staðfesti það, að maðurinn hafi látizt af afleiðingum slyssins. Ef maðurinn hefir beðið bana af slysinu þegar í stað, eða svo fljótt, að ekki hafi náðst til læknis áður en hann lézt, þá verður venjulegt dánarvottorð að koma í staðinn fyrir læknisvottorð I. Loks þarf skýrslu viðkomandi skiptaráðanda um eftirlátna vanda- og venzlamenn. Tryggingin gefur út eyðublöð fyrir slíkar skýrslur.

REGLUGERÐ

223 21. febr.

um frjálsar slysatryggingar.

Stjórn.

1. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins starfrækir sérstaka deild innan slysatryggingarinnar, sem tekur að sér frjálsar tryggingar á einstökum mönnum. Deild þessi hefir sérstakan fjárhag, aðskilinn frá öðrum deildum slysatryggingarinnar. Stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins hefir yfirstjórn deildar þessarar á sama hátt og annara deilda slysatryggingarinnar.

Tryggingarsvið.

2. gr.

Tryggingin nær til slysa, sem hinn tryggði verður fyrir og sem sannast innan 6 mánaða frá því slysið varð, að valdi óvinnuhæfni, örorku að nokkru eða öllu leyti eða dauða, enda sé slysið sannanlega hin raunverulega orsök og bótaskylt samkvæmt eftirfarandi reglum. Þó greiðir tryggingin ekki örorkubætur, ef orkutapið nær ekki $\frac{1}{10}$ (10%) af heildarorku hins slasaða.

Til slysa teljast hverskonar áverkar, er menn verða fyrir, og afleiðingar þeirra. Ennfremur kviðslit og tognanir, sem orsakast af snöggum viðbrögðum eða átökum. Þá greiðast og bætur fyrir blóðeitrun og ígerðir, ef sannanlegt er að slys hafi valdið þeim.

Ef rekja má dauða hins tryggða að nokkru eða öllu leyti til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar, sem bjó í honum, er slysið vildi til eða byrjaði síðar, án þess

223 21. febr. þó að orsakast af slysinu, greiðast engar dánarbætur. Ef slíkar orsakir eru fyrir hendi í sambandi við óvinnuhæfni eða örorku, og hafa valdið slysinu eða því, að slysið hefir haft meiri áhrif en ella, skulu bætur falla niður eða lækka í hlutfalli við það.

Takmarkanir á bótaskyldunni.

3. gr.

Tryggingin greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

a. stríði eða stríðsundirbúningi, sprengiduflum, uppreisnum, eldgosum, jarðskjálftum, vatnsflóðum eða öðrum slíkum náttúruhamförum;
b. ölæði eða þátttöku í áflogum, eða við að fremja glæpi;
c. mikilli óvarkárni eða broti á gildandi öryggisreglum, nema um sé að ræða björgun mannslífa;
d. skeytingarleysi, svo sem ef hinn tryggði framkvæmir á sér aðgerðir, t. d. rífur ofan af bólum, vörtum, líkþornum o. þ. h.;
e. notkun lækningatækja (háfjallasól, diathermi, röntgen, radium), eða læknisaðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni, að ráða bót á afleiðingum slyss;
f. yfirliði, svima, lömun, geðbilun eða öðru slíku sjúklegu ástandi eða veiklun.

Tryggingin bætir heldur ekki slys, sem slysatryggð kona verður fyrir meðan á meðgöngutíma stendur, eða fyrstu 14 daga eftir fæðingu, nema það standi sannanlega á engan hátt í sambandi við þungunina.

Enda þótt slys megi að einhverju leyti teljast orsök, greiðir tryggingin ekki bætur fyrir eftirfarandi sjúkdóma eða sjúkdómsástand: Malaría, útbrotataugaveiki, heimakomu eða aðra bakteríusjúkdóma, taugaveiklun, kviðslit, sbr. þó 2. gr., varicocele, æðahnúta, sinaskeiðabólgu, garnaflækju, botnlangabólgu, berkla, krabbamein, hryggtak (lumbago), þjótak (ischias), taugagigt, liðagigt, hægðatregðu, né eitrun, sem stafar af neyzlu eitraðra eða skaðlegra efna, matar, drykkjar eða meðala.

Sérstakar áhættur.

4. gr.

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slysa, sem verða við íþróttasamkeppni, fjallgöngur, skíðaferðir, kappreiðar, knattspyrnu, hnefaleik, glímu, flug, kafbátaferðir eða bifhjólastjórn, og ekki heldur slys á farþega í hliðarsæti á bifhjóli. Bætur greiðast ei heldur fyrir drukknun, sem verður við böðun, nema fyllilega sé sannað, að slysið hafi stafað af öðru en gáleysi eða veiklun.

Tryggingunni er þó heimilt að tryggja gegn slysum, sem verða kunna á einhvern fyrrgreindan hátt, ef þess hefir verið óskað áður og aukaiðgjald verið greitt samkvæmt sérstakri ákvörðun stofnunarinnar.

Hvar tryggingin gildir.

5. gr.

Tryggingin greiðir fyrir slys, sem hinn tryggði verður fyrir á Íslandi og á ferðum í Evrópu, og jafnframt á venjulegum farþegaskipum milli hafna í Evrópu, með þeim undantekningum, sem segir í 2. og 3. gr. Ef hinn tryggði óskar eftir tryggingu undir öðrum kringumstæðum, verður að greiða fyrir það sérstakt aukaiðgjald, sem stofnunin ákveður. Tryggingarstofnunin getur ákveðið að tryggingin nái ekki til ferðalaga í einstökum löndum eða landshlutum eða einstökum leiðum, ef hún telur sérstaka áhættu því samfara.

Það er skilyrði fyrir gildi tryggingarinnar, að á sjóferðalögum séu notuð venjuleg farþegaskip og á landi fólksbifreiðar eða járnbrautarlestir. Ferðir með flutninga-

skipum, vélbátum, bifhjólum, flugvélum eða landkönnunarferðir o. þ u. l. eru ekki innifaldar í tryggingunni, nema það sé tilkynnt áður og viðbótariðgjald greitt. Annars er tryggingin ógild. 223 21. febr.

Hverjir ekki eru tækir í tryggingu — aldurstakmark —.

6. gr.

Ekki má taka í tryggingu menn, sem eru blindir, nærsýnir (meira en 8 dioptriur), heyrnarlausir eða mjög heyrnardaufir, geðbilaðir, lamaðir eða menn, sem haldnir eru af eða hafa þjáðst af flogaveiki eða krampa. Sömuleiðis nær tryggingin ekki til þeirra manna, sem þjáðst af sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklunum, eða eru hneigðir til ofdrykkju, eiturlyfjanautnar eða þesshátta.

Bótaskylda tryggingarinnar fellur niður, ef það sýnir sig eftir að vátryggingarskírteinið hefir verið gefið út, að einhverjir af fyrnefndum sjúkdómum hafa verið til staðar eða orsakir sjúkdómsins, enda þótt hann hafi ekki komið fram fyr en síðar.

Menn innan 18 ára og yfir 60 ára eru ekki tækir í tryggingu. Gildandi tryggingu má þó framlengja til 65 ára aldurs, og með sérstöku leyfi til 70 ára. Fólk yfir 55 ára greiði 10% aukaiðgjald.

Eineygðir menn greiði 25% aukaiðgjald, og fyrir augnmissi greiðist þeim aðeins eins og þeir hefðu misst eitt auga.

Iðgjaldagreiðslur og gildistaka tryggingarinnar.

7. gr.

Iðgjaldið fellur í gjalddaga daginn, sem tryggingin á að öðlast gildi, og hefst bótaskylda tryggingarinnar um leið og iðgjaldið er greitt, og tryggingarskírteini afhent. Við endurnýjun skal hinn tryggði þó hafa 7 daga frest fram yfir gjalddaga, áður en tryggingin fellur úr gildi.

Breyting á starfi eða starfsháttum.

8. gr.

Ef hinn tryggði breytir um starf, skal strax tilkynna það tryggingunni. Er þá tekin ákvörðun um, hvort tryggingin geti gilt áfram og með hvaða skilmálum. Sé synjað um tryggingu, endurgreiðist sá hluti af iðgjaldinu, sem svarar til þess tíma, sem eftir var af tryggingartímanum.

Vinni tryggingarbeiðandi fleiri störf mismunandi áhættumikil, skal iðgjaldið miðast við það starf, sem telst áhættumest.

Nú verður tryggður maður fyrir slysi, en síðan kemur í ljós að hann hefir unnið við önnur störf en trygging hans nær til, er slysið varð. Ef þau störf eru þannig vaxin, að ætla má að Tryggingarstofnunin hefði eigi tekið manninn í tryggingu, fellur bótaskylda niður, en ef telja má víst að hann hefði fengið tryggingunа gegn hærra iðgjaldi, greiðir tryggingin bætur eftir hlutfallinu milli hins greidda iðgjalds og þess iðgjalds, sem greiða bar.

Ráðstafanir er slys ber að höndum.

9. gr.

Ef slys ber að höndum, skal hinn slasaði þegar leita læknis og fara í öllu eftir fyrirmælum hans. Slysið verður að tilkynna tafarlaust á þar til gerð eyðublöð, sem tryggingin lætur í té, og ef þau eru ekki við hendina, þá til bráðabirgða á annan hátt.

Við dauðsfall skal slysið tafarlaust tilkynnast símleiðis.

Tryggingin getur hvenær sem er látið rannsaka heilsufar hins slasaða með læknisskoðun eða á annan hátt.

223 21. febr.

Bætur.

10. gr.

A. Dagpeningar.

Slysabætur eru fernskonar: Dánarbætur, örorkubætur, dagpeningar og sjúkrahjálp. Tryggingarbeiðandi getur valið um hvort hann vill taka allar þessar tryggingar eða aðeins einhverjar þeirra. Þó er ekki hægt að fá tryggingu nema örorkutrygging sé ávallt tekin. Dánarbótaupphæðin má aldrei nema hærri upphæð en örorkutryggingin, dagpeningaupphæðin ekki meiru en ½‰ (hálfum af þúsundi) og trygging fyrir sjúkrahjálp aldrei meira en ¼‰ (einum fjórða af þúsundi) af örorkutryggingunni. Ef tryggt er bæði fyrir dagpeningum og sjúkrahjálp, má samanlögð tryggingarupphæðin á dag ekki nema meiru en ½‰ (hálfum af þúsundi) af örorkutryggingunni.

Valdi slysið vinnutjóni lengur en 5 daga, greiðir tryggingin dagpeninga frá þeim degi, sem slasaði varð óvinnufær, þar til hann aftur getur tekið til starfa. Sé hinn slasaði ekki algerlega óvinnufær lækkar dagpeningagreiðslan hlutfallslega við vinnuhæfni hans. Dagpeningar greiðast þó aldrei meðan hinn slasaði heldur óskertu kaupi og aldrei lengur en 180 daga vegna eins og sama áfalls, né lengur en 180 daga á einu ári. Sjúkrahjálp greiðist jafn lengi og dagpeningar.

Ef hinn slasaði tryggir sér sjúkrahjálp, er tryggingin bundin eftirfarandi skilyrðum:

„Tryggingin nær til greiðslna nauðsynlegra útgjalda í sambandi við sjúkrakostnað, er af slysum kann að leiða, þó ekki yfir kr. .... á dag. þangað til hinn slasaði þarfnast eigi lengur sjúkrahjálpar vegna slyssins, og aldrei lengur en 180 daga fyrir eitt og sama slys, reiknað frá þeim degi sem læknisstundun hófst.

Til sjúkrahjálpar telst: nauðsynlegar greiðslur til læknis og sjúkrahúsa, lyf og umbúðir, sjúkrakostnaður og nauðsynlegar ferðir á milli heimilis slasaða og sjúkrahúss og nauðsynlegar röntgenmyndatökur. Auk þess greiðist fyrir nuddaðgerðir, ef trúnaðarlæknir tryggingarinnar telur þær nauðsynlegar. Bætur greiðast ekki fyrir dvöl á hressingarhælum eða baðstöðum, gervilimi eða aukakostnað vegna nauðsynlegrar fæðubreytingar. Ekki greiðist heldur fyrir hjúkrun nema hún sé framkvæmd af útlærðu hjúkrunarfólki eða hjúkrunarnemum. Tryggingin hefir rétt til að krefjast kvittana fyrir greiddum sjúkrakostnaði.

Ef hinn tryggði á kröfu til sjúkrahjálpar frá öðrum aðilja, greiðist aðeins sá hluti hennar, sem ekki greiðist annarsstaðar að."

B. Örorka.

Ef af slysinu leiðir varanlegur orkumissir innan eins árs, greiðir tryggingin örorkubætur í eitt skipti fyrir öll, eftir mati tryggingarlæknis. Dagpeningagreiðslur falla niður um leið og örorkubætur eru ákveðnar.

Við ákvörðun orkumissis er eftirfarandi tafla notuð til hliðsjónar:

Missir beggja handa eða handleggja	100 %
— beggja ganglima	100 —
— handar eða handleggs og ganglims	100 —
— sjónar á báðum augum	100 —
— hægri handleggs í eða fyrir ofan olnboga	60 —
— — handar fyrir neðan olnboga	50 —
— vinstri handleggs í eða fyrir ofan olnboga	50 —
— — handar fyrir neðan olnboga	40 —
— ganglims	60 —
— — um mitt læri	55 —
— — — hné	50 —

Missir ganglims um miðjan legg	45 %
— fótar	40 —
— á öðru auga	30 —
— á sjón á öðru auga	20 —
— á hægri þumalfingri	20 —
— á vinstri þumalfingri	15 —
— á hægri vísifingri	15 —
— á vinstri vísifingri	10 —
— heyrnar á báðum eyrum	50 —
— — á öðru eyra	10 —

Við ákvörðun orkumissis er ekki aðeins tekið tillit til vinnu þeirrar, sem hinn tryggði vann fyrir slysið, heldur einnig annara starfa, sem hinn slasaði kynni að vera fær um að vinna.

Missir á útlim, sem áður var bæklaður, veitir ekki rétt til örorkubóta nema í hlutfalli við þann missi, sem hinn tryggði varð fyrir. Bætur fyrir líkamslýti eða þjáningar greiðast ekki.

C. Dauðsföll.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því að það ber að höndum, greiðast dánarbætur að frádregnum þeim örorkubótum, sem kunna að hafa verið greiddar.

Greiðslur slysabóta.

11. gr.

Þegar tryggingunni hafa borizt nauðsynleg gögn í hendur til þess að taka ákvörðun um slysabætur, getur greiðsla bóta að öllum jafnaði farið fram. Dagpeninga má greiða smátt og smátt eftir því sem vottorð koma frá lækni, sem sýni að hinn slasaði sé óvinnufær Sjúkrahjálp þegar reikningar berast frá réttum aðiljum. Örorkubætur má greiða þegar fullséð er um hve miklar varanlegar afleiðingar slysið hefir, og dánarbætur strax þegar borizt hafa fullnægjandi sannanir fyrir greiðsluskyldu tryggingarinnar og hverjir séu réttir erfingjar hins tryggða.

Uppsögn tyggingar eftir slys.

12. gr.

Tryggingarstofnunin hefir rétt til að segja upp tryggingu með viku fyrirvara eftir að slys hefir borið að höndum, og skal þá endurgreiða hinum tryggða iðgjald fyrir þann hluta af tryggingartímabilinu, sem eftir er. Uppsögn þarf þó að tilkynna innan eins mánaðar eftir að slysið var endanlega bætt.

Rangar upplýsingar.

13. gr.

Nú kemur í ljós að tryggður maður hefir gefið Tryggingarstofnuninni rangar upplýsingar er hann var tekinn í tryggingu, meðan trygging hans var í gildi eða í sambandi við ákvörðun slysabóta eða iðgjaldagreiðslu, og getur eigi fært sönnur á að hann hafi gert það óviljandi og fellur þá réttur hans til bóta niður.

Fyrning.

14. gr.

Tryggingunni ber ekki skylda til að greiða bætur fyrir slys, ef krafa frá þeim slasaða hefir ekki borizt í hendur hennar innan 4 mánaða frá því afleiðingar slyssins komu í ljós.

223 21. febr.

Endurnýjun á tryggingu.

15. gr.

Ef tryggingin er tekin til að minnsta kosti eins árs og ekki samið um annað, telst hinn tryggði óska framlengingar á tryggingu sinni til jafnlangs tíma, nema hann hafi sagt henni upp með í minnsta lagi eins mánaðar fyrirvara.

Ágreiningur.

16. gr.

Rísi ágreiningur um úrskurð slysabóta milli hins tryggða og stofnunarinnar, skal áfrýja úrskurðinum til tryggingarráðs. Sætti aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, má bera málið undir dómstóla.

Sjúkratryggingar.

17. gr.

Tryggingarstofnuninni er heimilt að taka að sér að tryggja menn gegn afleiðingum sjúkdóma, með því að gefa þeim kost á að tryggja sér dagpeningagreiðslur, ef þeir verða óvinnufærir að nokkru eða öllu leyti, og ef tekjur þeirra rýrna eða falla niður vegna sjúkdóms. Hinsvegar nær slík trygging ekki til örorku eða dauðsfalla af völdum sjúkdóma. Sjúkratryggingin verður ávallt að vera í sambandi við slysatryggingu, og mega sjúkradagpeningar ekki vera hærri en slysadagpeningar.

Þó skulu aldrei greiðast dagpeningar vegna eins og sama sjúkdóms lengur en 90 daga (í eitt skipti fyrir öll) og ekki lengur en 90 daga á sama ári, þó um fleiri sjúkdóma sé að ræða.

Tryggingarsvið.

18. gr.

Tryggingin greiðir ekki fyrir:

1. geðveiki, geðbilanir eða taugaveiklun, hverrar tegundar sem er, ofþreytu eða svefnleysi. Ekki heldur sjúkdóma, sem stafa af neyzlu áfengis, nikotins, morfins, kokains eða annarra slíkra deyfi- og nautnalyfja;
2. sjúkdóma í móðurlífi, þungun, fæðingu, né sjúkdóma í sambandi við slíkt;
3. sjúkdóma, þar sem engin ytri einkenni eru sjáanleg. Fyrir sjúkdóma greiðast aðeins bætur fyrir þá daga, sem hinn tryggði eftir læknisráði er annaðhvort á spítala eða rúmliggjandi.

Konur, sem aðallega stunda hússtörf, fá aðeins bætur fyrir þann tíma, sem þær samkvæmt læknisráði eru rúmliggjandi.

Gildi tryggingarinnar.

19. gr.

Bótaskylda tryggingarinnar hefst 30 dögum eftir að iðgjald hefir verið greitt og nær aðeins til sjúkdóma, sem fyrst gera vart við sig eftir þann tíma.

Ef iðgjald greiðist ekki á réttum degi við framlengingu á tryggingu, greiðist aðeins fyrir sjúkdóma, sem gera vart við sig eigi fyrr en 8 dögum eftir að framlengingariðgjaldið var greitt.

Bætur.

20. gr.

Sjúkradagpeningar greiðast frá og með 4. degi eftir að læknisstundun hófst og meðan sjúklingurinn er stundaður að staðaldri.

Fullir dagpeningar greiðast því aðeins að hinn tryggði sé alveg ófær til vinnu. Annars greiðast dagpeningar í hlutfalli við það, hve vinnuhæfni hins tryggða hefir skerzt mikið.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um slysatryggingar þar, sem þau geta átt við.

Trygging á farþegum í einkabifreiðum.

21. gr.

Heimilt er að tryggja gegn slysum, er farþegar í einkabifreiðum verða fyrir við akstur þeirra og stafa af árekstri, veltu eða öðrum slíkum óhöppum. Auk þess greiðist fyrir slys, sem eru í beinu sambandi við viðgerðir á bílum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að ferðir geti haldið áfram.

Það sem ekki er tryggt.

22. gr.

Tryggingin greiðir ekki fyrir slys við bifreiðaakstur:

1. ef bifreiðinni er ekið af manni, sem ekki hefir ökuréttindi eða er undir áhrifum víns;
2. við kappakstur eða æfingar undir kappakstur.

Ekki eru greiddar bætur fyrir menn undir 18 ára eða yfir 70 ára aldur við dauðsfall, nema sem svarar kostnaði við útför, og þá aldrei hærri upphæð en sem svarar til 15% af vátryggingarupphæðinni miðað við dauðsfall.

Vátryggingarupphæð.

23. gr.

Enginn farþegi er tryggður fyrir hærri upphæð en sem hlutfallslega fellur á hvert sæti í bifreiðinni. Séu fleiri farþegar í bifreiðinni en hún er ætluð fyrir, lækkar vátryggingarupphæð hvers einstaks í hlutfalli við það. Bifreiðarstjórinn er ekki tryggður með farþegum nema þess sé getið sérstaklega og iðgjald greitt fyrir hann.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um slysatryggingar þar, sem þau geta átt við.

Ýms ákvæði.

24. gr.

Tryggingin hefir frjálst val um hvort hún greiðir slysabætur beint til þess, sem vátrygginguna hefir keypt, eða hins slasaða.

25. gr.

Ef hinn tryggði á rétt til bóta frá aðilja, er sök kann að eiga á slysinu, greiðir slysatryggingin aðeins þann hluta bótanna, sem ekki greiðist annarsstaðar að.

26. gr.

Tryggingarskírteini, sem út eru gefin samkvæmt reglugerð þessari, eru stimpilfrjáls.

223 27. gr.
21. febr. Um þau atriði, sem eigi eru fram tekin í reglugerð þessari, fer eftir lögum og reglum slysatryggingarinnar eftir því, sem þau geta átt við.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

224
21. febr.

IÐGJALDASKRÁ

og atvinnuflokkun í frjálsri slysatryggingu.

A. Iðgjaldaskrá.

Áhættuflokkar	Við dauðsföll kr. 1000.00	Við örorku kr. 1000.00	Dagpeningar kr. 1.00 á dag
1.	1.10	1.10	4.90
2.	1.35	1.35	6.30
3.	1.60	1.60	8.00
4.	1.90	1.90	10.00
5.	2.15	2.15	12.00
6.	2.45	2.45	14.00
7.	2.70	2.70	16.00
8.	3.00	3.00	18.25
9.	3.25	3.25	20.50

Iðgjald fyrir sjúkrahjálp er hið sama og dagpeningaiðgjaldið.

Viðbótariðgjöld vegna aukaáhættu.

Aukaáhætta	Við dauðsföll kr. 1000.00	Við örorku kr. 1000.00	Dagpeningar kr. 1.00 á dag
1. Bifhjólastjórn	0.75	0.75	3.50
2. Knattspyrna	0.40	0.75	2.50
3. Fimleikasamkeppni Hnefaleikur Kappreiðar Fjallgöngur Skíðaferðir	Iðgjald ákveðst sérstaklega.		

Iðgjald fyrir sjúkrahjálp er hið sama og dagpeningaiðgjaldið.

224
21. febr.

Ferðatrygging innan Evrópu.

Vátryggingartími	Iðgjöld: Dauðsföll kr. 1000.00	Örorka kr. 1000.00	Dagpeningar kr. 1.00 á dag
Allt að 1 viku	0.20	0.20	0.80
— að 2 vikum	0.30	0.30	1.20
— — 1 mán.	0.45	0.45	1.60
— — 2 —	0.60	0.60	2.00
— — 3 —	0.75	0.75	2.40
— — 4 —	0.90	0.90	2.80
— — 5 —	1.05	1.05	3.20
— — 6 —	1.20	1.20	3.60

Fyrir tryggingu, sem á að gilda fyrir ferðir utan Evrópu, ákveður stofnunin iðgjaldið sérstaklega. Lágmarksiðgjald er kr. 10.00.

Iðgjöld fyrir sjúkratryggingu.

Sjúkratryggingu er aðeins hægt að veita í sambandi við slysatryggingu, og með ekki hærri dagpeningum en hinn tryggði hefir óskað fyrir slysum.

Iðgjald um árið fyrir kr. 1.00 í dagpeninga.

Bótaskyldutími 90 dagar.

Aldur	Karlar	Konur
18—40	kr. 12.00	kr. 16.00
40—50	— 15.00	— 19.00
50—55	— 18.00	— 22.00

Lágmarksiðgjald kr. 25.00.
Fólk eldra en 55 ára er ekki tryggingarhæft.

Iðgjöld fyrir slysatryggingu á farþegum í einkabifreiðum.

	Við dauðsföll kr. 1000.00	Við örorku kr. 1000.00	Sjúkrahjálp kr. 1.00 á dag
Iðgjöld um árið	0.60	0.60	1.50

Með þessari tryggingu getur bifreiðareigandi tryggt farþega, er verða kunna fyrir slysum í bifreið hans. Tryggingarbeiðandi ákveður tryggingarupphæðina, sem skiptist niður á sætin. Bifreiðarstjórinn getur, ef óskað er sérstaklega, verið innifalinn í tryggingunni.
Lágmarksgjaldið er kr. 15.00.

Trygging um stuttan tíma.

Ef tryggingin á að gilda um skemmri tíma en eitt ár, greiðast eftirfarandi viðbótariðgjöld:

Fyrir allt að	1 mán.	trygginga	½	úr	ársiðgjaldi	að viðbættum	110	%
— — —	1—2 —	—	2/12	—	—	—	100	—
— — —	2—3 —	—	3/12	—	—	—	90	—

224 21. febr.

Fyrir allt að	3—4 mán.	tryggingu	4/12	úr	ársiðgjaldi	að	viðbættum		80 %
— — —	4—5 —	—	5/12	—	—	—	—		70 —
— — —	5—6 —	—	6/12	—	—	—	—		60 —
— — —	6—7 —	—	7/12	—	—	—	—		50 —
— — —	7—8 —	—	8/12	—	—	—	—		40 —
— — —	8—9 —	—	9/12	—	—	—	—		30 —
— — —	9—10 —	—	10/12	—	—	—	—		20 —
— — —	10—11 —	—	11/12	—	—	—	—		10 —
— — —	11—12 —	—	ársiðgjald.						

Brot úr mánuði reiknast sem heill mánuður.
Lágmarksiðgjald kr. 10.00.

Hóptrygging.

Hóptrygging er tegund tryggingar þegar margir menn, sem vinna við sama fyrirtæki, eru tryggðir á einu tryggingarskirteini af einum manni, er einnig sér um greiðslu iðgjaldsins.

Ekki er hægt að tryggja færri en 5 manns hjá sama fyrirtæki í hóptryggingu. Tryggingarupphæð hvers einstaks má vera mismunandi, þó má enginn einn einstakur vera tryggður fyrir hærri upphæð en sem svarar einum þriðja samanlagðrar tryggingar annara tryggðra starfsmanna.

Við tryggingu manna í hóptryggingu er að jafnaði nægilegt að gefa upp nafn, stöðu, vátryggingarupphæð og fæðingarár þeirra, sem tryggingar er óskað fyrir, ásamt yfirlýsingu um, að þeir séu fullfriskir, án nokkurrar veiklunar og ófatlaðir.

Fyrir hóptryggingu gilda þessi sérákvæði:

„Ef einhver hinna tryggðu fer úr þjónustu þess, er trygginguna hefir tekið, færist tryggingin sjálfkrafa yfir á þann, sem ráðinn er í hans stað, að því tilskildu að sá sem kom í hans stað sé fullfriskur, án nokkurar veiklunar og ófatlaður, og að tryggingunni sé tilkynnt það innan 14 daga eftir að mannaskiptin urðu. Ef enginn kemur í stað þess, er á þenna hátt fer úr þjónustu tryggingarbeiðanda, endurgreiðist sá hluti iðgjaldsins, er svarar til tryggingar hans, að frádregnum 25%."

Iðgjöld fyrir hóptryggingu.

Heimilt er að veita eftirfarandi afslátt á iðgjaldi þeirra manna, er tryggðir eru í hóptryggingu:

Fyrir 6—10 menn	10 %
— 11—20 —	15 —
— 21—50 —	20 —
— 50 menn eða fleiri	25 —

Afsláttur af iðgjöldum.

Ef dagpeningagreiðsla á ekki að hefjast fyrr en að liðnum ákveðnum tíma eftir að læknisskoðun hefir farið fram, veitist eftirfarandi afsláttur af iðgjaldinu:

8 daga	biðtími,	15 %	afsláttur	af	dagpeningaiðgjaldinu.	
15 —	—	25 —	—	—	—	
30 —	—	40 —	—	—	—	
60 —	—	50 —	—	—	—	
90 —	—	60 —	—	—	—	

Sömu ákvæði gilda um tryggingu sjúkrahjálpar.

B. Atvinnuflokkun.

Starfsgreinir.

	Áhættufl.
Arkitektar, sjá Húsameistarar.	
Baðhús- og sundhallarstarfsfólk	3.
Bifreiðarstjórn:	
a. Með vörubifreið	5.
b. — farþegabifreið og strætisvagn	4.
c. — einkabifreið	3.
Bæjarfógetar, sjá Sýslumenn.	
Dómarar, aðrir en sýslumenn	1.
Efnafræðingar, er vinna að tilraunum	3.
Fasteignasalar	2.
Gisti- og kaffihús:	
a. Eigandi eða framkvæmdarstjóri	2.
b. Þjónar	2.
c. Dyraverðir	2.
d. Hljómlistarmenn	2.
e. Annað starfsfólk — iðgjald ákveðst sérstaklega.	
Hafnsögustörf	6.[1]
Hjúkrunarstörf:	
a. Á geðveikrahælum	2.
b. — öðrum sjúkrahúsum	1.
Húsameistarar	2.
Húsverðir	3.
Kennarar:	
a. Smíðakennarar	3.
b. Danskennarar	3.
c. Hnefaleikakennarar	3.
d. Fimleikakennarar	2.
e. Söngkennarar	2.
f. Efnafræðikennarar með efnafræðilegum tilraunum	2.
g. Aðrir kennarar	1.
Kvikmyndasýningavélamenn	3.
Landmælingamenn	3.[1]
Leikarar	3.
Ljósmæður:	
a. Í kaupstöðum	2.
b. Út um land	3.
Lyfjafræðingar	2.
Læknar:	
a. Héraðslæknar	4.[2]
b. Praktiserandi læknar í Reykjavík	2.
c. — læknar annarsstaðar á landinu	3.
Lögfræðingar	1.
Lögreglustörf:	
a. Lögreglustjórar og fulltrúar	2.
b. Lögregluþjónar, aðallega við skrifstofustörf	3.
c. Götulögregluþjónar	5.

1) Tvöföld dauðsfallsiðgjöld.
2) Héraðslæknirinn í Vestmannaeyjum greiði tvöfalt dauðsfallsiðgjald.

224 21. febr.

	Áhættufl.
Lögtaksmenn	2.
Málarar (listmálarar)	3.
Myndhöggvarar	3.
Póststörf:	
a. Forstöðumenn pósthúsa í kaupstöðum	1.[1])
b. Afgreiðslumenn á bréfapóststofum	1.
c. — á bögglapóststofum	2.
d. Bréfberar	3.
e. Landpóstar	4.[2])
f. Póstmenn á skipum, sjá Sjósókn.	
Prentstörf:	
a. Prentsmiðjustjórar	2.
b. Handsetjarar	2.
c. Vélsetjarar	3.
d. Pressumenn	4.
Rafmagnsvinna:	
a. Vélgæzla	5.
b. Loftlínulagning og viðhald	5.[3])
c. Starfsmenn við háspennu	6.[3])
Safnverðir	1.
Síldar- og karfaverksmiðjur:	
a. Vélamenn	6.[4])
b. Mjölhúsamenn	6.[4])
c. Aðrir starfsmenn	6.
Símastörf:	
a. Skrifstofustörf	1.
b. Símaverkfræðingar og eftirlitsmenn	2.
c. Starfsfólk á miðstöð og ritsíma	2.
d. Símaviðgerðarmenn (aðeins innanhúss)	3.
e. Símalagnir og viðhald	5.[5])
Sjósókn:[3])	
1. Gufuskip og vélskip:	
A. Farþega- og flutningaskip, varðskip, flóabátar (yfir 50 lestir):	
a. Skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn, póstmenn	6.
b. Aðrir skipsmenn	7.
B. Veiðiskip yfir 75 lestir og flóabátar undir 50 lestir:	
a. Skipstjórar, stýrimenn, vélstjórar, loftskeytamenn	7.
b. Aðrir skipsmenn	8.
2. Vélbátar undir 75 lestir:	
Öll skipshöfnin	9.
Skrifstofustörf	1.
Slökkviliðsstörf:	
a. Slökkviliðsstjóri	4.
b. Aðrir slökkviliðsmenn	7.
Stefnuvottar	2.
Sýslumenn	2.

1) Forstöðumenn pósthúsa, sem þurfa stöðu sinnar vegna að sækja póst um borð í skip, þar sem ekki er hafskipabryggja, greiði þrefalt dauðsfallsiðgjald.
2) Þrefalt dauðsfallsiðgjald.
3) Tvöfalt dauðsfallsiðgjald.
4) Tvöfalt örorkuiðgjald.
5) Tvöföld dauðsfalls- og örorkuiðgjöld.

	Áhættufl.
Tannsmiðir	2.
Tollgæzla	4.
Trésmíði, járnsmíði og blikksmíði:[1]	
a. Framkvæmdarstjóri (aðeins eftirlit)	2.
b. Með aflvélum	5.
c. Án aflvéla	3.
Útvarp:	
a. Stjórn, skrifstofustjóri, þulur	1.
b. Verkfræðingar	2.[2]
c. Viðgerðarmenn	3.[2]
d. Starfsmenn við háspennuleiðslu	6.[2]
Vélgæzla	5.
Verzlunarstörf:	
a. Skrifstofumenn	1.
b. Verkstjórn í vörugeymslu	3.
c. Aðrir vöruhúsastarfsmenn	4.
d. Starfsmenn í matvöruverzlunum	2.
e. — í járnvöruverzlunum	2.
f. — í kjötverzlunum	2.[1]
g. — vefnaðarvöruverzlunum	1.
h. Sölumenn innanbæjar	2.
i. Sölumenn (úti um land)	3.
j. Sendistörf:	
1. Vörusendlar	4.
2. Aðrir sendlar	2.

Iðnaðarfyrirtæki: Fyrir starfsfólk, sem vinnur við önnur iðnaðarfyrirtæki en þau, sem eru talin í iðgjaldaflokkun þessari, ákveðst iðgjaldið sérstaklega.

Iðgjaldaskrá þessi og atvinnuflokkun í frjálsri slysatryggingu er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

225
24. nóv.

um breyting á reglugerð frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða ½‰ — hálfan af þúsundi — af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr., og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað, í Reykjavík til tollstjóra.

---

1) Tvöfalt örorkuiðgjald.
2) Tvöfalt dauðsfallsiðgjald.

225
24. nóv.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 12. september 1939 um sölu og útflutning á vörum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1939.

Ólafur Thors.

Vigfús Einarsson.

226
4. des.

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Borgarneshreppi í Mýrasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóvember 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922, og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Borgarneshreppi, og aðganga er seld að.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:
- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

II. flokkur:
- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar almennar skemmtanir, sem aðganga er seld að og ekki eru taldar hér sérstaklega.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í fyrsta flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í öðrum flokki. Ef skemmt er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá skattgreiðslu fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða til eflingar fræðslu- og menningarstarfsemi innan hreppsins.

5. gr.

Hreppsnefnd Borgarneshrepps hefir eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins, og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

226
4. des.

6. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina.

Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða, og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sérstakan sjóð, er hreppsnefnd stjórnar. Fé sjóðsins skal varið til hverskonar menningarstarfsemi í Borgarneshreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar a. m. k. fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 4. desember 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

227

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Fiskimannasjóðs Kjalarnesþings 1938.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári:			
a. Veðskuldabréf	kr.	42500.00	
b. Bankavaxtabréf	—	7100.00	
c. Sparisjóðsinnstæða	—	6288.31	kr. 55888.31
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	2242.50	
b. — bankavaxtabréfum	—	319.50	
c. — sparisjóðsinnstæðu	—	287.48	— 2849.48
			Kr. 58737.79

227

Gjöld:

1. Styrkur til ekkna sjómanna			kr. 2550.00
2. Eyðublöð			— 43.65
3. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr. 42500.00		
b. Bankavaxtabréf	— 7100.00		
c. Sparisjóðsinnstæða	— 6544.14		— 56144.14
			Kr. 58737.79

Tollstjórinn í Reykjavík, 28. janúar 1939.

Jón Hermannsson.

228

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs Vestur-Skaftafellsprófastsdæmis fyrir árið 1938.

Tekjur:

1. Hörgslandshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 1407.15		
Vextir 1938	— 73.17		kr. 1480.32
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 749.53		
Vextir 1938	— 38.98		— 788.51
3. Leiðvallarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 574.68		
Vextir 1938	— 29.88		— 604.56
4. Skaftártunguhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 350.02		
Vextir 1938	— 18.20		— 368.22
5. Álftavershreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 653.68		
Innl. kr. 18.00. Vextir 1938 kr. 34.40	— 52.40		— 706.08
6. Hvammshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 535.54		
Vextir 1938	— 27.85		— 563.39
7. Dyrhólahreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1937	kr. 258.04		
Vextir 1938	— 13.42		— 271.46
			Kr. 4782.54

Gjöld: 228

1. Hörgslandshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938			kr. 1480.32
2. Kirkjubæjarhreppsdeild:			
Styrkur veittur af ársvöxtum 1938	kr.	29.22	
Í sjóði 31. des. 1938	—	759.29	
			— 788.51
3. Leiðvallarhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938			— 604.56
4. Skaftártunguhreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938			— 368.22
5. Álftaversdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938			— 706.08
6. Hvammshreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938			— 563.39
7. Dyrhólahreppsdeild:			
Í sjóði 31. des. 1938			— 271.46
			Kr. 4782.54

Vík, 6. október 1939.

Jón Þorvarðsson. **Gísli Sveinsson.**

REIKNINGAR 229

Bjargráðasjóðs Íslands árið 1938.

A. Sjóðsreikningur.

Innborgað:

1. Sjóður í ársbyrjun:			
a. Bjargráðasjóður sveitarfélaga	kr.	479186.03	
b. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður	—	513334.93	
			kr. 992520.96
2. Vextir af inneign í bönkum:			
a. Af innstæðu Bjargráðasjóðs sveitarfélaga	kr.	18813.18	
b. — — hins sameiginlega Bjargráðasjóðs	—	20306.65	
			— 39119.83
3. Vextir af lánum (fallnir í gjalddaga á árinu):			
a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr.	9867.19	
b. — — úr hinum sameiginl. Bjargráðasj.	—	5254.18	
			— 15121.37
4. Vextir af Kreppulánasjóðsbréfum:			
a. Af bréfum Bjargráðasjóðs sveitarfélaga	kr.	3496.75	
b. — — hins sameiginlega Bjargráðasjóðs	—	864.05	
			— 4360.80
5. Vextir af ríkisskuldabréfi			— 12.50
6. Afborganir lána:			
a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga	kr.	28376.75	
b. — — úr hinum sameiginl. Bjargráðasj.	—	14447.44	
c. — Kreppulánasjóðsbréfum	—	160.00	
d. — ríkisskuldabréfi	—	62.50	
			— 43046.69
		Samtals	kr. 1094182.15

229 Útborgað:

1.	Kostnaður við sjóðinn		kr.	2795.00
2.	Útlán:			
	Úr Bjargráðasjóði sveitarfélaga		—	24500.00
3.	Greitt til mæðiveikivarna		—	132808.80
4.	Til jafnaðar vöxtum og afborgunum greiddum með:			
	a. Kreppulánasjóðsbréfum bænda		—	1000.00
	b. Kreppulánasjóðsbréfum sveitarfélaga		—	360.00
5.	Sjóður í árslok:			
	I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
	a. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1927	kr. 450.25		
	b. Ógreiddir vextir 1933	— 406.46		
	c. — — 1934	— 592.98		
	d. — — 1935	— 667.98		
	e. — — 1936	— 1092.98		
	f. — — 1937	— 1690.09		
	g. — — 1938	— 3040.02		
	h. Inneign í bönkum	— 505184.11		
			—	513124.87
	II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
	a. Ógreiddir vextir 1936	kr. 300.00		
	b. — — 1937	— 481.71		
	c. — — 1938	— 1163.52		
	d. Inneign í bönkum	— 417648.25		
			—	419593.48
		Samtals	kr.	1094182.15

B. Eignareikningur.

Aktiva:

Eign í ársbyrjun:

I.	Bjargráðasjóður sveitarfélaga:			
	a. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1927	kr. 450.25		
	b. Ógreiddir vextir 1933	— 406.46		
	c. — — 1934	— 714.03		
	d. — — 1935	— 967.98		
	e. — — 1936	— 1392.98		
	f. — — 1937	— 3491.46		
	g. Í útlánum	— 216580.50		
	h. Kreppulánasjóðsbréf bænda	— 55720.00		
	i. Kreppulánasjóðsbréf sveitarfélaga	— 17170.00		
	j. Ríkisskuldabréf	— 250.00		
	k. Inneign í bönkum	— 471762.87		
			kr.	768906.53
II.	Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
	a. Ógreiddir vextir 1936	kr. 300.00		
	b. — — 1937	— 981.71		
	c. Í útlánum	— 105083.38		
	d. Í Kreppulánasjóðsbréfum bænda	— 990.00		
	e. Í Kreppulánasjóðsbréfum sveitarfélaga	— 14900.00		
	f. Inneign í bönkum	— 512053.22		
			—	634308.31
		Samtals	kr.	1403214.84

Passiva: 229

1. Eign í árslok:				
I. Bjargráðasjóður sveitarfélaga:				
a. Ógreitt bjargráðasjóðsgjald 1927	kr.	450.25		
b. Ógreiddir vextir 1933	—	406.46		
c. — — 1934	—	592.98		
d. — — 1935	—	667.98		
e. — — 1936	—	1092.98		
f. — — 1937	—	1690.09		
g. — — 1938	—	3040.02		
h. Í útlánum	—	212703.75		
i. Kreppulánasjóðsbréf bænda	—	57550.00		
j. Kreppulánasjóðsbréf sveitarfélaga	—	17530.00		
k. Ríkisskuldabréf	—	187.50		
l. Innstæða í bönkum	—	505184.11		
			kr.	801096.12
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:				
a. Ógreiddir vextir 1936	kr.	300.00		
b. — — 1937	—	481.71		
c. — — 1938	—	1163.52		
d. Í útlánum	—	90635.94		
e. Kreppulánasjóðsbréf sveitarfélaga	—	14900.00		
f. Innstæða í bönkum	—	417648.25		
			—	525129.42
2. Eignarýrnun á árinu			—	76989.30
			Samtals kr.	1403214.84

Reykjavík, 12. september 1939.

F. h. Bjargráðasjóðsstjórnarinnar

Vigfús Einarsson.

Framanritaða reikninga Bjargráðasjóðs Íslands fyrir árið 1938 höfum við borið saman við bækur sjóðsins og skjöl og ekkert fundið að athuga.

Reykjavík, 9. des. 1939.

Þorst. Þorsteinsson. *M. Stefánsson.* *Arnór Guðmundsson.*

230

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda og Alexandrine drottningar, til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík, árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1938 B., bls. 278):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	6100.00	
b. Bankainnstæða	—	6466.70	kr. 12566.70
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	305.00	
b. — ríkisskuldabréfum	—	64.17	
c. — bankainnstæðu	—	222.47	— 591.64
3. Ágóði af kaupum ríkisskuldabréfa			— 210.00
			Kr. 13368.34

Gjöld:

Sjóður til næsta árs:		
1. Bankavaxtabréf	kr.	6100.00
2. Ríkisskuldabréf	—	7000.00
3. Bankainnstæða	—	268.34
		Kr. 13368.34

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1939.

Vigfús Einarsson.

231

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1938 B., bls. 279):			
a. Veðskuldabréf	kr.	5000.00	
b. Bankavaxtabréf	—	8500.00	
c. Skuldabréf Elliheimilisins Grund	—	1000.00	
d. Bankainnstæða	—	4221.76	kr. 18721.76
2. Vextir:			
a. Af veðskuldabréfum	kr.	275.00	
b. — bankavaxtabréfum	—	375.00	
c. — skuldabréfi Elliheimilisins	—	65.00	
d. — ríkisskuldabréfum	—	45.83	
e. — bankainnstæðu	—	183.25	— 944.08
3. Ágóði á kaupum ríkisskuldabréfs			— 150.00
			Kr. 19815.84

Gjöld: 231

1. Styrkur veittur til trjáræktar		kr.	500.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Veðskuldabréf	kr. 5000.00		
b. Bankavaxtabréf	— 7500.00		
c. Skuldabréf Elliheimilisins Grund	— 1000.00		
d. Ríkisskuldabréf	— 5000.00		
e. Bankainnstæða	— 815.84		
		—	19315.84
		Kr.	19815.84

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1939.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 232

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Níunda árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1938 B., bls. 279):			
a. Innritunarskírteini	kr. 8600.00		
b. Veðskuldabréf	— 1000.00		
c. Bankavaxtabréf	— 3600.00		
d. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 860.36		
e. Bankainnstæða	— 1365.62		
		kr.	15425.98
2. Vextir:			
a. Af innritunarskírteini	kr. 301.00		
b. — veðskuldabréfum	— 50.00		
c. — bankavaxtabréfum	— 167.00		
d. — Söfnunarsjóðsinnstæðu	— 44.74		
e. — bankainnstæðu	— 63.30		
		—	626.04
		Kr.	16052.02

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar		kr.	350.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Innritunarskírteini	kr. 8600.00		
b. Veðskuldabréf	— 1000.00		
c. Bankavaxtabréf	— 3600.00		
d. Innstæða í Söfnunarsjóði	— 905.10		
e. Bankainnstæða	— 1596.92		
		—	15702.02
		Kr.	16052.02

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1939.

Vigfús Einarsson.

233

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1938 B., bls. 280):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	5100.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	5500.00	
c. Elliheimilisbréf	—	2000.00	
d. Í Búnaðarbankanum	—	3031.44	kr. 15631.44
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	248.00	
b. — skuldabréfum Reykjavíkurkaupstaðar	—	332.50	
c. — Elliheimilisbréfum	—	130.00	
d. — bankainnstæðu	—	143.51	— 854.01
3. Ágóði á skiptum bankavaxtabréfa			— 240.00
			Kr. 16725.45

Gjöld:

1. Veittur styrkur			kr. 790.00
2. Sjóður til næsta árs:			
a. Bankavaxtabréf	kr.	5000.00	
b. Skuldabréf Reykjavíkurkaupstaðar	—	4500.00	
c. Elliheimilisbréf	—	2000.00	
d. Í Búnaðarbankanum	—	4435.45	— 15935.45
			Kr. 16725.45

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1939.

Vigfús Einarsson.

234

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs V. Gigas's árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1938 B., bls. 284):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	6500.00	
b. Bankainnstæða	—	4095.95	kr. 10595.95
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	296.25	
b. — ríkisskuldabréfum	—	45.83	
c. — bankainnstæðu	—	159.96	— 502.04
3. Ágóði af kaupum ríkisskuldabréfs			— 150.00
			Kr. 11247.99

Gjöld: 234

a. Bankavaxtabréf	kr.	6000.00
b. Ríkisskuldabréf	—	5000.00
c. Bankainnstæða	—	247.99
	Kr.	11247.99

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 25. marz 1939.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 235

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1938.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1938 B., bls. 282):			
a. Bankavaxtabréf	kr.	16700.00	
b. Veðskuldabréf	—	30000.00	
c. Ógreiddir vextir 1937	—	330.00	
d. Bankainnstæða	—	2767.99	
			kr. 49797.99
2. Vextir:			
a. Af bankavaxtabréfum	kr.	771.75	
b. — veðskuldabréfum	—	1570.00	
c. — bankainnstæðu	—	156.72	
			— 2498.47
			Kr. 52296.46
8. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar í Ísafjarðarsýslu, að þann 6. júlí 1938 breytti Kaupfélag Önfirðinga, Flateyri, samþykktum sínum þannig, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess svo farið, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki með kr. 300.00. Stjórn félagsins er nú skipuð þessum mönnum: Séra Jón Ólafsson, Holti, formaður, Guðmundur Gilsson, Hjarðardal, Guðm. Ingi Kristjánsson, Kirkjubóli, Magnús Guðmundsson, Flateyri, Finnur Finnsson, Hvylft.

Flateyri, 7. júlí 1939.
pr. pr. Kaupfélag Önfirðinga
Hj. Hjartar.

9. Það tilkynnist hér með firmaskrár Ísafjarðar, að hr. Benóný Baldvinsson, Ísafirði, hefir gerzt fullábyrgur meðeigandi vélsmiðjunnar Þór, Ísafirði, frá og með 1. október 1939.

Ísafirði, 7. okt. 1939.
Ingimundur Guðmundsson. Sigtryggur Guðmundsson.
Þórarinn Helgason. Benóný Baldvinsson.

7. Strandasýsla.

Stjórn Verzlunarfélags Steingrímsfjarðar skipa nú þeir:
Guðbjörn Bjarnason, Hólmavík, formaður.
Guðmundur Jóhannsson, bóndi, Kleifum.
Magnús Guðmundsson, bóndi, Ósi.
Guðbrandur Björnsson, bóndi, Heydalsá.
Alfreð Halldórsson, bóndi, Stóra-Fjarðarhorni, kosnir af fulltrúum félagsins á aðalfundi 7. maí þ. á.

Framkvæmdarstjóri með prókúruumboði er Guðbrandur Magnússon, Hólmavík.

Helztu breytingar á samþykktum félagsins eru þessar:

Stjórn félagsins skipa nú fimm menn í stað þriggja, og á framkvæmdarstjóri ekki sæti í stjórn, en svo var áður.

Samábyrgð var í samþykktum félagsins, en er nú afnumin og í stað þess komin takmörkuð ábyrgð, sem miðast við 300.00 krónur fyrir hvern félagsmann, auk stofnsjóðsinnstæðu hans.

Einnig var samþykkt að hefja ekki ný viðskipti á áramótum fyrr en hlutaðeigandi viðskiptamaður hefir greitt úttekt sína að fullu eða sett fullgilda ábyrgð, að dómi framkvæmdarstjóra.

Samþykkt var að breyta nafni félagsins frá næstu áramótum að telja. Ber 270
það frá þeim tíma nafnið: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Hólmavík. Skammstafað: K.S.H.

Hólmavík, 11. júlí 1939.
pr. pr. Verzlunarfél. Steingrímsfjarðar
Guðbrandur Magnússon.

8. Húnavatnssýsla.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Húnavatnssýslu, að Verzlunarfélag Vindhælinga á Skagaströnd hefir á aðalfundi sínum 29. apríl s. l., ákveðið að breyta um nafn á félaginu. Ber það framvegis nafnið: Kaupfélag Skagstrendinga, Skagaströnd, og er skammstafað: KAST.

Skagaströnd, 3. maí 1939.
pr. pr. Kaupfélag Skagstrendinga, Skagaströnd
Gunnar Grímsson.

2. Tilkynni hér með til firmaskrár Húnavatnssýslu, að ég rek með ótakmarkaðri ábyrgð smásöluverzlun á Blönduósi undir nafninu „Verzlunin Valur". Ég einn hefi rétt til að skuldbinda og rita firmað, sem ég geri þannig:

Verzlunin Valur
K. D. Sæmundsson.
Blönduósi, 25. ágúst 1939.
K. D. Sæmundsson.

9. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að ég undirritaður, Halldór Blöndal, rek hér í Siglufirði leikfangagerð undir nafninu Leikfangagerð Siglufjarðar. Hefi ég einn rétt til að rita firmað og ber einn ábyrgð á öllum skuldbindingum þess.

Siglufirði, 1. febrúar 1939.
Halldór Blöndal.

2. Ég undirrituð tilkynni hér með til firmaskrárinnar, að ég hefi í dag veitt hr. Kristni Halldórssyni, Aðalgötu 28, Siglufirði, prókúruumboð fyrir Verzlun Halldórs Jónassonar, Siglufirði, og hefir hann öll réttindi prókúruhafa samkvæmt lögum nr. 42 frá 13. nóv. 1903.

Hann ritar firmað þannig:

pr. pr. Verzlun Halldórs Jónassonar
Kristinn Halldórsson.
Siglufirði, 30. maí 1939.
Kristín Hafliðadóttir.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrár Siglufjarðar, að ég undirritaður, til heimilis í Siglufirði, rek fatapressun undir firmanafninu „Fatapressun Siglufjarðar" og ber einn ábyrgð á skuldbindingum firmans og hefi einn rétt til að rita firmanafnið.

Siglufirði, 8. júní 1939.
Björn Arnórsson.

270 4. Það tilkynnist hér með til firmaskrár Siglufjarðarkaupstaðar, að ég hefi í dag selt herra Sigurjóni Sigurjónssyni, Siglufirði, firma mitt, Fatapressun Siglufjarðar, og rekur hann það hér eftir á sína ábyrgð.

Siglufirði, 2. okt. 1939.
Björn Arnórsson.

Samkvæmt ofanrituðu tilkynnist, að ég undirritaður rek sem einkaeigandi Fatapressun Siglufjarðar frá deginum í dag að telja. Firmað rita ég þannig:

Fatapressun Siglufjarðar
Sigurjón Sigurjónsson.
D. u. s.
Sigurjón Sigurjónsson.

10. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Hér með tilkynnist til firmaskrár Akureyrar, að við undirritaðir rekum sem fullábyrgir félagar málaraatvinnu undir firmanafninu „Jón Þ. Þór & Barði" með heimilisfang á Akureyri.

F. h. Jón Þ. Þór & Barði og Barði Brynjólfsson.
Akureyri, 17. febrúar 1939.
Jón Þ. Þór,
Norðurgötu 3.
Barði Brynjólfsson.

2. Ég undirritaður, Jakob Frímannsson, settur kaupfélagsstjóri við Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri, tilkynni hér með til verzlunarskrár Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar, að ég veiti hér með, samkvæmt umboði mér til handa, gefnu af stjórn félagsins á fundi 16. júní s.l., hr. skrifstofustjóra Ingimundi Árnasyni, Oddeyrargötu 36, prókúruumboð fyrir Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri, með öllum þeim skyldum og réttindum, sem prókúruhafa ber að lögum. Umboð þetta er veitt frá 20. júní 1939 að telja.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga
Ingim. Árnason.
Akureyri, 20. júní 1939.
pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga
Jakob Frímannsson.

3. Tilkynning um breytingu á samþykktum samvinnufélags:

Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að 18. apríl 1939 breytti Kaupfélag Eyfirðinga, Akureyri, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga 46/1939.

Stjórn félagsins er nú skipuð þessum mönnum: 270
Einar Árnason, alþm., Str. F., formaður.
Ingimar Eydal, kennari, varaformaður.
Þórarinn Eldjárn, hreppstjóri.
Bernharð Stefánsson, alþm., bankastjóri.
Kristján Sigurðsson, kennari.

pr. pr. Kaupfélag Eyfirðinga
Jakob Frímannsson.

11. Þingeyjarsýsla.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskrárinnar, að við undirritaðir, Sigurður Kristjánsson og Helgi Kristjánsson, rekum hér í Leirhöfn húfu- og ýmiskonar leðurvörugerð

Húfugerðin í Leirhöfn.

Framkvæmdarstjórn og prókúru hefir Helgi Kristjánsson og ritar hann nafn firmans, en báðir berum við sameiginlega ábyrgð á öllum skuldbindingum þess.

Leirhöfn, 15. apríl 1939.

Sigurður Kristjánsson. Helgi Kristjánsson.

Nöfnin staðfest í minni viðurvist.

Júl. Havsteen.
(L. S.)

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagsskrárinnar, að þann 3. maí 1939 breytti Kaupfélag Norður-Þingeyinga, Kópaskeri, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00 — þrjú hundruð krónum —. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga 46/1937.

Stjórn félagsins skipa nú þessir menn:
Þorsteinn Þorsteinsson, hreppstjóri, Daðastöðum, formaður.
Guðmundur Ingimundarson, bóndi, Presthólum, meðstjórnandi.
Jón Sigfússon, bóndi, Ærlæk, meðstjórnandi.
Óli G. Árnason, bóndi, Bakka, meðstjórnandi.
Hólmsteinn Helgason, afgreiðslumaður, Raufarhöfn, meðstjórnandi.

Kópaskeri, 8. sept. 1939.

pr. pr. Kaupfélag Norður-Þingeyinga
B. Kristjánsson.

3. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 3. apríl 1939 breytti Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnul. 46/1937.

Húsavík, 8. sept. 1939.

F. h. Kaupfélags Þingeyinga
Þórhallur Sigtryggsson.

270 4. Þann 14. maí 1939 breytti Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. samvinnul. 46/1937. Stjórn félagsins er skipuð þessum mönnum: Haraldur Guðmundsson, Þorvaldsstöðum, Halldór Benediktsson, Hallgilsstöðum, Þórður Hjartarson, Hlíð, Jóhannes Árnason, Gunnarsstöðum, Þorlákur Stefánsson, Svalbarði.

Þórshöfn, 24. nóv. 1939.

pr. pr. Kaupfélag Langnesinga
K. Hjálmarsson.

12. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Það tilkynnist hér með til firmaskráningar að frú Gemma Johansen hefir prókúruumboð samkv. lögum og ritar hún firmað svoleiðis:

pr. pr. Harald Johansen
Skipa- og byggingarvöruverzlun Seyðisfjarðar
Gemma Johansen.

Seyðisfirði, 10. marz 1939.

Harald Johansen.
Skipa- og byggingarvöruverzlun Seyðisfjarðar
Harald Johansen.

2. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 19. apríl 1939 breytti Kaupfélag Austfjarða, Seyðisfirði, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnul. 46/1937.

Seyðisfirði, 6. sept. 1939.

Pr. Kaupfélag Austfjarða
Jón Gunnarsson.

3. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagsskrárinnar, að þann 23. júní 1939 breytti Kaupfélag Borgarfjarðar, Borgarfirði eystra, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna á skuldbindingum þess hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni, og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnulaga 46/1937.

Stjórn félagsins skipa nú:
Formaður: Þorsteinn Sigfússon, Sandbrekku, Hjaltastaðaþinghá.
Meðstjórnendur: Jón Björnsson, Svalbarði, Borgarfirði.
Páll Sveinsson, Geitavík, Borgarfirði.
Eyjólfur Hannesson, Bjargi, Borgarfirði.
Sigbjörn Sigurðsson, Rauðholti, Hjaltastaðaþinghá.

Borgarfirði, 12. sept. 1939.

p. p. Kaupfélag Borgarfjarðar
H. Ásgrímsson.

13. Neskaupstaður. 270

1. Við undirritaðir eigendur að verzlun Jóns Ísfelds á Norðfirði gefum hér með herra Birni Sigurðssyni, verzlunarmanni, hér í Neskaupstað og herra Jóni Sigurðssyni, meðeiganda að verzluninni, báðum prókúruumboð fyrir nefnda verzlun, frá 7. febrúar 1939. Frá sama tíma afturkallast prókúra sú, er Karl Karlsson hafði fyrir nefnda verzlun.

Firmað rita prókúruhafarnir þannig:
Björn Sigurðsson ritar sína prókúru:
pr. pr. Verzlun Jóns Ísfelds, Norðfirði
Björn Sigurðsson.
Jón Sigurðsson ritar sína prókúru:
pr. pr. Verzlun Jóns Ísfelds, Norðfirði
Jón Sigurðsson.
Neskaupstað, 7. febr. 1939.
Jón Sigurðsson. Ásgerður Guðmundsdóttir.

2. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð herra Á. A. Pálmasonar fyrir Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað, fellur úr gildi frá og með deginum í dag.

Frá sama tíma veitum vér herra Karli Karlssyni, framkvæmdarstjóra fyrir Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað, prókúruumboð fyrir nefnt félag, og ritar hann nafn sitt þannig:
p. p. Pöntunarfélag Alþýðu, Neskaupstað
Karl Karlsson.
Neskaupstað, 4. nóv. 1939.
Í stjórn Pöntunarfélags Alþýðu, Neskaupstað
Jóhannes Stefánsson. Jónas Valdórsson. Óskar Lárusson.
Tómas Zoëga. Sigdór V. Brekkan.

14. Suður-Múlasýsla.

1. Það tilkynnist hér með, að prókúruumboð herra Benedikts Guttormssonar fyrir Kaupfélag Stöðfirðinga á Stöðvarfirði fellur úr gildi frá og með deginum í dag.

Frá sama tíma veitum vér herra Birni Stefánssyni, framkvæmdastjóra Kaupfélags Stöðfirðinga prókúruumboð fyrir nefnt félag, og ritar hann nafn sitt þannig:
p. p. Kaupfélag Stöðfirðinga
Björn Stefánsson.
Stöðvarfirði, 5. ágúst 1939.
Í stjórn Kaupfélags Stöðfirðinga
Friðgeir Þorsteinsson. Stefán Stefánsson. Páll Guðmundsson.
Friðbjörn Þorsteinsson. Arnleifur I. Þórðarson.

2. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrár Suður-Múlasýslu, að Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga, Fáskrúðsfirði, hefir breytt lögum sínum um ábyrgð félagsmanna á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 3. apríl s.l., þannig, að framvegis falli niður samábyrgð félagsmanna og takmarkist ábyrgð hvers félagsmanns við kr. 300.00 — þrjú hundruð — krónur, að viðbættri stofnsjóðsinnstæðu.
Eskifirði, 23. sept. 1939.
Í stjórn Kaupfélags Fáskrúðsfirðinga
Þór. Gr. Víkingur. Björn Daníelsson. Björgvin Benediktsson.

270 3. Það tilkynnist hér með til samvinnufélagaskrárinnar, að þann 6. maí 1939 breytti Kaupfélag Berufjarðar, Djúpavogi, samþykktum sínum á þann veg, að eftirleiðis er ábyrgðum félagsmanna hagað þannig, að félagsmaður ber aðeins ábyrgð á fjárreiðum félagsins með stofnsjóðsinnstæðu sinni og að auki með kr. 300.00. Fellur því niður samábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 13. gr. samvinnul. 46/1937.

Stjórn félagsins er nú skipuð þessum mönnum: Ingólfur Gíslason, héraðslæknir, formaður, Helgi Einarsson, Melrakkanesi, varaformaður, Jón Stefánsson, kennari, Djúpavogi, Þorfinnur Jóhannesson, Geithellum, Hjálmar Guðmundsson, Fagrahvammi.

Djúpavogi, 27. sept. 1939.
pr. pr. Kaupfélag Berufjarðar.
Jón Sigurðsson.

15. Vestmannaeyjar.

Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrárinnar, að á fundi í Vélsmiðjunni Magni h.f. þ. 24. október s.l. var samþykkt að afturkalla prókúruumboð það, sem Ólafur Sigurðsson hefir haft fyrir félagið.

Jafnframt var samþykkt á fundi 31. okt. s.l. að veita hr. Ólafi St. Ólafssyni prókúruumboð fyrir félagið og skrifar hann firmað þannig:

pr. pr. Vélsmiðjan Magni h.f.
Ólafur St. Ólafsson.
Vestmannaeyjum, 23. nóv. 1939.
Virðingarfyllst.
Í stjórn Vélsmiðjan Magni h.f.
Ól. St. Ólafsson. Guðjón Jónsson.

16. Rangárvallasýsla.

1. Nafn sparisjóðsins: Sparisjóður Rangárvallasýslu.
2. Samþykktir hans eru dagsettar 1919.
3. Starfsemi sjóðsins er venjuleg sparisjóðsstarfsemi samkv. lögum nr. 44 3. nóvember 1915.
4. Heimili sjóðsins og skrifstofa er í Eystri-Garðsauka í Rangárvallasýslu.
5. Tala ábyrgðarmanna er 12—20.
6. Hver félagsmaður er ábyrgur fyrir 100.00 — eitt hundrað — krónum.
7. Nöfn stjórnenda: Helgi Jónasson, læknir, formaður, Gunnar Vigfússon, verzlunarmaður, bókari, Sæmundur Oddsson, póstafgreiðslumaður, féhirðir.
8. Stjórnin skuldbindur sjóðinn með nafnstimpli hans og undirskrift féhirðis þannig:

Sparisjóður Rangárvallasýslu
Sæmundur Oddsson.
Eystri-Garðsauka, 5. okt. 1939.
Sparisjóður Rangárvallasýslu
Helgi Jónasson. Sæmundur Oddsson. G. Vigfússon.

17. Árnessýsla. 270

Á aðalfundi kaupfélags Árnesinga, 30. apríl 1938, var samþykktum félagsins breytt þannig, að ábyrgð hvers félagsmanns á fjárreiðum félagsins takmarkast nú við kr. 300.00, auk stofnsjóðsinneignar hans.

Stjórnina skipa nú 5 menn í stað 3 áður. Stjórnin ritar nöfn sín þannig:

Kaupfélag Árnesinga

Ágúst Helgason. Gísli Jónsson. Páll Hallgrímsson.
Guðm. Þorvarðarson. Guðm. Guðmundsson.

18. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjörður.

1. Hér með gefum við undirrituð stjórn Keflavík h.f. herra framkvæmdarstjóra Birni Ólafs, Mýrarhúsum, prókúruumboð fyrir félagið, með öllum réttindum og skyldum prókúruhafa samkvæmt lögum.

Jafnframt afturkallast prókúruumboð herra Finnboga Guðmundssonar. Herra Björn Ólafs ritar firmað þannig:

pr. pr. Keflavík h.f.
Björn Ólafs.
Reykjavík, 14. janúar 1939.
Virðingarfyllst.
Í stjórn Keflavík h.f.
H. Tulinius. Finnbogi Guðmundsson. Ingvar Vilhjálmsson.

2. Hér með tilkynnist til hlutafélagaskrár Gullbringu og Kjósarsýslu, að á félagsfundi í hlutafélaginu „Refur“ hinn 7. júní f. á., var ákveðið að hækka hlutafé félagsins úr kr. 15000.00 í kr. 19500.00.

Hluthafarnir skiptu viðbótarhlutafénu á milli sín í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu og var hlutafjáraukinn kr. 4500.00 innborgaður þegar í stað.

Minkagerði í Garðahreppi, 16. janúar 1939.
Í stjórn H.f. „Refur“
Bjarni Jónsson. H. Bergs. H. J. Hólmjárn.

3. Hér með tilkynnist til firmaskrárinnar Sameignarfélagið Flóki, Keflavík.

Framkvæmdarstjóri er Snorri Þorsteinsson, Keflavík, og ritar hann firmað:

Keflavík, 26. janúar 1939.
Guðmundur Pálsson. Páll Valdimarsson.

Snorri Þorsteinsson ritar:

S.f. Flóki
Snorri Þorsteinsson.

4. Hér með tilkynnist til firmaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu, að við undirrituð, Gísli Þorsteinsson, skipstjóri, Ránargötu 29, Reykjavík, frú Steinunn Pétursdóttir, s. st., og Pétur Gíslason, s. st., rekum loðdýrarækt í landi Hofstaða í Garðahreppi í Gullbringusýslu, undir nafninu: „Sameignarfélagið Minkur“, sem sameignarfélag með ótakmarkaðri ábyrgð.

270 Gísli Þorsteinsson hefir einn rétt til þess að rita firmað og ritar það þannig:
Sameignarfélagið Minkur
Gísli Þorsteinsson.
Framlögð tillög samlagsmanna eru kr. 12000.00.
Reykjavík, 19. marz 1939.
Gísli Þorsteinsson. Steinunn Pétursdóttir. Pétur Gíslason.

5. Hér með tilkynnist til samvinnufélagaskrárinnar, að eftirtaldar breytingar voru gerðar á lögum Mjólkurbús Hafnarfjarðar á aðalfundi, sem haldinn var 25. febrúar 1939:
   1. Samþykkt var að 10. gr. félagslaganna, um stofnsjóð, falli burt úr lögunum.
   2. Samþykkt var að við 12. gr. laganna bætist, að kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda, skal vera leynileg.
   3. Samþykkt var að framvegis skyldi vera þriggja manna stjórn, í stað 5 manna stjórnar áður, og eiga þessir þrír menn nú sæti í stjórninni: Ólafur Runólfsson, Ólafur H. Jónsson og Gunnlaugur Kristmundsson.
   4. Framvegis skulu minnst tveir af þremur úr stjórninni undirskrifa alla víxla og aðra bindandi samninga fyrir hönd búsins. Í öðru lagi skal bústjóri ásamt einum stjórnarnefndarmanni undirskrifa alla reikninga, sem berast búinu, áður en þeir öðlast rétt til greiðslu hjá gjaldkera. Í þriðja lagi, að sá, sem er gjaldkeri að hverju sinni, undirskrifi einn alla tékka eða ávísanir, bæði á banka og sparisjóði, sem gefnir eru út af mjólkurbúinu.

f. h. Mjólkurbús Hafnarfjarðar
Ólafur H. Jónsson
(ritari).

6. Hér með tilkynnist, að við undirritaðir veitum hr. verkfræðingi Axel Kristjánssyni, Vífilsgötu 23, Reykjavík, prókúruumboð fyrir H.f. Raftækjaverksmiðjan, Hafnarfirði, og ritar hann firmað þannig:
pr. pr. H.f. Raftækjaverksmiðjan
Axel Kristjánsson.
Hafnarfirði, 3. júlí 1939.
Stjórn H.f. Raftækjaverksmiðjan
Emil Jónsson. G. Kr. Guðmundsson.
Bj. Snæbjörnsson. Finnb. Theódórs.

7. Samkvæmt tilkynningu til félagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu er skrásett samlagsfélagið Olíusamlag Keflavíkur og nágrennis.
   Heimili félagsins og varnarþing er Keflavíkurhreppur.
   Tilgangur félagsins er að afla meðlimum sínum allskonar olíu til brennzlu í vélum handa skipum og verksmiðjum og hafa með höndum kaup og sölu á þeim varningi, einnig til utanfélagsmanna. Í þessu skyni hyggst félagið að koma upp olíugeymi, er geti tekið olíu frá tankskipi, svo og forðabúr fyrir olíur.
   Dagsetning samþykkta er 31. október 1938.
   Félagsmenn geta orðið: Eigendur og útgerðarmenn vélbáta, sem heima eiga í Keflavík og nágrenni, hvort heldur þeir eiga hlut í bát eða heilan bát, svo og aðrir búsettir menn eða stofnanir, sem starfa með vélum, er nota olíu eða olíur í rekstri.

Stjórn: Karvel Ögmundsson, skipstjóri, Ytri-Njarðvík, Þorgrímur Eyjólfsson, 270
kaupm., Keflavík, og Elías Þorsteinsson, útgerðarmaður, Keflavík.

Firmað ritar öll stjórn félagsins.

Ábyrgð félagsmanna er takmörkuð og bindst við framlög félagsmanna.

Um atkvæðisrétt í félaginu fari þannig, að hver félagsmaður hafi eitt atkvæði án tillits til stofntillags eða viðskiptaveltu sinnar við félagið. Auk þess fær hver félagsmaður eitt atkvæði fyrir hverjar 4 smálestir af hráolíu, er hann kaupir af félaginu. Miðast atkvæðatalan við úttekt félagsmanna samkvæmt síðasta ársreikningi. Þó má enginn félagsmaður fara með meira en 15% af samanlögðu atkvæðamagni félagsins, hvort heldur fyrir sjálfan sig eða aðra samanlagt.

Fundir skulu boðaðir með dags fyrirvara, nema sérstök nauðsyn sé á að gera það með styttri fyrirvara.

p. t. Hafnarfirði, 3. nóv. 1938.

Elías Þorsteinsson. Karvel Ögmundsson. Þorgrímur St. Eyjólfsson.

AUGLÝSING 271

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík um skrásetningar þær, sem gerðar hafa verið árið 1939.

Skrás. 1939, nr. 1.

Tilkynnt 5. desember 1938, kl. 11 f. h., af Akt. Corn Products Co., innflutnings- og útflutningsverzlun, Kaupmannahöfn, Danmörku, og skrásett 4. febrúar 1939.

Orðið:

Maizena

Samkvæmt tilkynningum 21. október 1927 og 20. janúar 1928, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 10. desember 1927 og 18. febrúar 1928 fyrir: Korn, belgaldin, fræ, þurkaða ávexti, þurkað grænmeti, æta sveppi, matjurtir, humla, óunna baðmull, hör, sykurreir, nytjatré, litunartré, sútunarbörk, kork, vax, trjákvoðu, hnetur, bambusreyr, spanskreyr, kopra, maísolíu, pálma, rósastilka, gróðurlauka, gróðurkím, gróðurhúsaaldin, moskus, fuglafjaðrir, frosið kjöt, tólg, óþvegna og þvegna ull, klaufir, horn, bein, skinn, húðir, roð, hrogn, skeljar, lýsi, fiskbein, silkiormahýði, söltuð hrogn, sundmagalím, kóralla, steinhnetur, sýningardýr, skjaldbökuskel, kemiskar lyfjaefnablöndur og efni, hægðameðul, ormakökur, lifrarlýsi, hitasóttarsefandi lyf, serumdeig, rotvarnarefni, lakkrís, pastillur, pillur, smyrsli, kókaínefnablöndur, náttúrlegt og tilbúið ölkelduvatn, brunnsölt og baðsölt, plástra, sáraumbúðaefni, líntrefjur til sára (charpie), gúmmísokka, íspoka, sáraumbúðir, lækningatæki við mæðrasjúkdóma (pessarier), haulbönd, vatnsrúm, hægðasmeygla, innöndunaráhöld, vélræn lækningatæki, gerfilimi, gerfiaugu, tröllasúrurætur, kínabörk, kamfóru, gúmmiarabíkum, kvassíalyfjavökva, gallepli, aconitin, agar-agar, algarobila, aloe, ambra, antimerulion, karaghenmosa, kondurangobörk, angosturabörk, kurare, kuranna, entianrót, fennikeolíu, stjörnuanis, kanil, kanilstöngla, kanilblóm, galangal, ceresin, perubalsam, lækningate og jurtir, eteriskar olíur, lavendelolíu, rósaolíu, terpentínuolíu, tréedik, jalaperót, karnaubavax, krotonbörk, pimentkryddvín, kvillajabörk, solsikkeolíu, tonkabaunir, quebrachobörk, bay-rom, sarsaparille, kolahnetur, fjólurót, skordýra-

271 duft, rottueitur, útrýmingarefni snýkjudýra, efni gegn vínlús og öðrum skaðadýrum jurta, efni gegn hússveppi, kreósótolíu, karbólíneum, borax, saltpétur, menju, sublimat, karbólsýru, flókahatta, silkihatta, stráhatta, basthatta, espartóhatta, húfur, hjálma, kvennhatta, línhúfur, skó, stígvél, ilskó, sandala, sokka, prjónuð og ofin nærföt, sjöl, linda, tilbúin karlmannsföt, kvennmansföt og barnaföt, bolhlífar, leðurjakka, hestaábreiður, borðdúka, renninga, gólfteppi, línnærföt, borðbúnað, sængurlín, gluggatjöld, axlabönd, slifsi, belti, lífstykki, sokkabandabelti, hanska, lampa og lampahluta, lugtir, gasbrennara, ljósakrónur, lugtartendrara, bogalampa, glóðarlampa, skrautljósalampa, steinolíublys, magníumsblys, tjörublys, ljóskastara, glóðarnet, vaxkerti, vaxkveiki, náttkerti, ofna, hitaflöskur, kaloriferar, skarihitunartæki, rafmagnshitunartæki, eldavélar, suðukatla, bakaraofna, útungunarvélar, ávaxtaþurkunarofna og maltþurkunarofna, steinolíusuðutæki, gassuðutæki, rafsuðutæki, loftræstingartæki, burstir, bursta, sópa, skrúbbur, pensla, skúfa, piasavatrefjur, krafsbursta, vefjarkamba, teppahreinsara, bóningaráhöld, greiður, svampa, krullujárn, hárklippingartæki, sauðaklippur, rakhnífa, skeggbursta, púðurdúska, slípólar, höfuðvalta (bursta), greiðslusloppa, hárliðunarræmur, hárpinna, hárnálar, skeggbindi, hárvötn, hörundsliti, hörundssmyrsli, púður, tannduft, fegrunarsmyrsli, hárolíu, skeggvax, hárlitunarefni, ilmvötn, reykelsiskerti, kæliker (refraichisseurs), mannshár, hárkolla, fléttur, fosfór, brennistein, álún, blýoxyd, blýsykur, blóðlútsalt, salmíak, fljótandi kolsýru, fljótandi súrefni, eter, vínanda, brennisteinskolefni, tréspírituseimingaráhöld, tinklóríd, herðingarefni, litarkjarnseyði, sútunarfeiti, kolodíum, cyankalium, pyrrogallussýru, silfurnitrat, natrium hyposulfit, gullklorid, járnoxalat, vínsýru, sítrónsýru, oxalsýru, súrt kalíumkrómat, kvikasilfursoxyd, vatnsgler, vetnisperoxyd, saltpéturssýru, köfnunarefnisoxydul, brennisteinssýru, saltsýru, grafít, beinkol, bróm, joð, flússsýru, pottösku, matarsalt, sóda, glaubersalt, kalcíumcarbíd, kaolin, járnvitríol, zinksúlfat, koparvitríól, kalomel, pikrínsýru, pinksalt, arsenik, bensín, klórsúrt kalí, ljósmynda þurplötur, ljósmyndapappír, efni gegn ketilsteini, vasilín, sakkarín, vanillín, sikkatíf, bæs, klórkalk, katechu, brúnstein, infusorieleir, málmgrýti, marmara, flögusteina, kol, steinsalt, jarðleir, vikur, ozokerit, maríugler, jarðbik, smergil og smergilvörur, þéttiefni og lokaefni, sem sé: Gummíþynnur, báraða koparhringi, þéttiræmur til stöðvunarmálmhólka, hamplokara, hitavarnarefni, sem sé: Korkstein, korkskálar, kísilgúrefnablöndur, frauðgjall, frauðgler, asbest-eldvarnarefni, asbestþynnur, asbestmálningu, asbestflögur, asbestflókaplötur, júteeinangrunarbönd, korkeinangrunarbönd og asbesteinangrunarbönd, svarðarskálar, flösku og dósalokara, asbest, asbestduft, asbestpappa, asbestþráð, asbestfléttur, asbestklæði, asbestpappír, asbestsnúrur, fægiull, fægibaðmull, gúanó, súperfósfat, kainit, beinamjöl, thomasfrauðmjöl, fiskimjöl, jurtanæringarsölt, óunnið járn, járn og stál í stykkjum, blökkum, stöngum, plötum, blikkþynnum, pípum, járnvír og stálvír, kopar, messing, brons, zink, tin, blý, nikkel, nýsilfur og alúmíníum í óunnu og að nokkru leyti unnu ástandi, það er að segja að lögun sem stykki, rósmyndanir, hringfletir, plötur, stangir, pípur, blikkþynnur og vír, bandajárn, bárujárn, legumálm, zinkduft, blýhögl, stálspæni, stálkúlur, tinnæfru, bronsduft, blaðmálma, kvikasilfur, lóðningarmálma, Yellowmálm, antimon, magnium, paladium, vismut, Wolfram, platínuvír, platínusvamp, platínublikk, magniumvír, búpeningshlekki, skipsfestar og rekfestar, akkeri, járnbrautarteina, brautarbita, samfellur, saum, skrúfþvingur, undirstöðuplötur, undirstöðuhringa, þráðstifti, sniðstykki úr smíðajárni, stál, hamranlegan steypujárnsvarning, messing og tombak, súlur, undirbita, ljósastikur, veggborð, handriðssúlur, tröppuhluta, lyftivindustofna, símastaura, skipsskrúfur, rangir, bolta, hnoð, stifti, skrúfur, rær, fleyga, haka, króka, steðja, nefsteðja, steinlagningasleggjur, ljái, kornsigðir, hálmhnífa, mötunaráhöld, hnífa, skæri, heykvíslar, gaffla, járnkarla, gróðurekruhnífa, högg og lagvopn, vélahnífa, axir, timburaxir, sagir, plógskera, tappatogara, skóflur, smiðjubelgi og önnur

verkfæri úr járni og stáli, gaddavír, vírnet, vírkörfur, fuglabúr, saumnálar og aðrar nálar, fiskiöngla, veiðarfæri, tilbúið agn, net, skutla, háfnet, fiskfóstrur, skeifur, hóffjaðrir, steypujárnsker, hljómmerkjaklukkur og kirkjuklukkur úr málmi, gleruð, tinuð, gljáð suðuáhöld og búsáhöld úr járni, kopar, messing, nikkel, argentan eða alúmínium, baðker, vatnssalerni, kaffikvarnir, kaffivélar, þvottavélar, þvottarúllur, þvottavindur, síur, lyftivindur, talíur, leðjuvélar, fallhamra, vindur, lyftitæki, hjólhringa úr járni, úr stáli og úr gúmmí, öxla, skauta, fallbyssur, handskotvopn, fallbyssukúlur, gegnumgataðar blikkplötur, stálfjaðrir, vagnfjaðrir, ristarstangir, húsgagna- og byggingamálmleggingar, lása, peningaskápa, peningakassa, skraut úr málmsteypu, sylgjur, hringjur, lykkjur, riddarabyssukróka, straujárn, spora, ístöð, brynjur, blikkdósir, kertastjaka, fingurbjargir, rennda, rifna, boraða og úthöggna snið-málmhluta, málmhylki, flöskuhulstur, stálvírskaðla, regnhlífasamstæður, mælikvarða, spiknálar, kallara, döggskó, úthöggna pappírs- og blikkbókstafi, forsmíðislíkön, smurningskönnur, prentletur, línumót, rörbrunna, reykhjálma, kafaratæki, saumaskrúfur, fatahengi, ferðasmiðjur, tunnukrana, vagna, einnig barnavagna og sjúkravagna, reiðhjól, farartæki til notkunar á legi, slökkvidælur, sleða, kerrur, vagnhjól, spæli, hringkafla, hjólnafir, grindur, stýri, fótskarir, reiðhjólastalla, liti, litarefni, bronsliti, litartrjáseyði, leður, hnakka, svipur, beizli, leðurólar, vélareimar, húsgagnaáklæði úr leðri, slökkvifötur, leggboli úr leðri og gúmmí, sóla, byssuhylki, skothylkjatöskur, skjalamöppur, teygjur í skó, loðskinnsfeldi, loðskinnsleggingar, loðskinnssjöl, loðskinnsmúffur og loðskinnsstígvél, fernisolíur, lökk, trjákvoðu, lím, kítti, svertu, blettavatn, bón, saumavax, skóvax, degra, vagnáburð, klæðskerakrít, garn, þráð, seglgarn, þvottasnúrur, kaðla, belti, vatt, ullarflóka, hárflóka, hrosshár, úlfaldahár, hamp, júti, þang, netlutrefjur, óunnið silki, sængurfiður, vín, freyðandi vín, öl, porter, ale, maltextrakt, maltvín, ávaxtavín, ávaxtasaftir, gerjaða kaplamjólk (kumys), límonaði, vínanda, líköra, bittera, sósu, sýrt grænmeti (pickles), ávaxtamauk, kjötseyði, púnskjarnseyði, romm, kognak, ávaxtaeter, óhreinsaðan vínanda, spritt, pressuger, gull- og silfurskartgripi, egta perlur, egta og hálfegta steina, leoniskar vörur, gullvír, og silfurvír, vírborða, gullþráð og silfurþráð, hnífastokka, borðbúnað, diska, föt og málmleggingar úr málmblöndum (alfenid), nýsilfri, britannia, nikkel og alúmínium, sleðabjöllur, skilti úr málmi og postulíni, skóhlífar, lofthringa, regnfrakka, gúmmíslöngur, hampslöngur, gúmmíleikföng, ermablöðkur, baðhettur, handlækninga gúmmívörur, strokgúmmí, tekniskar gúmmívörur að lögun sem plötur, hringar, snúrur, kúlur, pyngjur og ólar, dósir, öskjur, pentudúkahringa, pennastangir og plötur úr ebonit, gúmmístrengi, gúmmíhanska, gúmmítappa, hrágúmmí, kátsjúk, guttaperka, balata, skerma, göngustafi, koffort, ferðatöskur, tóbakspunga, hermannatöskur, peningatöskur, bréfatöskur, blaðamöppur, ljósmyndaalbúm, sambrotsstóla, fjallgöngustafi, hattahylki, ferðakíkira, gleraugu, ferðapitlur, vasabikara, munnkörfur, brúnkolateninga, antracitkol, koks, eldkveikjara, hreinsaða steinolíu, steinolíueter, brennsluolíu, jarðolíur, sterín, parafín, beinaolíu, kveiki, hnappa, madressur, bólstrunarvörur, húsgögn úr tré, reyr og járni, strandkörfur, stiga, stígvélaþræla, garnvindur, hrífur, fatastyttur, þvottaklemmur, trog, tréleikföng, föt, körfur, kistur, kassa, öskjur, borðvið, tunnustafi, myndaramma, gulllista, hurðir, glugga, eldhúsáhöld úr tré, stígvélablakkir, árar, líkkistur, verkfærasköft, flöskutappa, flöskuhulstur, korkvesti, korksóla, korkmyndir, korkplötur, björgunarhringa, korkmjöl, tréspæni, hálmfléttur, púðurhorn, skóhorn, pípumunnstykki, handföng á göngustafi, hurðarlokur, hnífasköft úr skjaldbökuskel, fílabein, billardkúlur, nótnaplötur á píanó, teninga, falsbein, fílabeinsskartgripi, merskúm, merskúmspípur, celluloidkúlur, celluloidhylki, celluloidbrjóstnálar, vindlamunnstykki, úrfestar úr jet, stálskartgripi, kápuleggingar, dúkkuhöfuð, pressaða skrautgripi úr cellulose, rokka, tröppuhandrið, taflmenn, keilur, kúlur, býflugnabú, starakassa, ahornstifti, sortulyngsplötur, úr- 271

271 kassa, vélaeftirlíkingar úr tré, járni og gibsi, lækna-, tannlækna-, lyffræðileg-, vaxtarlögunar-, leikfimi-, landmælinga-, eðlisfræðileg-, efnafræðileg-, rafmagnstækni-, siglinga- og ljósmynda-verkfæri og áhöld, sótthreinsunaráhöld, mælingaverkfæri, vogir, prófunaráhöld, sjálfsala, gufukatla, aflvélar, lyftivirki, sláttuvélar, þreskivélar, mjólkurskilvindur, kyperivélar, grútarkvarnir, bifreiðar, eimreiðar, verkfæravélar, þar á meðal saumavélar, ritvélar, prjónavélar og útsaumsvélar, dælur, flutningasnigla, ísvélar, steinpressur og prentsmiðjupressur, vélahluta, ofnskerma, rifjárn, kartöfluraspvélar, brauðskurðarvélar, skaftpotta, steikarapönnur, ísskápa, sáldir, pappírskörfur, mottur, klukknahljóðfæri, orgel, píanó, lírukassa, strokhljóðfæri, blásturshljóðfæri, bumbur, belgharmonikur og blástursharmonikur, munnhörpur, slaghljóðfæri, tónkvíslar, þarmstrengi, nótnastóla, spiladósir, sjálfspilandi hljóðfæri, svínslæri, flesk, pylsur, reykt og saltað kjöt, reyktan, hertan og kryddsýrðan fisk, gæsabrjóst, niðursoðinn fisk, niðursoðið kjöt, niðursoðna ávexti og niðursoðið grænmeti, ávaxtahlaup, egg, niðursoðna mjólk, smjör, ost, flot, matarfeiti, matarolíur, kaffi, kaffibæti, te, sykur, hrísgrjón, kakaó, súkkulaði, sælgæti, sykurstangir, krydd, edik, síróp, hunang, drúusykur, skrifpappír, umbúðapappír, prentpappír, silkipappír, pergamentpappír, viðhafnarpappír, mislitann pappír, blælitarpappír og sígarettupappír, pappa, karton, kartonmuni, lampaskerma, bréfaumslög, pappírsluktir, pappírspentudúka, gleraugnahús, spil, landakort, almanök, kotillonsorður, kramarhús, veggfóður, tréveggfóður, klúta, gamlan pappír, gamlan kaðal, gljápappa, celluefni, viðarmauk, ljósmyndir, ljósmynda prentmuni, einkennismiða, innsiglismerki, steinprent, litprent, olíuprentmyndir, koparstungur, raderingar, bækur, bæklinga, blöð, prentaðar útsýnismyndir, gagnsæar myndir, mötunaráhöld, drykkjaráhöld, suðuáhöld, þvottaáhöld og standhillur úr postulíni, steinker, gler og leir, sýruhylki, deiglur, eimingarhylki, tilraunaglös, lampaglös, óunnið gler, rúðugler, gler til bygginga, holgler, litað gler, ljósfræðilegt gler, leirpípur, glerpípur, einangrara úr gleri og postulíni, glerperlur, tígulsteina, ljósdeyfingarsteina, brenndan leir (terracotta), syllumyndir, leirpotta, mosaikplötur, leirútflúr, glermosaik, glerstrendinga, spegla, glerhúðaða muni, sparibauka, leirflautur, snúrur, skúfa, púða, ábyrjaðar hannyrðir, kögur, leggingabönd, kniplinga, stálpenna, blek, túsk, málningarliti, pennahnífa, gúmmígler, blýanta og litblýanta, blekbyttur, kátsjúkstimpla, verzlunarbækur, skjalaspjöld, reglustikur, þríhyrninga, teiknistokka, heftiklemmur, heftistifti, málaraléreft, bréfalakk, álímingaroblátur, litaspjöld, málarafjalir, veggtöflur, hnattlíkön, reikningsvélar, fyrirmyndir, skýringarmyndir og kort til skynjanakennslu og teiknikennslu, skólatöskur, ritfangastokka, teiknikrít, teiknikubba, reiknispjöld, griffla, teiknibækur, hvellhettur, skothylki, fægismyrsl, vínarkalk, fægiklúta, rauðan lit til fágunar, fægiskinn, riðvarnarefni, blákku, sápu, sápuduft, borðspil, leikfimitæki, blikkleikföng, hringspil, brúður, rugguhesta, dúkkuleikhús, sprengiefni, eldspýtur, hvellperlur, brennisteinsþræði, kveikiþræði, flugeldavarning, hvellmerki, steinprentsteina, steinprentunarkrít, mylnusteina, brýnslusteina, cement, tjöru, bik, reyrvefnað, mómold, gips, þakpakka, liststeinavörur, gipsrósir, óunnið tóbak, reyktóbak, vindlinga, vindla, munntóbak, neftóbak, linoleum, seglábreiður, skermbretti á hjólum, signet, rúllugardínur, tré- og glerforhengi, poka, rúm, tjöld, úr, ofin og prjónuð efni úr ull, gerfiull, baðmull, hör, hampi, silki, gerfisilki, netlutrefjum og úr samblöndun þessara efna í einu og sama fullunnu efni, flauel, flos, bönd, þvottasterkan línvefnað, hálflínvefnað, baðmullarvefnað, ullarvefnað og silkivefnað, vaxdúka, leðurdúka, flóka, raf, rafskartgripi, rafpípur, ambroidplötur, ambroidperlur, ambroidstengur, gerfiblóm, grímur, fána, flögg, veifur og vaxperlur, framköllunarefni og kemiskar efnablöndur við ljósmyndagerð, límefni, sterkjukvoðu (dekstrin), stórgerð grjón, sagó, fíngerð grjón, makaronni, hveitiþræði (þráðnúðlur), súputöflur, biskuít, tvíbökur, hafraefnablöndur og sterkju, búðingsduft.

Skrás. 1939, nr. 2. 271

Tilkynnt 6. desember 1938, kl. 11 f. h., af Corn Products Refining Co., kornvöruframleiðsla, New York, N.Y., Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 4. febr. 1939.



Táknræn mynd af Indíánum við kornyrkju, vinnslu á mjöli úr korninu og matreiðslu á mjöli við tjöld sín, en undir myndinni er orðið MAIZENA innan gæsalappa.

Samkvæmt tilkynningu 12. maí 1891 er merkið skrásett í Washington 9. júní 1891 fyrir kornafurðir, hveiti. Skrásetningin var endurnýjuð 6. sept. 1921.

Skrás. 1939, nr. 3.

Tilkynnt 20. janúar 1939, kl. 3 e. h., af Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis, verzlun, Reykjavík, og skrásett 4. febrúar 1939.



Mynd af kaffikönnu. Á könnunni standa orðin: Brent og malað kaffi. Utan um myndina er mjór, tvöfaldur rammi. Gert er ráð fyrir að vörumerkið verði prentað í ýmsum litum eftir því sem heppilegt þykir.

Merkið er skrásett fyrir allar tegundir af brenndu og möluðu kaffi.

271 **Skrás. 1939, nr. 4.**

Tilkynnt 28. janúar 1939, kl. 11 f. h., af Aug. Luhn & Co., G. m. b. H., verksmiðjurekstur, Wuppertal-Barmen, Þýzkalandi, og skrásett 18. febrúar s. á.

Orðið:

Unitas

Samkvæmt tilkynningu 24. október 1903, er merkið skrásett í Berlín 5. september 1904 fyrir: Vikursteinsblöndur til fágunar og gljáningar, sóda og bleikisóda, sterkju og sterkjuefni til þvotta, strauninga og gljáninga, þvottabláma, litarefni í þvott, efni til fágunar og gljáningar málmum, tré, gleri, postulíni, gleruðum munum, kvoðugljáðum og fáguðum flötum, ryðvarnar- og sótthreinsunarefni, fægideig.

Skrásetning merkisins er síðast endurnýjuð 15. október 1933.

Skrás. 1939, nr. 5.

Tilkynnt 28. janúar 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 18. febrúar s. á.

Orðið:

Abrador

Samkvæmt tilkynningu 3. september 1898, er merkið skrásett í Berlín 1. nóvember 1898 fyrir: Sápur og sápuefni, föst, fljótandi og duft, sóda, bleikisóda, stengur, kvoðu og vatn til þess að hreinsa bletti; kvoðu, stein, vatn og duft til fágunar.

Skrásetning merkisins er síðan endurnýjuð 23. júní 1938.

Skrás. 1939, nr. 6.

Tilkynnt 28. janúar 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 18. febrúar s. á.

Mynd af venjulegu, aflöngu, ferhyrndu hulstri, sem opna má í báða enda. Myndin sýnir hulstrið, er báðir endar hafa verið opnaðir, það skorið í sundur að endilöngu þar sem bakhlið og hlið mætast og það síðan lagt niður þannig, að allt ytra borðið sést. Á framhlið er með stórum stöfum orðið: Abrador, en stryk fyrir ofan og neðan. Ofan við efra strykið eru orðin: Hände rein durch, en neðan við hið neðra: SCHÄUMT * REINIGT * MASSIERT. Hægra megin er lítill flötur með rauðum kanti og rauðum stöfum. Þar stendur: mit LANOLIN & LESITHIN. Á bakhliðinni er samskonar flötur og orð með sama lit, en aðallesmálið á bakhliðinni eru upplýsingar um og meðmæli með vörunni. Á öllum hliðum hulstursins, er sjást þegar það er lokað, er orðið: Abrador, auk meðmæla með vörunni. Þvert um hulstrið er rautt band og nemur breidd þess ⅓ af lengd hulstursins. Þetta rauða band er einnig á endum hulstursins. Annars er hulstrið hvítt og lesmál blátt nema hornin, sem beygjast undir á endanum. Þau eru blá með hvítum stöfum.



Samkvæmt tilkynningu 15. marz 1938, er merkið skrásett í Berlín 19. september 1938 fyrir: Ilmvörur, efni til líkama- og fegurðarsnyrtingar, aeterolíur, sápur, þvotta- og bleikiefni, sterkjur og efni framleidd úr sterkju til þvotta, litunarefni í þvott, bletthreinsandi efni, ryðvarnarefni, efni til fágunar og gljáningar (þó ekki fyrir leður), efni til slípunar, vikurstein.

Skrás. 1939, nr. 7.

Tilkynnt 8. febrúar 1939, kl. 11 f. h., af I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, verzlunar- og iðjurekstur, Frankfurt (Main), Þýzkalandi, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

DISMULGAN

Samkvæmt tilkynningu 22. apríl 1938, er merkið skrásett í Berlín 24. júní 1938 fyrir kemiskar iðjuvörur í þágu atvinnulífs og vísinda.

Skrás. 1939, nr. 8.

Tilkynnt 7. marz 1938, kl. 11 f. h., af Aktieselskabet OTA, De forenede Havre- og Rismöller, hafra- og hrísgrjónamyllur, Kaupmannahöfn, og skrásett 3. marz 1939.
Orðið:

OTA

Samkvæmt tilkynningu 5. ágúst 1927, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 12. nóvember 1927 fyrir:

271 Korn- og mölunarafurðir, jafnt aðalafurðir sem aukaafurðir, einkum korn, fræ, ávexti, rótarávexti, grænmeti, mjólk, rjóma, smjör, ost, egg, grjón, mjöl, klíð, kaffi, sinnep, sósur, vínanda, ávaxtasaft, niðursoðið grænmeti, niðursoðna mjólk, sjúkrakosts næringarefni, kakaó, niðursoðinn fisk og niðursoðið kjöt, lykteyðandi efni, niðursuðuefni, slökkvitæki, þéttiefni og lokaefni, hitaeinangrunarefni, rafmagnseinangrunarefni, hljóðeinangrunarefni og rakaeinangrunarefni, hnífasmíðavörur, járnvörur, verkfæri, tinhúðaðar vörur, bifreiðar, mótorbáta, skemmtisiglingarbáta undir seglum og árum, flugvélar, mótorhjól, hluta úr slíkum samgöngutækjum og fylgihluti þeirra, leikfimisvörur, veiðiáhöld og íþróttatæki, leikföng, litarefni og liti, bæs, trjákvoðu, brýnsluefni, steiningarefni, sútunarefni, net og riðnar vörur, allt úr bastefni og málmum, bólstrunarefni, fast eldsneyti til ljósa, hitunar og aflframleiðslu, kveiki, rafmagnslampa, vörur úr ebonit, kasein, bakelit, nokait og öðrum þéttiafurðum úr formaldehyd, gler, postulín, tjöru, jarðbik, gips, sement, kalk, steina, litsteina, bik og vörur úr slíkum efnum með eða án íblöndun annara efna, húsgögn, spegla, rúm, peningaskápa, hljóðfæri og hluta úr þeim og fylgihluti þeirra, pappa, veggfóður, kátsjúk, linoleum, kork og vörur úr slíkum efnum með eða án íblöndunar annara efna, teiknigögn, ritföng, endurgerða muni, eldspýtur, ofin og prjónuð efni, flóka, skinn og leður, vaxdúk, vörur gerðar úr slíkum efnum, þar á meðal fatnað, skófatnað, teppi, lín sængurfatnað, úr, úrahluti, skiltavörur og auglýsingavörur, rafmagnsvélar, verkfæri og áhöld, rafmagnsinnlagningarefni, allt til sterkstraumstækni og útvarpstækni, hluta af slíkum vörum og fylgihluti þeirra, fjarsýnistæki, vélar til heimilisþarfa, glysvarning og skartvarning.

Skrás. 1939, nr. 9.

Tilkynnt 24. febrúar 1939, kl. 2 e. h., af The Centaur Company, Limited, lyfjagerð, Windsor, Ontario, Canada, og skrásett 16. marz s. á.

Chas. H. Fletcher



Merkið skiptist í fjóra hluta: 1) Breiður, ljós, rétthyrndur flötur. Á fletinum, 271
beint yfir breiðu, þéttstrykuðu bandi þvert yfir flötinn með áletruninni: CASTORIA, skráðri með dökku letri í boga, er settur dökkur ferhyrningur með afsniðnum hornum; á ferhyrningnum er þyngdarskráning á spönsku; neðar er mjórra band dökkt með áletruninni: CRIATURAS Y NINOS, og dökkt band án áletrunar. Milli bandanna þriggja eru skráðar upplýsingar um vöruna o. fl. á spönsku. 2) og 4) Réttthyrndur, ljós flötur með áletruninni: CASTORIA MEDICINAL SYRUP, skráð með dökku letri. 3) Breiður rétthyrndur, ljós flötur. Á fletinum, beint yfir breiðu þéttstrikuðu bandi þvert yfir flötinn með áletruninni: Castoria, skráðri með dökku letri í boga, er settur dökkur ferhyrningur með afsniðnum hornum; á ferhyrningnum er þyngdarskráning á ensku; neðar er mjórra band dökkt með áletruninni: INFANTS & CHILDREN, og dökkt band án áletrunar. Milli bandanna þriggja eru skráðar upplýsingar um vöruna o. fl. á ensku. Yfir þessum fleti er letrað: Chas H Fletcher, með ritletri.

Merkið er skrásett í Ottawa 4. september 1934 fyrir lækningasíróp til meltingar fæðunni og lagfæringar á starfsemi maga og meltingarfæra. Orðið Castoria ber að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

Skrás. 1939, nr. 10.

Tilkynnt 2. marz 1939, kl. 2 e. h., af Páli B. Melsted, stórkaupmanni, Reykjavík, og skrásett 16. s. m.



Bókstafirnir OKF í átthyrndri umgerð. Bókstafirnir allir eru upphafsstafir, en F-ið nokkru minna en hinir eða rúmlega helmingur af stærð hinna bókstafanna, og stendur það aftan við þá, þannig, að efri kantur allra stafanna er í sömu línu. Umgerðin um bókstafina er eigi heil, heldur skipt í sundur af jafnstórum millibilum 18 að tölu.

Merkið er skrásett fyrir allskonar fisk og fiskafurðir, allskonar kjöt og kjötafurðir, dún, fiður, ull, gærur og skinn allskonar.

Skrás. 1939, nr. 11.

Tilkynnt 30. marz 1939, kl. 2 e. h., af Sigurði Þ. Skjaldberg, stórkaupmanni, Reykjavík, og skrásett 18. apríl s. á.

271



Mynd innan í hring af manni, sem heldur á hveitipoka í fanginu. Maðurinn er úti á akri og sést mylla í hægri hlið myndarinnar. Fyrir innan hringinn er skráð ofan til MY FLOUR og neðan til IS YOUR FLOUR. Á pokanum, sem maðurinn heldur á, er samskonar mynd og undir henni eru bókstafirnir B. B. B.

Merkið er skrásett fyrir hveiti.

Skrás. 1939, nr. 12.

Tilkynnt 5. apríl 1939, kl. 10 f. h., af Chrysler Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit, Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 18. s. m.

Orðið:

DODGE

Samkvæmt tilkynningu 25. nóvember 1938, er merkið skrásett í Washington 7. febrúar 1939 fyrir bifreiðar og samsetningarhluti þeirra.

Skrás. 1939, nr. 13.

Tilkynnt 8. apríl 1939, kl. 1 e. h., af Glasurit-Werke M. Winkelmann Aktien-Gesellschaft, verksmiðjurekstur og verzlun, Hamborg, Þýzkalandi, og skrásett 25. s. m.



Mynd af páfagauk yfir orðinu Glasso, en undir orðinu er brjóstmynd af manni innan í hring.

Samkvæmt tilkynningu 15. desember 1934 er merkið skrásett í Berlín 4. febrúar 1937 fyrir: Blaðmálma, fernis, lökk, bronsliti, bæs, lút, politur, þéttivökva, gljáningardeig, kítti, límefni, svertu til gljáningar; efni til að varðveita leður, dúka (linoleum) og svipuð efni, og málma, tré, stein; iðnaðarolíur og iðnaðarfeiti, smurningsefni, bik, jarðbik, tjöru, bursta, fágunarklúta, spaða, slípunarvélar, áhöld og vélar til fágunar, gljáningartæki, litasprautur, efni til að hreinsa og endurnýja lakkborna og gljáða fleti 271

Skrás. 1939, nr. 14.

Tilkynnt 12. apríl 1939, kl. 4 e. h., af O. Johnson & Kaaber h.f., verzlun og iðnaður, Reykjavík, og skrásett 25. s. m.



Einkennismiði: Mynd af bláröndóttum pappírspoka með rauðu bandi límdu yfir pokann. Á pokanum er mynd af rjúkandi kaffibolla og ber pokinn þessa áletrun: Ný brent og malað kaffi frá kaffibrenslu O. Johnson & Kaaber.

Merkið er skrásett fyrir brennt og malað kaffi.

Skrás. 1939, nr. 15.

Tilkynnt 22. marz 1939, kl. 10 f. h., af The Quaker Oats Company, a corporation organized under the laws of the State of New Jersey, verksmiðjurekstur, Chicago, Illinois, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 8. júní s. á.

271



Orðið: ACCO innan í hringferli.
Samkvæmt tilkynningu 24. janúar 1921 er merkið skrásett í Washington 8. nóvember 1921 fyrir hveitimjöl og valsaða hafra.

Skrás. 1939, nr. 16.

Tilkynnt 15. maí 1939, kl. 4 e. h., af Leðurgerðin h/f, verksmiðjurekstur og verzlun, Reykjavík, og skrásett 8. júní s. á.



Merkið er hringmyndað. Inni í hringnum jafnhliða honum stendur að ofan firmanafnið LEÐURGERÐIN H/F, prentað með upphafsstöfum. Í miðju er mynd af útþöndu skinni og þar undir orðið: VÖRU-MERKI.
Merkið er skrásett fyrir allskonar leðurvörur og aðrar svipaðar vörur.

Skrás. 1939, nr. 17.

Tilkynnt 5. júní 1939, kl. 2 e. h., af Vacuum Oil Company, A/S, verzlun, Kaupmannahöfn, og skrásett 19. s. m.
Inni í hringmyndaðri skrautumgerð stendur efst orðið: GARGOYLE. Þar undir er mynd af dýri með hundshöfði og fuglslíkama, sem skagar lárétt út frá múrhluta, en undir myndinni stendur: MOBILOIL „D.S.L.“.
Samkvæmt tilkynningu 21. marz 1939, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 1. apríl 1939 fyrir: Allar tegundir olíu, feiti, vax og lík efni, sem notuð eru til smurnings, lýsingar og hitunar og eldsneytis, svo og einnig fyrir gasolín og lík efni, sem notuð eru til vélknúningar.

GARGOYLE

MOBILOIL
"D.S.L."

Skrás. 1939, nr. 18.

Tilkynnt 5. júní 1939, kl. 2 e. h., af Vacuum Oil Company A/S, verzlun, Kaupmannahöfn, og skrásett 19. s. m.



271 Merkið sýnir vöruumbúðir, sem er sívalningur, mjórri að ofan en að neðan. Á hvorum enda sívalningsins eru fjórir hringir misbreiðir. Á efsta hringnum er skrautumgerð og á neðsta hringnum er áletrunin: INDHOLD 1 LITER, og skrautumgerð. Á sívalningnum, á milli neðsta hringisns að ofan og efsta hringsins að neðan, standa efst orðin: Modtag kun Kanden naar Seglet er ubrudt. Þar undir orðið: GARGOYLE, og mynd af dýri með hundshöfði og fuglslíkama, sem skagar lárétt út frá múrhluta. Undir myndinni stendur: Gargoyle Mobiloil „AF" S.A.E. No. 40. Þá er hringur, og undir honum stendur: VACUUM OIL COMPANY A/S KÖBENHAVN.

Samkvæmt tilkynningu 3. marz 1939, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1939 fyrir: Allar tegundir olíu, feiti, vax og lík efni, sem notuð eru til smurnings, lýsingar og hitunar og eldsneytis, svo og einnig fyrir gasolín og lík efni, sem notuð eru til vélknúningar.

Skrás. 1939, nr. 19.

Tilkynnt 20. júní 1939, kl. 10 f. h., af Allcock Manufacturing Company, verksmiðjurekstur, Birkenhead, Cheshire, Englandi, og Ossining, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 4. júlí s. á.



Milli tveggja hringferla er letrað orðið: ALLCOCK'S, en sitt hvoru megin til hliðar við það er stjörnumynd. Þar undir milli hringferlanna stendur: INDIA RUBBER POROUS PLASTERS, en áletran þessi breytist eftir því hver varan er. Yfir hringferlunum er mynd af örn með útþanda vængi. Yfir miðju myndarinnar eru tvö brotin strik, en þar undir letrað: B. Brandreth með ritletri.

Merkið er skrásett í London 11. desember 1930, 3. flokki, fyrir plástra, pillur og smyrsl til lækninga.

Skrás. 1939, nr. 20.

Tilkynnt 20. júní 1939, kl. 2 e. h., af Chemia h/f, kemisk-teknisk framleiðsla, Reykjavík, og skrásett 4. júlí s. á.

Orðið:

Ultra

Merkið er skrásett fyrir allskonar húðolíu, sólarolíu, sólbrunaolíu og krem til samskonar notkunar, og er orðið: „Ultra" að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

Skrás. 1939, nr. 21. 271

Tilkynnt 20. júní 1939, kl. 2 e. h., af sama, og skrásett 4. júlí s. á.
Orðið:

Betamon

Merkið er skrásett fyrir efni til að verja sultu og saft úr tröllasúru og allskonar ávöxtum, og önnur matvæli, skemmdum, og er orðið „Betamon“ að skoða sem sérstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreint efni.

Skrás. 1939, nr. 22.

Tilkynnt 26. júní 1939, kl. 11 f. h., af Brunsviga-Maschinenwerke Grimme, Natalis & Co., Aktiengesellschaft, vélsmiðja og járnsteypa, Braunschweig, Þýzkalandi, og skrásett 8. júlí s. á.
Orðið:

Brunsviga

Samkvæmt tilkynningu 18. nóvember 1922, er merkið skrásett í Berlín 29. ágúst 1923 fyrir: Eggjárn (að undanteknum skurðlækningaáhöldum), verkfæri: lífeðlisfræðileg, efnafræðis-, ljósfræðileg, landmælinga-, sjónmælinga-, raffræðileg-, vogar-, merkja-, eftirlits- (kontrol) áhöld og tæki; mælingaáhöld, einkum reikni- og samlagningarvélar og ritandi og óritandi talningavélar, vélar til þess að opna dósir og loka þeim, heimilisáhöld, eldhúsáhöld, húsgögn (að undanteknum húsgögnum fyrir sjúklinga), listaverk, skrifborðs- og skrifstofuáhöld, kennslutæki.
Skrásetningin er síðast endurnýjuð 18. nóvember 1932.

Skrás. 1939, nr. 23.

Tilkynnt 26. júní 1939, kl. 11 f. h., af The County Chemical Company Limited, verksmiðjurekstur, Birmingham og London, og skrásett 8. júlí s. á.
Orðið:

BRYLCREEM

Merkið er skrásett í London 12. janúar 1928, 48. flokki, fyrir snyrtikrem (þó ekki meðalasmyrsl).

Skrás. 1939, nr. 24.

Tilkynnt 28. júní 1939, kl. 10 f. h., af Aktieselskabet „Ota“, De forenede Havre- og Rismöller, verksmiðjurekstur, Kaupmannahöfn, og skrásett 2. ágúst s. á.
Orðið:

MINAX

Samkvæmt tilkynningu 4. marz 1939, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 10. júní 1939 fyrir:

271 Málmduft, hárskeravarning, kol, koks, lyfja- og dýralækninga- efnablöndur, sjúkrakosts næringarefni, plástra, sjúkraumbúðaefni, tannfyllingarefni, mótaefni til tannlæknanotkunar, málmblöndur, akkeri, steðja, keðjur, jarðstrengi og málmvír, járnsmíðavörur, peningaskápa, skeifur, nagla, skrúfur, vinnuvélar, og vélaverkfæri, landbúnaðarverkfæri, útungunarvélar, ungamæður, þjalir, sagir, hnífa, rakvélablöð, gaffla, skeiðar og lagvopn, rakvélar, útvarpsmóttökutæki og útvarpssenditæki, sjáfsala og grammófóna, reiknivélar, verkfæri til notkunar fyrir lækna, tannlækna og dýralækna, innlagningar til notkunar í þágu heilnæmis, reiðhjól, fólksbifreiðar, flugvélar, skotvopn, skotfæri, sprengiefni, flugelda, góðmálma og málmblöndur þeirra ásamt vörum gerðum úr þeim eða húðuðum með þeim, gimsteina, pappírspentudúka, bækur og annað prentað mál, bókbindaravarning, ritföng og teiknivarning, litaspjöld, málarakústa, ritvélar, skrifstofuvarning, spil, letur, myndamót, gúttaperka, gljásteina og vörur gerðar úr þeim, skinn, húðir, ferðakoffort, töskur, regnhlífar, sólhlífar, göngustafi, keyri, náttúrusteina og tilbúna steina, vegagerðarefni, gibs, möl, pípur úr leir eða cementi, bik, bitumen, flytjanlegar byggingar, reykháfa, spegla, myndaramma, vörur úr korki, strái, reyr, víðitágum, horni, beini, fílabeini, fiskbeini, skjaldbökuskel, rafi, skelplötu, merskum og efni, sem komið getur í staðinn fyrir þessar vörur, greiður, svampa, bursta, varning fyrir burstabindara, stálspæni, leirkeravörur, tjöld, sóltjöld, segl, poka, bólstrunarefni, óunnin vefjarefni, garn, þráð, ofin efni, lök, dúka, fatnað kvenna, regnfrakka, línvörur, hatta, húfur, sloppa og karlmannafatnað, kniplinga, útsaum, borða, dregla, hnappa, þrykklása, króka, lykkjur, nálar, linoleum og önnur efni til gólfklæðningar, veggklæðningarefni, jólatrésskraut, kjöt, fisk, alifugla og veiðidýr, kjötkraft, varðveitta, þurrkaða, soðna ávexti og grænmeti, ávaxtahlaup, ávaxtamauk, egg, mjólkurbúsafurðir, ætar olíur og matarfeiti, niðursuðuvörur, pikles, kaffi, te, kakaó, súkkulaði, sykur, tapioca, sagó, kaffibæti, korn- og mölunarafurðir, jafnt aðal- sem aukaafurðir og úrgangsefni, cornflakes, hrísgrjón og hrísgrjónaafurðir, næringarefni úr korni, bakaravörur og kökubúðavörur, rjómaís, hunang, síróp, ger, bökunarduft, búðingsduft og kremduft, edik, sósu, krydd, ís, afurðir landbúnaðar, garðræktar og skógræktar, lifandi dýr, fóðurefni, malt, saftir og aðrar efnablöndur til að framleiða drykki, vín, vínanda, líköra og aðrar drykkjarvörur, óunnið og unnið tóbak, varning fyrir reykingamenn og eldspýtur.

Skrás. 1939, nr. 25.

Tilkynnt 26. júlí 1939, kl. 11 f. h., af I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, verksmiðjurekstur og verzlun, Frankfurt (Main), Þýzkalandi, og skrásett 8. ágúst s. á.
Orðið:

DISMULGAN

Samkvæmt tilkynningu 10. febrúar 1939, er merkið skrásett í Berlín 7. júní 1939 fyrir: Efni og tæki til að kljúfa steinolíu-emulsion og jarðolíu-emulsion, efni til að hindra að steinolíu-emulsion og jarðolíu-emulsion myndist.

Skrás. 1939, nr. 26.

Tilkynnt 26. júní 1939, kl. 11 f. h., af Colgate-Palmolive-Peet Company, verksmiðjurekstur, Jersey-City, New Jersey, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og skrásett 16. ágúst s. á.

271



Merkið er myndmerki, þannig gert, að þvert um grænan flöt er svart band og á það letrað með gullnum stöfum orðið: PALMOLIVE.

Samkvæmt tilkynningu 24. marz 1934, er merkið skrásett í Washington 17. júlí 1934 fyrir handsápur.

Skrás. 1939, nr. 27.

Tilkynnt 26. ágúst 1939, kl. 4 e. h., af Kaupfélag Eyfirðinga, verzlun, Akureyri, og skrásett 28. s. m.



Tígull afmarkaður með einu eða fleiri strikum. Innan í tíglinum eru stafirnir KEA og fylla þeir hann eigi alveg út að innsta striki.

Skrás. 1939, nr. 28.

Tilkynnt 5. sept. 1939, kl. 3 e. h., af P. Beiersdorf & Co., A.-G., kemisk verksmiðja, Hamborg, Þýzkalandi, og skrásett 25. s. m.

Orðið:

Elastoplast

Samkvæmt tilkynningu 5. janúar 1925, er merkið skrásett í Berlín 27. júní 1925 fyrir: Læknismeðul, kemiskar afurðir til notkunar í læknisfræðilegum og heilsufræðilegum tilgangi, lyfjaefni og lyfjablöndur, pástra, sáraumbúðir, sótthreinsunarefni.

Skrásetning merkisins hefir síðast verið endurnýjuð 5. janúar 1935.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 3. október 1931.

271 **Skrás. 1939, nr. 29.**

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Eucerinum

Samkvæmt tilkynningu 31. ágúst 1907 er merkið skrásett í Berlín 21. apríl 1908 fyrir: Læknismeðul, kemiskar afurðir til notkunar í læknisfræðilegum og heilsufræðilegum tilgangi, lyfjaefni og lyfjablöndur, plástra, sáraumbúðir, efni til þess að útrýma dýrum og jurtum, sótthreinsunarefni, efni til þess að varðveita matvæli óskemmd, ilmvörur, fegrunarefni, eterolíur, sápur, þvotta- og bleikiefni, sterkju- og sterkjuefni, litarefni til þvotta, efni til þess að ná úr blettum, efni til verndunar gegn ryði og til þess að ná burtu ryði, fægiefni og efni til gljáunar (nema fyrir leður), efni til slípunar.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924 og það síðast endurnýjað 7. ágúst 1937.

Skrás. 1939, nr. 30.

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Tussipect

Samkvæmt tilkynningu 20. marz 1925, er merkið skrásett í Berlín 22. júlí 1925 fyrir: Læknismeðul.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 29. október 1932 og það síðast endurnýjað 20. marz 1935.

Skrás. 1939, nr. 31.

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Leukoplast

Samkvæmt tilkynningu 11. apríl 1901 er merkið skrásett í Berlín 31. maí 1901 fyrir: Lyfjablöndur.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924 og það síðast endurnýjað 21. maí 1930.

Skrás. 1939, nr. 32.

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Hansaplast

Samkvæmt tilkynningu 18. september 1913 er merkið skrásett í Berlín 21. nóvember 1913 fyrir: Læknismeðul, kemiskar afurðir til læknisfræðilegrar og heilsu-

fræðilegrar notkunar, lyfjaefni og lyfjablöndur, plástra, sáraumbúðir, efni til útrýmingar dýrum og jurtum, sótthreinsunarefni, efni til þess að varðveita matvæli óskemmd, kemiskar afurðir til notkunar við iðjurekstur og vísindastarfsemi, límefni, lækna- og heilsufræðileg áhöld og umbúðir, næringarefni til notkunar í sérfæði, ilmvörur, fegrunarefni, eterolíur, sápur, þvotta- og bleikiefni. 271

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924 og það síðast endurnýjað 17. september 1933.

Skrás. 1939, nr. 33.

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Temagin

Samkvæmt tilkynningu 17. október 1934 er merkið skrásett í Berlín 12. desember 1934 fyrir: Læknismeðul, kemiskar afurðir til notkunar í læknisfræðilegum og heilsufræðilegum tilgangi, lyfjaefni og lyfjablöndur, plástra, sáraumbúðir, efni til útrýmingar dýrum og jurtum, sótthreinsunarefni, efni til þess að varðveita matvæli óskemmd.

Skrás. 1939, nr. 34.

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Nivea

Samkvæmt tilkynningu 23. júní 1905 er merkið skrásett í Berlín 9. nóv. 1905 fyrir: Kemisk efni og afurðir til lyfjafræðilegrar notkunar, læknismeðul handa mönnum og dýrum, einkum blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, sápur, áburði, deig, eterolíur og kjarna, heilsufræðileg efni og efni til fegrunar, einkum efni til að hreinsa munn, húð, hár og tennur, svo sem blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, sápur, áburði, deig, eterolíur og kjarna, sáraumbúðir, plástra, efni til sótthreinsunar og til varnar skemmdum.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924 og það síðast endurnýjað 13. júlí 1935.

Skrás. 1939, nr. 35.

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

Pandigal

Samkvæmt tilkynningu 21. nóvember 1925, er merkið skrásett í Berlín 26. marz 1926 fyrir: Digitalismeðal, sem aðeins má láta af hendi gegn lyfseðli.

Merkið hefir síðast verið endurnýjað 21. nóvember 1935.

271 **Skrás. 1939, nr. 36.**

Tilkynnt 5. september 1939, kl. 3 e. h., af sama, og skrásett 25. s. m.
Orðið:

PEBECO

Samkvæmt tilkynningu 5. desember 1903 er merkið skrásett í Berlín 15. febrúar 1904 fyrir: Lyf og læknismeðul handa mönnum og dýrum, seiði og blöndur til fegrunar og lyfjagerðar, meðul gegn líkþornum, töflur, deig og duft til gljáningar, til fegrunar og lyfjagerðar, plástra, áburði, meðul gegn tannpínu, bindi, sáraumbúðir, límbönd, límefni, haulbönd, svitasóla og íleppa, svampa, bursta, sérfræðileg lyfjaefni, hreina og tilbúna gosdrykki, brunn- og baðsölt, barnamjöl, blöndur úr eggjahvítu, sápu, meðul til munn-, húð-, hár- og tannhreinsunar, feitiefni úr dýra- og steinaríkinu, eterolíur og kjarna, sótthreinsunarefni og efni til þess að varðveita tré og og næringarefni óskemmd, gljásvertu, efni til verndunar leðri, ávaxtasaft og ávaxtakjarna, miða til að líma á hluti, auglýsingaspjöld, skálpa, krukkur, flöskur og dósir úr gleri og postulíni, blikkumbúðir hverskonar sem aukaefni.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og það síðast endurnýjað 2. desember 1933.

Skrás. 1939, nr. 37.

Tilkynnt 27. sept. 1939, kl. 11 f. h., af P. Beiersdorf & Co., A.-G., kemisk verksmiðja, Hamborg, Þýzkalandi, og skrásett 9. okt. s. á.
Orðið:

LABELLO

Samkvæmt tilkynningu 27. júlí 1936 er merkið skrásett í Berlín 5. apríl 1907 fyrir: Kemisk efni og afurðir til lyfjafræðilegrar notkunar, læknismeðul handa mönnum og dýrum, einkum blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, áburði, sápur, deig, eterolíur og kjarna, heilufræðileg efni og efni til fegrunar, einkum efni til að hreinsa munn, húð, hár og tennur, svo sem blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, sápur, áburði, deig, eterolíur og kjarna, sáraumbúðir, plástra, efni til sótthreinsunar og til varnar skemmdum.

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 24. júní 1936.

Skrás. 1939, nr. 38.

Tilkynnt 27. september 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. október s. á.
Orðið:

ATRIX

Samkvæmt tilkynningu 22. júní 1905 er merkið skrásett í Berlín 1. maí 1906 fyrir: Kemisk efni og afurðir til lyfjafræðilegrar notkunar, læknismeðul handa mönnum og dýrum, einkum blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, sápur, áburði, deig, eterolíur og kjarna, heilsufræðileg efni og efni til fegrunar, einkum

efni til að hreinsa munn, húð, hár og tennur, svo sem blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, sápur, áburði, deig, eteroliur og kjarna, sáraumbúðir, plástra, efni til sótthreinsunar og til varnar skemmdum. 271

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 13. júní 1935.

Skrás. 1939, nr. 39.

Tilkynnt 27. september 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. október s. á. Orðið:

CAPSIPLAST

Samkvæmt tilkynningu 7. janúar 1908 er merkið skrásett í Berlín 11. maí 1908 fyrir: Kemisk efni og afurðir til lyfjafræðilegrar notkunar, læknismeðul handa mönnum og dýrum, einkum blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, áburði, sápur, deig, eterolíur og kjarna, heilsufræðileg efni og efni til fegrunar, einkum efni til að hreinsa munn, húð, hár og tennur, svo sem blöndur, seiði, duft, deigtöflur (pastiller), töflur, pillur, plástra, sápur, áburði, deig, eterolíur og kjarna, sáraumbúðir, plástra, efni til sótthreinsunar og til varnar skemmdum.

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 3. janúar 1938.

Skrás. 1939, nr. 40.

Tilkynnt 27. september 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. október s. á. Orðið:

GONOSTYL

Samkvæmt tilkynningu 17. febrúar 1910 er merkið skrásett í Berlín 31. maí 1910 fyrir: Læknismeðul, kemiskar afurðir til notkunar í læknisfræðilegum og heilsufræðilegum tilgangi, lyfjaefni og lyfjablöndur, plástra, sáraumbúðir, efni til þess að útrýma dýrum og jurtum, sótthreinsunarefni, efni til þess að varðveita matvæli óskemmd.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 29. janúar 1930.

Skrás. 1939, nr. 41.

Tilkynnt 27. september 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. október s. á. Orðið:

GUTTAPLAST

Samkvæmt tilkynningu 5. maí 1905 er merkið skrásett í Berlín 15. september 1905 fyrir: Límplástra til lækninga.

271 **Skrás. 1939, nr. 42.**

Tilkynnt 27. september 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. október s. á. Orðið:

CORNINA

Samkvæmt tilkynningu 7. júlí 1902, er merkið skrásett í Berlín 3. október 1902 fyrir lyfjablöndur, einkum líkþornameðul, og líkþornabindi.

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 11. júní 1930.

Skrás. 1939, nr. 43.

Tilkynnt 27. september 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 9. október s. á. Orðið:

Aolan

Samkvæmt tilkynningu 18. september 1913 er merkið skrásett í Berlín 18. desember 1913 fyrir: Kemisk efni til læknisfræðilegrar og heilsufræðilegrar notkunar, lyfjaefni og lyfjablöndur, plástra, sáraumbúðir, efni til að útrýma dýrum og jurtum, sótthreinsunarefni, efni til þess að varðveita matvæli óskemmd, kemisk efni til vísindastarfsemi og iðjureksturs, límefni, lækna- og heilsufræðileg áhöld og umbúðir, sérfæðileg næringarefni, ilmvörur, fegrunarefni, eterolíur, sápur, þvotta- og bleikiefni.

Tilkynnandi fyrst skráður eigandi merkisins 20. nóvember 1924, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 17. september 1933.

Skrás. 1939, nr. 44.

Tilkynnt 23. október 1939, kl. 11 f. h., af Pond's Extract Company, Limited, verksmiðjurekstur, Perivale, Greenford, Middlesex, Englandi, og skrásett 13. nóvember s. á. Orðið:

POND'S

Merkið er skrásett í London 19. nóvember 1923, 48. flokki, fyrir talkumduft, andlitsduft, hörundssmyrsl, tanndeig og ilmandi sápu.

Tilkynnandi er fyrst skráður eigandi merkisins 26. júlí 1933, og skrásetning þess síðast endurnýjuð 19. nóvember 1937.

Skrás. 1939, nr. 45.

Tilkynnt 23. október 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 13. nóvember s. á. Orðið: POND'S ritað í boga yfir stílsettu blómi.



Merkið er skrásett í London 21. febrúar 1934, 48. flokki, fyrir talkumduft, andlitsduft, hörundssmyrsl, tanndeig og ilmandi sápu.

Skrás. 1939, nr. 46.

Tilkynnt 23. október 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 13. nóv. s. á.



Ferhyrndur einkennismiði með orðunum: POND'S VANISHING CREAM for Protection and Powder Base skráðum á grunnflöt með áletruðu V.

Merkið er skrásett í London 17. október 1935, 48. flokki, fyrir þursmyrsl til notkunar við snyrtingu.

Skrás. 1939, nr. 47.

Tilkynnt 23. október 1939, kl. 11 f. h., af sama, og skrásett 13. nóvember s. á.



Ferhyrndur einkennismiði með orðunum: POND'S COLD CREAM for Cleansing skráðum á grunnflöt með áletruðu C.

Merkið er skrásett í London 17. október 1935, 3. flokki, fyrir kælismyrsl (cold cream).

271 Samkvæmt 10. gr. laga 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind vörumerki verið **endurnýjuð** á árinu:

Skrás. 1909, nr. 3.
Bass, Ratcliff & Gretton, Limited, Burton on Trent, frá 30. júlí.

Skrás. 1909, nr. 4.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1909, nr. 5.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1909, nr. 6.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1909, nr. 9.
Aalborg Portland-Cement Fabrik, Aalborg, Danmörku, frá 28. september.

Skrás. 1919, nr. 1.
Archibald McLellau, Allison V. Stewart o. fl. f. h. d.bús Mary Baker G. Eddy, Boston, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 11. janúar.

Skrás. 1919, nr. 3.
The Texas Company, New York, Bendaríkjum Norður-Ameríku, frá 12. apríl.

Skrás. 1919, nr. 4.
British American Tobacco Company, Limited, London, Englandi, frá 12. apríl.

Skrás. 1919, nr. 5.
John Dewar & Sons, Limited, Perth, Skotlandi, frá 12. apríl.

Skrás. 1919, nr. 7.
Tide Water Associated Oil Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 26. apríl.

Skrás. 1919, nr. 17.
The Gramophone Company, Limited, Hayes, Middlesex, Englandi, frá 27. sept.

Skrás. 1919, nr. 19.
Stefán Thorarensen, Reykjavík, frá 2. október.

Skrás. 1919, nr. 22.
The American Tobacco Co., New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 22. nóv.

Skrás. 1919, nr. 23.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1919, nr. 25. 271
James Buchanau & Co., Limited, London, Englandi, frá 27. desember.

Skrás. 1929, nr. 1.
Hovis, Limited, London, Englandi, frá 3. janúar.

Skrás. 1929, nr. 2.
Vacuum Oil Company, Aktiebolag, Stokkhólmi, Svíþjóð, frá 3. janúar.

Skrás. 1929, nr. 3.
Chrysler Corporation, Detroit í Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 3. janúar.

Skrás. 1929, nr. 4.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 5.
Hlutafélagið „Shell" á Íslandi, Skildinganesi, Reykjavík, frá 5. janúar.

Skrás. 1929, nr. 6.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 7.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 10.
Chrysler Corporation, Detroit í Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 23. febrúar.

Skrás. 1929, nr. 14.
I. G. Farbenindustrie Aktiengesellschaft, Frankfurt am Main, Þýzkalandi, frá 16. apríl.

Skrás. 1929, nr. 15.
A./S. Sano, Frederiksberg, Kaupmannahöfn, frá 24. maí.

Skrás. 1929, nr. 18.
Tanqueray, Gordon & Company, Limited, London, Englandi, frá 24. maí.

Skrás. 1929, nr. 20.
H.f. Sjóklæðagerð Íslands, Reykjavík, frá 20. júní.

Skrás. 1929, nr. 21.
Tate & Lyle, Limited, London, Englandi, frá 20. júlí.

Skrás. 1929, nr. 22.
Sami, frá s. d.

271

Skrás. 1929, nr. 23.
Wallace, Scott & Co., Limited, Glasgow, Skotlandi, frá 20. júlí.

Skrás. 1929, nr. 27.
Kaffee-Handels-Aktiengesellschaft, Bremen, Þýzkalandi, frá 20. júlí.

Skrás. 1929, nr. 30.
Lingner-Werke-Vertriebs-Gesellschaft m. b. H., Dresden — A 24, Þýzkalandi, frá 22. ágúst.

Skrás. 1929, nr. 32.
Kunerolwerke, Emanuel Khuner & Sohn A/G, Wien, frá 14. september.

Skrás. 1929, nr. 33.
Kalodont-, Milly Kerzen-, Seifen- und Glyzerine-Fabrik, F. A. Sarg's Sohn & Cie, G. m. b. H., Wien, frá 14. september.

Skrás. 1929, nr. 35.
John Haig & Company, Ltd., Markinch, Skotlandi, frá 27. september.

Skrás. 1929, nr. 36.
The Centaur Company, Ltd., Montreal í Quebec, Canada, frá 4. október.

Skrás. 1929, nr. 38.
J. C. Eno, Ltd., London, Englandi, frá 10. október.

Skrás. 1929, nr. 39.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 40.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 41.
The Hercules Cycle & Motor Company, Ltd., Birmingham, Englandi, frá 19. okt.

Skrás. 1929, nr. 42.
The Firestone Fire & Rubber Company, Akron í Ohio, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 25. október.

Skrás. 1929, nr. 46.
H/f Shell á Íslandi, Skildinganesi, Reykjavík, frá 22. nóvember.

Skrás. 1929, nr. 48.
Vacuum Oil Company Inc., New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 22. nóv.

Skrás. 1929, nr. 50.
The J. B. Ford Company, Wyandotte í Michigan, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 10. desember.

Skrás. 1929, nr. 51. 271

National Geographic Cociety, Washington, Columbia, Bandaríkjum Norður-Ameríku, frá 14. desember.

Enn fremur hafa verið afmáð úr vörumerkjaskránni samkv. 10. og 12. gr. sömu laga:

Skrás. 1909, nr. 1.

Det danske Petroleums-Aktieselskab, Kaupmannahöfn, frá 20. febrúar.

Skrás. 1909, nr. 2.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1909, nr. 7.

Sami, frá 18. september.

Skrás. 1909, nr. 8.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1919, nr. 2.

Carnation Milk Products Company, Seattle, N.-Am., frá 12. apríl.

Skrás. 1919, nr. 10.

Carlsberg Bryggerierne, Kaupmannahöfn, frá 25. september.

Skrás. 1919, nr. 11.

Sami, frá s. d.

Skrás. 1919, nr. 15.

Thomas Bear & Sons, Limited, London, Englandi, frá 25. september.

Skrás. 1919, nr. 18.

Stefán Thorarensen, lyfsali, Reykjavík, frá 2. október.

Skrás. 1919, nr. 20.

Sami, frá 25. október.

Skrás. 1929, nr. 8.

Anton Larsen, Kaupmannahöfn, frá 11. janúar.

Skrás. 1929, nr. 9.

General Motors Corporation, Detroit í Michigan, N.-Am., frá 11. janúar.

Skrás. 1929, nr. 11.

Sami, frá 2. apríl.

Skrás. 1929, nr. 12.

Stanco Incorporated, Wilmington, Delaware, N.-Am., frá 12. apríl.

271 **Skrás. 1929, nr. 13.**
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 16.
A/S Norsk Biokemisk Industri, Oslo, Noregi, frá 24. maí.

Skrás. 1929, nr. 17.
Everlite, Limited, London, Englandi, frá 24. maí.

Skrás. 1929, nr. 19.
Pro-Phy-Lac-Tic Brush Company, Northampton, N.-Am., frá 30. maí.

Skrás. 1929, nr. 24.
Wright, Layman & Umney, Limited, London, Englandi, frá 20. júlí.

Skrás. 1929, nr. 25.
Marmon Motor Car Company, Indianapolis, Indiana, N.-Am., frá 20. júlí.

Skrás. 1929, nr. 26.
Pro-Phy-Lac-Tic Brush Company, Northampton, N.-Am., frá 20. júlí.

Skrás. 1929, nr. 28.
Det danske Petroleums-Aktieselskab, Kaupmannahöfn, frá 9. ágúst.

Skrás. 1929, nr. 29.
Chrysler Corporation, Detroit í Michigan, N.-Am., frá 9. ágúst.

Skrás. 1929, nr. 31.
Elders & Fyffes, Limited, London, Englandi, frá 5. september.

Skrás. 1929, nr. 34.
Ardath Tobacco Company, Ltd., London, Englandi, frá 20. september.

Skrás. 1929, nr. 37.
The Centaur Company, Ltd., Montreal í Quebec, Canada, frá 4. október.

Skrás. 1929, nr. 43.
Stanco Incorporated, Wilmington, Delaware, N.-Am., frá 7. nóvember.

Skrás. 1929, nr. 44.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 45.
Sami, frá s. d.

271

Skrás. 1929, nr. 47.
H/F „Shell" á Íslandi, Skildinganesi, Reykjavík, frá 22. nóvember.

Skrás. 1929, nr. 49.
Marmon Motor Car Company, Indiapolis í Indíana, N.-Am., frá 22. nóvember.

Skrás. 1929, nr. 52.
Deutsche Linoleum Werke A/G, Bietigheim, Þýzkalandi, frá 14. desember.

Skrás. 1929, nr. 53.
Sami, frá s. d.

Skrás. 1929, nr. 54.
Converse Rubber Company, Maldan í Massachusetts, N.-Am., frá 14. desember.

Skrás. 1929, nr. 55.
Mjólkurfélag Reykjavíkur, Reykjavík, frá 14. desember.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík,
31. desember 1939.

272
11. des.

AUGLÝSING

um að verðlagsákvæði nái til skófatnaðar og smurningsolía.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 70 31. des. 1937, um verðlag á vörum, hefir ráðuneytið ákveðið, að verðlagsnefnd skuli setja ákvæði um hámarksverð eða hámarksálagningu á skófatnað og smurningsolíur eftir því sem henni þykir ástæða til.

2. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

273
14. des.

AUGLÝSING
um hámarksverð.

Verðlagsnefnd hefir, samkvæmt heimild í lögum nr. 70 31. desember 1937, sett hámarksverð á manchetskyrtur úr poplin með 2 hálfstífum flibbum, sem framleiddar eru innanlands.

Sýnishorn af skyrtunum liggja frammi á skrifstofu verðlagsnefndar.

Hámarksútsöluverð frá verksmiðju skal vera kr. 10.70 á skyrtu.

Viðskiptamálaráðuneytið, 14. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

274
18. des.

AUGLÝSING
um innköllun Íslandsbankaseðla.

Hér með eru innkallaðir allir peningaseðlar Íslandsbanka, sem nú eru í umferð. Þessir seðlar eru 5, 10, 50 og 100 króna seðlar, útgáfa 1904, með mynd Christians konungs IX. Ennfremur 5 og 10 króna seðlar, útgáfa 1920, hinir fyrrnefndu með mynd af gjósandi hver, en þeir síðarnefndu með mynd af gjósandi eldfjalli, og loks 100 króna seðlar, gefnir út samkv. auglýsingu í Lögbirtingablaði, 12. árg. nr. 43, dags. 22. sept. 1919, prentaðir á 5 króna eyðublöð landssjóðsseðla.

Skulu allir þessir seðlar ógildir frá 1. júlí 1940, en til þess tíma verða þeir innleystir í Útvegsbanka Íslands h.f. og útibúum hans.

Þetta er hér með birt almenningi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

275
21. des.

AUGLÝSING
um verðlagsákvæði.

1. gr.

Verðlagsnefnd hefir ákveðið að breyta hámarksálagningu þeirri á linoleum, sem ákveðin var í auglýsingu, dagsettri 9. maí 1939, sem birt er í 30. tbl. Lögbirtingablaðsins 1939, þannig að hámarksálagning á linoleum verði framvegis 30%, án tillits til þess hvort það er selt í heilum rúllum eða bútað.

2. gr. 275

Brot gegn ákvæðum þessum, sem sett eru samkv. heimild í lögum nr. 70 31. des. 21. des. 1937, varða sektum allt að 10000 krónum.

3. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 21. desember 1939.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING 276

27. des.

um breyting á lyfsöluskrá.

Frá 1. jan. 1940 hækkar verð löggiltra (officinel) lyfja og umbúða þessara lyfja um 10% og verður, sbr. auglýsingu frá 1. nóv. 1939, um 10% verðhækkun löggiltra lyfja og umbúða, 20% hærra en greint verð í lyfsöluskrá I, frá 5. des. 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóv. 1937, 4. ágúst 1938 og 1. des. 1939.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 27. desember 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

EMBÆTTI, SÝSLANIR M. M.

14. janúar skipaði menntamálaráðherra fyrrv. skólastjóra Jakob Kristinsson til þess að vera fræðslumálastjóri frá 1. febr. næstk. að telja.

3. apríl þóknaðist Hans hátign konunginum að veita Daníel Á. Daníelssyni héraðslækni í Hesteyrarhéraði lausn frá embætti frá 31. maí næstk. að telja.

S. d. þóknaðist Hans hátign konunginum að skipa Björn Sigurðsson héraðslækni í Miðfjarðarhéraði frá 15. apríl þ. á. að telja.

15. apríl var Sigtryggur Klemensson, cand. juris, skipaður fulltrúi í fjármálaráðuneytinu frá þeim degi að telja.

15. apríl var Halldór Sigfússon, settur skattstjóri í Reykjavík, skipaður í það starf til 6 ára frá 1. s. m. að telja.

S. d. hefir viðskiptamálaráðherra ráðið Jón Guðmundsson, aðalendurskoðanda, til þess að vera skrifstofustjóri í viðskiptamálaráðuneytinu.

17. apríl veitti Hans hátign konungurinn atvinnu- og samgöngumálaráðherra Skúla Guðmundssyni lausn frá embætti.

15. maí var Ólafur Páll Jónsson, læknir, allramildilegast skipaður héraðslæknir í Bíldudalshéraði.

Sama dag skipaði Hans hátign konungurinn alþingismennina Ólaf Thors og Jakob Möller, og hæstaréttarmálaflutningsmann Stefán Jóh. Stefánsson, ráðherra í ráðuneyti Íslands.

25. maí þóknaðist Hans hátign konunginum að veita dr. phil. Páli Eggert Ólasyni, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, lausn í náð frá því embætti frá 1. júlí n.k. að telja.

Vegna utanfarar Jakobs Möller, fjármálaráðherra, hefir Hans hátign konunginum þóknast að fela Ólafi Thors, atvinnu- og samgöngumálaráðherra, að fara með ráðherrastörf Jakobs Möller eftir því sem þörf gerist, meðan hann er fjarverandi.

1. júní þóknaðist Hans hátign konunginum að skipa Magnús Gíslason, sýslumann í Suður-Múlasýslu, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu frá 1. júlí n. k. að telja.

2. júní löggilti dóms- og kirkjumálaráðuneytið fil. cand. Jón Magnússon til þess að vera dómtúlkur og skjalþýðandi í sænsku.

22. júní var Lúðvík Ingvarsson, cand. juris, settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu frá 1. júlí n. k. að telja.

30. júní var Páll Diðriksson, bóndi á Búrfelli í Grímsnesi, skipaður til þess að vera yfirkjötmatsmaður í Suðurlands- og Vesturlandsumdæmi, frá Breiðamerkursandi, vestur og norður um alla Vestfirði, að Bitrufirði.

S. d. var Þorkell Sveinsson leystur frá að gegna yfirkjötmatsstörfum.

Vegna utanfarar Stefáns Jóh. Stefánssonar, félagsmálaráðherra, hefir Hans hátign konunginum þóknast að fela Eysteini Jónssyni, viðskiptamálaráðherra, að fara með ráðherrastörf Stefáns Jóh. Stefánssonar eftir því sem þörf gerist, meðan hann er fjarverandi.

Ragnar Bjarkan, fulltrúi í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, hefir verið settur til að gegna skrifstofustjórastörfum í því ráðuneyti frá 15. ágúst að telja í fjarveru hins skipaða skrifstofustjóra.

Frá 1. sept. hefir Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, verið kjörinn forseti hæstaréttar fyrir tímabilið frá 1. september 1939 til 1. september 1940.

Frá 1. sept. hefir Halldór kennari Guðjónsson verið skipaður skólastjóri við barnaskólann í Vestmannaeyjum.

1. október var Sigurður Ólason, cand. juris, settur fulltrúi í fjármálaráðuneytinu fyrst um sinn, þar til er öðruvísi verður ákveðið.

14. október var Björgvin Jörgensson skipaður til þess að vera kennari við barnaskólann í Borgarnesi frá 1. f. m. að telja.

15. október var ungfrú Svanhildur Ólafsdóttir, cand. phil. og löggiltur skjalaþýðandi, skipuð aðstoðarmaður í utanríkismáladeild Stjórnarráðsins.

13. nóvember var Björgúlfur læknir Ólafsson á Bessastöðum settur til þess fyrst um sinn frá 15. þ. m. að telja, og þar til öðruvísi verður ákveðið, að vera héraðslæknir í Reykdælahéraði í Þingeyjarsýslu.

17. nóvember þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að skipa þá cand. mag. Sigurkarl Stefánsson, Björn Guðfinnsson, Ólaf Hansson og leikfimikennara Valdimar Sveinbjörnsson, kennara við Menntaskólann í Reykjavík.

12. desember var dr. med. Helgi Tómasson skipaður til þess að vera yfirlæknir við geðveikrahælið á Kleppi (báðum spítölunum) frá 1. janúar 1940 að telja.

HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Hans hátign konungurinn hefir allramildilegast sæmt þá heiðursmerki Fálkaorðunnar, sem taldir eru hér á eftir:

Stórkrossi:

6. marz. Póst- og símamálastjóra Finnlands, Generaldirektör Gunnar Ernst Frederik Albrecht.

11. júlí. Legationsraad, sendiherra Dana í Buenos-Aires, Knud Aage Monrad-Hansen.

Stórriddarakrossi með stjörnu:

17. júlí. Landkönnuð Vilhjálm Stefánsson, New York.
S. d. Dómara Guðmund Grímsson, Rugby.
S. d. Dr. Rögnvald Pétursson, Winnipeg.
S. d. Bókavörð, dr. Halldór Hermannsson, Ithaka.
S. d. Dr. B. Brandsson, Winnipeg.
S. d. Hjálmar Bergmann, K. C., Winnipeg.
S. d. Fyrv. þingmann Gunnar Björnsson, Minneapolis.
S. d. Fasteignasala Ásmund P. Jóhannsson, Winnipeg.
S. d. Fyrv. erindreka Árna Eggertsson, Winnipeg.
S. d. Þingmann Josep Thorsson, K. C., Ottawa.
S. d. Major William W. Kennedy, K. C., Nýja Íslandi.

Stórriddarakrossi:

25. jan. Sekreterare í „Svenska Nationalföreningen mot Tuberkulös", Dr. med. Gustaf Verner Neander, Stokkhólmi.

24. marz. Form. fræðslumálastjórnar iðnfræðslunnar í Noregi, cand. juris, gullsmið Eiler Krog Prytz, Oslo.

S. d. Stórþingismann og múrarameistara Arthur Nordlie, Oslo.
18. apríl. Framkvæmdarstjóra „Nye Danske af 1864" E. B. Bramsen, Kaupm.höfn.
26. apríl. Ræðismann Dana í Monaco C. N. G. Jorck, Monte Carlo.
17. júní. Fulltrúa Leif Magnússon, Geneve.
S. d. Prófessor Sveinbjörn Jónsson, Illinois.
S. d. Hjört Þórðarson, Chicago.

17. júní. Síra Kristinn Ólafsson, Seattle.
S. d. Jón Bildfell, Winnipeg.
S. d. Kaupmann Svein Þorvaldsson, Nýja Íslandi.
S. d. Verksmiðjueigenda Zóphónías Þorkelsson, Winnipeg.
S. d. Lögmann Barða Skúlason, Portland.
S. d. Skáldið Guttorm Guttormsson, Riverton.
S. d. Síra Albert Kristjánsson, Blaine.
11. júlí. Dr. Hans Jaden, Wien.
21. sept. Aðalframkvæmdarstjóra vátryggingarfélagsins „Storebrand", Chr. Hansson, Oslo.
13. okt. Skrifstofustjóra í norska utanríkismálaráðuneytinu, Per Preben Prebensen, Oslo.
S. d. Skrifstofustjóra í norska utanríkismálaráðuneytinu, Ernst Frederik Heugen, Oslo.
10. nóv. Ritstjóra og formann Blaðamannafélagsins, Carl Th. Jensen, K.höfn.
17. nóv. Professor Sven Ingvar, Lundi, Svíþjóð.
11. des. Stórkaupmann Edvard Storr, Kaupmannahöfn.

Riddarakrossi:

25. jan. Kaptajnlöjtnant Jörgen Henrik Harms, Kaupmannahöfn.
S. d. Framkvæmdarstjóra Henry Adolph Römeling, Kaupmannahöfn.
S. d. Framkvæmdarstjóra, vörumiðlara Andreas Vilian Simmelhag, Kaupm.höfn.
S. d. Verkfræðing og verksmiðjueiganda, C. Berg-Hansen, Porsgrunn, Noregi.
S. d. Enskukennara Howard Little, Reykjavík.
6. marz. Prófessor við danska landbúnaðarháskólann, Niels Thorkill-Jensen.
S. d. Inspektör við danska landbúnaðarháskólann, Ib Marius Windfeld.
S. d. Presseattaché Chr. Engelhardt Aagaard, London.
24. marz. Forstjóra Birger Ekdahl, Jönköping, Svíþjóð.
26. apríl. Fyrv. ræðismann Frakka í Reykjavík, Albert Jean Philippe Zarzecki, Cairo.
17. júní. Söngstjóra Ragnar H. Ragnars, Winnipeg.
S. d. A. Olson, Winnipeg.
S. d. Frú Kristínu Hinriksson, Canada.
S. d. Skipstjóra Magnús Magnússon, Boston.
S. d. Prófessor Stefán Einarsson, Baltimore.
S. d. Prófessor Skúla Johnson, Winnipeg.
S. d. Prófessor Þorberg Þorvarðsson, Sasketoon.
S. d. Myndhöggvara, ungfrú Nínu Sæmundsson, Hollywood.
S. d. Listmálara Emil Walters, New York.
S. d. Frú Helgu G. Stephansson, Church Bridge.
S. d. Síra Hans B. Thorgrímsson, Grand Forks.
S. d. Síra Steingrím Þorláksson, Dakota.
S. d. Forstjóra Árna Helgason, Chicago.
S. d. Kaupmann Kristján Richter, Minneapolis.
S. d. Bónda Ófeig Ófeigsson, Markerville.
S. d. Prófessor Richard Beck, Grand Forks.
21. sept. Skólastjóra Runólf Marteinsson, Winnipeg.
S. d. Landsretssagförer Leo Frederikssen, Kaupmannahöfn.
S. d. Cand. pharm. Holger Mikkelsen, Kolding.
S. d. Úrsmið Wilh. Jörgensen, Kaupmannahöfn.

17. júní. Framkvæmdarstjóra Krossanesverksmiðjunnar, stórþingsmann, Andreas Holdö, Oslo.
S. d. Verkfræðing Hjálmar Fugelli, Oslo.
S. d. Dr. med. Victor Hoffmann, Berlín.
13. okt. Skáldsagnahöfundinn Jóhann Magnús Bjarnason, Saskatchewan.
S. d. Lækni og skáldið Sigurð Júlíus Jóhannesson, Winnipeg.
S. d. Organleikara Julius Christian Foss, Kaupmannahöfn.
S. d. Ritara í norska utanríkismálaráðuneytinu Kare Ingstad, Oslo.
S. d. Forstjóra í „Norges Kjöt- og Fleskecentral", Guttorm Sollid, Oslo.
10. nóv. Ræðismann Knud Lauritzen, Kaupmannahöfn.
S. d. Framkvæmdarstjóra, verkfræðing Paul Hansen, Aalborg.
17. nóv. Framkvæmdarstjóra Jean Engelbert-Petersen, Kaupmannahöfn.
S. d. Vice-ræðismann Danmerkur í Reykjavík, kaupmann Ludvig Storr.
11. des. Ræðismann Gretti L. Jóhannsson, Winnipeg.
S. d. Lækni Þorbjörn Þorlákssson, Winnipeg.
S. d. Kennara Frederik Braae-Hansen, Haderslev.

10. marz sæmdi Hans hátign konungur Flyverkvarter-mester af 3. gr. Knud Lauritz Lindballe hinum konunglega íslenzka verðlaunaskildi úr silfri, með kórónu, með leyfi til þess að bera hann.

KONSÚLAR

Páll Þormar kaupmaður hefir verið veitt lausn frá vísikonsúlsstörfum á Norðfirði, sem brezkum vísikonsúl.

Sævaldur O. Konráðsson kaupmaður hefir verið settur brezkur vísikonsúll í Neskaupstað.

Þann 26. apríl þ. á. var prófessor, aðalkonsúll dr. Werner Gerlach, viðurkenndur forstöðumaður þýzka konsúlatsins í Reykjavík.

Þann 31. október þ. á. var herra kaupmaður Ludvig C. C. A. Storr, viðurkenndur ólaunaður danskur vísikonsúll við sendiráð Danmerkur á Íslandi.

HEIÐURSGJAFIR

Af vöxtum Styrktarsjóðs Christians konungs IX. árið 1939 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt þeim Jóni Marteinssyni, óðalsbónda, Bjarnastöðum, Suður-Þingeyjarsýslu, 200 króna heiðursgjöf, og Guðjóni Guðmundssyni, óðalsbónda, Ljótunnarstöðum, Strandasýslu, 175 króna heiðursgjöf, báðum fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru því, sem að búnaði lýtur.

STYRKVEITINGAR

Af vöxtum Styrktarsjóðs Friðriks konungs VIII. árið 1939 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt U. M. F. Einingin, Fellshreppi, Skagafjarðarsýslu, 300 króna styrk, og ljósmyndara M. Simson, Ísafirði, 150 króna styrk, til trjáræktar.

Úr styrktarsjóði Þórarins Tuliniusar hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt eftirgreindum mönnum styrki, sem viðurkenningu fyrir björgun manna úr sjávarháska:

Böðvari Jónssyni, Guðjóni Jónssyni, Þorsteini Oddssyni, Þórði Bjarnasyni og Hannesi Hanssyni, öllum í Reykjavík; Sigurði Jóakimssyni, Halldóri Brynjólfssyni, Ólafi Jóelssyni og Hinriki A. Hansen, öllum í Hafnarfirði og Kristjáni Jónssyni, Efri-Grund í Höfnum.

EINKALEYFI

Þann 14. janúar 1939 var Guðmundi Jónssyni heildsala, Agnari Guðmundssyni Breiðfjörð blikksmið og Stefáni Runólfssyni rafvirkja, öllum í Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 109 á rafhituðum ofni.

Þann 7. febrúar 1939 var Jóni Helgasyni húsgagnabólstrara, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 110 á skíðaböndum.

Þann 17. marz 1939 var Aktiebolaget Svenska Fläktfabriken, Stokkhólmi, veitt einkaleyfi nr. 111 á útbúnaði til hitunar og loftræstingar í herbergjum.

Þann 1. apríl 1939 var William Harvey Hunt, vélfræðingi, National City, Californiu, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veit einkaleyfi nr. 112 á vél til að skera flök úr fiski.

Þann 3. apríl 1939 var Lawrence Tetley Hophinson, Washington, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 113 í aðferð til að vinna lýsi og mjöl úr fiskafurðum.

Þann 13. júní 1939 var Dr. Dietrich Hildisch, aðalkonsúl, Oslo, veitt einkaleyfi nr. 114 á aðferð til að gera kampalampa og svipuð krabbadýr hæf til geymslu.

Þann 3. ágúst 1939 var Oscar Dahl og William Forsyth Black, útgerðarmönnum La Rochelle, Frakklandi, veitt einkaleyfi nr. 115 á dragnót.

Þann 11. september 1939 var Guðmundi Jónssyni, vélfræðing, Reykjavík, veitt einkaleyfi nr. 116 á aðferð til að vinna fisklifrarmjöl og lýsi úr grút.

Þann 11. september 1939 var sama vélfræðingi veitt viðbótareinkaleyfi nr. 117 við einkaleyfi nr. 116, á aðferð til að vinna fisklifrarmjöl og lýsi úr grút.

Þann 21. september 1939 var The Atlantic Coast Fisheries Company, New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, veitt einkaleyfi nr. 118 á útbúnaði til að gefa til kynna fiskmagnið í botnvörpu.

Þann 22. september 1939 var Aktiebologet Gerh. Arehns Mekaniska Verkstad, Stokkhólmi, Svíþjóð, veitt einkaleyfi nr. 119 á aðferð og áhaldi til meðferðar, t. d. aðgerðar á fiski.

Þann 7. október 1939, var Jóni Loftssyni, stórkaupmanni, veitt einkaleyfi nr. 120 á aðferð við byggingu húsveggja úr plötum og steinum.

Þann 23. október 1939 var Richard Llewllyn Roger Atcherley, flugforingja, South Farnborough, Englandi, veitt einkaleyfi nr. 121 á áhaldi og aðferð til að bæta eldsneyti og öðru slíku á flugvél á flugi.

Þann 28. október 1939 var Det norske Aktieselskab for Elektrokemisk Industri, Oslo, veitt einkaleyfi nr. 122 á útbúnaði við sjálfbrennandi rafskaut.

Þann 28. október 1939 var sama félagi veitt einkaleyfi nr. 123 á útbúnaði við rafskaut og til að festa þau upp.

Þann 2. nóvember 1939 var Anders Verner Söderström, vélfræðingi, Rovaniemi, Finnlandi, veitt einkaleyfi nr. 124 á útbúnaði á meiðum eða skíðum á bifreiðum.

Þann 7. nóvember 1939 var Jacob Ludvig Hellen, verksmiðjueiganda, Klöfta, Noregi, veitt einkaleyfi nr. 125 á miðstöðvarofni úr járnþynnum.

Þann 8. nóvember 1939 var Rudolf Baader, verkfræðingi, Lübeck, Þýzkalandi, veitt viðbótareinkaleyfi nr. 126 við einkaleyfi nr. 99, á vél til að flaka og flá fisk.

Þann 11. nóvember 1939 var Aktiebologet Jönköpings Motorfabrik, Jönköping, Svíþjóð, veitt einkaleyfi nr. 127 á útbúnaði við eldsneytisdælur fyrir brennslumótora.

Leiðrétting:

Í 9. gr. tilskipunar nr. 44, A-deild bls. 67, stendur í fyrstu línu „6. grein“, á að vera 7. grein.